Die unter dem Namen Melabók bekannte Recension liess ein Mitglied des Geschlechts der Melamenn [sesshaft zu Melar im westlichen Island] um d. J. 1300 anfertigen; die Geschlechtsreihen sind bis auf Markús Þórðarson und dessen Sohn Snorri [† 1302] herabgeführt. Von dieser Melabók, die im 17. Jahrhundert im Westen des Landes noch vollständig war, haben sich zwar nur zwei Blätter erhalten, dennoch sind wir in den Stand gesetzt das Verlorne wenigstens mittelbar durch eine noch jüngere Recension kennen zu lernen, durch die im Cod. AM. 106 fol. enthaltne, sogenannte jüngere Melabók, eine von jenen mehrfachen Compilationen, wie man sie im 17. Jahrhundert. aus

den verschiedenen älteren Recensionen anfertigte. Indem der Verfasser von jener, aller Wahrscheinlichkeit nach der schon genannte sira Þórðr í Hítardal, auch die Melabók benutzte und die ihr eigenthümlichen Zusätze seiner Compilation einfügte, so ist es unschwer diese durch Vergleich mit der eigentlichen Landnáma und mit der Hauksbók auszuscheiden¹. Der Leser findet dazu Gelegenheit in dem hier [s. 189—195] vollständig abgedruckten Abschnitte, welcher die Vatnsdælasaga betrifft. Er enthält Vieles, was der Landnáma sonst fremd, von dem Verfasser der Melabók aber nicht anderswoher entlehnt sein konnte, als eben aus dieser Saga, die, da ihr Schauplatz und der Ort ihrer Entstehung, der Vatnsdalr, hart an den Hrutafjörðr, wo der Hof Melar lag, angrenzte, ihm sehr wohl bekannt sein musste und von ihm auch in ausgedehntem Maasse benutzt worden ist.

Rücksichtlich der Orthographie, in welcher die hier gedruckten Texte erscheinen, so ist zunächst kein Unterschied zwischen *æ* und *œ* gemacht worden; ein Unterschied, der wohl für die Zeit des Ari fróði gerechtfertigt, doch in der Zeit, wo vorliegende Saga's geschrieben wurden, im 13. Jahrhundert, bereits gänzlich aus der Sprache verschwunden war. Es hätte dann auch *sk* in den Passivendungen und das *s* in *es*, *vas*, *vesa* udgl., was nur der vorklassischen Zeit angehört, gesetzt werden müssen; in den Gedichten Hallfreds, obwohl nicht immer, ist *sk* beibehalten. Der Wechsel zwischen *ú*— und *ó*— [*α* privat.] findet sich schon in den alten Handschriften, vorwiegend jedoch, und heutzutage auf Island überall, ist *ó*. Ebenso zwischen *gera*, das öfter in den Handschriften [*gʷa*] und überall jetzt auf Island, und dem älteren, an sich richtigern *gjöra* [auch so im Austfjörðr gesprochen];

¹ In Isländ. sög. I ist die älteste Recension mit B, die der Hauksbók mit C, der [jüngern] Melabók mit E, die Fragmente der [älteren] Melabók mit Ee bezeichnet. Dass die letztern derselben Handschrift angehörten, welche Þórðr bei seiner jüngern Melabók benutzte, erhellt aus Isl. sög. I, 347, Anm. 3 vgl. mit 100, Anm. 20.

zwischen *kómu* und *kvómu*, beides richtig und in den Handschriften wechselnd, jetzt spricht man im Westen des Landes *kómu*, anderwärts *komu*, nirgends aber *kvómu*. *vá* wurde geschrieben, wo jetzt auf Island die Aussprache: *vo*, mit Ausnahme von *vóru* statt *váru*, das wie *hánum* zu alt ist; *ór* [or] und *hon* während man jetzt überall *úr* und *hún* spricht. Die Consonanten wurden möglichst wenig verdoppelt und in den Endungen, ausser wo ein *t* vorherging, —*at*, —*it*, —*ut* geschrieben, sonach *talat* aber *ritað*; die heutige Aussprache, die hier überall das *ð* vorzieht, findet sich schon in den ältesten Handschriften.

Der Antheil, den der Zweitgenannte der Herausgeber an vorliegendem Buche hat, beschränkt sich auf die Correcturen, die Register und die deutsche Fassung der Vorrede und ist so unwesentlicher Art, dass nur der ausdrückliche und wiederholte Wunsch des Erstgenannten ihn bestimmen konnte, eines Verdienstes theilhaftig zu erscheinen, das in Wahrheit nur Jenem gebührt. Du aber, lieber Maurer, weist, dass so ungleich auch in diesem Falle die Bethätigung unsrer Freundschaft für Dich sein möge, dennoch in dieser selbst Keiner dem Andern nachzustehen gesonnen ist.

INHALT

| | Seite |
|--|---------|
| VATNSDÆLASAGA | 1— 80 |
| HALLFREDARSAGA | 81—116 |
| FLÓAMANNASAGA | 117—161 |
| BELLAGEN | |
| MEMBRANFRAGMENT VON VATNSDÆLASAGA | 162—168 |
| FRAGMENTE DER AUSFÜHRLICHEN FLÓAMANNASAGA | 168—185 |
| AUS LANDNAMABÓK | |
| I. ZU VATNSDÆLASAGA | |
| 1. AUS LANDNAMA VGL. MIT HAUKSBRÓK | 185—189 |
| 2. AUS MELABÓK | 189—195 |
| II. ZU FLÓAMANNASAGA | |
| AUS LANDNAMA VGL. MIT HAUKSBRÓK UND MELA- BÓK | 195—204 |
| KVÆÐI HALLFREDAR | |
| I. DRAPA UM HAKON JARL | 205 |
| II. ÓLAFSDRAPA | 206 |
| III. DRAPA UM EIRIK JARL | 207 |
| IV. ERFDRAPA ÓLAFS | 207—210 |
| PROSAISCHE WORTFOLGE IN DEN VISUR | 211—220 |
| KENNINGAR U. S. W. | 221—225 |
| PERSONEN-REGISTER | 226—233 |
| ORTS-REGISTER | 234—238 |
| VÖLKERNAMEN | 238 |
| EIGENNAMEN VON THIEREN U. S. W. | 238 |
| BERICHTIGUNGEN | 239—240 |

VATNSDÆLASAGA.



Vertical line of text on the left side of the page, possibly a page number or header.



VATNSDÆLASAGA

Maðr er nefndr Ketill ok var kallaðr raumr¹, hann var ríkr maðr; hann bjó á þeim bæ, er í Raumsdal heitir, þat er norðarliga í Noregi, hann var son Orms skeljamola Hrossbjarnarsonar Raumssonar² norðan or Noregi. Þá vóru fylkiskonungar í Noregi, er þessi saga gerðist. Ketill var ágætr maðr ok vel auðigr at fé, 5 ramr at afli ok hinn röskvasti í öllum mannraunum, ok hafði verit í hernaði hinn fyrra hlut æfi sinnar, en settist nú at búum sínum, sem aldr færðist yfir hann. Hann átti Mjöll, dóttur Ánar bog-sveigis. Ketill átti son með henni, hann er Þorsteinn nefndr, hann var vænn maðr sjónum, engi var hann ágætismaðr á vöxt eðr afl; 10 hann var XVIII [vetra] þá er þetta var tíðinda, en þó var athæfi Þorsteins ok allr færleikr með enu betra meðallagi at því sem þá vóru ungir menn. Í þenna tíma þóttust menn þess verða varir at úthlaupsmenn eðr illvirkjar mundi vera á leið þeirri er liggir á milli Jamtlands ok Raumsdals, þvíat engir kómu aptr þeir er 15 fóru, ok þótt saman væri XV eðr XX, þá höfðu þó engir aptr komit ok þóttust menn því vita at frágerða[maðr]³ mundi úti liggja. Mennt Ketils bónda trúðu minst fyrir þessum úfriði, bæði

Ueberschr.: Vatzdæla saga mit der Hand des Árni Magnússon. ¹ Vgl. unten s. 7, 9 und Ldn III, 2; þrymr Hds. ² So Orkneyinga s. c. 1. und Ldn. a. O.; Nesbiarnarsonar Jotun biarnars. Hds. ³ fargerða AM. 138.

manndrápum ok fésköðum, ok gerðu menn mikit orð á til ámælis, at sá væri mikill vanskörungr er yfirmaðr var þess heraðs, at engar atgerðir skyldi í móti koma slíkum úhæfum, ok kvóðu Ketil nú mjök eldast, en hann gaf sér fátt um, en þótti þó eptir því sem
5 þeir sögðu.

Þat var eitt sinn mikill mælti við Þorstein son sinn: önnur 2 gerist nú atferð ungra manna en þá er ek var ungr, þá girntust menn á nokkur framaverk, annat tveggja at ráðast í hernað, eðr afla fjár ok sóma með einhverjum atferðum þeim er nokkur mann-
10 hætta var í, en nú vilja ungir menn gerast heimaelskir ok sitja við bakelda ok kýla vömb sína á miði ok mungáti, ok þverr því¹ karlmenška ok harðfengi, en ek hefir því fjár aflat ok virðingar at ek þorða at leggja mik í hættu ok hörð einvígi. Nú hefir þú, Þorsteinn, lítinn krapt hlotið afls ok vaxtar, er þat ok líkast at þú
15 fylgir þar eptir þinni athöfn ok fari þar eljan eptir ok öll tilræði, þvíat eigi viltu víkjast eptir atferðum enna fyrri frænda þinna, ok sýnir þik eptir því sem þú ert ásýndum ok mun hugr fylgja vexti. Þat var ríkra manna siðr, konunga eðr jarla várra jafningja, at þeir lágu í hernaði, ok öfluðu sér fjár ok frama, ok skyldi þat fé
20 eigi til arfs telja, né sonr eptir föður taka, heldr skyldi þat fé í hang leggja hjá sjálfum [þeim]. Nú þótt synir þeirra tæki jarðir, máttu þeir eigi haldast í sínum kostum, þótt virðing félli til, nema þeir legði sik ok sína menn í hættu ok herskap, aflandi svá fjár ok frægðar, hverr eptir annan, ok stíga svá í fótspor frændum
25 sínum. Nú ætla ek at þér sé ókunn hermanna lög, ok mætta ek þau kenna þér, ertu nú ok svá² aldrs kominn at þér væri mál at reyna hvat hamingjan vill unna þér. Þorsteinn svarar: eggjat væri nú ef nokkut tjóaði. Hann stóð upp ok gékk í brot ok var enn reiðasti. Skógr mikill liggr á milli Raumsdals ok Upplanda,
30 er almannavegr liggr yfir, þótt nú heptist fyrir þeim meinvættum, er menn hugðu úti liggja, þótt enginn kynni frá at segja; nú þótti sú framaferð mest at ráða hér bætr á.

¹ AM. 138; þín *Hds.* ² *Vgl.* cap. 7.

3 Þat var litlu síðarr en þeir feðgar höfðu við¹⁾ talast, at Þorsteinn
gékk út einnsaman frá drykkju, ok hyggur þat helzt fyrir sér at
hann mun treysta á hamingju föður síns ok verða eigi fyrir
atyrðum hans, heldr vildi hann nú leggja sik í nokkura mann-
hættu; hann tók hest sinn ok reið einnsaman til skógar þangat 5
sem honum þótti helzt ván illvirkja. Þat honum þætti lítil
ván framgangsins við slíkt ofrefli, sem hann þóttist vita at fyrir
mundi búa; vildi hann nú ok heldr leggja lífit á en fara at erendis-
lausu. Hann hepti hest sinn við skóginn, ok gékk síðan í hann
ok fann afstíg einn, er lá af þjóðgötunni; ok sem hann hafði lengi 10
gengit, fann hann í skóginum lús mikit ok vel gert. Þorsteinn
þóttist vita, at þetta herbergi mundi sá eiga, er stígana hafði
bannat, hvárt sem þeir vóru einn eðr fleiri. Síðan gékk Þorsteinn
inn í skálann, ok fann þar stórar kistur ok mart til gæða. Þar
var skíða[hlaði] mikill en annars vegar vara í sekkum ok alls 15
kyns varningr. Þar sá hann rekkju eina, hon var miklu meiri
en nokkur sæng, er Þorsteinn hafði fyrr séð, þótti honum sá ærit
hár, er þetta rúm var mátuligt. Rekkjan var vel tjölduð; þar var
ok borð búit með hreinum dúkum ok heiðrligum krásum ok hinum
bezta drykk. Eigi gerði Þorsteinn at þessum hlutum; síðan 20
leitaði hann sér undanbragðs, at hann væri eigi þegar fyrir augum
þeim er skálann byggði, þvíat hann vildi fyrir vita hvert efni honum
þætti í vera en þeir tækist orðum eðr sæist. Hann fór síðan upp
í milli sekkanna í vörhlaðann ok sat þar. Síðan heyrði hann
út dyn mikinn er á leið kveldit, ok síðan kom inn maðr ok leiddi 25
eptir sér hest; sjá maðr var harðla mikill, hvítr var hann á hár,
ok féll þat á herðar með fögrum lokkum. Þorsteini sýndist
maðrinn vera hinn fríðasti; síðan kveykti þessi maðr upp eld fyrir
sér en leiddi áðr hest sinn til stalls; hann setti munnlaug fyrir sik,
ok þvó sik, ok þerði á hvítum dúk. Hann rendi ok af verpli 30
vænan drykk í stórt stéttarker ok tók síðan til matar. Allt
sýndist Þorsteini athæfi þessa manns merkiligt ok mjök hæverskligt;

¹ með *Hds.*

miklu var hann meiri maðr en Ketill faðir hans, ok þótti hann, sem
 var, manna mestr. Ok er skálabúinn var mettr, sat hann við eld,
 ok sá í ok mælti: skipan er hér á vorðin, eldrinn er nú meirr
 fólksaðr en ek hugða, hygg ek at hann hafi verit fyrir skömmu
 5 upp k[v]eyktr, ok veit ek eigi hvat þat veit, ok má vera, at menn
 sé komnir, ok siti um þitt, ok er þat eigi fyrir sakleysi, ok
 skal ek fara ok leita um húsit. Síðan tók hann sér eldiskíð, ok
 leitaði, ok kom þar at sem vörhlaðinn var. Svá var þar háttað,
 at ganga mátti af hlaðanum ok í einn stóran reykbera er á var
 10 skálanum. Ok er spellvirkinn kannaði hlaðann, var þorsteinn
 úti, ok gat skálabúinn eigi hið hann, þvíat þorsteini var annarra
 forlaga auðit en vera þar drepinn. Hinn leitaði þrysvar um húsit
 ok fann eigi. Þá mælti skálabúinn: kyrt mun þek nú vera láta,
 ok er úvíst til hvers um dregr, ok má vera, at þat komi fram um
 15 mína hagi sem mælt er, at illa gefast ill ráð. Síðan gékk hann aptr
 til hvílunnar ok tók af sér saxit. Svá sýndist þorsteini, sem þat
 væri in mesta gersemi ok alllíkligt til bits, ok gerði sér þat í hug
 at duga mundi ef hann næði saxinu. Honum kom nú ok í hug
 eggjan feðr síns, at þrótt ok djarfleik mundi til þurfa at vinna.
 20 slíkt afrek eðr önnur, en frami ok fagrligir penningar mundi í
 móti koma, ok hann mundi þá þykkja betr gengit hafa en sitja
 við eldstó móður sinnar. Þá kom honum ok í hug, at faðir hans
 segði hann eigi betra til vápnis en dóttur eðr aðra konu, ok meiri
 sæmd væri frændum [hans] at skarð væri í ætt þeirra en þar sem
 25 hann var. Slíkt hvatti þorstein fram ok leitaði hann sér þá færiss
 at hann mætti einn hefna margra vanréttis, en í öðru lagi þótti
 honum þó skaði mikill um manninn. Síðan sofnar skálabúi, en
 þorsteinn gerir tilraun með nokkuru harki, hve fast hann svæfi;
 hann vaknaði við ok snérist á hlið, ok enn leið stund, ok gerði
 30 þorsteinn tilraun aðra ok vaknaði hann enn við ok þó minnr.
 Hit þriðja sinn gékk þorsteinn fram ok drap mikit högg á rúm-
 stokkinn ok fann at þá var allt kyrt um hann. Síðan kveykti
 þorsteinn log ok gékk at rekkjunni, ok vill vita, ef hann væri á
 brautu. Þorsteinn sér at hann liggr þar, ok svaf í silkiskyrtu

gullsaumaðri ok horfði [í] lopt upp. Þorsteinn brá þá saxinu ok lagði fyrir brjóst enum mikla manni ok veitti honum mikit sár. Þessi brást við fast ok þreif til þorsteins ok kipti honum upp í rúmit hjá sér, en saxit stóð í sárinu, en svá fast hafði þorsteinn til lagit at oddrinn stóð í beðinn¹, en þessi maðr var fárrammr ok lét þar standa saxit sem komit var, en þorsteinn lá í milli þilis ok hans. Hínn sári maðr mælti: hverr er þú maðr, er mér hefir áverka veittan? Hann svarar: þorsteinn heitir ek ok em ek son Ketils raums. Maðrinn mælti: ek þóttumst vita áðr nafn þitt, en þó þykkjumst ek frá ykkur feðgum² þessa hafa sízt makligr [verit], þvíat ek hefir ykkur lítið eðr ekki mein gert, en nú vartu heldr til skjótr en ek heldr til seinn, þvíat nú var ek á brott búinn ok [at] hverfa frá þessu úráði, en á ek³ alls kosti við þik hvárt ek læt þik lifa eðr deyja; nú ef ek geri eptir verðleik ok þú hefir til stefnt, þá segði engi frá okkarri sameign, en ek ætla þat nú ráðligast at láta þik þiggja líf þitt, ok mætti mér verða at þér gagn ef svá vildi takast. Nú vil ek ok segja þér nafn mitt, ek heiti Jökull ok em ek son Ingimundar jarls af Gautlandi; en eptir hætti ríkra manna sona aflaða ek mér fjár, þótt heldr væri frekliga at ort, en nú var ek búinn til brottferðar. Nú ef þér þykkir nokkut veitt í lífgjöf þinni þá far á fund föður míns, en hitt þó fyrr at máli móður mína, er Vigdís heitir, ok seg henni einni saman þenna atburð ok ber henni ástsamliga kveðju mína, ok seg at hon komi þér í frið við jarl ok fulla vingan með þeim hætti at hann gipti þér dóttur sína en systur mína, er Þórdís heitir. Nú er hér gull, er þú skalt bera til jarteigna at ek sendi þik, ok þótt henni þykki mikill harmr sinn eptir mik, þá væntir ek at hon virðir meira ást ok orðsending mína en tilgerning þinn; en mér segir svá hugr um at þú munir gæfumaðr verða; nú ef þér verðr sona auðit eðr þínum sonum, þá láttu eigi nafn mitt niðri liggja ok væntir ek mér þar gæða af, ok hefir ek þat fyrir lífgjöfina. Þorsteinn bað hann nú gera sem honum líkaði um lífgjöf við sik

¹ so Hds.² feðrum Hds.³ kost frigt die Hds. zu

ok aðra hluti, ok kvaðst þar einkis mundu um biðja. Jökull kvað nú vera hans líf undir sér, ok allmjök muntu eggjaðr verit hafa þessa verks af feðr þínum, enda hafa mik nú at fullu bitið hans ráð, ok sér ek at þér líkar þótt vit deyim báðir, en meiri forlaga mun þér auðit vera, eigi eru þeir forustulausir, er þú ert fyrirmaðr, sakir áræðis ok karlmensku, ok betr er þá séð fyrir kosti systur minnar at þú fáiir hennar, en víkingar fái hana at herfangi. Nú þótt þér sé til boðit í Gautlandi, þá far þú heldr til eigna þinna í Raumsdal, því eigi munu föðurfrændr mínir þér ríkis unna eptir hans dag, en verða má, at hörmungarvíg liggi í kyni yöru ok munu menn missa saklaussa frænda sinna. Nú seg eigi til nafns míns alþýðu, nema feðr þínum ok frændum mínum, þvíat æfin hefir ófögr¹ verit, enda er nú goldit at verðugu, ok ferr svá flestum ranglætismönnum. Nú tak hér gullit ok haf til jarteigna, en kipp í braut saxinu, ok mun þá eigi langt verða okkat viðtal. Síðan kipti Þorsteinn í braut saxinu, en Jökull dó.

Eptir þessi tíðindi ríðr Þorsteinn heim, ok er hann nálgædist bæinn sá hann marga menn ríða í mót sér ok kendi þar föður sinn ok marga kunningja, ok fóru allir hans at leita; ok er þeir fundust, kvaddi Ketill son sinn með blíðum orðum ok þóttist hann or helju heimtan hafa, ok iðrumst ek þegar eptir þeirra orða, er ek mæltu við þik til frýju eðr áleitni. Þorsteinn svarar, ok kvað hann lítt hafa fyrir séð, hvárt hann kæmi nokkurn tíma aptr eðr aldri, en kvað hamingjuna hafa styrkt nú svá sitt mál, at hann hafði heill aptr komit. En þótt þeir kasti þessum orðum fram með nokkurri stygð, þá urðu þeir brátt vel sáttir; segir Þorsteinn nú feðr sínum allan atburð sinnar ferðar. Fyrir þetta verk fékk Þorsteinn góðan orðstír af hverjum manni, sem ván var. Síðan lætr Þorsteinn þings kveðja ok kvómu þar allir bygðarmenn or þeim heruðum. Á þessu þingi stóð Þorsteinn upp ok mælti: þat er öllum yðr kunnigt at gera, at ótti sá er á hefir legit hér um hrið af stigamönnum, at menn máttu eigi fara ferða sinna, hann er

¹ ðfug AM. 138

nú af ráðinn ok endaör; er þat ok mest undir þessi minni þingstefnu, at ek vil at hverr tald sitt fé þat er átt hefir, en ek mun þat eignast, er af gengr. Hér at var gerr góðr rómr af mönnum, ok fékk Þorsteinn virðing mikla með öllu sínu tiltæki. Nafn illvirkjans vissi eigi alþýða manna, af því at þat var lítt á lopt borit. 5

5 Þat var einn dag at Þorsteinn talar, við föður sinn, at hann mundi fara austr á fund Ingimundar jarls sem hann hefði heitið Jökli; kvað Ketill þat eigi ráðligt at ganga í hendr úvinum sínum, ok bað hann heldr heima vera; ok þó jarl vili eigi granda þér, þá má þó vera, at nokkurir verði þér ágangsamir ok eigi góðviljugir. Þorsteinn svarar: því hefir ek heitið Jökli, sem ek skal enda, ok þótt ek bera þaðan hvarigan fót heilan, þá skal ek þó fara. Síðan bjóst Þorsteinn ok fór til Gautlands, ok hélt svá til at hann kom til heimilis jarls snemma dags. Jarl var farinn á veiðar at ríkra manna sið. Þorsteinn gékk inn í eina drykkjustofu, ok settist í bekk með föruneyti sínu; þá kom kona jarls í stofuna, ok leit þá er komnir vóru, ok sá at vera mundi útlendir menn. Hon spurði at hverir þeir væri. Þorsteinn kvaðst norrænn vera, en ek á leynt erendi við þik, ok göngum II saman; hon gerði svá. Þá mælti Þorsteinn: tíðindi hefir ek at segja þér, víg Jökuls 20 sonar þíns. Hon svarar: þau mega mér mikil þykkja en eigi ólíklig, fyrir sakir hans tiltektar ok vándrar athafnar, en hvat skyldir þik til at segja þessa harmsögu ok fara til langan veg? Þorsteinn svarar: mikit dregr mik til þess; ek hét honum með trúnaði at okkrum skilnaði at ek munda á yðvarn fund fara ok 25 segja satt í frá okkrum skilnaði; er því eigi [at] leyna at ek varð hans banamaðr, þvíat úfært þótti várum mönnum, at sitja undir hans hendi sakir manndrápa ok férána, en þó, þér at segja í trúnaði, kom ek á hans vald, ok átti hann kost at drepa mik ef hann vildi, en hann gaf mér líf, ok lagði þat á við mik, at ek skylda á þinn 30 fund fara at hans orðsendingu, ok sjá máttu, at hægra væri heima en hætta á yðra miskunn. Nú hefir ek hér gull, er hann kvað yðr mundu við kannast ok bað mik þat bera til jarteigna at þú kæmir mér í sætt við jarl með þeirri umleitan, at ek féngi dóttur

ykkra mér til konu, er þórdís heitir; hann kvaðst ok vænta, at meira mundir þú virða sending hans ok tilskipun en tilvernað minn. Vigdís roðnaði við mjök ok mælti: djarfr maðr muntu vera, en þat hygg ek at þú segir sannindi af ykkrum fundi, ok ef Jökull
5 gaf þér líf, þá væri þat mitt ráð, at þú fengir þat, því þú ert giptu-
vænligr maðr at sjá; en fyrir bænarorð Jökuls sonar míns mun ek byrja mál þitt við jarl, en þú ver í leynum fyrst. Ok er jarl kom heim, þá gékk dróttning á fund hans ok mælti: tíðindi er yör at segja, þau er bæði okkr henda. Jarl svarar: þú munt segja dauða
10 Jökuls sonar míns. Hon kvað þat satt vera. Jarl mælti: eigi mundi hann sótt dauðr verða; hon svarar: þat er satt, at hann var veginn, ok sýndi hann áðr mikinn drengskap, hann gaf þeim manni líf, er þat gerði, ok sendi hann hingat á vart vald með sönnum jarteignum at þú gæfir honum grið ok upp sakirnar, þó miklar sé;
15 verða mætti þér ok styrkr at mannum, ef þú efdir hann með mægðum ok gjaforði dóttur þinnar at¹ tilskipan Jökuls; hefir hann ok ætlat at þú mundir nokkurs virða hans síðustu bæn; máttu ok sjá hversu trúlyndr þessi maðr hefir verit í sínum heitum þar sem hann fór hingat í úfriðarstað frá eignum [sínnum] í hendr oss.
20 Nú væntir ek fyrir minn flutning, en sonar þíns orðsending, at þú munir gera sem ek beiðir, ok lítið hér á jarteignir. Hon sýnir honum þá gullit. Jarl blés þá við mæðiliga ok mælti: mart hefir þú mælt ok mjök djarfliga, at ek munda þeim manni gera sæmd, er drepit hefir son minn, ok væri sjá maðr heldr dauða verðr en
25 eigi vingjafa. Dróttning mælti: á hitt er at líta, herra, hvat í er, at virða orð Jökuls ok dygð mannsins at ganga á vald þitt; í annan stað aldr þinn mikinn at þú þarft forstjóra fyrir þér, ok mun sjá maðr þar vel til fallinn. Nú svá sem Jökull gaf honum líf, ok átti áðr alls kosti við² hann ok sótti sjá maðr giptu til hans svá
30 úvænliga sem hann stefndi, þá er ok³ einsætt at eigi farim vér þeim sigri, eðr hamingju manns þessa en drengiligu úrræði sonar okkars, ok er þat mikill sigr at haga svá sem Jökull gerði, at gefa

¹ ok *Hds.*² með *Hds.*³ ei *fügt die Hds. zu*

þeim líf er þvílíkar sakir hefir við oss gert, ok er þat hin mesta skömm at gera honum nú mein, þar sem hann er kominn á vart traust. Jarl mælti: allmjök fylgir þú þessum manni ok hefir þér vel á hann litizt, ok fyrir víst vil ek sjá hann ok virða fyrir mér, hverr slægr mér þykkir í vera ok mun honum þat miklu skipta, hvern 5
veg mér virðist hann fyrir augum. Síðan var Þorsteinn fram leiddr ok stóð hann fyrir jarli, en dróttning hafði svá til stilt at honum var runnin hin mesta reiði. Þorsteinn mælti: allt er nú, herra jarl, á yðru valdi um minn hag; er yör nú ok kunnigt hvat erendum ek hefir hingat sagt, vil ek ok biðja yör til sætta, en 10
kviða engu hvat þér vilit gert hafa; er þat ok höfðingja siör at veita þeim líf er sjálfkrafa ganga upp á þeirra náð. Jarl mælti: svá lízt mér á þik sem ek muna gefa þér líf, mun þat nú ok vænst til sonar bóta, at þú gangir í sonar stað, ef þú vilt með mér vera, þviat hamingju mót er á þér; er þat ok eigi stórmannligt at stríða 15
þeim er á vald manns gengr. Þorsteinn þakkar jarli lífgjöfina, ok var hann þar um hrlöð, ok könnuðust menn hugi við. Jarl fann brátt at Þorsteinn var vitr maör ok merkiligir í öllum háttum. Þat var eitt sinn at Þorsteinn mælti til jarls: nú vil ek vita hvers af er kostur um mægðirnar við yör herra. Jarl svarar: eigi vil ek 20
því afneita, því vera má at þat sé til hamingju várrar ættar, en þat vil ek þú sér með oss. Þorsteinn mælti: því vil ek játa ok kunna þökk at vera hér meðan þér lifit, en eigi munu menn unna mér hér metorða eptir þinn dag ok verör hverr eptir sínum forlögum at leita. Jarl kvað líkliga slíkt mælt. 25

- 6 Litlu síðarr reið Þorsteinn [heim] ok segir feör sínum alla ráðastofnan ok bað hann til ferðar, ok svá gerði Ketill. Jarl bjó veizlu, en Þorsteinn sótti til með Raumdæla ok mörgu stórmenni, en veizlan var þryðd góðum tilföngum; gékk hon út með enni mestu sæmd ok stórum féggjöfum, ok skildust þeir jarl ok Ketill 30
með enni mestu vináttu. Þorsteinn var eptir með konu sína. Jafnan frétti Þorsteinn vingjarnlig orö til sín frá jarli. Brátt voru ástir góðar með þeim Þorsteini ok Þórdísi. Þess er getið eitt kveld at menn kvómu til jarls með þeim tíðindum, at þeir sögðu lát

Ketils raums ok þat með at menn vildu, at Þorsteinn færi apr til áttjarða sinna ok ríkis. Þorsteinn bar þetta mál fyrir konu sína ok jarl; hon bað hann fyrir sjá, ok kvaðst því vilja at fylgja sem hann vill. Honum kvaðst mest í hug at fara heim, taldi þat sízt

5 öfundar eyri ok allir mundu honum þar bezt sæmdar unna. Þessu ráði samþykkti ok jarl ok kvað líkligt at heima mundi honum auðit verða framgangs heldr en hjá úkunnu fólki. Brátt eptir þetta tók jarl sótt; hann heimti til sín Þorstein mág sinn ok svá dóttur sína, ok mælti: búit nú ferð yðra svá héðan í braut, at þat sé með

10 mikilli sæmd í fjárhlutum [ok auðæfum¹ ok megu frændr várir því þó vel una at þeim sé hér ríki allt upp gefit í landi með því öllu sem hér fylgir. En ef ykkur verðr sonar auðit, látið hann hafa mitt nafn. Þorsteinn kvað svá vera skyldu, en því kvaðst hann eigi eptir jarls tign leita at frændr hans vóru útignir.

15 Ingimundr jarl andaðist litlu síðarr, en Þorsteinn fór heim til 7 eigna sinna, ok tók við föðurleifð sinni; hann var í hernaði á sumrum ok aflaði fjár ok virðingar, en sat heima at búum sínum at vetrum ok þótti enn mesti sómamaðr. Ingjaldr hét maðr er bjó í Hefni² norðr á Hálogalandi, hann var bóndi hraustr, ok var í hernaði á sumrum en sat um kyrt á vetrum. Þat var vingott með

20 þeim Ingjalði ok Þorsteini. Ingjaldr var góðr búþegn ok mikilhæfr maðr. Þorsteinn átti son við konu sinni, ok er sveinninn var fæddr var hann borinn at feðr sínum. Þorsteinn leit á hann ok mælti: sjá sveinn skal heita Ingimundr eptir móðurfeðr sínum,

25 ok vænti ek honum hamingju sakir nafns. Sveinninn var snemma með miklum þroska. Þeir Þorsteinn ok Ingjaldr áttu vinaboð saman á hverju hausti þá er þeir kvómu ór víkingu; ok eitt sinn er Ingjaldr var at veizlu hjá Þorsteini, þá rann sveinninn Ingimundr at Ingjalði. Hann mælti þá: hamingjusamligr sveinn ertu,

30 ok fyrir vináttu okkar föður þíns þá vil ek bjóða þér heim til mín til slíks fóstrs, sem ek kann at veita þér bezt. Þorsteinn kvaðst þiggja mundu boðit, ok fór sveinninn heim með Ingjalði. *Ormr*

¹ [fugt AM. 138 zu. ² Hefnief Hds. AM. 138; vgl. Ldn. a. O.]

hét son Ingjalds en annarr Hrómundr, þeir voru vænligir menn ok gerðust fóstbræðr Ingimundar. Þeir Þorsteinn ok Ingjaldr héldu upp teknum hætti um heimboð ok veizlugerðir ok þóttust menn hafa iðgjöld Ketils þar sem Þorsteinn var, þótt hann væri maðr minni vexti, eðr eigi svá sterkr, sem hann var. Þat var eitt sinn þá er Ingimundr hitti föður sinn, at hann mælti: gott fóstr hefir þú mér fengit, en nú vil ek at þú fáir mér skip, ok vil ek herja í sumar eptir hætti hinna fyrri frænda minna; em ek nú svá aldrs kominn, at ek má vel slíkt starfa, ok vil ek kosta til þessar ferðar sjálfr ok þú, en eigi fóstri minn; en veit ek, at ek má hafa af honum slíkt er ek vil. Þorsteinn kvað þessa vel leitað, ok mun ek fá þér eitt skip. Ingimundr kvað eigi minna mega við hlíta, ok fór heim ok segir fósttra sínum. Ingjaldr svarar: þat er gott tillag, en ek skal fá Grími annat skip ok skulut þit fara báðir samt með forsjó ok athygli; varizt ok [at] leggja þar at, sem ofresi er fyrir, er ok þat meiri virðing at aukast af litlum efnum, en at hefjast hátt ok setjast með lægingu. Síðan réðust þeir í hernað Ingimundr ok Grímr, ok fóru vel með víkingskap sínum; lögðu eigi at þar at eigi sætti ráði, ok féngu V skip at hausti ok voru öll vel búin at vápnum ok mönnum ok öllum herskap. Þat sýndist brátt at Ingimundr var djarfr í framgöngu ok góðr drengr, traustr til vápns ok harðfengi, vinholtr ok góðgjarn, fastnæmr við vini sína, ok svá mátti höfðingja bezt farit vera sem honum var í fornum sið. Hann lýsir yfir því fyrir Grími, at hann ætlaði heim til föður síns at hausti ok vera þar um vetrinn nokkura stund með XX menn; ok svá gerðu þeir. Þat fanst á heldr at Þorsteini [þótti] nokkut svá vita ofsa þarvist þeirra ok eigi með fullri forsjó. Ingimundr svarar: eigi lízt mér svá, ok eigi áttu svá at mæla, ok sannligra er hitt at þú beiðist slíks í móti, sem þú vill, af fjáraflanum eptir siðvenju hermanna, ok neyta þess svá at sæmd fylgi. Nú samir þér vel at veita oss vistina með várum tilföngum. Þórdís mælti: vel er slíkt mælt ok drengiliga, ok svá mundi gert hafa móðurfaðir þinn. Þorsteinn mælti: ek skal ok svá gera ok er skörluga mælt. Þar eru þeir um vetrinn fram um jól, ok er þar góð vist ok glaðlig.

Öllum þótti mikils um Ingimund vert, bæði um háttu hans ok yfirbragð; hann var kænn við alla leika ok at allri atgerfi vel fær, ok úágjarn við sér minni menn, en harðfengr ok framgjarn við sína úvini. Ok er jól leið mælti Ingimundr til föður síns: nú munu vér kumpanar fara til fóstra míns, ok vera þar þat er eptir er vetrar, þvíat hann mun kunna þökk at vér sém þar. Þorsteinn mælti: hitt þætti mér nú ráð at þú værir með oss í vetr, frændi. Ingimundr kvaðst fyrir hinu ráð hafa gert, ok svá gerðu þeir. Ingjaldr tók við þeim forkunnar vel ok sýndi á sér öfususvip, ok voru þeir þar um vetrinn þat er eptir var; ok er váraði þá segir Ingimundr at hann vill at þeir búi ferð sína í hernað, segir þá nú til alls betr færa en fyrr. Ingjaldr kvað þat sannindi. Síðan fóru þeir annat sumar í hernað ok féngu miklar tekjur fjár af reyforum ok ránsmönnum þeim sem lögðust á fé bænda eðr kaupmanna; fóru svá um sumarit. Þá mælti Ingimundr: ef eigi verða stórar mannaunir í várum ferðum, þá er einsætt at fara með hernaðinum drengiliga. Allir hlýddu hans bæði ok banni, ok er nokkut svá var haustað kómu þeir við Svíasker, þar voru víkingar fyrir ok bjuggust þegar hvárltveggju til bardaga, ok börðust fyrst með skotum ok grjóti. Engi var¹ liðsmunr. Þar urðu margir menn sárir af hvárumtveggjum. Ingimundr fékk þar góðan orðstír þann dag, ok sannliga þóttust þeir góðum höfðingja þjóna, er hans menn voru. Ok er kveldaði varð á hvíld nokkur bardaganum. Ingimundr mælti þá: látum eigi þat á finnast, at vér letimst þótt þessi fundr hafi hóti heldr verit með nokkurri mannhættu. Þá stóð maðr upp á skipi þeirra, sem fyrir voru, hann var bæði mikill ok vaskligr; sjá mælti: hverir eru þessir menn, er við oss hafa barizt í dag, en þat er ósiðligt at menn hafast eigi orð við, eru hér ok engar sakir í milli áðr, svá at ek vita. Ingimundr svarar: ef þú spyr at forráðsmönnum várs liðs, þá heitir annarr Ingimundr en annarr Grímr, eðr hverr ertu? Hann svarar: Sæmundr er mitt nafn, em ek ok formaðr þessa

¹ varð *Hds.*

liðs, sygnskr maðr at ætterni, kunnigt er mér ok um yðr frændr,
ok þar sem vér erum samlendir menn, þá samir oss betr at vera
eins liðs en berjast; höfum vér ok góða eina frétt til yðvar. Nú
viljum vér mæla til vinganar við yðr, eigi fyrir því, at vér þyrðim
friðar at biðja fyrir liðsmunar sakir. Ingimundr svarar: vel vilim
5 vér þetta mál virða, ok leggja eigi til hallmælis; nú munu vér eigi
kjósa oss þann hlut til handa at girnast við yðr til úviss frama, en
hafa nú handtekinn frið ok vináttu yðra. Nú settu þeir grið ok
frið sín í milli, ok héldu síðan allir saman þat er eptir var sumars-
ins, ok varð þeim nú gott til fjár ok sóma ok sigldu um Sognsjó
10 um haustið. Sæmundr kvað [þá] þar skiljast mundu ok finnast
þar at sumri með vináttu. Ingimundr játtar því. Sæmundr hélt
nú í fjörðinn, en Ingimundr sigldi norðr með landi ok hafði mörg
skip ok mikit fé; hann fór til föður sins með LX manna. Grímr
mælti: ætlar þú eigi nú, fóstbróðir, at feðr þínum þykki ærnir
15 gestir. Hann kveðst ætla, at nú væri nær hófi. Þorsteinn gékk
í mót syni sínum ok bauð honum með allri öluð. Ingimundr kvaðst
svá gera mundu. Þorsteinn veitti þeim stórmannliga um vetrinn,
ok kvaðst vel við una at eiga þvilíkan son, ok kvaðst hafa
snemma séð á honum frændagiptu, ok svá sem ek sé at þinn þroski
20 vex þá skaltu hafa af mér því meiri sóma. Ingimundr var þar
um vetrinn, ok þótti mjök fara vaxandi hans virðing. Því meirr
lét hann til sín koma um féggjafir ok aðra stórmensku sem föngin
vóru nægri; en er váraði, þá ræddu þeir um ferðir sínar fóstbræðr.
Grímr kvaðst eigi mundu um breyta ok fylgja honum. Síðan
25 réðust þeir í hernað ok kom Sæmundr til móts við þá sem mælt
var, ok fóru allir samt um sumarit. Þeir áttu saman félag um
III sumur í samt fyrir vestan haf, ok öfluðu fjár ok góðs orðróms.
Ingimundr var fyrir þeim öllum um ráðagerðir ok vitsmuni ok
allan skörungskap ok var þeirra félagsskapr [á allan máta¹
30 merkiligr. Ingimundr var með feðr sínum á vetrum; þóttist

¹ [at öllu AM 138

Þorsteinn ok aldri fullmikinn geta gert sóma Ingimundar sonar síns, þegar hann sá, hvelíkr maðr hann vildi verða.

Þess er getið et síðasta sumar er þeir Sæmundr áttu fé 8 saman, ok kvómu þá með miklu meira herfangi en fyrr, þá gerðust þau tíðindi í Noregi, at herra samnaðist saman austr við Jaðar, ok var þá kominn nálíga allr landherr í tvá staði; var þar öðru megin Haraldr, er ýmist var kallaðr Dofrafóstri eðr lúfa; hann barðist í mót landshöfðingjum, ok átti þann enn síðasta bardaga áðr hann ynni allt land undir sik er hann barðist í Hafrsfirði, sem víða getr 10 í sögum, ok í því bili kómu þeir Ingimundr ok Sæmundr í land sem sagt var áðr, þar nær, sem herrinn var saman kominn. Þá mælti Ingimundr: hér horfist nú til mikilla tíðinda, þvíat hér eiga hlut í allir enir stærstu menn innan lands þótt ek telja Harald konung mest verðan, ok sá maðr er mér vel at skapi, ok vil ek honum 15 bjóða mitt lið, þvíat eigi er þat við hváriga muni. Sæmundr kvaðst eigi mundu hætta lífi sínu fyrir hans sakir; kom hann ok eigi í þann bardaga. Ingimundr svarar: sjá máttu, fóstbróðir, at mikill er afli konungs, eðr hvárt þeim gegnir betr, er með honum eru, eðr hinum, er í mót honum standa; at því er ek hygg mun 20 hann þat ok góðu launa, þeim er honum veita nú sæmd ok eptirgöngu; en mér mundi þykkja úvíst hvat¹ fyrir lægi ef eigi er hans vili gerr, ok mun þat skilja með okkr. Síðan sigldi Sæmundr frá ok inn eptir Sognsjó með sitt lið. En Ingimundr sigldi inn í Hafrsfjörð ok leggr at skipaflota Haralds konungs. Þessir 25 höfðingjar voru mestir í mót Haraldri konungi, þórir haklangr ok Ásbjörn kjötvi; þeir höfðu allmikit lið ok harðsnúit. Ingimundr lagði at við lyptingina á konungs skipinu, ok kvaddi konung á þessa leið: heill, heill, herra. Konungr svarar: vel fagnar þú, eðr hvern ertu? Ingimundr heiti ek, ok em [ek] Þorsteinsson, ok því 30 hér kominn, at ek vil bjóða yðr mitt lið, ok hyggjum vér þá betr hafa. er yðr veita, en hina er við rísa; em ek nýkominn or hernaði með nokkurum skipum. Konungr tók vel hans máli, ok

¹ Hvar *Hds.*

kvaðst [hans] heyrð hafa getið at góðum hlutum, ok þat munda ek vilja, at þér yrði launat þitt starf, því ek skal allan Noreg undir mik leggja, ef hamingjan lofar, ok mikinn mun á ek at gera [yðar ok¹ þeirra, er nú hlaupast á braut í flokka fjáðmanna váttra, eðr til eigna sinna, sem ek hefir spurt at Sæmundr hefir gert félagi þinn, ok kalla ek meira manndóm sýnast í slíkum tiltektum, sem þú hefir haft. Ingimundr segir Sæmundi mart þjóðvel gefit.

9 Eptir þetta kvóðu við lúðrar um allan herinn, ok þjuggust menn til, hverr eptir sínum efnum. Þenna bardaga átti Haraldr konungr mestan; þá var með honum Rögnvaldr af Mæri ok margir aðrir stórir höfðingjar, ok þeir berserkir, er Úlfhéðnar voru kallaðir; þeir höfðu vargstakka fyrir brynjur, ok vorðu framstafn á konungs skipinu, en konungr sjálfr varði lyptingina með hinni mestu prýði ok karlmensku; mátti þar sjá mörg högg bæði ok stór. Nú gerðust brátt mörg tíðindi ok stór á skamri stundu í höggum ok spjótalögum með grimligri grjótfloaug; gerðist nú skjótt mikit mannfal af hvárumtveggjum. Ingimundr fylgði vel Haraldri konungi ok aflaði sér góðs orðs. Fundinum lauk svá, sem mörgum er kunnigt, ok fullfrægt er vorðit, at Haraldr konungr fékk ágætan sigr ok varð síðan einvoldugr yfir öllum Noregi; hann launaði höfðingjum öllum þeim er honum fylgðu, ok svá hverjum öðrum með hinni mestu stórmensku. Rögnvaldi gaf hann jarldóm, ok mælti: þú hefir sýnt mikinn manndóm í fylgð þinni við mik; þú hefir ok látið son þinn fyrir mínar sakir ok má hann eigi aptr gjalda, en hitt má ek, at launa þér sæmdum, fyrst því at verða jarl, ok þar með eyjar þær, er liggja fyrir vestan haf, er Orkneyjar heita, þær skaltu hafa í sonar bætr; margan annan sóma skaltu þiggja af mér; ok þat efndi konungr. Rögnvaldr sendi vestr Hallað son sinn, ok gat hann eigi haldit ríkinu fyrir vikingum. Þá sendi hann Torf-Einar son sinn, ok lézt vænta, at hann mundi halda ríkinu. Hann var jarl fyrstr á Orkneyjum, ok af honum eru komnir allir Orkneyja jarlar, sem segir í æfi þeirra. Haraldr konungr gaf mörgum stór lén fyrir sína fylgð ok

² [eðr Hds.

virði svá mikils við menn, hvárt með honum höfðu verit eðr móti, at alla gæddi hann þá at nokkurum hlutum, en hina sem honum höfðu mótsnúnr verit, rak hann or landi, meiddi eðr drap, svá at engir féngu nokkura viðréttu. Síðan mælti konungr til Ingimundar:

5 mikla vináttu hefir þú við mik sýnt, en aukit sjálfum þér frama, skal ek ávalt þinn vin vera, en hlutskipti þitt skulu vera III skipshafnir; þarmeð skaltu hafa herbúnað allan þeirra víkinga, er þú barðist við, ok til marks at þú hefir verit í Hafrsfirði skaltu eignast at gjöf hlut þann, er átt hefir Kjötvi, sem hann hafði mestar

10 mætr á; nú er þat meirr til sanninda þessa fundar, en þat sé mikit fé, en þó sæmd í at þiggja af oss; en þá er vér hafim skipat ríki vart, skal ek launa þér liðsemdina með heimboði ok vingjöfum. Ingimundr þakkar konungi gjafir ok góð orð, ok skildust með því. Konungr sagðist ok minnugr vera skyldi Sæmundar fyrir sínar tiltekjur ok

15 dróttinsvik við sik. Ingimundr hitti brátt eptir bardagann í Hafrs- 10 firði Sæmund, ok segir honum, at eigi hefir fjarri farit hans hugboði um fundinn; ek veit ok, sakir orða konungs, at þér hæfir eigi kyrrum at sitja, ok kalla ek ráð at þú leitir undan, því konungr mun efna heit sín, en ek spari þik til harðra álaga fyrir okkarn vinskap; þætti

20 mér eigi úráðligt at þú leitaðir til Íslands, sem nú gera margir virðingamenn þeir sem eigi bera traust til at halda sik fyrir ríki Haralds konungs. Sæmundr mælti: sýnir þú í þessu sem öðru trúskap þinn ok vingan, ok mun ek þetta ráðs taka. Ingimundr bað hann svá gera, ok hefði betr verit, at þú hefðir mér fylgt í

25 Hafrsfirði, ok þurfa nú eigi at fara í eyðisker þetta. Sæmundr kvað hann mörgu nær geta. Síðan seldi hann jarðir sínar á laun ok bjóst til brautferðar, en þakkaði Ingimundi sín tillög ok mælti enn til vináttu. Sæmundr fór síðan til Íslands ok kom í Skagafjörð; var þá enn víða unumit landit; hann fór með eldi at fornum

30 sið, ok nam sér land þar er nú heitir Sæmundarhlíð í Skagafirði ok gerðist þroskamikill maðr. Son hans hét Geirmundr, en Reginleif dóttir er átti Þóroddr hjálmr; þeirra dóttir var Hallbera, móðir Guðmundar ens ríka á Möðruvöllum ok Einars þveræings. Ingimundr fór til föður síns eptir bardagann í Hafrsfirði með

miklum sóma; Þorsteinn tók við honum báðum höndum ok sagði hann hamingjusamliga snúit hafa sínum ráðum; kvað þat ok líkligt, þar sem þú ert dótturson Ingimundar jarls ens göfgasta manns. Hann var þar um vetrinn, ok á þeim vetri kom Ingjaldr til Þorsteins, ok varð þá mikill fagnafundur. Ingjaldr kvað þá komit í þat efni um Ingimund, sem honum hafði hugr sagt; en veizlu hefir ek þér nú búna, fóstri minn, með öllum þeim föngum, sem ek hefir til. Ingimundr kvaðst ok koma mundu. Ingjaldr fór heim, ok bauð mörgum mönnum með sér. Síðan fór hverr sem boðit var. Þeir Ingjaldr efna þar seið eptir fornum sið til þess at menn leitaði eptir forlögum sínum. Þar var komin finna ein fjölkunnig. Ingimundr ok Grímr kómu til veizluunar með miklu fjölmenni. Finnann var sett hátt ok búit um hana vegliga; þangat géngu menn til fréttu, hverr or sínu rúmi, ok spurðu at örlögum sínum. Hón spáði hverjum eptir því sem gékk, en þat var nokkut misjafnt, hversu hverjum líkaði. Þeir fóstbræðr sátu í rúnum sínum ok géngu eigi til fréttu; þeir lögðu ok engan hug á spár hennar. Völfan mælti: hví spyrja þeir enu ungu menn eigi at forlögum sínum, þvíat mér þíkkir þeir merkiligastir menn af þeim, sem hér eru saman komnir? Ingimundr svarar: mér er eigi annara at vita mín forlög en fram koma, ok ætla ek mitt ráð eigi komit undir þínum tungurótum. Hón svarar: ek mun þó segja þér úfregit, þú munt byggja land er Ísland heitir, þat er enn víða úbygt; þar muntu gerast virðingamaðr ok verða gamall; þínir ættmenn munu ok margir verða ágætir í því landi. Ingimundr svarar: þetta er af því vel sagt, at þat hefir ek einhugsat at koma aldri í þann stað, ok eigi verð ek þá góðr kaupmaðr ef ek sel áttjarðir mínar margar ok góðar en fara í eyðibygðir þær. Finnann svarar: þetta mun fram koma, sem ek segi, ok þat til marks, at hlutr er horfinn or þússi þínum, sá er Haraldr konungr gaf þér í Hafrsfirði, ok er hann nú kominn í holt þat, er þú munt byggja, ok er á hlutnum markaðr Freyr af silfri; ok þá er þú reisir bæ þinn mun saga mín sannast. Ingimundr svarar: ef fóstro mínum væri eigi mótgæði í, þá mundir þú taka launin í höfði þér; en með

Því ek em eigi ágangsmáðr eðr tyrrinn, þá mun þat fyrir farast. Hon kvað þetta eigi þurfa at reiðimálum gera. Ingimundr segir hana þar illu heilli hafa komit. Hon kvað nú svá búit vera mundu, hvárt er [honum] þætti vel eðr illa. Ok enn mælti hon:

5 [forlög] Gríms eru ok þangat ok svá bróður hans Hrómundar, ok munu þeir báðir verða gildir bændr. Um morgininn eptir leitaði Ingimundr hlutarins ok fann eigi; þat þótti honum eigi góðs viti. Ingjaldr bað hann vera glaðan, ok láta þetta eigi á sik bíta eðr fyrir gleði standa, ok kvað marga ágæta menn láta sér nú sóma at

10 fara til Íslands; hefir mér ok gott eina til gengit þótt ek byða hingat finnuni. Ingimundr sagðist honum enga þökk fyrir þetta kunna, en þó mun aldri týnast okkat vinfengi. Síðan ferr Ingimundr heim til föður síns ok var þar um vetrinn. Ok er váraði spurði hann föstbræðr sína um ferðirnar hvat þeim sýndist. Grímr

15 kvaðst hyggja at eigi mundi tjóa at brjótast við forlögnum, ok ætla ek nú í sumar til Íslands ok vit báðir bræðr, ok láta sér nú þat margir sóma þótt göfgir sé; er mér sagt gott frá landakostum, at þar gangi fé sjálfala á veturnum en fiskr í hverju vatni, skógar miklir en frjálsir af ágangi konunga ok illræðismanna. Ingimundr

20 svarar: eigi mun ek þangat, ok mun þat skilja með okkr. Grímr kvað svá vera mega, en eigi kemr mér þat á úvart þótt vit finnimst á Íslandi, því úhægt mun forlögin at flýja. Ingimundr kvað sér víst sviptu at þeirra skilnaði. Grímr sigldi út um sumarit ok báðir þeir bræðr, kómu í Borgarfjörð ok lögðu inn at Hvanneyri.

25 Grímr kvaðst ætla at þat land mundi hann nema sér til ábúðar. Hann tók sér landnám svá mikit, at þar eru nú bæir margir í hans landeign. Hrómundr kvaðst mundu leita upp til fjalla, ok kvaðst þar mundu yndi nema í fjallaendum. Grímr kvað þat vel efnat, at þeir hefði bæði jarðkost fjallanna [ok] þó neyti af sjónum.

30 Hrómundr nam þverárhlið ok þótti vera merkismaðr. Frá honum er kominn Illugi svartí. Grímr varð ok kynsæll ok kom mart göfugmenni frá honum þótt hér sé eigi nefndir.

Þat sumar er þeir bræðr fóru til Íslands þá fór Ingimundr til 11 föður síns ok var með honum. Þorsteinn faðir hans tók þá at

eldast; ok eitt sinn mælti Þorsteinn til Ingimundar: gott er nú at deytja, ok vita son sinn slíkan hamingjumann; uni ek því bezt við æfi mína at ek hefir verit eingi ágangsmáðr við menn, er ok líkast at með þeim enda slitni æfi mínu, þvíat ek kennir nú sóttar. Nú vil ek þér, frændi, í kunnleika gera fjárfar mitt hvert er, en eigi þikki mér kynlegt þótt þér svífi af þessum ættjörðum ok læt ek mér eigi at því þikkja. Ingimundr kvaðst hug mundu á leggja at breyta eptir hans fyrirsögn. Þorsteinn kvaðst ætla at Ingimundr mundi þikkja þar mikilmenni sem hann bygði hvar sem hann væri. Þorsteinn segir honum þá marga hluti fyrir, ok brátt eptir þat andaðist hann, var honum þá veittr sæmiligr umbúnaðr eptir fornum síð. Ingimundr tók við fjárforráðum ok öllum eignum, ætlaði hann þar at nema yndi ok settist nú um kyrt.

- 12 Haraldr konungr hinn hárfagri var nú kominn í fullan frið ok kyrrsetu, er mestr hefir verit allra fornkonunga í Norðrlöndum; hann mintist þá þess, er hann hafði játtað vinum sínum ok gerði þeim nú ríkuligar veizlur með stórum sæmdum; hann bauð einkum Ingimundi, ok er hann kom tók konungr allvel við honum ok mælti svá: þitt ráð spyrst mér á margan hátt sómasamligt, en þó skortir þik einn hlut, at þú ert kvánlauss, en þó hefir ek hugsat þér ráðakost; var mér þat í hug þá er þú lagðir líf þitt í hættu fyrir mitt líf. Dóttir Þóris jarls þegjanda heitir Vigðís, hon er kvenna fríðust ok með miklu fé, því ráði mun ek þér í hendr koma. Ingimundr þakkaði konungi, ok kvaðst fúss vera þessa ráðahags. Konungr veitir veizlu þessa með miklum ríkdóm ok metnaði, ok fara menn heim. Eptir þetta efnar Ingimundr til brúðhlaupsgerðar, ok at því búnu kemr þar Haraldr konungr ok mart annat stórmenni; gengr Ingimundr at eiga Vigðísi eptir því sem stofnat var. Þetta brúðkaup var veitt með hinni mestu virðingu. Konungr lagði þar til mikinn kost í fégjöfum ok annarri sæmd. Ingimundr mælti til konungs: nú uni ek allvel við minn kost, ok stórr heiðr er at verða fyrir yðrum góðvilja, en þat stendr mér í hug, er finnan hefir mér spáð um ráðabreytni, þvíat ek vilda at þat sannaðist eigi at ek færa af ættjörðum mínum. Konungr

svarar: þar kann ek þó eigi af at taka, ok sé þat til nokkurs gert, ok vili Freyr þarláta sinn hlut niðr koma, er hann vill sitt sæmdarsæti setja. Ingimundr kvað sér fýst á at vita, hvárt hann fyndi hlutinn eðr eigi þá er grafit væri fyrir öndvegissúlum hans; kann

5 ok vera, at þat sé eigi til eingis gert; er nú ok eigi því at leyna, herra, at ek ætla at gera eptir finnum, þeim er mér sýni heraðs vöxt ok lands skipan þar sem ek skal vera ok ætla ek at senda þá til Íslands. Konungr kvað hann þat mega gera, en þat hygg ek, at þangat munir þú koma, ok er þat uggligt hvárt þú ferr í

10 lofi mínu, eðr leynist þú sem nú tekr mjök at tíðkast. Þat mun mér aldri verða, segir Ingimundr, at ek fara í banni þínu. Síðan skildu þeir konungr; fór Ingimundr heim, ok sat at búum; hann sendir eptir finnum, ok kómu norðan III. Ingimundr segir, at hann vill kaupa at þeim, ok vil ek gefa yör smjör ok tin, en þér

15 farit sendiferð mína til Íslands at leita eptir hlut mínum ok segja mér frá landslegi. Þeir svara: semsveinum¹ er þat forsending at fara, en fyrir þína áskorun viljum vér prófa. Nú skal oss byggja eina saman í húsi, ok nefni oss engi maðr, ok svá var gert. Ok er liðnar vóru III nætr kom Ingimundr til þeirra. Þeir risu þá upp

20 ok vörpuðu fast öndinni ok mæltu: semsveinum er erfitt, ok mikit starf höfum vér haft, en þó munu vér með þeim jarteignum fara, at þú munt kenna land, ef þú kemr, af várri frásögn, en torvelt varð oss eptir at leita hlutinum ok mega mikit atkvæði finunnar, því at vér höfum lagt oss í mikla ánauð. Þar kómu vér á land sem III

25 firðir géngu af landnorðri, ok vötn vóru mikil fyrir innan einn fjörðinn. Síðan kómu vér í dal einn djúpan, ok í dalnum undir fjalli einu vóru holt nokkur, þar var byggiligr hvammr, ok þar í holtinu öðru var hlutrinn, ok er vér ætluðum at taka hann, þá skauzt hann í annat holtið, ok svá sem vér sóttum eptir, hljóp

30 hann æ undan, ok nokkur hulda lá ávalt yfir svá at vér náðum eigi, ok muntu sjálf fara verða. Hann kvaðst þá ok skyldu brátt fara, ok kvað eigi mundu stoða við at sporna. Vel gerði hann við

¹ So *Hds.*, vgl. *untan*; sendisveinum, AM. 138.

finna, ok fóru þeir braut, en hann settist um kyrt at búum sínum ok var vel auðigr at fé ok góðr drengr. Síðan hitti hann konung ok sagði honum sína meðferð ok fyrirætlan. Konungr kvað sér slíkt eigi á úvart koma, ok sagði úhægt at gera við atkvæðum¹. Ingimundr kvað þat satt, ok hefir ek nú alls í leitað. Konungr 5 mælti: hvar landa sem þú ert, muntu sæmdarmaðr vera. Konungr fékk honum enn sem fyrr nokkurn sæmdarhlut. Eptir þat gerði Ingimundr veizlu, ok bauð til vinum sínum ok höfðingjum með miklum ríkdóm, ok at þeirri veizlu kvaddi hann sér hljóðs ok mælti: ráðabreytni hefir ek ætlað fyrir mér, ok hygg ek mik fara 10 munu til Íslands meirr af forlögum ok atkvæði ramra hluta, en fýsi; en þat er heimilt þeim er fara vilja með mér; hinum er ok leyfíligt eptir at vera, er þat vilja, ok jafnkomnir eru hváirtveggju várir vinir, hvárt sem heldr vilja kjósa fyrir sik. Mikill rómr varð at máli hans, ok sögðu mikiun skaða at slíks manns brottferð, en 15 þó er fátt sköpum ríkara; urðu ok þess margir búnir at fara með Ingimundi þeir er mikils vóru virðir, bæði bændr ok lausir menn.

13 Þenna tíma var sem mest sigling til Íslands, ok í þat mund fæddi Vigdís barn, þat var sveinn, sá var vænn mjök. Ingimundr leit á sveinninn ok mælti: sjá sveinn hefir hyggíligt augnabragð ok 20 skal eigi seilast til nafns, hann skal heita Þorsteinn, ok mun ek þess vilnast, at hamingja mun fylgja. Sjá sveinn var snemma vænn ok gerfílgir, stíltr vel, orövíss, langsær, vinfastr, ok hófmaðr um alla hluti. Son áttu þau annan, sjá var ok borinn at feðr sínum ok skyldi hann ráða fyrir nafni; hann leit á ok mælti: 25 þessi sveinn er allmikílfengligr, ok hefir hvassar sjónir; hann mun verða, ef hann lífir, ok eigi margra maki ok eigi mikill skapdeildarmaðr, en tryggir vinum ok frændum, ok mun vera mikill kappi ef ek sér nokkut til; mun eigi nauðr at minnast Jökuls frænda várs sem faðir minn bað mik? ok skal hann heita Jökull. 30 Hann vóx upp ok gerðist afreksmaðr at vexti ok afli. Hann var fálátr, úmjúkr ok údæll, harðúðigr ok hraustr um allt. Þórir hét

¹ AM. 138; ákveðni *Hds.*

hinn þriði son Ingimundar skírgetinn, hann var vænn maðr ok mikill vexti, ok hafði mjök á sér kaupmanns æði. Fjórdi hét Högni, fimti Smiðr hann var frilluson. Þorsteinn var þeirra vitrastr allra bræðra. Þórdís hét dóttir Ingimundar, heitin eptir móður
 5 hans, önnur Jórunn. Jörundr hét maðr ok var son Þóris jarls þegjanda, bróðir Vigdísar, hann lýsir yfir því, at hann mun fara til Íslands með Ingimundi, lét bæði til halda vingan ok mágsemd. Ingimundr lézt því vel kunna. Hvati hét maðr ok Ásmundr þrælur Ingimundar. Þá hét maðr Friðmundr, annarr Þórir, III. Refkell,
 10 III. Úlfkell, V. Böðvarr. Þessir menn bjuggu ferð sína til Íslands með Ingimundi, ok höfðu allir stórfé.

Nú lætr Ingimundr í haf þegar hann var búinn með sitt för-¹⁴ uneyti ok áttu góða útivist ok kómu¹ vestr fyrir [Ísland] ok sigldu inn á [Borgarfjörð í Leiruvág²; brátt spurðist skipkváman. Grímr reið til skips ok fagnaði vel fóstbróður sínum, ok kvaðst mikla
 15 þökk kunna hans þarkvómu, ok kemr hér nú at því sem mælt er, at torsótt er at forðast forlögin. Ingimundr kvað þat satt vera, ok verðr eigi við gert, fóstbróðir. Grímr mælti: þat er mitt boð, at þú farir heim til mín ok lið þitt allt, ok haf allt þat af mínu fé,
 20 er þú vilt, hvárt þat eru lönd eðr aðrir aurar. Ingimundr þakkar boðit, ok kvaðst mundu vera hjá honum í vetr, en þar sem ek hefir breytt ráðahag mínum til þessar ferðar, þá mun ek þangat á leita, sem mér var á vísat til landnáma, af tómi. Ingimundr fór á Hvanneyri, kona hans ok synir, en lið hans var þar allt umhverfis.
 25 Grímr veitti þeim stórmannliga, ok lét ekki undan dregit þeim til sæmdar um vetrinn; en er váraði þá lét Grímr enn sem fyrr inn-
 anhandar allt þat er hann átti um land eðr aðra hluti. Ingimundr kvað honum fara allt sem bezt sem ván var at, en norðr mun ek halda, en um flutning ok farargreiða verðum vér þín at njóta.
 30 Grímr kvað svá vera skyldu; slíkt sama gerði ok Hrómundr, því allir fögnuðu Ingimundi ágæta vel. Hann fór norðr um sunarit í landaleitan, ok fór upp Norðrárdal ok kom ofan í eyðifjörð einn;

¹ *vm fügt Hds. zu*² [Grímsárós richtiger in Melabók]

ok um daginn, er þeir fóru með þeim firði, þá hlupu or fjalli at þeim II sauðir, þat vóru hrútar. Þá mælti Ingimundr: þat mun vel fallit at þessi fjörðr heiti Hrútafjörðr. Síðan kómu þeir í fjörðinn ok gerði þá þoku mikla; þeir kómu á eyri eina, fundu þeir þar borð stórt nýrekit. Þá mælti Ingimundr: þat mun ætlat at vér skylim hér örnefni gefa ok mun þat haldast, ok köllum eyrina Borðeyri. Þá leið á sumarit því mart var at færa, en farit síð, ok kvómu nær vetri í dal þann, er 'allr var víði vaxinn. [Þá mælti Ingimundr: sjá dalr er mjök víði vaxinn,¹ köllum hann Víðidal, ok hér ætla ek líkast til vetrsetu. Þeir vóru þar vetr annan, ok gerðu sér þar skála, er nú heitir Ingimundarhöll.² Þá mælti Ingimundr: nú mun eigi vera vistin jafnglöð sem í Noregi, en eigi þarf nú at minnast á þat, þvíat margir góðir drengir eru hér enn saman komnir til gamans, ok gleðjumst enn eptir tilföngum. Allir tóku vel undir. Þar vóru þeir um vetrinn, ok höfðu leika ok alls- 15
 15 kyns gleði; en er váraði ok nokkut leysti snjó or hlífum, þá mælti Ingimundr: forvitni er mér á at vita, ef nokkurir menn gangi á hátt fjall, ok sæi ef nokkut væri snjóminna at sjá í aðra staði, þvíat eigi þikki mér sem vér munim í þessum dal búnað reisa, ok eigi er elligar jafnkeypi. Síðan géngu menn á fjall eitt hátt, ok 20
 20 sá víða þaðan. Þeir kvómu aptr, ok sögðu Ingimundi at fjöll vóru snjólaus mjök þau er lágu í landnorðri, ok gott til at líta, en hér er sem hin sama hríð sé ávalt er vér erum, ok kunnum vér þat at sjá, at þar eru landskostir miklu betri. Ingimundr svarar: þá er hóf at, ok væntum enn at nokkut grænt mun fyrir liggja, svá mun 25
 — hlut til draga. Nú búast þeir snemma um várit, ok er þeir nálgast norðr til Vatnsdals þá mælti Ingimundr: nú mun sannast spáin finnanna, því at nú kenni ek landsleg at frásögn þeirra, at hér mun oss at vísat, ok vænkast nú mjök; ek sé nú ok land at víðleika með vexti, ok ef þar fylgja kostir þá má vera at hér sé 30
 30 vel byggjanda. Ok er þeir kvómu at Vatnsdalsá, þá mælti Vigdís

¹ [*fügt zu AM. 138; fehlt in Hds.*
 AM. 138.

² *So (hauhl) Hds. und*

kona Ingimundar: hér mun ek eiga dvöl nokkura, því at ek kenni mér sóttar. Ingimundr svarar: verði þat at góðu. Þá fæddi Vigdís meybarn; hon var Þórdís kölluð. Ingimundr mælti: hér skal Þórdísarholt heita. Síðan sótti liðit upp í dalinn, ok sá þar

5 góða landakosti at grösum ok skógum; var fagrt um at litast; lypti þá mjök brúnum manna. Ingimundr nam Vatnsdal allan fyrir ofan Helgavatn ok Urðarvatn. Þórdísarlækr fellr vestan í miðju vatni.¹ Ingimundr kaus sér bústað í hvammi einum mjök fögrum, ok efnaði til bæjar; hann reisti hof mikit C fóta langt, ok er hann

10 gróf fyrir öndvegissúlu[m] þá fann hann hlut sinn sem honum var fyrir sagt. Þá mælti Ingimundr: þat er þó satt at segja at eigi má við sköpunum sporna, en þó skal nú á þetta góðan hug leggja. Bær sjá skal heita at Hofi. Menn Ingimundar skipuðu sér um dalinn ok tóku bústaði at hans ráði. Þetta haust vóru íslög

15 mikil, ok er menn géngu á ísana þá fundu menn birnu eina ok með henni húna II. Ingimundr var í þeirri ferð, ok kvað þat Húnavatn heita skyldu, en fjörðr sá, er flóir allr af vötnum, hann skal heita Vatnafjörðr. Eptir þat fór Ingimundr heim; hann setti saman virðuligt bú, ok gerðist brátt yfirmaðr Vatnsdæla ok þeirra

20 sveita er nálægstar vóru; hann átti mart ganganda fé, bæði naut ok sauði ok annan búsmala. Þat sama haust hurfu frá honum sauðir ok fundust um várit í skógum; þar heitir nú Sauðadalr; ok má af því marka landskosti þá er í þat mund vóru at féit gékk allt sjálfala úti. Þess er enn getið at svín hurfu frá Ingimundi ok

25 fundust eigi fyrr en annat sumar at hausti ok vóru þá saman C; þau vóru stygg vorðin; göltr einn mikill ok gamall fylgði þeim ok var kallaðr Bèigaðr. Ingimundr safnar mönnum til at henda svínin, ok kvað svá rétt at mæla, at II höfut væri á hvívetna. Þeir fóru eptir svínunum, ok ráku at vatni því, er nú er kallat

¹ So die Hds.; der Text ist hier entstellt und wohl aus Melabók herzustellen, wo es heisst: en þormóðslækr fellr or vatninu í ána. Forslæks fellr austan í Urðarvatn [siehe Anhang] Die Lesart Smiðjuvatn, die einzelne Hds. haben, ist eine falsche Conjectur aus miðju vatni.

Svínavatn ok vildu kvía þar við, en göltrinn hljóp á vatnit ok svamm yfir, ok varð svá móðr, at af honum géngu klaufirnar; hann komst á hól einn, er nú heitir Beigaðarhóll, ok dó þar. Ingimundr festi nú yndi í Vatnsdal; þá gerðust ok margar sveitir bygðar; tókust þá upp lög ok landsréttir.

- 16 Þá er Ingimundr hafði búið nokkura hríð at Hofi lýsir hann utanferð sinni at sækja sér húsavið, þvíat hann kvaðst vel vilja sitja bæ sinn, ok kvaðst vænta, at Haraldr konungr mundi honum vel taka. Vigdís segir hann vænan til góðs. Hann setti menn yfir fjárforráð sín með Vigdísi. Ingimundr hafði bjarndýrin með sér; honum fórst greitt ok kom við Noreg. Hann hélt fréttum til Haralds konungs; var allt kyrt í landi, ok er hann fann Harald konung þá var honum vel fagnat; bauð konungr honum með sér at vera, ok þat þá Ingimundr; hann var um vetrinn með mikilli sæmd haldinn af konungi. Konungr spurði hvernig honum huguðu landakostir; hann lét vel yfir; en þat er mitt erindi mest, at afla mér húsaviðar. Konungr mælti: þat er vel gert, er þér ok heimil vár mörk sem þú vill höggva láta, en ek mun láta til skips færa, ok skaltu engan hlut um þat annast, ok ver með mér. Ingimundr mælti: hér máttu sjá, herra, bjarndýri, er ek náða á Íslandi, ok vilda ek at þú þægir af mér. Konungr svarar: ek vil vist þiggja ok kunna þökk fyrir. Þeir skiptust mörgum gjöfum við um vetrinn, ok er váraði var búið skip Ingimundar með farmi þeim er hann kaus ok því viðarvali er bezt fékk. Konungr mælti: ek sér þat Ingimundr, at þú munt eigi sjálfr ætla optarr at fara til Noregs, nú þyrftir þú at hafa svá mikinn við at þér nægði, en þat má eigi eitt skip bera. Nú er hér at líta á nokkur skip, kjós hér af hvert er þú vill. Ingimundr mælti: kjósit, herra, mér til handa, þat mun mestri giptu stýra. Svá skal ok vera, [segir konungr], mér er kunnast um; hér er skip, er Stígandi heitir, er vér köllum bíta í siglingu allra skipa bezt, ok farsælla en hvert annarra, ok þat mun ek kjósa þér til handa; skipit er frítt ok eigi mikit. Ingimundr þakkar konungi gjöfina. Síðan fór hann af konungsfundi með mörgum vingjöfum. Hann sér brátt hversu

fljótt skip Stígandi var. Þá mælti Ingimundr: vel hefir konungur mér skip valit, ok þat má rétt heita Stígandi, er svá less hafit. Þeir kvómu við Ísland og sigldu fyrir norðan ok svá vestr fyrir. Þat höfðu engir áðr gert. Ingimundr kom báðum skipunum í

5 Húnavatnsós, ok gaf þar öll örnefni, er síðan hafa haldizt. Þar heitir Stígandahróf, er hann var upp settr. Þetta spyrst nú víða, útkváma Ingimundar, ok létu allir vel yfir því, er hann kom heim. Ingimundr átti ágætt bú með nógum efnun; hann bætti nú mikit bæ sinn, þvíat efnin vóru nóg; hann fékk sér ok goðorð

10 ok manna forráð. Jörundr háls, er annarr maðr var mestr sá er út kom með Ingimundi, hann nam sér land at ráði Ingimundar mágs síns fyrir utan Urðarvatn ok til Mógilslækjar, ok bjó á Grund út frá Jörundarfjalli í Vatnsdal, ok var mikill maðr fyrir sér sem ætterni hans var til. Már hét son hans, er bjó á Márstöðum í

15 Vatnsdal, virðuligr maðr. Þeir óxu upp samtíðis ok Ingimundarsynir. Þá gerðist fjölbygðr dalrinn. Hvati hét maðr, er út kom með Ingimundi, hann nam land frá Mógilslæk til Giljár. Ásmundr nam land út frá Helgavatni¹ ok um Þingeyrasveit. Sauðadalr liggir fyrir austan Vatnsdal, en þá Svinadalr, ok er þar í Svinavatn,

20 þá Beigaðarhöll. Þórólfr hét maðr ok var kallaðr heljarskegg, hann nam land í Forsæludal, hann var újafnaðarmaðr mikill ok úvinsæll; hann gerði margan óskunda ok úspekt í heraðinu. Hann gerði sér virki suðr við Friðmundará skamt frá Vatnsdalsá í gjá eina, ok gékk nes í milli gjárinna ok árinna, en hamarr

25 stórr fyrir framan. Grunaðr var hann um þat, at hann mundi blóta mönnum, ok var eigi sá maðr í dalnum öllum, er úpokkasælli væri en hann. Á Hrutastöðum hét þar er Hrúti bjó en Ásmundr at Gnúpi. Óttarr hét maðr, er bjó í Grímtungum, hann átti Ásdísi, dóttur Ólafs frá Haukagili, þeirra son var Hallfréðr

30 vandræðaskáld, en dóttir hans hét Valgerðr ofláti mikill ok væn at sjá.

Nú líða svá stundir fram. Ingimundr gerðist nokkut aldraðr 17

¹ til Mógils fúgt *die Hds. zu*; vgl. Landnåma. III, 3.

ok hélt hann ávalt búrisnu sinni; eigi er hér getið þingdeilda hans at hann ætti stórmálum at skipta við menn, þvíat hann varð samhuga við flesta menn ok úágangsamr. Gott var þá mannaval víða þar nálægt þótt hann væri með mestri virðingu, ok hélt til þess góðgirnd hans, stórlæti ok vitsmunir. Synir hans vóxu upp ok vóru allir gerfiligir með því móti sem fyrr segir. Þess er getið eitt sumar, at skip kom í Húnavatnós, er norrænir menn áttu; stýrimaðr hét Rafn, hann var fálátr í skaplyndi, stórr ok údæll ok mikill af sjálfum sér, verit lengi í vikingu ok bjóst mjök at vápn- um ok klæðum. Ingimundr var vanr fyrstr manna til skips at koma, ok taka af varningi slíkt er honum sýndist, ok enn gerði hann svá, hitti stýrimann at máli, ok lét honum heimila vist með sér ef hann vildi. Rafn kvað ok eigi annat sýnna ok fór hann heim með Ingimundi ok hélt hann háttum sínum, var mjök einn um sitt. Fleiri höfðu þar verit með Ingimundi at honum hafði betr við líkat, þvíat Rafn var honum eigi fylgjusamr, en mjök úlíkr. Jafnan hafði hann í hendi gott sverð; opt rendi Ingimundr augum til sverðsins ok eitt sinn beiddist hann at sjá. Rafn sagði þess mundu kost. Ingimundr tók við ok brá; eigi þótti honum þá miunna um vert, ok spurði ef hann vildi selja. Rafn kvaðst eigi svá féþurfi at hann seldi vápn or hendi sér, en sagði at bóndi skyldi sjá stað forgiptar sinnar af sér, ok kvaðst þar verit hafa, er hann þurfti vápna við, ok kvað enn mega svá vera. Ingimundr reiddist mjök, ok þótti hann vanvirða sik, ok leitaði sér ráðs. Ok einn tíma er hann gékk til hofs síns, stilti hann svá til, at austmaðrinn fór með honum. Ingimundr talar þá til hans hugarlátliga þat er hann fann er honum var bezt at skapi, hann vildi jafnan ræða um víking sína ok herferðir. Ingimundr gékk inn í hofit fyrir, ok eigi finnr hann fyrr en Rafn hleypr inn í hofit með sverðit. Ingimundr snérist við honum ok mælti: eigi er þat siðr at bera vápn í hofit, ok muntu verða fyrir goðareiði ok er slíkt úfært nema bætr komi fram. Rafn svarar: hér hefir þú lengi um setið ok ráð til sett, ok ef ek hefir misgert í lögum yðrum þá ætla ek þat ráð at þú gerir um, þvíat þú ert kallaðr sannsýnn maðr.

Ingimundr kvað þat vænligt til bóta ef hann sæmði goðin, en lét
 þat helzt at duga, at hann gerði eigi at sjálfvilja sínum, ok því
 mun eigi jafnmikilla fyrir ván hefndanna, ok kvað þat sannlig-
 ast, at hann gæfi sverðit í vald hans, þvíat hann létzt¹ eiga ok
 5 því at stjórna, ok mýkja svá reiði goðanna. Rafn kvað hann
 mikit fé annat af sér hafa gert at eigi þætti honum þat betra, ok
 mun þér annat stórmannligar fara. Hann fór á brott um-sumarit,
 ok er or þessi sögu. Þetta sverð áttu þeir feðgar meðan þeir lifðu,
 ok kölluðu Ættartanga. Eyvindr hét maðr, ok var kallaðr sörkvrir,
 10 hann kom út með Ingimundi, ok fór utan eitt sumar ok þeir
 þróromr; þeir voru vinir. Ingimundr léði þeim Stíganda, ok kvaðst
 forvitni á at vita, þótt hann færi eigi sjálf, hvárt hann kynni
 skríða. Vingóðr maðr var Ingimundr við alla góða menn. Þeir
 kvómu út annat sumar í Blönduárósi ok kunnu þat Ingimundi segja
 15 at skip mátti eigi fríðara vera. Þeir höfðu haft allgóða kaupferð.
 Eyvindr bjó í Blöndudal en Gautr í Gautsdal.

Hrolleifr hét maðr ok var kallaðr enn mikli, hann kom út í 18
 Hvítá ok móðir hans er Ljót hét; lítt var hon lofut at skaplyndi,
 ok ein var hon sér í lýðsku, ok var þat líkligt, því hon var fám
 20 góðum mönnum lík; son hennar var henni mjök líkr í skapsmunum.
 Hrolleifr var bróðurson Sæmundar, fóstbróður Ingimundar. Þau
 fóru á fund hans til Skagafjarðar, ok sögðu honum deili á sér,
 ok sögðu hann frænda sinn. Sæmundr svarar, ok kvaðst eigi
 mega dylja frændsemi við Hrolleif, en þat er mitt hugboð, at verr
 25 sé þér fengit móður en föður, ok mjök em ek hræddr um at þú
 sér meirr í hennar ætt en föðurfrænda. Hrolleifr kvað sér annat
 hallkvæmra en illar getur. Sæmundr kvaðst mundu veita þeim
 vetrvist. Hrolleifr var allra manna sterkastr ok fór illa með
 affi sínu; við sér minni menn var hann glettinn ok ágangssamr,
 30 ok launaði illu gott með ráði móður sinnar. Hann var illa við
 Geirmund son Sæmundar, bæði í leikum ok í öðrum hlutum, ok
 gerðist fæð á með þeim frændum. Eitt sinn mælti Geirmundr

¹ Þat fúgt zu AM. 138.

til föður síns: þessi frændi okkarr leggr fram vistarlaun þau sem hann mun nægst til hafa, en öðrum sé úhaldkvæm, þat er heitan ok harðyrði með úþyrmiligum meðferðum, hafa sumir hlotið af honum beinbrot eðr önnur meiðsl, ok engum hlýðir um at tala. Sæmundr kvað hann víst verr launa vistina en stofnat var, ok má 5 eigi um þat hræfa lengr. Hrolleifr kvað þat skamsamligt at krikta um smá hluti en rækja eigi ættmenn sína; nenni ek víst eigi at ölmutur sparki í andlit mér. Sæmundr mælti: svá muntu kalla, en meirr hefir þú skapsmuni Ljótar móður þinnar, sem mik grunn- 10 aði, en vár frænða. Nú hefir ek hugat þér landakosti ok bústað út á Höfðaströnd fyrir utan Höfða út frá Unadal; væri þat mitt ráð at þú vægðir við þá er þar búa næstir þér, Þórð bónda í Höfða ok Una í Unadal eðr aðra byggðarmenn, ok bið þér byggðarleyfis. Hann kvaðst ætla at hann mundi eigi skríða undir skegg þeim. Hrolleifr fór út í dalinn ok móðir hans ok hjuggu þar; síðan er þar 15 kallaðr Hrolleifsdalr. Þau vingudust lítt við menn, kómu þar fram hót eðr heitan, ok sýndu búum sínum úþokkasvip í öllum búsiþjum. Brátt tóku menn at hatast í móti, ok þótti Sæmundr hafa sent þeim illt rekald. Þeim þótti í fyrstu úgott¹ at mæla í móti, er hann var frændi Sæmundar. En nú er mönnum tók at 20 kynnast þeirra skaplyndi, vildu menn færa þau í brottu, ok aldri hefði þau komit. Uni var auðigr maðr, ok átti þann son er Oddr hét, hann var vel frumvaxta; dóttir hans hét Hróðný, hon var fríð kona ok vinnugóð. Hrolleifr fór brott á fund Una ok kvað eigi vera mega kátt eðr glatt í dalverpi því, þótt menn hefði þat 25 til skemtunar sem mætti; nú kalla ek vel sama, sagði hann, at vit festim mágsæmd með okkr, ok eiga ek dóttur þína, má vera at þá batni búsiþjar várar. Uni kvað hann eigi mundu skaplyndi til þess eiga at fá góðrar konu, ok eigi sýnir þú þat af þér, en dóttir mín er eigi úgíptusamlig kona, ok mun ek synja þér ráðsins. 30 Hrolleifr kvað hann þá þat upp taka, sem úráðligra var, ok skal hon þá vera frilla mín, ok er henni þó fullkosta. Síðan vandi

¹ AM. 138; igott *Hds*.

Hrolleifr þangat göngur sínar ok settist á ræður við Hródnýju; fór því fram um hríð at úvilja frænda hennar. Þat var eitt sinn at Hrolleifr bjóst heim at fara, at Uni mælti við Odd son sinn: eigi sýnist mér meðalatferðarleysi í, er vér höfum eigi at um
 5 kvámur þessa manns, ok hættum vér oss meirr á unga aldri, þá er ek börðumst við Kolbein, ok hafða ek hinn hærra hlut, ok er hann höfðingi ok mikils ráðgjafi, en sjá gengr einn til at vinna oss úsæmd. Oddr kvað eigi högligt við heljarmann þann en við fjölkyngi móður hans; segja menn at hann hafi kyrtil þann, er eigi
 10 bíta vápn á; nú mun ek hitta Hrolleif fyrst, ok svá gerði hann. Þeir fundust uppi á fjallinu milli dalanna. Oddr mælti: þat er þér tíðast at ganga jafnan þessa stigu, en oss þætti betr at þú færir eigi svá upp.¹ Hrolleifr svarar: síðan ek var IX vetra hefir ek jafnan sjálfráði verit ferða minna, ok svá mun enn; skal ek þín
 15 orð einkis virða hér um, ok þikki mér sem ekki torfæri sé á leið minni þóttú lafir á stígum. Oddr kvað svara mega betr. Hrolleifr kom heim ok sagði móður sinni, at hann mundi nú taka þræl af verki, ok fari hann með mér húsgöngur, þvíat þeir taka næsta at amast við mik. Ljót svarar ok kvað þræl eigi mega þarfara vinna en
 20 fylgja honum, ok hirtu eigi um læti þeirra kotkarla, ok far í kyrtil þinn þegar þú vilt, ok vit hversu dugir. Síðan fann Oddr föður sinn, ok sagði, at hann vill finna Sæmund, ok segja honum til málsins. Uni kvað sér illa líka öll frestin þau sem á yrði. Oddr fór á fund Sæmundar ok mælti: ill sending hefir komit til
 25 vár af þínu tilstilli þar sem er Hrolleifr frændi þinn, ok sitjum vér honum marga svívirðing, ok göngum því eigi frekt at, at hann er þinn frændi. Sæmundr kvað sér þat eigi á úvart koma, ok væri eigi illa þótt slíkir menn væri af ráðnir. Oddr kvaðst ætla at honum mundi eigi svá þikkja ef þat yrði gert, en þar er þó sá maðr
 30 er við alla vill illt eiga, ok virða menn þik til at eigi er at gert. Oddr fór[heim]. Uni mælti: svá þikki mér sem Hrolleifr láti eigi af sínum ferðum ok þætti mér til þín koma, Oddr frændi, þvíat þú

¹ opp *Hds.* [opt?]

ert nú maðr ungr ok til alls færri en ek em örvasi fyrir aldrs sakir. Nú þótt hann sé harðr maðr, en móðir hans margkunnig, þá má þó eigi svá búit vera. Oddr svarar ok kvaðst munu í leita nokkurs. Eitt kveld bjóst Oddr við V. mann í fyrirsát við Hrolleif, en þeir fóru II saman ok spratt Oddr upp ok mælti: nú má vera at stöðvist ferð [þín] at sinni, Hrolleifr; mætti ok verða, at nú settist ilska þín, ok vefist þér um fætr. Hrolleifr kvað enn úsýnt hverr mest mætti fagna at þeirra skilnaði, þótt þér sést fjölmennari en ek; ætla ek nú [eigi] illa þótt einhverjum blæði. Síðan hlupust þeir at ok börðust. Hrolleifr var harðr maðr ok afrennr¹ at afri; hann hafði ok kyrtill þann er móðir hans hafði gert honum, ok eigi festi járn á. Nú er frá því at segja at Oddr vá Ljót, fylgðarmann Hrolleifs, en gékk síðan mót Hrolleifi, ok mælti: illa bita þik vápnin, Hrolleifr, ok allskonar er þér illa farit, bæði fjölkunnigr ok þó at öðru illa síðaðr. Síðan slæmdi Oddr á fót Hrolleifi, ok beit þar er kyrtillinn tók eigi. Þá mælti Oddr: eigi hlífði þér nú gjörningastakkrinn. Hrolleifr hjó þá til Odds ok veitti honum banasár, ok annan mann til drap [hann], en III kómu á flótta. Þat var síð um kveld upp frá bæ Una. Hrolleifr kom heim ok sagði móður sinni at þeim hefði illa vegnat, er í mót vóru. Hon lét vel yfir því, at eigi réði búkarlar, eðr synir þeirra, ferðum hans, þeir er sætti illyrðum við hann. Hrolleifr kvaðst nú hafa launat Oddi þat er hann hrakti mik mest, ok kvað mik at öllu úsamjafnan dugandi mönnum, en ek spáða honum þat sem nú er fram komit, at vaxa mundi hans svívirðing af okkrum fundi, sem nú 25 gafst honum. Uni fór á fund Höfða-Þórðar ok sagði honum sín vandræði um víg Odds sonar síns, ok vilda ek hafa þitt liðsinni at rétta mitt mál; liggir þar ok mjök við þín sæmd, at úeirðarmenn hefist eigi hér í heraði. Þórðr kvað hann satt segja, ok mikill vandi er oss at hendi kominn, en þó er Sæmundr skyldastr at leysa úhæfu frænda síns ok færa or heraði. Síðan fóru þeir á fund Sæmundar, ok báðu hann rétta málit ok sögðu honum eigi

¹ afrennr *Hds.*

sama annat. Sæmundr kvað svá vera skyldu. Var þá tekin upp bygð Hrolleifs ok fór hann til Sæmundar ok móðir hans en menn tilfengnir búsin. En á sættarfundi um várit lukust upp málin, at Uni tók land Hrolleifs at sakabótum en Hrolleifr gerr
 5 heraðssekr svá víða sem vötn féllu til Skagafjarðar. Sæmundr mintist nú á fornt vinfengi þeirra Ingimundar; ok er þeir fundust mælti Sæmundr: svá er með vaxti, fóstbróðir, at maðr sá er kominn til mín, er eigi þikkir ~~dæll~~ í skaplyndi, en hann er þó frændi minn ok heitir Hrolleifr. Nú vilda ek, at þú tækir við honum ok
 10 við móður hans, ok fáir þeim þar ráðstafa hjá þér. Ingimundr svarar: eigi hafa þau góða orðheill ok em ek úfúss at taka við þeim, en synsemi mun þér í þikkja ok eigi stórmannligt ef ek synja, en meðallagi er oss til fallit þvíat ek á sonu suma¹ eigi mjök skaphæga. Sæmundr svarar ok kvað hann hamingjundrjúgan
 15 vera mundu ok flesta farsælast af honum. Ingimundr lét þat þá reynt ef hér tækist vel. Síðan fór Hrolleifr til Ingimundar ok móðir hans Ljót með litlum orðstír.

Nú voru þau Hrolleifr með Ingimundi II vetr eðr III; þau 21 skiptu eigi skapsmunum sínum svá við sonu Ingimundar sem við aðra menn, en þeir höldu þat illa, ok einna vest Jökull, þvíat þeir áttu svá harða ok marga leika at við meiðingar stóð, ok kvað Jökull illa vera sendingina Sæmundar, ok sætir þó hófi, segir hann, ef eigi verðr meira at, ok kvað aldri þann mannfjanda yfir þá skyldu ganga. Engi var munr þeirra á vöxt ok afl, þvíat
 25 hvárrtveggi var ærit sterkr. Ingimundr mælti: illa gerir þú, Hrolleifr, er þú stillir eigi skap þitt, ok launar eigi góðu gott; nú sér ek at eigi má svá búit hlýða, ok mun ek fá þér bústað hér yfir í Ási. Hrolleifr kvað sér þat ok eigi úvinveittra, en vera hér við illlyndi sona þinna. Leitt er mér at segja þik afhendan, kvað
 30 Ingimundr, þvíat þat hefir ek aldri gert, ef ek hefir við manni tekit. Þorsteinn kvaðst ætla at síðarr mundi verra. Ingimundr bygði þeim Hrolleifi, ok fékk móður hans bæinn í Ási ok bjuggu þau þar

¹ summa *Hds.*

lengi, ok hélt Hrolleifr sik í öllu til jafns við sonu Ingimundar. Í þenna tíma kómu út bræðr II, hét annarr Hallormr en annarr Þórormr ok vóru auðgir menn; þeir vóru með Ingimundi um vetrinn. Hallormr hefr uppi orð sín ok biðr Þórdísar dóttur Ingimundar; honum var vel svarat; kvað Ingimundr at honum mikinn styrk sakir ríkdóms ok var hon honum gefin. Fylgði henni heiman Karnesland¹; þeirra son var Þorgrímr, en Þórormr bjó í Tungu inni neðri í Víðidal; þar var síðan kölluð Þórormstunga.

22 Þess er getið at veiðr mikil var í Vatnsdalsá, bæði laxa ok annarra fiska; þeir skiptu með sér verkum bræðr synir Ingimundar, þvíat þat var síðr góðra manna barna í þann tíma, at hafa nokkura iðn fyrir hendi. At þessu vóru þeir III bræðr, Þorsteinn, Jökull, Þórir ok Högni, en Smiðr hafðist annat at. Þeir bræðr fara í ána ok féngu mikit af. Hrolleifr hafði venju sína; vóru þat illar bú-sifjar við alla þá, er í nánd vóru; hafði þat ok eigi verit vina ráð, at Ingimundr tók nokkurn tíma við honum. Synir Ingimundar tóku því stórilla er Hrolleifr sat í kostum þeirra en miðlaði illt eina í mót, ok kölluðu þat mjök hafa vorðit á fyrir föður sínum at hann tók hann til sín. Þeir áttu veiði allir saman Hofsmenn ok Hrolleifr; en svá var mælt, at Hrolleifr skyldi hafa veiði ef eigi kæmi Ingimundar synir til eðr þeirra menn, en at því gaf hann engan gaum, þvíat hann virði meira vilja sinn ok ranglæti en hvat skilit var. Ok eitt sinn, er húskarlar Ingimundar kvómu til árinna, mæltu þeir til Hrolleifs at hann skyldi rýma netlögin fyrir þeim. Hrolleifr kvaðst mundu gefa at því engan gaum hvat sem þrælar segði. Þeir svöruðu, ok sögðu honum þat betr sama, at halda eigi til kapps við þá Hofsmenn, ok kvóðu honum þat eigi endast munu, þótt hann kæmi því fram [við] aðr[a]. Hrolleifr bað þá dragast á brott vanda þræla ok hæta² sér eigi mönnum. Hann keyrði þá í braut hrakliga ok úmakliga. Þeir sögðu: illa gerir þú þat, svá mikils góðs sem Ingimundr er makligr frá þér, þá er [hann]

¹ Karnes Hds., AM. 138 und Fragm. 445. b. [siehe Beilage]; soll wohl heißen Kornsárland. ² hætta Hds. und AM. 138.

tók við þér, ok gaf þér bæði bú ok veiðina ok mart annat gott, þar er áðr þóttir þú hvergi hæfr meðr dugandi mönnum. Hrolleifr kvað sik eigi skyldan at ganga or ánni fyrir ilskuprælum, ok lætr vaða stein til eins þeirra svá at sá liggr í svíma, ok lét þeim eigi skyldu hlýða at vera allfjölörðir. Þeir kvómu heim er menn sátu yfir borðum. Þeir fóru flaumósa. Ingimundr spyrr hví þeir fara svá hrapalliga. Þeir kvóðust reknir braut ór ánni með meiðingu ok illum orðum af Hrolleifi. Jökull svarar: hann mun vilja gerast Vatnsdælagoði, ok vilja búa við oss sem aðra fyrr, en þat skal aldri verða, at sá manndjöfull kúgi oss. Þorsteinn kvað ofmiklit bragð at vera, en þó vænst at gæta til með stillingu, ok var úsynju nokkurn tíma tekít við Hrolleifi. Mikít er til þess haft, kvað Ingimundr, en þó gerit þér svá vel, at þér sættist á, þvíat þér eigít újófnum til at verja, hann er heljarmaðr, ok ván at illt hljóttist af. Jökull kvaðst reyna skyldu, hvárt hann gengi or ánni, ok hljóp fram undan borðinu ok út. Ingimundr mælti: Þorsteinn frændi, þér treysti ek bezt til um alla stilling, ok far þú með bræðrum þínum. Þorsteinn lézt eigi vita, hversu hægt vera mundi at halda Jökli, en ek mun eigi standa hjá, ef hann berst við Hrolleif. Ok er þeir kómu at ánni, þá sá þeir at Hrolleifr var í ánni ok veiddi. Þá mælti Jökull: dragstu ór ánni, fjándinn, ok dirf þik eigi at þreyta við oss, ok skulum vér nú elligar reyna með oss til fulls. Hrolleifr mælti: eigi at síðr, þótt þér sé[t] III eðr IIII mun ek halda minni sýslu fyrir blóti þínu. Jökull mælti: þitt illmenni treystir trollskaþ móður þinnar, ef þú ætlar at verja oss veiðina einn öllum. Jökull [réðst þá í ána at honum, en Hrolleifr fór eigi burt¹.] Þorsteinn mælti: lát af þrályndi þinni, Hrolleifr, [ok þat mun þér at illu verða²], ef vér nám eigi réttu af þér þá má vera at fleiri gjaldi; dugir ok eigi at þú gangir yfir menn með rangindum. Jökull mælti þá: drepum mannfjanda þenna. Þá lét Hrolleifr hefjast at landi þar sem grjótt var fyrir ok grýtti at þeim ok þeir í móti um ána þvera, en sumir skutu, ok

¹ u. ² So AM. 138; *offener Plaiz in Hds.*

varð Hrolleifi eigi skeinusamt. Jökull vill ráðast at honum annars staðar yfir ána, ok kvað eigi meðalskömm í vera, ef þeir bera eigi af honum. Þorsteinn mælti: hitt er mitt ráð, at víkjast apr hingat, ok eiga heldr [undir] oss en ganga í greipr þeim mæðg-
 inum, þvíat ek hygg hana skamt frá hefjast, ok er sem menn reyni 5 -
 sik eigi við dugandi menn þótt vér eigim við gerningar þeirra. Jökull kvaðst aldri þat hirða, ok leitar at fara, en bræðr hans grýta ok skjóta á Hrolleif. Nú kom maðr heim til Hofs hlaupandi, ok sagði Ingimundi, at í úefni var komit, ok þeir börðust um ána þvera, ok er búi þinn fæstum líkr. Ingimundr mælti: þúit hest 10 minn, ok vil ek til ríða; hann var þá gamall ok nær blindr, hafði hann ok þá af höndum látið öll fjárforráð ok svá bú. Sveinn var honum fenginn til fylgðar. Ingimundr var í blárri kápu. Sveinninn leiddi hestinn undir honum; ok er þeir kómu á árbakkann, þá sjá synir hans hann. Þorsteinn mælti: kominn er faðir várr, ok 15 látum hefjast undan, ok mun hann ætla at vér mynir gera vilja hans, en hræðr em ek um kvómu hans, ok bað nú Jökul hepta sik. Ingimundr reið á ána ok mælti: gakk ór ánni, Hrolleifr, ok hygg at hvat þér hæfir. Ok er Hrolleifr sá hann, skaut hann til hans spjóti, ok kom á hann miðjan. Ok er hann fékk lagit, reið 20 hann apr at bakkanum ok mælti: þú sveinn, fylg mér heim. Hann hitti eigi sonu sína; ok er þeir kvómu heim var mjök liðit á aptaninn. Ok er Ingimundr skyldi af baki fara, þá mælti hann: stirðr em ek nú, ok verðum vér lausir á fótum enir gömlu menninir. Ok er sveinninn tók við honum, þá þaut í sárinu. Sá 25 sveinninn þá at spjótið stóð í gegnum hann. Ingimundr mælti: þú hefir mér lengi trúr verit, gerr nú sem ek býðr þér; meiri ván, at ek krefja þik fás héðan af. Far þú nú ok seg Hrolleifi, at áðr morgin kemr, get ek at synir mínir þikkist eiga þangat at sjá eptir föðurhefndum sem hann er, ok gæti hann svá síns ráðs, at hann 30 fari í braut áðr dagr komi; mín er eigi at beir hefnt þótt hann deyri, en mér samir at skjóta skjóli yfir þann, er ek hefir áðr á hendr tekizt, meðan ek má mæla, hversu sem síðarr ferr. Hann braut spjótið af skapti, ok gékk inn með fulltingi sveinsins, ok

settist í öndvegi sitt, ok það hann eigi ljós gera áðr synir hans kæmi heim. Sveinninn kom til árinna ok sá þar laxa marga, er Hrolleifr hafði veitt. Sveinninn mælti: þat er sannmælt, at þú ert mesti mannhundur, þú hefir þat gert, at vér munum aldri bætr bíða, veitt
 5 Ingimundi bónda bana, ok það hann mik svá segja þér, at þú skyldir eigi morgins heima bíða, ok kvaðst þat ætla, at synir hans mundi til þín eiga eptir föðurhefndum at leita, ok gerða ek þetta meirr at bæn hans, en hitt at þú værir mér svá sparr undir öxi þeirra bræðra. Hrolleifr svarar: ek trúi því er þú segir, en eigi
 10 skyldir þú héðan heill fara, ef þú hefir eigi þessi tíðindi sagt.

Nú er þat at segja frá Ingimundar sonum, at þeir fóru heim 23 um kveldit, ok ræddu með sér at Hrolleifr væri endemismaðr. Þorsteinn mælti: enn vitum vér eigi gerla hversu illt vér munum af honum hlotið hafa, ok segir mér eigi létt hugr um ferð föður
 15 várs. Þeir kvómu heim, ok gékk Þorsteinn í eldaskálann, ok stakk niðr hendinni, er hann hrataði, ok mælti: hví er vátt, hús-freya? Hon svarar: þat ætla ek at runnit muni hafa or klæðum Ingimundar bónda. Þorsteinn svarar: þetta er hált sem blóð, ok kveykit ljós skjótt, ok svá var gert. Sat þá Ingimundr í öndvegi
 20 sínu ok var dauðr; stóð þar spjótið í gegnum hann. Jökull mælti: allillt er slíkt at vita um svá göfgan mann, at slíkt illmenni skal hafa honum at bana orðit, ok förum þegar ok drepum hann. Þorsteinn mælti: eigi kantu góðgirnd föður várs ef hann hefir honum eigi undan skotið, eðr hvar er sveinn sá er honum fylgði?
 25 Nú sást hann eigi. Þorsteinn mælti: eigi get ek nú Hrolleifs heima at vænta, ok munum vér með ráðum verða hans at leita en eigi með áhlaupum, en við þat megum vér huggast at mikill manna munr er vorðinn með þeim Hrolleifi, ok njóta mun faðir minn þess frá þeim er sólina hefir skapt ok allan heiminn, hvern sem sá er.
 30 En þat má vita, at þat mun nokkurr gert hafa. Jökull var svá óðr at varla féngu þeir stillt hann. Í því bili kom inn sveinninn ok sagði sitt erindi. Jökull kvað þat úpurft. Þorsteinn mælti: eigi er hann um at kunna, því hann gerði sem faðir várr vildi. Ingimundr var lagiðr í bátinn frá skipinu Stíganda ok búit um

virðuliga sem þá var siðr um tigna menn. Þetta spurðist nú víða, ok þótti, sem var, mikil tíðindi ok ill. Þorsteinn mælti við bræðr sína: þat sýnist mér ráð, at vér setimst eigi í sæti föður várs, hvárki heima né í mannboðum, meðan hans er úhefnt, ok svá gerðu þeir, ok sóttu lítt til leika eðr mannfundi. En er Eyvindr 5 sörkvir frá þetta, þá mælti hann við fóstrson sinn: far þú ok seg Gauti vin mínum hvat ek tek til, ok slíkt þætti mér honum til liggja. Síðan brá hann saxi undan skikkju sinni, ok lét fallast á ofan, ok dó svá. Ok er Gautr spyr þetta, mælti hann: erat vinum líft Ingimundar, ok skal neyta góðs bragðs Eyvindar vinar mins, ok 10 brá saxi fyrir brjóst sér, ok drap sik. Hermundr hét son hans Eyvindar ok Hrómundr hinn halti, er síðarr verðr getið.

24 Látum þar nú fyrst líða um en segjum nokkut frá Hrolleifi, hann hittir móður sína, ok segir henni tíðindin; hon kvað engan komast yfir skapadægr sitt, kvað Ingimund hafa lengi aldrs notið; 15 er þat mitt ráð, segir hon, at þú farir á brott fyrst, þvíat blóðnætr eru bráðastar, vitja þá hingað er mér þætti vænst, at nokkut yrði af framkvæmd um mína ráðagerð, en eigi sé ek þar á milli, hvárt drjúgara verðr, vitsmunir Þorsteins ok gipta, eðr brögð mín. Síðan fór Hrolleifr norðr til Skagafjarðar ok kom í Sæmundarhlöð, ok var Sæmundr þá andaðr, en Geirmundr réð þá fyrir eignum, bróðir¹ hans hét Arnaldr. Geirmundr spyr tíðinda. Hrolleifr kvaðst segja líflát Ingimundar bónda frá Hofi. Geirmundr svarar: þar fór nýtr maðr, eðr hvat varð honum at bana? Hrolleifr sagði: hann var hafðr at skotspæni, ok sagði síðan allan atburðinn. 25 Geirmundr svarar: þat sé ek, at þú ert hinn versti úhappamaðr, ok far á brottu hin vanda mannfýla, ok kom hér aldri. Hann kvaðst hvergi fara mundu, ok skal ek hér drepinn þér til svívirðingar, ok man ek þat enn, at faðir minn féll í liði föður þíns ok Ingimundar, ok hefir þat af þér hlotizt ok þínum mönnum. Geir- 30 mundr kvað þat dugandi menn henda at falla í bardögum, ok fram mun ek þik selja þegar er Ingimundarsynir koma. Honum kvaðst

¹ So AM. 138; búi *Hds.* vgl. Landn. III, 6.

þess at ván eör annars verra. Hann var þar á laun í gjörfibúri¹ Ingimundarsynir voru heima um vetrinn, ok sátu á hinn úæðra bekk ok fóru til engra leika eör þings, ok voru mjök úkátir. Ok er skamt var til sumars, þá heimti Þorsteinn bræðr sína á mál ok
 5 mælti: öllum oss ætla ek þat einn veg gefit, at mál mundi þikkja at leita um föðurhefnd, en eigi er þat allauðsóttligt; sýnist mér þat ráð, at sá er ráðleitni hefir til eptir at leita, at sá skal kjósa einn kostgrip af eigu várri. Þeir kvóðust þat vilja, ok ertu bezt til fallinn af oss sakir vitsmuna.

10 Einn morgin var Þorsteinn snemma á fótum ok mælti til 25 bræðra sinna: nú skulum vér búast norðr til heraða, hvat sem fyrir starf kemr. Þeir voru saman V bræðr, ok eigi fleiri menn. Þeir kvómu at kveldi eins dags til Geirmundar, ok tók hann allvel við þeim, ok voru þar um nóttina í góðum beinleika, en um morg-
 15 ininn mælti Þorsteinn við bræðr sína: nú skulu þér, bræðr, vera at tafi í dag, en ek skal tala við Geirmund. Þeir gerðu svá. Þorsteinn mælti til Geirmundar: því eru vér bræðr hér komnir, at vér leitum eptir Hrolleifi, er vér hyggjum hér vera með þér, ertu ok mjök skyldr til at veita oss, þar sem þér sendut feðr várum
 20 þann mannfóla, er svá mikit illt hefir af hlotizt, þótt þat sé eigi at yörum vilja, á hann ok enga góða frændr, nema þik einn. Geirmundr svarar: allt er slíkt satt, ok er vitrliga eptir leitað, en eigi er Hrolleifr hér nú². Þorsteinn mælti: hitt ætla ek sannara, at hann siti í útibúri þínu; tak nú hér C silfrs ok lát hann á brott,
 25 ok skal ek svá til stilla, at hann sé eigi hér tekinn á þínum varnaði, svá at þér sé þat lagit til ámælis, en vér munum þó eptir honum leita, þó at föður várs sé eigi at hefndra; seg honum at þú þikkist eigi traust til hafa at halda hann fyrir oss, ok sitja fyrir fjándskap várum, en ella hafa vináttu [vára]. Geirmundr svarar: nú skal
 30 ok við ganga at hann er hér, ok virði nú hverr sem vill; mun ek svá gera, sem þú leggr ráð til, ok segja honum at fara á burt, ok leitið þér þá eptir honum, er hann [er] eigi hjá mér. Svá skal vera segir Þorsteinn. Geirmundr hitti nú Hrolleif ok mælti: nú

¹ So AM. 138, grafburi *Hds.* ² AM. 138; með *Hds.*

eru hér komuir Ingimundarsynir, ok leita eptir þér; mun nú eigi
 verða vist þín lengr hér með mér, þvíat ek vil eigi leggja mik í
 hættu fyrir þik eðr fé mitt, við málaefni þín ill, en þeir bræðr eru
 bæði ráðugir ok atgöngumiklir. Hrolleifr svarar: þess var ván,
 at þér mundi klækiliga verða, ok hafðu alla úþökk fyrir þína lið- 5
 veizlu, ok verð á brottu skjótt. Geirmundr mælti: þat mun ek
 gera. Síðan hitti hann Þorsteini [ok segir:] þat þykki mér bezt
 til mín gert, at þér hrapit at engu, ok sitið hér i dag. Hann kvað
 svá vera skyldu. Þjuggust síðan annan dag, ok fór[u] vestr yfir
 skörðin, en þeyr hafði á verit, ok sá manns sporin í snjónum. Þá 10
 mælti Þorsteinn: nú skulu vér niðr setjast ok mun ek segja yðr
 viðtal okkar Geirmundar; ek varð varr at Hrolleifr var þar.
 Jökull mælti: þú ert kynligr maðr, vildir sitja kyrr, en föðurbani
 þinn sat hjá þér, ef ek hefða vitað þat, þá mundi eigi kyrt með
 öllu verit hafa. Þorsteinn kvað þat eigi örvænt, en þat samir betr, 15
 at gera Geirmund eigi beran at þessu; nú skulum vér fara fullum
 dagleiðum, ok vita ef vér kæmim eigi síðarr vestr en hann, þvíat
 heim munu liggja spor hans, ok nú mun Ljót, móðir hans, blóta
 í mót sumri, sem hon er vön at þeirra sið, en þá mun eigi fram
 koma hefndin, ef áðr er framit blótið. Jökull mælti: skyndum 20
 þá; hann var þá fremstr á stígum af öllum þeim. Þá leit hann
 aprt ok mælti: illt er þeim mönnum, er ölmusur eru at vexti ok
 fráleik, sem er Þorsteinn, bróðir minn, ok mun nú draga or hönd-
 um hefndina, er vér komumst hvergi. Þorsteinn svarar: eigi er enn
 sýnt at minna megi tillög mín ok ráðagerðir, en áhlaup þín úvit[r]- 25
 lig. Síð um aptaninn kómu þeir ofan at bænum at Hofi, ok sátu
 26 menn undir borðum. Þorsteinn hitti úti smalamann sinn ok mælti:
 far þú í Ás ok drep á dyrr, ok hygg at hversu skjótt er til hurðar
 gengit, ok kveð meðan vísu, gef þér þat til erendis at spyrja at
 sauðum, ok spurðr muntu vera hvárt vér sém heim komnir, en þú 30
 skalt segja at vér sém eigi heim komnir. Sauðamaðr fór ok kom
 í Ás ok drap á dyrr, ok var eigi fyrr til gengit en hann hafði
 kveðit XII vísur. Þá kom húskarl út ok spurði tíðinda, eðr hvárt
 þeir bræðr væri heim komnir; hann kvað þá eigi heim komna, ok

spurði at sauðum sínum. Hann kvað þá eigi þar komna. Sauðamaðr fór aptr ok sagði þorsteini hve margar vísur hann hafði kveðit. Þorsteinn kvað hann úti hafa staðit þá stund, at mart mátti athafast inni á meðan; eðr komtu nokkut inn? Hann kvaðst

5 ganga inn ok skygnast um. Þorsteinn spurði: var bjarttr eldr á arni¹ eðr eigi? Hann svarar: svá nokkut sem fyrir litlu hefði verit kveyktr. Þorsteinn mælti: sáttu nokkra nýlundu í húsinu? Hann kvaðst sét hafa hrúgu eina mikla, ok koma undan fram rautt klæði. Þorsteinn mælti: þar muntu sét hafa Hrolleif ok blótklæði

10 hans; nú mun þangat eptir at leita; búumst nú skjótt, ok hættum á hvat gerir. Þeir fóru, ok kvómu í Ás, ok var ekki manna úti. Þeir sá hlaðit skíðum á húsvegginn tveim megin mænis. Þeir sá hús standa lítið fyrir dyrum, ok hlið í milli ok heimadyranna. Þorsteinn mælti: þetta mun vera blóthús, ok mun Hrolleifi hingat

15 ætlat, þá hon hefir fullgert sitt efni ok allan sinn fjándskap, en mér er minna um þat; nú gangit þér í krókinn hjá húsinu, en ek mun sitja yfir dyrum uppi ok hafa kefi í hendi; en ef Hrolleifr gengr út, þá mun ek kasta kefinu til yðar, ok hlaupit þér þá til mín. Jökull mælti: auðsét er þat, bróðir, at þú vilt virðing af

20 þessu hafa, sem öllu öðru, en ek vil eigi þat, ok mun ek sitja við keflit. Þorsteinn mælti: þú munt ráða vilja, þó eigi sé svá betr, þvíat mér þikki þú ráðinn til nokkurra slysa. Jökull settist í skíðahlaðann, ok vánu bráðara kom út maðr ok kagaði hjá dyrum, ok sá eigi mennina, er komnir vóru. Þá kom út maðr annarr ok

25 hinn þriði, ok var þat Hrolleifr. Jökull kendi hann gerla, ok vaszt við hart ok féll skíðahlaðinn, ok þó gat hann kastað kefinu til bræðra sinna, ok hljóp ofan af húsinu ok gat þriift Hrolleif, svá at honum gafst eigi undanrásin. Engi var þeirra aflamunr, ok ultu báðir ofan fyrir brekkuna, ok lágu ýmsir undir; ok er þeir

30 bræðr kvómu at, mælti Högni: hvat fjánda ferr hér at oss, er ek veit eigi hvat er? Þorsteinn svarar: þar ferr Ljót kerling ok hefir breyttiliga um búit; hon hafði rekit fötinn fram yfir höfut sér, ok

* ¹ arni *Hds.*, dieselbe falsche Schreibart in Rígsmaal str. 2.

fór öflug, ok rétti höfuðit aptr milli fótanna; úfagrligt var hennar
 augnabragð hversu hon gat þeim tröllsliga skotið. Þorsteinn mælti
 til Jökuls: dreptu nú Hrolleif, þess hefir þú lengi fúss verit.
 Jökull svarar: þess em ek nú albuinn; hjó hann þá af honum
 höfuðit, ok bað hann aldri þrífast. Já! já! sagði Ljót, nú lagði all- 5
 nær, at ek munda vel geta hefnt Hrolleifs sonar míns, ok eru þeir
 Ingimundarsynir giptumenn miklir. Þorsteinn svarar: hvat er nú
 helzt til marks um þat. Hon kvaðst hafa ætlat at snúa þar um
 landslagi öllu, en þér ærðist allir ok yrðit at gjalti eptir á vegum
 úti með villudýrum, ok svá mundi ok gengit hafa, ef þér hefðit mik 10
 eigi fyrr sét en ek yör. Þorsteinn kvað þess ván at hamingja
 skipti með þeim. Síðan dó Ljót kerling í móð sínum ok trölldómi,
 ok eru þau or þessi sögu.

27 Eptir dráp þeirra Hrolleifs ok Ljótar fóru þeir bræðr heim,
 ok orðu menn þeim fegnir. Nokkuru síðarr mælti Þorsteinn við 15
 bræðr sína: nú þikkjumst ek kominn til at kjósa kostgrip einhvern
 af eigu várri. Þeir játtuðu því. Þá kýs ek bæinn at Hofi ok
 landit með búinu. Þeir kváðu þat varla einn grip vera ok þótti
 frekliga áhorfast. Þorsteinn kvað allt saman eiga at fara land ok 20
 bú; en þótt yör þykki þetta nokkut frekliga horfa, þá er á hitt at
 líta, at vár virðing mun þá mest, at vér sém sem sátastir, ok hitt
 annat, at ek sjái sem helzt fyrir; eru hér ok fleiri kostgripir ok
 ann ek [yör] þeirra allvel. Var þá lagit til skiptis; hlaut Högni
 skipit Stíganda, því hann var farmaðr. Þórir hafrsþjó hlaut 25
 goðorðit, en Jökull Ættartanga; hafði hann sverðit á leikmótum ok
 hestaþingum, en Þorsteinn bar hann á leiðum ok lögmótum¹, þvíat
 Jökull vildi at svá væri. Þórir mælti ok slíkum orðum, þótt hann
 ætti goðorðit, at hann unni Þorsteini bezt allra virðinga af mála-
 ferlum. Þorsteinn mælti: þat er mér auðsætt at þér bræðr mínir
 vilit mér í öllu sæmdar leita, en þótt ek hafa kosit mér bústað, þá 30
 ann ek yör þó fjár fyrir; nú þikki mér ráð at vér færim sess
 várn í öndvegi föður várs, ok svá gerðu þeir. Þorsteinn gerðist

¹ langmótum fyrir laugmótum *Hds.*

höfðingi yfir Vatnsdælum ok Vestrhópi, ok öllum þeim sveitum sem Ingimundr faðir hans hafði haft. Þorsteinn átti þá konu, er [Þuríðr gyðja¹ hét ok var Sölmundardóttir Guðmundarsonar, hann var faðir Víga-Barða. Þótti þá virðingarvænligt at tengjast við
 5 Vatnsdæla. Jökull bjó í Tungu, en Smiðr á Smiðsstöðum, þórir hafrsþjó at Nautabúi, þat heitir nú at Undunfelli².

Nú skal segja frá þeim manni, er fyrr var nefndr er hét 28 Þórólfr sleggja, hann gerðist hinn mesti úspektarmaðr, bæði var hann þjófr, ok þó um annat stórilla fallinn; þótti mönnum með
 10 stórmeinum hans byggð ok einkis ills örvænt fyrir honum; ok þótt hann hefði eigi fjölmenni hjá sér þá átti hann þá hluti, er hann vænti trausts at, þat vóru XX kettir; þeir vóru ákaflega stórir, ok allir svartir ok mjök tryldir. Fóru menn nú til Þorsteins, ok sögðu honum sín vandræði, ok létu til hans koma um alla heraðs-
 15 stjörn, sögðu Þórólfr frá mörgum stólit hafa, ok gjört þó³ mart úmannligt annat. Þorsteinn kvað þá satt segja, en eigi er allhægt við heljarmanninn at eiga, ok við köttu hans, ok þar til spari ek alla mína menn. Þeir sögðu hann varla mega halda sæmd sinni, ef eigi væri at gert. Eptir þetta safnaði Þorsteinn mönnum, ok
 20 vildi undir sér eiga fyrir mannfjölda sakir. Með honum vóru bræðr hans allir ok austmaðr hans. Þeir fóru á Sleggjustaði. Þórólfr gaf sér eigi at; aldri mátti hann góða menn með sér hafa. Hann gékk inn, er hann sá mannareiðina, ok mælti: nú er við gestum at taka, ok ætla ek þar til köttu mína, ok mun ek setja
 25 þá alla í dyr út, ok mun seint ráðast inngangan, ef þeir verja dyrnar. Síðan magnaði hann þá mjök, ok vóru þeir þá stórum illiligrir með emjun ok augnaskotum. Jökull mælti við Þorstein: nú tóktu gott ráð, at þú lézt eigi sitja mannfjanda þenna lengr kyrran. Þeir vóru XVIII menn. Þórólfr mælti: nú skal eld gera,
 30 ok hirði ek eigi þótt reykr fylgi, þvíat kváma Vatnsdæla mun eigi vera friðsamlig. Hann lét ketil yfir eld ok bar undir ull ok hverskonar harka, ok var fullt húsit af reyk. Þorsteinn kom at

¹ So Landn.; [Gyða Hds., AM. 138

² So Hds., AM. 138 und Landn.

³ AM. 138; svá Hds.

dyrum ok mælti: útgöngu beiðum vér þik, Þórólfr. Hann kvaðst ætla at þat eitt mundi erindi þeirra, at eigi væri vingjarnligt. Þá tóku kettirnir þegar at amra ok illa láta. Þorsteinn mælti: þetta er ill sveit. Jökull svarar: göngum inn at þeim, ok hirðum eigi um köttu þessa. Þorsteinn kvað þat eigi skyldu, þvíat meiri 5
 ván er, at vér haldim eigi liði váru heilu með öllu saman, köttunum ok vápnum Þórólfs, þvíat hann er garpr mikill, ok þætti mér betra, at hann gæfi sik upp sjálfr ok géngi út, þvíat meira efni hefir hann til eldingar en honum megi vel eira inni at vera. Þórólfr reiddi ketilinn af eldinum, en feldi á ullarhlaðann, ok lagði 10
 út remmuna, svá at þeir Þorsteinn máttu eigi vera allnær dyrunum. Hann mælti þá: varist þér köttuna, at þeir hremsi yðr eigi, ok fleygjum eldinum upp at húsunum. Jökull þreif einn eldiþrand mikinn, ok fleygði upp at dyrunum, en kettirnir hörfuðu undan, ok féll hurðin við þat aprtr. Veðrit stóð á húsin, en bálit tók at 15
 vaxa. Þorsteinn mælti: stöndum út við garðinn þar er reykrinn er mestr ok sjám þá hvat hann taki til, þvíat meira efni hefir hann til um eldsgerð en þat megi honum lengi duga; varð Þorsteinn þess ok nærgætr; hljóp Þórólfr þá út með kistur II fullar af silfri, ok fór með reyknun, ok þá er hann kom út, var þar fyrir austmaðr- 20
 inn ok mælti: hér ferr nú fjándinn, ok er nú illsligr. Austmaðrinn hljóp eptir honum ofan til Vatnsdalsár. Þórólfr kom þar at, er vóru augu djúp eðr fen. Þórólfr snérist þá í mót honum, ok greip til hans ok brá honum undir hönd sér ok mælti: til rásar 25
 kostar þú nú, ok förum at því báðir saman, ok hljóp í fenit, ok sukku svá at hvárrgi kom upp. Þorsteinn mælti: stórilla hefir nú tekizt, er austmaðr minn hefir tynzt, en þat mun bóta, at endast mun fé Þórólfs at bæta hann, ok svá var gert. Þar heita síðan Sleggjustaðir, er Þórólfr hafði búit, ok sást jafnan kettir, ok illt þótti þar optliga síðan. Sjá bær er ofan frá Helgavatni. 30

29 Már Jörundarson færði bú sitt af Grund á Márstaði; góð var frændsemi með þeim Ingimundarsonum. Þat var til tíðinda eitt haust, at Máf[i] hurfu sauðir nokkurir, ok var víða leitað ok fundust eigi. Þorgrímr hét maðr, ok var kallaðr skinnhúfa, hann bjó

á Hjallalandi, hann var fjölkunnigr mjök ok þó at öðru illa. Var nú orðræða mikil um sauðahvörfin ok þótti dalrinn víðast vel skipaðr. Eitt kveld er sauðamaðr kom heim, spurði Már tíðinda; hann sagði at sauðir hans vóru fundnir, ok hafði engi illr at vorðit,

5 en þó fylgir annat meira: land hefir ek fundit í skógum ok er ágæta jörð góð ok hafa sauðirnir þar verit, ok eru allvel holdir. Már spurði: hvárt er þat í mínu landi eðr annarra; hann kvaðst ætla at honum mundi berast, en þó liggja við lönd Ingimundarsona; má ok or þínu landi at eins í ganga. Már sá landskostinn,

10 ok þótti góðr, ok eignaði sér. Þorgrímr kvaðst ætla, at þeir mundi haldit fá landinu fyrir Ingimundarsonum. Þorsteinn spyr þetta ok mælti: mjök þikki mér Már frændi minn bera sinn sann á þetta ok unna oss varla laga. Litlu eptir þat hittu Jökull Þorstein bróður sinn, ok varð þeim talat mart, ok sagði Jökull þat

15 mikil fyrr, ef menn skyldi ræna þá þar í dalnum, ok dregst sú mannfýla mjök úparfi til hann Þorgrímr skinnhúfa, at reita oss, ok væri hæfiligt at hann tæki gjöld fyrir. Þorsteinn kvað hann eigi sparnaðarmann, en eigi veit ek hvárt hann er svá þegar upp næmðr¹. Þorsteinn bað at þeir færi á fund Þorgríms. Jökull

20 kvaðst þess albuinn; ok er Þorgrímr varð þess varr, fór hann ok hittu Má²; þeir kvöddust vel. Þorgrímr lézt kominn af hlaupi, ok munu Ingimundarsynir hér koma. Már spurði hvat hann vissi til þess. Þorgrímr svarar: þeir eru nú á ferð komnir til bæjar míns, ok vilja drepa mik, ok mun þat jafnan sýnast, at ek veit fleira en

25 aðrir menn. Ok er þeir kvómu á bæinn, mælti Þorsteinn: hér eigum vér við hrekkvísan um, er Þorgrímr er, þvíat hann mun eigi heima vera. Jökull mælti: gerum hér þó nokkut illt. Þorsteinn kvaðst þat eigi vilja; nenni ek eigi at þat sé mælt, at vér takim upp fé hans en fáim eigi veitt hann sjálfan, ok fóru

30 heim við svá búit. Eitt sinn mælti Þorsteinn enn til bræðra sinna: forvitni væri mér á at freista, at vér gætum fundit Þorgrím. Nú em ek ok albuinn, sagði Jökull. Enn fór Þorgrímr at hitta Má,

¹ So *Hds.* und AM. 138 ² Már *Hds.*

ok mælti: enn eru þeir eigi afhuga við mik Ingimundarsynir, vilda ek, at þú færir nú heim með mér, ok skulu þeir þat sanna, at ek þori at bíða þeirra heima. Már fór þangat. Þá riðu ok at garði Ingimundarsynir, ok fundust þeir í túni. Þorsteinn mælti: eigi ferr þannveg frændsemi vár, Már, sem skyldi; vilda ek at hvarir vægði til við aðra, en þú settir eigi niðr vandræðamenn þá er bægjast vilja við oss. Már kvað þá sýna af sér úvingjarnligar heimsóknir, ok lézt eigi mundu láta sinn hlut fyrir þeim. Jökull kvað ok einsætt, at þeir reyndi þá með sér. Þorsteinn kvaðst tregr til vandræða við frændr sína, en þó er eigi örvænt at þar komi, ef vér náim eigi réttindum. Þeir fóru á brott, því þeir máttu eigi ná Þorgrími fyrir fjölkyngi hans en mótgangi Más, ok var annattveggja, at Þorgrímr hvarf af bæ sínum eðr Már sat þar við fjölmenni, ok stóð þetta mál svá nokkura hríð. Í þenna tíma kom út Högni Ingimundarson með skip sitt Stíganda ok var með Þorsteini um vetrinn, ok sagði frá ferðum sínum merkiliga meðan hann hafði utan verit; svá ok þat, at hann hafði eigi skip reynt jafngott Stíganda. Mikill orðrómr gjörðist á um heraðit um málaferli þeirra frænda. Jökull hitti opt Þorstein bróður sinn, ok kvað hann enn undan vilja [láta] við Má. Þorsteinn svarar: svá hefir verit till þessa, en þó munu vér nú sitja um Þorgrím, ok segir mér þó í meðallagi hugr um. Þeir bjuggust heiman bræðr einn dag, ok vóru hálf þriðri tugar manna, vóru þeir bræðr V. Þá mælti Þorgrímr: nú eru ills efni í, þeir munu hér koma brátt Ingimundarsynir; hann hljóp út ok tók klæði sín áðr. Hann hitti Má ok sagði at þá væri Ingimundarsynir á ferð, ok munu oss ætla með grimnum hug at fá, ok er nú ráð at búast við, ok leiða þeim hlaup þeirra. Már safnaði mönnum. Hrómundr son Eyvindar sörkvis kappi mikill, hann átti dóttur Más, hann var þar á búi; hann kvað einsætt at þeir reyndi þá með sér. Þeir urðu alls XI manna, ok umfram II systursynir Más, ungir menn ok vænligrir. Þorgrímr mælti: þat er ráð at fara í mót Ingimundarsonum, ok svá var gert. Þorsteinn sá þat ok mælti: nú mun oss gefa til at reyna oss, ok þykki mér nú ráð, at hverr gefist eptir efnun. Jökull brá

þá Ættartanga, ok kvaðst allgott til hyggja, at reyna hann í hálsu manna Más. Þeir fundust á Karnnesi¹. Þorgrímur segir Máfi at hann mundi felast ok má þó vera, at ek sé eigi úþarfari en þótt ek standa hjá yðr, en ek trúi mér eigi til framgöngu. Már svarar engu. Tókst síðan bardagi, ok er hann hafði gengit um hrið, mælti Jökull: eigi hæli ek bitinu hans Ættartanga. Þorsteinn svarar: slík dæmi eru með oss, ok verðr nú várum mönnum skeinisamt. Jökull var fremstr af öllum ok hjó til beggja handa. Maðrinn var afrendr² at afli en hinn mesti fullhugi; hann hjó svá at lamdist fyrir en eigi beit. Jökull mælti: ertu nú heillum horfínn, Ættartangi, eðr hvat? Þorsteinn svarar: ok svá sýnist mér sem þeir standi upp, er ek hefir höggit, eðr sjái þér nökkt þorgrím? Þeir kvóðust eigi hann sjá. Þorsteinn bað Jökul þá vísja frá orrostunni, ok vita hvárt þeir sæi hann eigi, en þú, Högni frændi, halt upp meðan bardaganum. Hann kvaðst svá gera mundu. Síðan leituðu þeir hans. Jökull mælti: ek sé hvar fjándinn kemr upp. Þorsteinn mælti: þar liggr nú grenskollinn, ok í því koglaði hann til þeirra þaðan sem hann lá; þat var við ána. Jökull hljóp eptir honum ok báðir þeir bræðr. Þorgrímur hljóp undan til árinna. Jökull komst svá nær, at sverðit tók til hans, ok af þat er nam, en þat vóru þjónapparnir báðir allt við bakhlut. Þar heitir síðan Húfuhylr er hann hljóp á kaf. Jökull mælti: beit nú Ættartangi. Þorsteinn svarar: svá get ek at héðan af sé. — Þess verðr nú at geta síðan hvat tíðinda varð í bardaganum: Hrómundr gekk fast fram í mót Högna, ok áttust þeir hart höggvaskipti við; lauk svá þeirra skipti, at Högni féll fyrir Hrómundi, ok í því kom Jökull at, ok tók þá í annat sinn æsing sinn inn mikla; sótti þá at Hrómundi með ákafa; skorti þá eigi at sverðit beit, bæði hans ok annarra. Hann hjó á fót Hrómundi, ok veitti honum svá mikil sár at hann var alla æfi síðan örkuðlaðr, ok hét Hrómundr halti. Þar féllu systursynir Más. Ok nú er svá er komit bardaganum, þá sá menn af bæjum fund þeirra, ok fóru til at skilja þá; var þar

¹ So *Hds.* und AM. 138.² afreyndr *Hds.* vgl. S. 3.

fyrstr Þorgrímr at Karnsá, ok aðrir bændr, hann var frændi Ingimundarsona; vóru þeir þá skildir, ok var sárt mart, en allir mæddir. Þorgrímr mælti: þú, Már, hefir sýnt þrályndi mikla við þá bræðr í mótgangi, en þeir eru eigi þínir líkar við at eiga; er þat nú mitt ráð, at þú vægir til við þá, ok selir þorsteini sjálfðæmi. Hann kvað þetta heilræði, ok sættust at þessu. Þorsteinn kvaðst eigi mundu gerð upp lúka fyrr en á nokkuru lögþingi. Fóru menn nú heim af þessum fundi. Ok er þat þing kom, er þorsteinn vildi gerð upp lúka, fjölmentu þeir mjök Hofverjar. Þorsteinn mælti þá: þat er flestum mönnum kunnigt hér um sveitir, hversu fór um fund várn Mús frænda várs, ok svá hitt, at þat mál er undir mik komit. Er þat nú gerð mín, at jafnt skal víg Högna bróður míns ok ákvámur þær, er féngu menn Mús, smár ok stórar. Hrómundr skal sekr vera milli Hrutafjarðarar ok Jökulsár í Skagafirði fyrir víg Högna, en hafa ekki fyrir örkuml sín. Már skal eiga Hjallaland, þvíat or hans landi at eins má upp ganga, en gjalda oss bræðrum C silfrs. Þorgrímr skinnhúfa skal eigi hafa fyrir sína ákvámu, ok er hann þó verra verðr. Síðan fóru menn heim, ok vóru sáttir at þessu. Skinnhúfa fór í brott or heraði, ok kom niðr norðr á Melrakkasléttu ok var þar til dauðadags. Þorsteinn átti II sonu, hét annarr Ingólfr, hann var manna vænstr, annarr hét Guðbrandr, hann var ok fríðr maðr. Jórinni dóttur Ingimundar átti Ásgeirr æðikollr, faðir Kálfs ok Hrefnu, er átti Kjartan Ólafsson, ok Þorbjargar, er kölluð var bæjarbót¹.

30 Frá Þórólfi heljarskinn er þat at segja, at hann bjó fyrst í Forsæludal, ok var illa kendr af mönnum. Þorsteinn frá Hofi kom til hans, ok kvaðst eigi vilja bygd hans þar, nema þú takir annan hátt, en þú hefir áðr, ella munu vér eigi láta kyrt vera. Þórólfr kvað þat vænst at þorsteinn réði því hvárt hann byggi þar eðr eigi, en sjálfr mun ek ráða háttum mínum. Síðan færði hann bú sitt, ok gerði sér virki suðr við Friðmundará. Þórólfr lagðist at fé manna, ok gerðist hinn mesti þjófr, hann átti ok blótgrafir,

¹ Bekkjarbót. Ldn. III, 1.

þvíat¹ menn hugðu at hann blótaði bæði mönnum ok fé. Illt varð honum til eptirgöngu manna þeirra er góðir voru, en þó voru þeir IX saman þá er þeir voru flestir, allir hans jafningjar eðr verri. Ok er þeir spurðu at þorsteinn ætlaði at gera til þeirra, 5 flýðu sumir or virkinu, ok vildu eigi bíða. Heraðsmenn hittu þorstein, ok báðu hann þenna mann af taka, er svá var illr í bygðarlagi, at menn máttu eigi um tæla eðr við búa. Hann kvað þá satt mæla; sendi síðan eptir bræðrum sínum Jökli ok Þóri. Á Þóri kom stundum berserksgangr, þótti þat þá með stórum 10 meinum um þvíliskan mann, þvíat honum varð þat at engum frama. Jökull mælti til þorsteins: vel gerir þú þat, at þú lætr hér í dalnum engi illmenni fá nokkura uppreist. Síðan fóru þeir XIX saman, ok er þeir sá virki þórólfs, mælti þorsteinn: eigi veit ek, hversu vér fám at sótt virkinu fyrir árgljúfrum þessum. Jökull 15 svarar: þetta er engi torveldi, ok mun ek gefa hér ráð til. Þú, þorsteinn, ok menn með þér skolit skjóta at þeim ok glettast við þá, en ek mun fara upp með ánni við fá menn, ok vita, ef ek mætta komast á bak þeim í virkit, ok ætti þeir þá við hvárumtveggjum at sjá. Þorsteinn kvað þat hættuferð mikla. Jökull fór þá upp 20 með ánni við fá menn. Þeir þórólfr sá eigi þat, ok bað þá sína menn vel gefast, en þó hafa þeir bræðr rammar fylgjur; leitu vér þá til leyna várra ef at oss ekr. Jökull komst yfir ána fyrir ofan virkit, hann hafði í hendi öxi mikla, er hann átti; síðan komst hann at virkinu, ok gat krækt öxinni upp á virkit, ok las sik síðan 25 eptir skaptinu, ok komst svá í virkit; hann fór snyðjandi at leita þórólfs, ok varð hann eigi fyrir augum. Jökull gat þá at líta hvar þórólfr kom upp or blótgröf sinni, ok hljóp or virkinu, en Jökull eptir honum. Menn Jökuls leita at förunautum þórólfs, ok eru þar eltingar miklar. Þá var þórólfr kominn á mýri nokkura upp með 30 ánni, en Jökull sótti eptir. En er þórólfr sá at hann mundi eigi komast undan, þá settist hann niðr í mýrinni ok grét. Þar heitir síðan Grátsmýrr. Jökull kom þá at honum, ok kvað hann vera

¹ at því AM. 138.

mikla mannfýlu ok illmenni, en þó engan þróttinn í. Jökull hjó hann þá banahögg. Þorsteinn sótti at virkinu, þvíat þeir illvirkjarnir voru þá aptr komnir. Jökull skopar¹ at skeið, ok komst í virkit, ok er þeir sjá þat, er í virkinu voru, óttuðust þeir, ok hljópu undan honum II í nestangann, ok drap hann þá báða. 5
Hinn þriði hljóp fyrir hamra ofan. Eigi þótti röskvari ferð farin hafa verit, en sú, er Jökull fór þá. Þeir fóru heim bræðr eptir þetta, ok höfðu unnit mikla heraðsbót í drápi Þorólfs heljar-skinns.

- 31 Þorsteinn frá Hofi var stórlátr af búi sínu við heraðsmenn; 10 þar var öllum mönnum matr heimill ok hestaskipti ok allr annarr farargreiði, ok skylt þótti þat öllum utanheraðsmönnum, at hitta þorstein fyrstan, ok segja honum tíðindi or sveitum, ok þat er til nýlundu varð. Eyjarengi heitir þat, er bezt er með Hofslandi, þar áttu verkmennt þorsteins tjald á sumrum. Þau sá einn dag 15 at X menn áðu í enginu, ok var kona eitt, þeir voru allir í litklæðum. Vesl hafði einn yfir sér ok slæður af góðu klæði; þau sá hvat þessi maðr gerði; hann brá sverði, ok sneið af neðan þat er saurugt hafði vorðit í reiðinni, ok kastaði á brott; þat² var spannarbreitt, ok mælti svá at þau heyrðu, at hann kvaðst eigi vilja reiða 20 eptir sér saur. Eigi hittu þau mennina, en illa þótti þeim gert, at æja í engjum manna. Griðkona tók þat er hann hafði af skorit, ok kvað þenna mann mega heita enn mesta ofáta. Þorsteinn spurði þau tíðinda um kveldit, en þau kvóðust engin segja kunna, ok þó nýlundu litla. Síðan sögðu þau þat sem þau höfðu sét ok 25 heyrt til manna þessa, ok sýndu þat sem hann hafði skorit af slæðunum. Þorsteinn kvað þetta bragð tveggja hvárt, at spilla gripum sínum, þótt stykki á, ok síðan at æja í engjum manna: nokkurs heimsks manns ok úráðvands ella mikils manns ok ofáta. Þessir menn hafa ok eigi mik hitt, sem siðr er til langferðamanna. 30 Nú mun ek geta til, at þar mun hafa verit Bergr hinn rakki, er út hefir komit í sumar, systurson Finnboga hinn ramma frá Borg

¹ So AM. 138, skapar *Hds.*

² þar *Hds.*

or Víðidal; hann er ramr at afi, ok hinn mesti ofrkappsmaðr. Var þetta sem annat, þat er Þorsteinn leiddi getum um, at hann varð nærgætr. Bergr kom til Borgar, ok tók Finnbogi við honum allvel, ok spurði hann tíðinda, en hann sagði slfk er hann vissi.

5 Finnbogi spurði hvárt hann hefði nokkut hitt Þorstein Ingimundarson. Bergr kvaðst eigi hann hitt hafa, ok riðit fyrir neðan garð. Finnbogi lét hitt þó venjuligra, at hitta hann fyrst, ok segja honum tíðindi. Bergr kvaðst eigi vilja lægja sik svá, at finna hann, þvíat erindi mitt var eigi til hans. — Þorgrímr hét maðr, er 32

10 bjó at Borg hinni minni í Víðidal; hann festi sér konu þá er Þorbjörg hét ok var Skíðadóttir. Þorgrímr bauð þeim Finnboga ok Bergi til boðsins, þeir hétu ferðinni. Brúðhlaupit skyldi vera at vetrnóttum at Skíða. Hann hitti þá Ingimundarsonu, ok bauð þeim til boðsins, þvíat mér þykkir þetta eigi með fullum sóma nema

15 þér komit. Þeir hétu at fara. Veðrátta var eigi allgóð, ok illt yfir Vatnsdalsá, ok fóst þeim Víðdælum heldr úgreitt; létu þeir Finnbogi eptir hestana at bónda þess, er bjó við ána. Áin var opin um mitt, en lágu at fram höfuðsjar. Bergr mælti: ek mun bera yfir fólk, ok svá gerði hann, sótti knálíga; frost var á mikít,

20 ok fraus um hann klæðin. Skíði gékk í mót boðsmönnum ok fyrirboðsmenn hans, Þorsteinn ok þeir bræðr. Síðan vóru eldar gervir, ok þídd klæði manna. Þorsteinn bóndi gékk mjök, at vinna mönnum beinleika ok taka við klæðum manna, þvíat hann var hverjum manni lítilátari. Finnbogi gékk fyrstr, ok skyldi sitja

25 í öndvegi gegnt Þorsteini, þá Bergr, hann var í slæðum ok skinnólpu; stóð þetta út af honum, er hann var allfrosinn, ok þurfti hann rúm mikít, ok færðist at eldinum, ok vildi þíða sik. Hann gékk þar hjá, sem Þorsteinn var ok mælti: gef mér rúm, maðr. Hann gékk svá snúðigt at Þorsteinn hrataði fyrir, ok við því búit,

30 at hann mundi falla á eldinn. Jökull sá þetta ok varð reiðr mjök; hann hélt á Ættartanga, spratt upp ok hljóp at honum, laust milli herðanna Bergi með hjöltunum, svá at hann féll við áfram, ok mælti: hvat vill skelmir þinn; viltu eigi hlífa goða várum Vatnsdæla? Bergr spratt upp, ok varð ákafliga reiðr, ok tók til vápna;

stóðu þá menn í milli þeirra, ok hélt þó við, at þeir mundi á berjast, þvíat Bergi eirði it versta; urðu þeir þó skyldir. Þorsteinn mælti: illa hefir nú enn tekizt fyrir bráðræði Jökuls bróður míns, vil ek bjóða fébætr svá at Bergr sé vel sæmðr af. Bergr kvað sik eigi fé skorta, ok kvaðst sjálfir hefna skyldu. Jökull kvað hann æ því 5 vesalla verða skyldu, sem þeir ættist fleira við. Skíði bað at þeir Finnbogi færi á brott, ok ættist menn eigi við. Þorsteinn kvað þat eigi hæfa at ráðahag þessum væri brugðit, ok skulum vér ríða 33 bræðr með várum mönnum á Mársstaði, ok svá var. Bergr lýsti högginu til Húnavatnsþings, ok bjó þangat til málit. Síðan kvómu 10 menn til þings ok leituðu um sættir. Bergr kvaðst eigi mundu fébætr taka, ok því at eins sættast, at Jökull gangi undir III¹ jarðarmen, sem þar var siðr eptir stórar afgerðir, ok sýna svá lítilæti við mik. Jökull kvað fyrr mundu hann tröll taka en hann lyti honum svá. Þorsteinn kvað þetta vera álita mál, ok mun ek 15 ganga undir jarðarmenit. Bergr kvað þá goldit. Hit fyrsta jarðarmen tók í öxl, annat í bróklinda, þriðja í mitt lær. Þá gékk Þorsteinn undir hit fyrsta. Bergr mælti þá: svínbeygða ek nú þann, sem æztr var af Vatnsdælum. Þorsteinn svarar: þetta þurftir þú eigi at mæla, en þat mun fyrst í mót koma þessum orð- 20 um, at ek mun eigi ganga undir fleiri. Finnbogi mælti: þetta er víst eigi vel mælt, en þó kemr eigi mikit fyrir vansa Bergs, er hann fékk af Jökli, ef hér skal staðar nema, ok þikkir yðr allt lágt hjá yðr Vatnsdælum, ok vil ek skora á þik, Þorsteinn, til hólmgöngu á vikufresti við stakkgarð þann, er stendr í eyjunni fyrir 25 neðan bæ minn at Borg. Bergr mælti þá: slíkt it sama vil ek mæla við þik, Jökull, at ek býð þér hólmgöngu at ákveðnum tíma Finnboga, ok skulu þér þá lútir fara Hofverjar. Jökull svarar: heyr hvat mannfýlan mælir, at þú dirfir þik at því at jafnast við oss, eðr bjóða mér hólmgöngu, þvíat mér þikkir mér eigi ofætlað þótt 30 ek berimst við ykkir Finnboga báða; skal ok þat vera, ok vil ek leysa undan Þorstein bróður minn, þvíat þat er skaði; at honum

¹ *fügt zu AM. 138.*

verði nokkut til meins, en þat er þó eigi örvænt ef þeir Finnbogi berjast þvíat hann er hinn mesti ofrhugi, en hér er hváriga at spara sem vér erum; fór Bergr þá lútari bikkjan, er ek sló hann, svá at hann féll við, enda kom þú nú til hólmostefnunnar ef þú hefir heldr manns hug en merar; en ef nokkurir koma eigi, þá skal þeim reisa níð með þeim formála, at hann skal vera hvers manns níðingr ok vera hvergi í samlagi góðra manna, hafa goða gremi ok gríðníðings nafn. Skilja þeir síðan við svá búit, ok fór hverr heim til síns heimilis. Var þetta nú gert at tíoindasögn um sveitir.

10 þat bar saman, hólmostefnur þessar, ok þorsteinn hafði vinaboð at Hofi, þvíat svá gerði hann hvert haust. Helga hét kona, hon kom út með Bergi ok var frilla hans, hon var mikil kona ok skörulig, framsýn ok forspá, ok margkunnig um flesta hluti; hon mælti til Bergs: úvitrliga hefir ykk frændum vorðit, at þit ætlið at þreyta

15 hamingju við sonu Ingimundar, þat ferr eigi svá, þvíat þorsteinn er reyndr bæði at viti ok gæfu, en þat er sannmælt til Jökuls, at engi [er] berserkr slíkr í öllum Norðlendingafjórðungi sem hann, ok ertu eigi hans jafningi, þóttu sér mikill fyrir þér, ok svá mikla sneypu sem þú hefir áðr farit fyrir honum, þá ferr þú nú aðra hálfu

20 meiri, ef þit eigist nokkut við. Bergr svarar: mikit hefir Jökull um mælt, svá at mér er þat eigi þolanda. Helga svarar: þóttu sér svá heimskr, at þú kunnir eigi fyrir þér at sjá, þá skal ek þat at gera, at sjá hólmganga skal engi verða. Muntu eigi ráða? sagði Bergr. Eigi vissi Finnbogi þessi ráð.

25 Svá er sagt, at þann sama morgin at fara skyldi til hólms- 34 göngu þessarar, var komit á svá mikit kafafjúk með frosti at [eingu vetta¹ var út komanda. Þann sama morgin snemma var barit á dyrr at Hofi. Þorsteinn gékk til dyra ok heilsaði Jökli bróður sínum. Hann mælti: ertu búinn, þorsteinn, til hólmostefnunnar? Hann svarar: þikki þér einsætt at fara, þvíat þetta er illviðri? Jökull mælti: þat þikki mér víst. Þorsteinn svarar: gakk inn fysrt, bróðir, ok bíðum ef veðr batnar. Jökull kvaðst

¹ *Conjectur* [einu verra *Hds.*; einni vættu AM. 138.

eigi inn vilja ok þíða á sér snjó, ok þóttu vilir hvergi fara, þá skal ek þó fara. Þorsteinn mælti: aldri skal sá munr hreysti okkarrar, at ek sitja eptir en þú færir, ok bíð mín. Þorsteinn gékk inn ok bjóst ok mælti við boðsmenn sína, at þeir skyldu þar sitja, ok eigi þaðan fara fyrr en algott væri; það húsfreyju ok sonu sína 5 vinna mönnum beinleika. Þeir fóru báðir bræðr saman. Þá mælti Þorsteinn: hver er nú ráðagerð þín? Jökull svarar: þetta veit ek þik eigi fyrr gert hafa at leita ráða undir mik, mun hér ok til lítils at sjá, ef þeirra þarf við, en þó verðr mér eigi til þessa / ráðfátt; við skulum fara til Undunfells¹, ok skal Þórir fara með 10 okkr, bróðir okkar. Þeir gjörðu svá, fóru þaðan, ok kómu at kveldi til Faxa-Brands, hann var vinr Jökuls, vóru þar um nóttina. Brandr átti hest föxóttan, er kallaðr var Freysfaxi; hann var virkr at hestinum ok þótti góðr, var hann ok öruggr til alls, bæði vígs ok annars; höfðu flestir þat fyrir satt, at Brandr hefði átrúnað á 15 Faxa. Um morgininn eptir var hin sama hríð, nema meiri væri. Þeir vildu fara bræðr þótt eigi batnaði. Brandr hafði tjaldat sleða með húðum, ok beitt fyrir Faxa, ok kvað þá mundu hitta leið báða saman. Jökull mælti: Þorsteinn ok Þórir skulu setjast í sleða en vit Faxa-Brandr skulum ganga fyrir. Þeir koma snemma dags 20 undir stakkgarðinn, ok var ekki komit. Um morgininn mælti Finnbogi til Bergs: ætlar þú eigi Jökul kominn vera til hólmostefnunnar? Eigi ætla ek, segir hann, þvíat þat er einkis manns at fara í þvílíku veðri. Annarr maðr er Jökull þá en ek ætla, segir Finnbogi, ef hann er eigi kominn, ok hefði betr verit, at ganga 25 eigi jafnlangt fram við hann, ok þola nú eigi hverja skömm á aðra ofan. Þat haf þit ofsið sét, segir Helga, ok svá illt sem nú er frá at taka, þá mun þó síðarr verra. Ætlar þú Jökul kominn, segir Bergr. Eigi mun ek um ætla, segir hon, en hitt ætla ek, sem gangast mun, at hann er eigi yðvarr maðr. Fellr þetta þar niðr, 30 en þeir fara hvergi. Þeir bræðr biðu til nóns, ok er svá var komit, þá fóru þeir Jökull ok Faxa-Brandr til sauðahúss Finnboga, er

¹ So *Hds*, AM. 138; vgl. C 27.

þar var hjá garðinum, ok tóku súlu eina, ok báru undir garðinn; þar vóru ok hross, er þangat höfðu farit til skjóls í hriðinni. Jökull skar karlshöfuð á súluendanum, ok reist á rúnar, með öllum þeim formála sem fyrr var sagðr. Síðan drap Jökull meri
 5 eina, ok opnuðu hana hjá brjóstinu, ok færðu á súluna, ok létu horfa heim á Borg; fóru síðan heimleiðis ok vóru at Faxa-Brands um nóttina; vóru nú kátir mjök um kveldit. Jökull mælti: þannig er nú, þorsteinn frændi, at þú ert maðr miklu vinsælli en ek, ok átt vini fleiri, en þó er nú svá komit, at vinir mínir duga nú eigi
 10 verr en þínir; þikki mér sem Fax[a]-Brandr hafi vel dugat. Vel hefir Brandr gefizt, segir þorsteinn. Brandr mælti: gott er slíkum manni at duga við sem Jökull er, þvíat hann er fárra líki. Þeir Faxa-Brandr ok Jökull kvóðu þetta gerningaveðr verit hafa, ok kendu þat Helgu frá Borg. Þeir kvómu heim bræðr, ok urðu
 15 allir menn þeim fegnir; spurðist þetta nú um allar sveitir, hversu mikla sneypu Borgarmenn höfðu enn farit fyrir þeim bræðrum.

Einhvern tíma skamt frá þessu heimti Finnbogi ok þeir Bergr 35 menn saman um Víðidal ok urðu saman XXX. Helga spurði hvat þeir ætlaði. Finnbogi kvaðst eiga ferð til Vatnsdals. Já, sagði
 20 Helga, nú munu þit ætla ykkar at hefna á þeim bræðrum, en ek ætla at þit farit því fleiri úfarar, [sem] þér eigist fleira við. Á þat skal nú hætta, segir Finnbogi. Helga svarar: fari þér, eigi mun yðr úannara heim en heiman. Þetta spurðist nú brátt víða, ok kom til Hofs til þorsteins; hann sendi orð bræðrum sínum ok
 25 kvómu þeir til hans, segir hann þeim slíkt er hann hafði spurt; gera nú þat ráð, at þeir safna mönnum, ok þann dag er þeirra Finnboga var utan ván, kómu saman at Hofi IX manna. Þar var Már af Mársstöðum frændi þeirra, ok Eyjólfur or Karnsnesi¹ ok aðrir vinir þeirra; var þá ok séu reið þeirra Finnboga. Þorsteinn
 30 mælti: nú skulu vér stíga á hesta vára, ok ríða í mót þeim, þvíat ek vil eigi spark þeirra á bæ mínum. Þeir gera svá. Jökull mælti: ríðum at vel, ok hlaupum á þá, svá at þeir verði eigi viðbúnir. Þorsteinn svarar: eigi skulu vér óðliga láta, ok skal

¹ So *Hds. und* AM. 138.

ek hafa orð fyrir oss, ok vita hvat þeir vilja, ok má vera, at lítils þurfi við, en veit ek, frændi, at þú ert búinn til allra atgerða. Jökull svarar: ván var þess, at þú mundir eigi vilja, at lengi stæði mínar ráðagerðir yfir. Vel dugði þá, frændi, sagði Þorsteinn, er þín ráð voru höfð, en nú mun lítils við þurfa. Finnbogi mælti til 5
 sinna manna: menn ríða frá Hofi eigi allfáir, ok er þat sannast at segja, at Þorsteini kemr fátt á úvart; eru nú II kostir fyrir höndum ok hvárrgi góðr, ríða undan ok heim við svá búit, ok er þat þó hin mesta sneypa, eðr at hætta á fundi við þá, ok er þat þó nokkut hættu[efni] við liðsmun þann, sem mér sýnist at sé. Mun nú eigi 10
 verða at hætta á eitthvat, segir Berggr, ok skulum vér víst finnast. Finnbogi mælti: stígum af baki, ok bindum hesta vára, ok höldum oss saman vel hvat sem í gerist. Þetta sjá þeir Þorsteinn, ok stigu af baki, ok bundu sína hesta. Þá mælti Þorsteinn: nú skulu vér ganga til móts við þá, en ek skal hafa orð fyrir oss. Þá mælti Þorsteinn: hverr er foringi þessa manna, sem hér eru komnir? Finnbogi segir til sín. Þorsteinn mælti: hver eru erindi higat í dalinn? Opt eru smá erindi um sveitir, segir Finnbogi. Þorsteinn mælti: þat get ek, at nú sé vorðit þat erindi, sem ætlað var, þá er [þér] fórut heiman, þótt annan veg haði at borit en hugsat var, at finna oss bræðr. 20
 35 Ef svá er, þá hefir nú vel til borit; skal nú gera þér II kosti Finnbogi; eigi fyrir því II, at eigi væri hitt makligra, at þú hefðir einn: Far heim til Borgar við svá búit, ok sit í búi þínu. Hinn er annarr kostur, at nú skulu vér þreyta hólmgöngur várar, ok þó með því móti, at nú munu hvárir [tveggju] njóta síns brantargengis, ok 25
 muntu þá vita hvat þú vinnr á, þótt þú sér bæði stórr ok sterkr. Þat skal þessu fylgja, at þú skalt fara brott or Víðidal at vári, ok vera eigi vistum milli Jökulsár í Skagafirði ok Hrutafjarðarár, ok ætla þér aldri síðan at deila kappi við oss bræðr. En þú, Berggr, hefir mjök dregist til úvissu við oss bræðr; þú gerðir mér ok 30
 lítið úspektarbragð, fyrst er þú komt í herað, þá áðir þú hestum þínum í engjum mínum, ok ætlaðir mik þat lílímenni, at ek munda hirða hvar hestar þínir bitu gras; en þar er Jökull bróðir minn laust þik högg, þat skaltu hafa bótalaust, þvíat þú af nittir, þá er

þér vóru boðnar, þú skalt ok eigi vera í þessu takmarki, er Finn-
 boga er bannat, ok hafi þit þá nokkurar minjar varra viðskipta;
 takit nú skjótt annan hvárn. Jökull stóð hjá Þorsteini með Ættar-
 tanga, ok var búinn at bregða. Finnbogi ok þeir Bergr ganga
 5 til hesta sinna ok stíga á bak, ríða á brott, ok létta eigi fyrr en
 þeir koma heim til Borgar. Helga stóð úti, ok spyrr tíðinda;
 þeir kvóðust engin segja kunna. Vera má, at ykk þikki svá,
 en eigi mun þat öðrum þikkja, þar sem þit erut gerfir heraðs-
 sekir sem illræðismenn, ok hefir nú yfir tekit um ykkar úfarar.
 10 Þorsteinn ok þeir bræðr riðu heim til Hofs ok hverr til síns heim-
 ilis; þakkaði Þorsteinn þeim vel fylgðina; tsat hann nú enn [f]
 virðingu um þetta mál sem öll önnur. Um várit seldi Finnbogi
 landit at Borg, ok réóst norðr á Standir í Trékyllisvík ok bjó þar.
 Bergr fór ok á brot, ok er þat eigi sagt í þessi sögu hvað hann
 15 lagði helzt fyrir sik, ok lýkr þar skiptum þeirra Ingimundarsona.

Frá því er sagt eitt sunnar, at skip kom í Hrútafjörð, þar ³⁶
 vóru á systir tvær, Þórey ok Gróa; þær fóru báðar til vistar til
 Hofs, ok vóru þar um vetrinn með Þorsteini, en sóttu hann at um
 várit at hann skyldi fá þeim staðfestu nokkura. Þórey keypti
 20 land at ráði Þorsteins, ok bjó þar, en Gró fékk hann bústað nærr
 sér. Þorsteinn hafði beðit ámæli af konu sinni þuríði, at hann
 legði hug á Gró fyrir sakir fjölkyngi hennar. Gróa keypti malt ok
 bjó til veizlu, ok bauð Ingimundarsonum þangat. Eigi þóttu þær
 systir svá lítills háttar vera; hon bauð ok Máfi af Mársstöðum ok
 25 mörgum heraðsmönnum; ok ena þriðju nótt áðr Þorsteinn skyldi
 heiman ríða, dreyndi hann, at kona sú, er fylgt hafði þeim frænd-
 um, kom at honum, ok bað hann hvergi fara; hann kvaðst heitið
 hafa. Hon mælti: þat lízt mér úvitligra, ok þú munt ok illt af
 hljóta, ok svá fór [III nætr ¹ at hon kom, ok ávítaði hann, ok kvað
 30 honum eigi hlýða mundu, ok tók á augum hans. Þat var siðvenja
 þeirra þegar Þorsteinn skyldi nokkur[!] heiman fara, at allir
 kvómu þann dag til Hofs, er ríða skyldu. Kómu þeir Jökull ok

¹ AM. 138; [fehlt in der Hds.

Þórir, Már, ok þeir menn aðrir, er fara skyldu. Þorsteinn bað þá heim fara; hann kvaðst vera sjúkr. Þeir gera svá. Þann aptan þá er sól var undir gengin, sá sauðamaðr Gró at hon gékk út, ok gékk andsælis um hús sín ok mælti erfitt mun verða at standa í mót giptu Ingimundarsona. Hon horfði upp í fjallit, 5 ok veifði gizka eðr dúki, þeim er hon hafði knýtt í gull mikit, er hon átti, ok mælti: fari nú hvat sem búit er. Síðan gékk hon inn, ok lauk aptr hurðu. Þá hljóp aurskriða á bæinn, ok dó allir menn. Ok er þetta spurðist, þá ráku þeir bræðr á burt Þóreyju systur heunnar or sveit. Þar þótti reimt jafnan síðan, er byggð Gró hafði 10 verit, ok vildu menn þar eigi búa frá því upp.

37 Þorgrímr at Karnsá gat barn við frillu sinni er Nereiðr¹ hét, ok af orðum konu hans var barnit út borit. Ástúðigt var með þeim bræðrum Ingimundarsonum, ok opt fundust þeir. Eitt sinn hitti Þorsteinn bræðr sína; leiddi Þórir hann á götu. Þorsteinn 15 spyr þá þóri hvern honum þætti fyrir þeim bræðum. Þórir kvað þat eigi getumál, at þú ert fyrir oss um allar ráðagerðir ok vitsmuni. Þorsteinn svarar: Jökull er brjóst fyrir oss um öll harðræði. Þórir kvaðst minstháttar af þeim fyrir þat, at á mik kemr berserksgangr jafnan þá ek vilda sízt, ok vilda ek, bróðir, at þú 20 gerðir at. Því em ek hér kominn, at ek hefir spurt, at Þorgrímr frændi várr hefir látið bera út barn sitt af orðum konu sinnar, ok er þat illa gert; þikki mér ok með stórum meinum, at þú ert eigi í öðli þínu sem aðrir menn. Þórir kvaðst hvatvetna² mundu til vinna at þetta hyrfi af honum. Þorsteinn kvaðst ok vilja ráð til 25 leggja, eðr hvat muntu vilja til vinna? Þórir svarar: þat sem þú vilt. Þorsteinn mælti: einn er sá hlutr er ek beiðumst, en þat er goðorð til handa sonum mínum. Þórir kvað þat vera skyldu. Þorsteinn mælti: nú vil ek heita á þann, er sólina hefir skapat, þvíat ek trúi hann máttkastan, at sjá útími hverfi af þér; vil ek þat 30 gera í staðinn fyrir hans sakir, at hjálpa við barninu, ok fæða

¹ So emendirt; vgl. cap. 43; Hds. und AM. 138 haben hier Viereiðr,

² hv'vetna Hds.

upp til þess at sá er skapat hefir manninn mætti honum til sín snúa
 síðan, þvíat ek get honum þess auðit verða. Síðan stigu þeir á
 hesta sína, ok fóru þangat til, er þeir vissu at barnit var fólgt,
 ok þræll Þóris hafði fundit við Karnsá, ok sá þeir, at breitt hafði
 5 verit yfir andlitið ok kraflaði fyrir nösunum, ok var þá komit at
 bana. Þeir tóku barnit, ok fluttu heim til Þóris, ok hann fæddi upp
 sveininn, ok var kallaðr Þorkell krafla, en berserksgangr kom
 aldri síðan á Þóri; komst svá Þorsteinu at goðorðinu. — Ólafr
 bjó at Haukagili en Óttarr í Grímstungum, hann átti Ásdísi dóttur
 10 Ólafs, ok á lögfundum áttu þeir eina búð. Synir Þorsteins vóxu
 upp ok vóru gerviligir menn. Guðbrandr var mikill maðr ok
 sterkr. Ingólfr var manna frlóastr ok þó mikill; hann hafði ok
 atgervi yfir flesta menn. Ok á einu haustþingi kómu þar margir
 menn saman, ok var leikr stofnaðr. Ingólfr var í leiknum, ok
 15 sýndi þá enn atgervi sína, ok eitt sinn er hann sótti eptir knetti
 sínum, bar svá til, at hann fló til Valgerðar Óttarsdóttur; hon svipti
 at mötli sínum, ok töluðust þau við um hrlð. Honum sýndist
 konan forkunnliga frló, ok hvern dag þann er eptir var þingsins
 kom hann til tals við hana. Eptir þat gerir hann þangatkvómur
 20 sínar jafnan. Óttari var þetta í móti skapi, ok kom á ræðu við
 Ingólfr, ok bað hann eigi þat gera, er báðum þeim var til úsæmdar,
 ok kvaðst heldr vilja gefa honum konuna með sæmd en hann fífdi
 hana með vanvirðu. Ingólfr kvaðst gera mundu um kvómur sem
 honum sýndist, ok kvað honum enga úsæmd at því. Óttarr hitti
 25 nú Þorstein, ok bað hann eiga hlut í með Ingólfi, at hann gerði at.
 Hann kvað svá vera skyldu. Þorsteinn mælti til Ingólfs: hvi
 verðr þér þat fyrir at gera Óttari sneypu eðr svívirða dóttur hans;
 hefir þú illt ráð upp tekit, ok mun okkr verða at sundrþykki ef
 þú gerir eigi at. Lét Ingólfr þá af kvómum, en orti mansöngs-
 30 vísur nokkurar um Valgerði ok kvað síðan. Óttarr fór enn á fund
 Þorsteins, ok kvaðst illa una við kveðskapinn Ingólfs; þikki mér
 þú skyldr til at leggja nokkut ráð á. Þorsteinn kvað eigi at sínu
 skapi gert, ok hefir ek um talat ok tjóar mér eigi. Óttarr mælti:
 bæta máttu fé fyrir Ingólfr, eðr leggja leyfi til, at vér sækim hann

til laga. Fýsa vil ek þik, kvað Þorsteinn, at þú gefir at eugan gaum, ok máttu at lögum gera þat. Óttarr fór stefnuför til Hofs ok stefndi Ingólfi til Húnavatnsþings, ok bjó mál til sóknar; ok er Jökull spyr þetta, gerði hann sik óðan um, ok kvað slíkt mikil endemi ¹ ef þeir frændr skyldi þar sekir gervir í áthaga sínum, ok kvað Þorstein mjök eldast, ok þótt vér sémi eigi lögmenn, þá munu vér eyða málit með óxarhömrum. Ok er várþing kom, bað Ingólfr Þorstein leggja ráð til um málit, ella kvaðst hann mundu færa öxi í höfuð Óttari. Þorsteinn mælti: nú vil ek at þú neytir goðorðsins, ok takir við; ok svá var gert. Ok er í dóm kom málit, géngu ¹⁰ þeir Ingólfr ok Jökull at dómum ok hleyptu upp með höggum, ok féll niðr málit. Litlu eptir þingit segir Óttarr Ólafi mági sínum, at hann mundi eigi við vera, ok selja land sitt. Hann gerði svá, ³⁸ færði bú sitt suðr um heiði. En eigi langan tíma upp frá þessu tók Þorsteinn sótt ok andaðist, ok þó at fyrr segi líflát Þorsteins, ¹⁵ þá lézt Jökull fyrstr þeirra bræðra, en Þórir lifði lengst. Þorkell krafla var þá þrævetr, er Þórir andaðist fóstri hans. Þá fór Þorkell til Þórorms ok var þar uppfóstraðr. Eigi ætluðu menn at fá mundu iðgjöld Þorsteins ok bræðra hans, en þó þótti mörgum synir hans vel stíga í spor honum. Ingólfr þótti konunum vænstr, ²⁰ svá sem kveðit var:

Allar vildu meyjar
með Ingólfi ganga
þær er vaxnar vóru;
vesöl kvaðst hon æ til lítil. ²

25

Þeir bræðr skiptu arfi með sér. Ingólfr bjó at Hofi en Guðbrandr ² at Guðbrandsstöðum. Ingólfr átti Halldísu dóttur Ólafs frá Haukagili, hon var yngri en Ásdís er Óttarr átti, er móðir var Valgerðar ok Hallfreðar vandræðaskálds. Ingólfr kom at finna Valgerði ³⁰ jafnan er hann fór til þings eðr frá. Þat líkaði Óttari illa; hon gerði honum ok klæði öll þau er mest skyldi vanda.

¹ endæmi *Hds.*² *Vgl. Hallfr. s. cap. 2.*

Nokkurum vetrum eptir líflát Þorsteins Ingimundarsonar 39 fann Óttarr, er hann reið af þingi á Bláskógaheiði, mann sekjan, er Þórir nefndist, kominn at austan or Fjörðum, ok kvaðst hafa sekr vorðit um konumál, ok bað hann Óttarr viðtöku. Óttarr kvaðst

5 mundu gera á þessu kost, ef þú ferr sendiferð mína. Hann spyrr hver sú væri. Óttarr svarar: ek [mun] senda þik norðr í Vatnsdal til Ingólfs, at þú sitir um líf hans, eðr annars hvárs þeirra bræðra, þvíat eigi er úlíkligt, ef at líkindum ferr, at þeir verði eigi giptu-

10 drjúgir. Nú ef þú ferr, mun ek veita þér ásjá. Hann kvaðst til þess vel fær, þvíat eigi brestr mik áræði. Hann fór heim með Óttari, ok keyptu þessu saman, at hann skyldi drepa Ingólf eðr Guðbrand, ef hann næði honum heldr; en Óttarr skyldi koma honum utan. Hann fór norðr til Vatnsdals, ok kom til Hofis; var þar um nótt, ok bað Ingólf ásjá, kvaðst vera sekr maðr. Ingólf

15 kvaðst eigi þurfa utanheraðsmanna, ok kvað sér slíka auðfengna, bað hann á brottu verða skjótt, ok kvaðst illa á hann lífast. Þórir fór á brott ok kom til Guðbrands; hann tók við honum, ok var hann þar um hríð; ok einn morgin bað Guðbrandr hann taka sér hest ok gékk út, en Þórir eptir; ok er Guðbrandr kom á þresköld-

20 inn¹, þá laut hann við, en Þórir veitti honum þá tilræði, ok er hann heyrði at öxin þaut, veik hann sér hjá dyrunum, en Þórir hjó í ásinn, er fram tók or vindskeiðunum, ok stóð öxin þar föst, en Þórir hljóp á brott or garði en Guðbrandr eptir. Þórir hljóp yfir árgljúfrin þegar er hann kom at, ok lá fallinn. Guðbrandr skaut

25 eptir honum sverði, ok kom á hann miðjan. Hann hafði knýtt beilslinu² um sik, ok kom sverðit á beilshringinn³. Guðbrandr hljóp yfir ána, ok at Þóri ok var hann þá dauðr; kasaði hann hann þar. Skörð voru fallin í sverðinu, ok eitt þat er leggja mátti í fingrar góm. Brýnt var at síðan, ok var it bezta vápn. Guðbrandr fór

30 at finna bróður sinn, ok sagði honum þessi tíðindi, ok kvað þetta vera ráð Óttars, ok lét þá við slíku mundu búast eiga. Ingólfur kvað slík mikil firn, ok riðu þegar suðr til Borgarfjarðar ok báru

¹ þrepskaulldin *Hds.*² u. ³ *So die Hds.*

þetta at Óttari, en hann mælti móti, þvíat þar var þá fjölment, ok náðu þeir honum eigi; var þá leitað um sættir, ok sættust at því, at Óttarr galt C silfrs en Þórir skyldi úgildir. Þat fylgði ok þessi sætt, at Ingólfr skyldi úheilagr falla, ef hann kæmi at finna Valgerði svá at Guðbrandr fylgði honum eigi. Þá mælti Ingólfr: til þess máttu ætla, Óttarr, ef fleiri farar verða úvingjarnligar til vár en sjá, at þá mun eigi fébótum viðkoma, ok þér mun þá at verðugu goldin svikræðin. Hann kvað þat marga mæla mundu, at væri sakir til áðr þetta var gert. Síðan skildu þeir.

40 Svartr hét maðr, er skipi sínu kom á Minþakseyri¹, hann 10 var suðreyskr at ætterni, maðr mikill ok sterkr, úvinsæll ok lítt við alþýðuskap; hann kom af brotnu skipi; ok er menn vissu hvers háttar maðr hann var, þá urðu engir til at taka við honum, ok fór hann um sveitir unz hann kom til Óttars, ok bað hann viðtöku ok ásjá. Hann svarar: úmakliga sýnist mér til þín gert, at veita eigi slíkum manni sem þú ert, ok vil ek við þér taka, þvíat þú ert maðr eigi lítilmótligr, ok hygg ek at mér sé traust at þér mikit; hann kvað hann þess makligan. Svartr átti nokkut fé; var hann nú með Óttari, ok eigi lengi áðr hann mælti til Svarts: ek vil senda þik norðr til Vatnsdals til Hofs. Sá maðr býr þar, er 20 Ingólfr heitir, hann er sakadólgr minn, ok hefir gert mér margskonar skammir, ok fæ ek eigi rétt af honum, en hann er þó mikilhæfr maðr, en ek hygg þik munu gæfu til bera með mínu tilstilli at hefna, þvíat mér lízt vel á þik. Svartr kvaðst verit hafa þar, er eigi þótti öllum einn veg; kvað þat ok líkliga at hann féngi 25 erindit, sagðist verit hafa í víkingu, ok opt einn á brott komizt. Skip stóð uppi í Hvítá, ok með þeim hætti keyptu þeir saman, at hann skyldi höggva hönd eðr fót af Ingólfi, eðr drepa Guðbrand, ef hann næði eigi Ingólfi, en Óttarr skyldi fá honum vetrvist ok koma honum utan. Svartr skyldi leita fyrir sér, ef hann kæmi 30 eigi fram verkinu, en ella fara til vistar sinnar. Óttarr fékk sér varning frá skipi, ok fékk hann Svarti til meðferðar, ok fékk

¹ Conjectur; dimþakseyri die Hds. und AM. 138.

honum ok mann til fylgðar, ok hesta II, sagði honum til bygða
 eör hverjar leiðir honum var hezt at fara norðr eör norðan. Svartr
 fór þar til er hann kom í Hvanndali; tók þar af hestum sínum ok
 bjó um varning¹ sinn en hestar géngu á bit. Svartr kom gangandi
 5 til Hofs snemma dags ok var Ingólfr úti ok skepti spjót. Svartr
 kvaddi Ingólfr, ok kvað sér eigi greitt farizt hafa, kvað sér horfna
 á heiðinni hesta II, en varning sinn liggja þar, kistu ok húðfat, ok
 bað Ingólfr fá til menn at leita með sér, eör flytja föng sín til
 bygða, kvaðst vilja flytjast norðr til Eyjafjarðar, ok kvað sik
 10 verit hafa at Hrafnagili fyrir nokkurum vetrum. Ingólfr kvað nú
 fátt manna á bænum, en ek vil hvergi fara, ok verð í brottu í stað.
 Þá muntu vilja fylgja mér á götu, ok vísa mér til annars bæjar,
 ok svá var. Hann fór með honum á götuna, ok varaðist Ingólfr
 hann þó af hugboði sínu, þvíat Svartr vildi ávalt síðarr fara; hann
 15 var gyrðr sverði en hafði spjót í hendi mjök mikit, þat var fjaðr-
 spjót langskept, ok vañit járn skaptið. Svartr beiddist viðtöku,
 en Ingólfr hefði af varningi slíkt er hann vildi; ertu víðfrægr maðr,
 ok samir þér vel at taka útlenda menn, allra helzt ef eigi skortir
 fé til forgiptar. Eigi em ek því vanr, kvað Ingólfr, at taka ú-
 20 kunna menn til mín, gefast þeir margir illa, ok ertu eigi til þess
 úlíkligr, þvíat þú hefir illsligt bragð á þér, ok vísaði honum
 skjótt af höndum, ok kvaðst engu vilja við hann kaupa, ok hvarf
 apr. Svartr fór, ok kom til Guðbrands, ok sagði honum ena
 sömu sögu. Guðbrandr mælti: eigi gefist þér vel enir úkunn
 25 menn, en sækja má ek láta varning þinn, en gerum síðan sem
 sýnist um vistafar. Þeir fóru ok fundu varninginn, en ætluðu
 hestana mundu hafa í brott hlaupit. Þeir fundu þá fljótt. Guð-
 brandr hafði heim til sín allt saman, ok tók við Svarti. Ok er þat
 spyr Ingólfr, hitti hann bróður sinn, ok þótti úvarlig hans tiltekja,
 30 ok vil ek at hann fari á brott. Guðbrandr kvaðst ætla, at eigi
 mundi sjá maðr honum til skaða ætlaðr, ok kvað hann sik eigi
 líkligan hafa til gert síðan hann kom. Ingólfr svarar: þá lízt

¹ varning *Hds.*

okkr eigi þat einn veg, þvíat mér lízt maðrinn flugmannligr, ok illa mun hann reynast, ok vil [ek] eigi, at hann sé hjá þér, þvíat mér segir illa hugr um hann, en mér þikkir betri [fyrirvarinn] ¹, en þat varð þó eigi, ok var [hann] þar um vetrinn. En um várit þá er sumra tók, færði Guðbrandr lið sitt í sel, ok var svá til skipat, at húsfreyja reið ein saman, en Guðbrandr ok Svartr einum hesti báðir, ok reið Svartr at baki. En er þau kómu á mýrar þær er nú heita Svartsfellsnýrar, þá liggir í hestrinn undir þeim, ok bað Guðbrandr Svart skreiðast aptr af² hestinum, ok svá gerir hann; ok nú sem Svartr sér at Guðbrandr varast hann eigi, þá snýr hann spjótinu. Þetta sér húsfreyja, ok mælti: varastu hundinn, er vill svíkja þik ok drepa. Ok í því lagði Svartr Guðbrand með spjótinu undir höndina, ok þegar á hol. Guðbrandr fékk brugðit sverðinu, ok slæmir eptir honum ok í sundr í miðju. Húsfreyja kom til sels, ok sagði líflát þeirra beggja, ok þóttu þetta ill tíðindi. Ingólfr spýr þetta, ok kvað farit hafa eptir sínu hugboði, ok bjó þegar mál til á hendr Óttari til alþingis um fjörráð við sik ok bróður sinn. Ok er menn kómu til þings var leitað um sættir, ok var þat mjök torsótt við Ingólfr. En sakir þess at margir góðgjarnir áttu hlut í, ok hitt annat, at Ingólfr hafði eigi haldið sætt sína við Óttar um fundi við Valgerði, þá tók hann sættir, ok kómu fyrir fjörráð við Guðbrand CCC silfrs, skyldi þá ok niðr falla sættarof við Óttar um Valgerðarmál; skiljast nú við þetta, ok vóru sáttir. Ingólfr átti II sonu við konu sinni ok hétu þeir Surtr ok Högni. Þeir vóru báðir gjörfiligir menn. Ingólfr þótti mikill höfðingi, ok stíga vel í spor sínum feðr um marga hluti. Ólafr at Haukagili tók þá at eldast mjök.

41 Útilegumenn ok ránsmenn vóru mjök í þenna tíma bæði suðr ok norðr, svá at nálíga mátti engi á sínu halda. Á einni nátt ræntu þeir at Haukagili mat miklum, þvíat þar vóru gnóttir hversvetna. Ólafr fór ok hitti Ingólfr, ok sagði honum. Ingólfr bjóst heiman við XV. mann. Ólafr bað hann vera varfæran, ok kvað

¹ Conjectur; [inn fyrri varinn *Hds.* und AM. 138.

² at *Hds.*

sér meira varða, at hann kæmi heill heim, en hitt, hvar matr hans færi. Þeir riðu suðr á heiði, ok ræddu um ránit Ólafs. Þjófarnir höfðu rænt til XV hundraða. Þeir Ingólfr kómu á sporin þeirra, ok röktu þau þar til er þeir viltust um, þvíat sporin lágu þá á tvá
 5 vega. Þá skiptu þeir ok liði sínu, fóru VIII í öðrum stað en VII í öðrum, ok leita svá lengi. Þar vóru sel skamt frá þeim ok fóru þeir þangat. Þar sá þeir XVIII hross hjá selinu, ok ræddu um, at þar mundu vera komnir þjófarnir, ok kvóðu þá ráðligast at leita eptir förunantum sínum. Ingólfr kvað þat fyrir sumt úráð-
 10 ligra, þvíat þeir megu þá ná til hellisins, þvíat hann er skamt frá þeim, ok eru þeir þá hólpnir, ef þeir fá hann, ok er þá vár för sljólíg, en eigi víst hvar várir menn eru. Ingólfr spratt af baki, ok hljóp í gil nokkut, er hjá honum var, ok þrífir upp hellur II, lætr aðra koma fyrir brjóst sér en aðra milli herða, ok gyrði at
 15 utan. Hann hafði í hendi sverðit Ættartanga, ok gékk síðan at selinu. Þat var tvídyrt. Þat segja menn, at Ingólfr væri þar þá eigi fjölmennari en við annan mann. Þá mælti förunautr Ingólfs at þeir mundu gera sína menn við vara. Ingólfr kvaðst verja mundu seldyrnar, en hann færi eptir mönnum þeirra. Hann
 20 kvaðst nú eigi mundu á brott fara; þikki mér þínir eigi ofmargir. Ingólfr vildi þegar inn ráða at þeim, ok bað hann fylgja sér drengiliga. Þjófarnir lögðu þegar at honum, er hann kom inn ok honum hlífðu hellur þær, er hann hafði, ok svóddu¹ lögin af honum; sóttu þeir þá at Ingólfi öllum megin, en hann varðist vel ok
 25 drengiliga. Þá reiddi hann upp Ættartanga, ok kom sverðit í höfuð þeim er stóð at baki honum, svá at sá fékk bana, en hjó þann banahögg, er fyrir stóð, ok drap Ingólfr þá báða í einu höggi. Þeir áttu snarpan bardaga, ok lauk svá, at Ingólfr drap V menn, enda var þá fallinn fylgðarmaðr hans; vóru þeir þá komnir út ór
 30 selinu, en Ingólfr var sárr mjök. Kómu þá at menn hans. Þjófarnir stukku þá í brott, en þeir tóku ránit ok bundu á hesta

¹ snoddu fyrir suoddu *Hds.*

sína, ok ráku norðr aptr. Ingólfr lá í sárum vetr þenna ok gréri yfir at kalla. En um várit er sumarhita tók, rifnuðu upp aptr öll, svá at þat leiddi hann til bana. Ok áðr Ingólfr andaðist, það hann sik grafa í öðru holti en þeir vóru grafnir frændr hans, ok kvað þá hugkvæmra Vatnsdalsmeyjum, ef hann væri svá nær götu. 5 Síðan andaðist hann. Þar heitir Ingólfrsholt sem hann var jarðaðr. Alþýða manna harmaði mjök svá fall Ingólfs. XII vetr lifði hann eptir andlát föður síns með mikilli virðingu. Ótarr gipti Valgerði dóttur sína stafhylzkum manni. En er Ingólfr var andaðr, var höfðingjalaust í Vatnsdal, þvíat synir Ingólfs vóru eigi tilfærir 10 sakir aldrs at varðveita goðorðit. Var nú um leitað hversu fara skyldi. En þat vóru lög í þann tíma meðan ersingjar vóru í úmegð, at sá skyldi af þingmönnum varðveita goðorðit, sem bezt þætti til fallinn.

42 Þorkell krafa Þorgrímsson var maðr bæði mikill ok sterkr, 15 hann var þá XII vetra, er þetta var tíðinda. Þorgrímr gékk eigi við faðerni hans, en hann var þó miklu fræknligri en skírgetnir synir hans. Þorkell silfri frá Helgavatni var hamramr mjök ok þó margkunnigr, hann var vellauðigr at fé, eigi vinsæll, ok úþokkasæll af flestum mönnum, en þó verðr mikils. Þenna sama dag, 20 er fundrinn var stefndr at Karnsá um goðorðsmálit, mælti kona Þorkels silfra: hvat ætlar þú í dag at gera? Þorkell svarar: fara til fundarins, ok vera í kveld goðorðsmaðr, er ek kem heim. Eigi vilda ek at þú færir, segir hon, til þess at þú ætlaðir þér at verða yfirmaðr Vatnsdæla, þvíat þér mun þat eigi lagit verða, 25 enda ertu eigi til þess felldr. Hann svarar: í öðru skulu þín ráð standast en eigi hér um. Til þessa fundar ætladi ok Klakka-Ormr ok Þorgrímr frá Karnsá dótturson Ingimundar. Þorgrímr þótti bezt tilfallinn fyrir frændsemi við Vatnsdæli, en þó skyldi þat til hlutfalls leggja, þvíat margir þóttust vel til fallnir. 30 Þessi fundr var lagiðr at einmánaði í Forsæludal at Klakka-Orms. Þorkel silfra dreymdi ena næstu nótt áðr fundrinn var, ok sagði Signýju konu sinni, at hann þóttist ríða ofan eptir Vatnsdal hesti rauðum, ok þótti honum trautt við jörðina koma,

ok vil ek svá ráða, at rautt mun fyrir brenna¹, ok til virðingar snúa. Signý kvaðst annan veg ætla, synist mér þetta illr draumr, ok kvað hest mar heita, en mar er mannsfylgja, ok kvað rauða sýnast ef blóðug yrði, ok má vera at þú sér veginn á fundinum, ef

5 þú ætlar þér goðorðit, þvíat nógir munu þér þess fyrirmuna. Þorkell lét sem hann heyrði eigi, ok bjóst vel heiman at klæðum ok vápnum, þvíat hann var skartsmaðr enn mesti ok kom í síðasta lagi. Þorgrímr kom snemma dags, ok sat í öndvegi hjá Ormi, hann gékk aldri við faðerni Þorkels kröflu. Hann lék sér þá enn

10 á gólfi með öðrum börnum, ok var bæði mikill ok sterkr, ok manna fríðastr. Hann nam staðar fyrir Þorgrími, ok horði á hann mjök lengi, ok á taparöxi, er hann hélt á. Þorgrímr spurði hví ambáttarson sjá styrði² svá á hann. Þorkell kvað eigi ofmikitt sitt gaman þó hann horfi á hann. Þorgrímr spurði: hvat viltu til

15 vinna, krafla, at ek gefa þér öxina, þvíat ek sér at þér lízt vel á hana, ok hitt, at ek ganga við frændsemi þinni. Þorkell bað hann ákveða. Þorgrímr mælti: þú skalt færa öxina í höfuð Silfra, svá at hann fái aldri goðorðit Vatnsdæla; þikki mér þú þá sjálfr færa þik í Vatnsdælakyn. Þorkell kvaðst þetta gjöra mundu. Þorgrímr leggr nú ráð til, at hann láti sem verst með öðrum sveinum.

20 Silfri sat svá jafnan, at hann setti hönd undir kinn, en lagði fót á kné sér. Þorkell skyldi hlaupa í saur en aðra stund inn, ok koma við klæði Silfra, ok vita ef hann reiddist. Nú ræða þeir um goðorðit, ok verða eigi ásáttir, vildi hverr sinn hlut fram draga.

25 Þá leggja þeir hluti í skaut, ok kom jafnan upp hlutr Silfra, þvíat hann var margkyndugr. Þorgrímr gékk þá fram ok mætti Þorkatli kröflu í dyrum hjá sveinum. Þorgrímr mælti þá: nú vil ek at þú greiðir öxarverðit. Þorkell mælti þá: öxar em ek allfúss, ok má ek nú vel greiða verðit, þótt eigi sé nú þann veg vara til

30 sem þú vildir. Þorgrímr svarar: fleira mun nú tekitt en vara ein. Þorkell mælti: viltu nú at ek drepa Silfra? Já, kvað Þorgrímr. Þá var komit goðorðit í hlut Silfra. Þorkell krafla kom inn í

¹ renna AM. 138.² stirði AM. 138.

stofu ok gékk hjá Silfra ok kom við fót honum, en hann hratt honum frá sér, ok kallaði hann ambáttarson. Þorkell hljóp upp í sætið hjá ok keyrði taparöxina í höfuð honum, ok var Þorkell silfri þegar dauðr, ok kvaðst eigi of mikit vinna til öxarinnar. Þorgrímr kvað sveininn hafa verit illa beiddan, enda hefir hann eigi vel staðizt; hefir piltr þessi nú næsta sagt sik í Vatnsdælakyn, ok mun ek ganga við faðerni þínu. Síðan tók Þorgrímr goðorðit, ok var kallaðr Karnsárgoði. Sæzt var á víg Silfra, þviat synir hans vóru ungir. Þorkell fór heim til Karnsár með föður sínum, ok beiddist at fara utan, ok vita hve til tækist, ef hann hitti Sigurð jarl Hlöðvesson frænda sinn. Þorgrímr kvað hann hafa skyldu þat er hann vildi.

- 43 Björn hét austmaðr, er skip átti búit til hafs, með honum fór Þorkell krafa utan; þeir kvómu við Orkneyjar. Þá var Sigurðr jarl í eyjunum. Björn var jarli kunnigr, ok leitaði at hann tæki við þeim Þorkatli ok kvað hann góðra manna ok mikils verðan ok mjök fyrir íslenzkum mönnum; jarl kvaðst mundu taka við þeim, ok spurði at ætt Þorkels, en hann sagði til hver var, en hann hugleiddi þat lítt. Síðan tók jarl við þeim. Einlyndr þótti þeim jarlsmönnum Þorkell vera; aldri gékk hann or rúmi sínu nema jarl géngi, ok honum var hann mjök fylgjusamr. Eitt sinn um várit fór hirðin til leiks or höllinni, en jarl sat eptir með fá menn ok mælti: þú ert staðfastari en flestir menn aðrir, Þorkell, at þú ferr eigi til leiks, eðr hvat sagðir þú mér af ætterni þínu. Þorkell taldi þá ætt sína ok vaknaði jarl við ok svarar: þú munt vera skyldr mér, ok ertu seinn mjök í slíkum sögnum. Jarl jók þá virðing hans, ok um sumarit eptir fór jarl í hernað, ok spurði Þorkel hvárt hann vildi fara með honum. Hann kvaðst fara vildu, ef jarl vildi. Þeir herjuðu víða um sumarit. Ok eitt sinn, er þeir gjörðu upprás í Skotlandi ok kvómu aprt til skipa, spurði jarl, hversu margra manna vant væri. Var þá at hugat, ok var Þorkels eins saknat. Hann hafði verit á skipi jarls. Þeir kvóðu engan skaða vera um svá tómlátan mann. Jarl bað fara í stað ok leita hans; ok svá var. Þeir fundu Þorkel í skógarrjóðri við eik eina;

II menn sóttu at honum, en III lágú dauðir hjá honum. A brott hlupu atsóknarmenn Þorkels þegar jarlsmenn kvómu. Jarl spurði hvat dvalit hefði. Þorkell mælti: þat hefir ek heyrt yðr mæla, at renna skyldi frá skipum ok á laud upp, en aldri þat at
 5 renna til skipa svá at hverr hlypi frá öðrum. Jarl svarar: þú segir satt, frændi, skal ok svá vera héðan af; en sá skal engi hlutskipti taka, er þat gjörir, at renna frá merki af landi ofan. Jarl spurði hvárt þat væri landsmenn, er dauðir lágú hjá honum, eðr hans menn. Þorkell kvað þat landsmenn. Hann kvaðst farit
 10 hafa hjá kastala einum, ok þar sem ek gékk, hröpuðu or steinvegginum steinar nokkurir, ok þar í fann ek fé eigi svá lítið; ok þetta sá kastalamenn, ok sóttu eptir mér, ok varð þá fundr vár silfr sem sjá mátti. Jarl tjáði þá fyrir þeim fræknleik hans. Síðan spurði jarl, hve mikit fé þat væri. Hann kvað vera XX
 15 merkr silfrs. Jarl kvað hann eiga þann fjárlut ok engan annan. Þorkell kvað jarl eiga, ok allt sitt hlutskipti. Jarl kvað þá báða eiga skyldu, ok eigi kom þat fé í skipti. Jarl lagði mikla virðing á Þorkel fyrir þessa för; hann var með jarli II vetr, þá fýstist Þorkell til Íslands ok sagði þat jarli, hann svarar: þess
 20 væntir mik, at frændum þínum verði sæmd at þér. Hann gjörðist handgenginn jarli, ok hann gaf honum öxi gullrekna ok góð klæði, ok kvaðst vera skyldu vinr hans. Jarl gaf honum kaupskip með farmi þeim sem hann kjöri. Gullhring sendi hann Þorgrími til frelsis Nereiði¹, er vá hálfá mörk. Nereiði¹ sendi hann allan
 25 kvennbúnað góðan fyrir frændsemi. Síðan lét Þorkell í haf ok fórst honum vel. Hann kom skipi sínu í Húnavatnsós. Þorgrímr Karnsárgoði reið til skips, ok fagnaði vel syni sínum, ok bauð honum til sín, ok þat þá hann. Þorgrímr gaf Nereiði¹ frelsi svá sem jarl hafði orð til sent. Litlu eptir þetta tók Þorgrímr sótt ok
 30 andaðist, en synir hans skírgetnir tóku arf allan sem lög stóðu til. Þórormr var bróðir Klakka-Orms, föður Þorgríms, föður Þorkels. Þórormr fór á fund Þorkels ok bauð honum til sín, ok þat þá hann. Þorkell var blíðr maðr ok lyndisgóðr.

¹ So Hds. und AM. 138.

44 Þorgils hét maðr er bjó at Svinavatni, hann átti sér hús-
 freyju ok með henni IIII sonu, ok eru II nefndir, Þorvaldr ok Ormr.
 Glæðir hét bróðurson Þorgils, en hann [var] systurson Guðmundar
 ens ríka á Möðruvöllum. Glæðir var áburðarmaðr mikill, málugr
 ok úvitr ok hinn mesti gapuxi. Þeir feðgar Þorgils ok Þorvaldr 5
 fóru til Klakka-Orms at biðja Sigríðar dóttur hans; var því vel
 svarat, ok ákveðin brúðhlaups stefna at vetrnóttum í Forsældal.
 Þar var fáment heima, en starf mikit fyrir höndum, bæði at sækja
 á fjall sauði ok svín, ok mart annat at gjöra. Þorkell bauðst til
 at fara með verk mönnum á fjall. Ormr kvaðst þat vilja. Þeir 10
 fóru síðan, ok sóttist þeim seint, þvíat féit var stygt; sótti enginn
 knáligar en Þorkell. Þat þótti torsóttligast at eiga við svínin.
 Þorkell var úhlífinn ok bauðst jafnan til þess, er öðrum þótti verr
 at gera. Ok er þeir skyldu búa sér vistir, mælti Þorkell: mun
 eigi vel fallit at taka oss grísinn nokkurn til matar. Þorkell tók 15
 einn, ok bjó til borðs. Allir urðu á þat sáttir, at Þorkell var fyrir
 þeim um alla liðsemd. Þeir kvómu heim. Ávaldi hét maðr er
 var með Klakka-Ormi, hann var Ingjaldsson; hann var umsýslu-
 maðr, en Hildir kona hans fyrir innan stókk, [hon var dóttir
 Eyvindar sörkvis ¹. Litlu áðr en brúðhlaupit skyldi vera, kom 20
 Glæðir austan ór Fjörðum ok frétti nú þessi tíðindi ok ráðastofnan.
 Glæðir kvaðst hafa ok spurt önnur tíðindi, en þat er fjallferð
 Þorkels kröflu, at hann var valiðr til svínagæzlu; kvað hann [þat] ok
 makligast um ambáttar soninn, ok kvað hann drepit hafa grísinn
 þann er drukkit hafði spenann um nóttina áðr, ok legit hjá galta, 25
 þvíat hann kól sem aðra hundtík. Þorgils mælti: þetta er heimsk-
 ligt gaman, er þú hefir, ok er svá sagt, at Þorkell hafi svá farit
 at þannig sami bezt, bæði þar ok annarsstaðar. Auvirðliga þykki
 mér honum tekizt hafa, segir Glæðir. Nú koma menn til brúð-
 hlaups, þá mælti Þorkel til Orms fóstara síns: ek mun vinna mönn- 30

¹ So auch Hallfredars. cap. 2 unrichtig für Hermundardóttir Eyvindar sonar sörkvis; vgl. Landn. III, 5.

um beina, ok vera fyrir starfi ok til ætlanar. Ormr kvaðst þat gjarna vilja þiggja. Þorkell veitti vel ok stórmannliga. Þeir Ormr sátu í öndvegi enum úæðra megin ok hans menn. Þorkell gékk mjök um beina, ok var lítilátr í sinni þjónustu. Þeir or

5 Svínadal hlógu at honum mjök, ok kvóðu ærit stóran vera ambáttar soninn. Þorkell kvað meiri kurteisi at láta gleði ok gamanræður koma í mót beinleika, en skaup eðr atyrði. Glæðir kvað hann mörg stórvirki unnit hafa, ok máttu af þér stórliga láta, þat nú fyrir skemstu, er þú drapt grísinn, þann er eina nótt hafði

10 drukkit spenann, er þat ok þín iðn. Þorkell svarar: fá eru mín stórvirki, Glæðir, en þó munu þau fleiri en þín, ok er þér úskylt um þetta at tala. Glæðir hló at þorkatli fyrir þorvaldi, ok kvað hann fimastan við matreiðuna. Þorvaldr kvað Glæði úvitrliga mæla. Ok um kveldit fóru menn at sofa. Um morgininn gékk

15 Þorkell í útibúr ok hvatti öxina jarlsnaut, ok gékk síðan í anddyri, þá var Glæðir þar ok tók laugar. Þá géngu menn hjá honum með slátrtrog. Glæðir mælti til þorkels: nær muntu verit hafa búverkunum í morgin, ok munu vér skulu nú njóta hans galta, ok lát þat feitast, er fyrir oss kumpána kemr, þat hæfir vel ambáttarsyni.

20 Mun eigi vel fallit at brytja fyrst höfuðit, kvað Þorkell, ok velja stykkinn fyrir þik, ok aldri veit ek at þú sér nú svá frekr, at torsótt sé at fylla þik. Þann dag skyldi frá boðinu ríða. Þorgils spurði hvárt búinn væri dagverðr. Þorkell kvað búinn þegar soðit var, ok kvað skamt til þess, ok gékk út verkmanna dyrr ok inn

25 aðrar dyrr, ok tók öxi sína ok stóð hjá dyrum. Ok er Glæðir gékk út, gékk orkell eptir honum, ok hjó til hans í höfuðit, ok hafði Glæðir þegar bana. Þorkell hljóp til norðrðyra, þvíat þeir voru fyrir suðrðyrum. Matr stóð um allt húsit. Þorgils var fjölmennr, ok hlupu menn hans um húsit, ok hyggja þorkel eigi

30 skulu út komast, ok ætla at hafa hendr á honum. Þorkell hljóp um sætin. Skot voru um húsit ok lokhvflur, ok or einni lokhvflu mátti hlaupa í skotið. Hann leitar þangat sem konur sátu ok földuðu sér, hann hljóp þar at er Hildir var fyrir. Hon spurði hví hann færi svá hart. Þorkell segir sem var. Hon bað hann fara

í skotið hjá sér ok þar komst hann út. Þorgils mælti: snúum þar at er konurnar eru, þvíat mér þótti maðrinn þangat hlaupa. Hildir tók öxi í hönd sér, ok kvað eigi skyldu einn þeirra af sér taka. Þorgils hyggur Þorkel þar nú vera munu, ok biðr bera klæði at þeim, ok svá var gert, ok fanst Þorkell eigi. Þorgils sá nú at þetta var eigi utan prettr ok dvöl, ok fóru út síðan, ok er þeir kvómu út, þóttust þeir sjá svip manns niðr við ána. Þorgils bað leita þangat, ok svá var gert, ok fanst hann eigi. Þorkell vissi, at þar var hellir við ána, er nú heitir Kröfluhellir, ok þar var hann. Þeir Þórormr ok Klakka-Ormr leituðu um sættir. Eigi vildi Þorgils bætr taka, en brugðu eigi ráðahag þessum, ok kvóðu mannhefndir skyldu fyrir koma víg Glæðis. Þórormr leiddi brúðmenn or garði ok leitaði jafnan um sættir ok fékk eigi, ok skyldu at því. Þorkell var ýmist þann vetr á Karnsá með bræðrum sínum eðr með öðrum frændum sínum, þvíat allir vildu honum veita nokkura ásjá, ok hugðu gott til, at nokkurr þroski yrði hans í þeirri sveit, svá at eigi settist þar utanheraðsmenn yfir þá. Þeir fóru Vatnsdælir at leita honum trausts til Þórdísar spákonu, er bjó at Spákonufelli; hon var mikils verð ok margs kunnandi, ok báðu hana ásjá ok fultings um mál Þorkels, ok kvóðu þar allmikit undir þykkja, at [hón] legði til nokkut ráð. Hon kvað ok svá vera skyldu. Þorgils fór at hitta Guðmund ríka, ok kvað honum skyldast vera, at mæla eptir frænda sinn, en ek mun at fylgja. Guðmundr mælti: eigi þikki mér málit svá hægt, þvíat ek hygg at Þorkell verði mikilmenni, en margr frændi til atstoðar, en mér hefir svá til spurzt, at eigi [sé] fyrir sakleysi tiltekt Þorkels. Nú bú þú til málit, en ek mun við taka í sumar á þingi. Um vart bjó [Þorgils málit¹ til alþingis. Vatnsdælir fjölmentu mjök, ok svá hvárirtveggju. Þorgils reið til þings með mikla sveit manna. Þorkell reið ok til þings með frændum sínum. Þar reið með þeim Þórdís spákona, ok átti ein sér búð ok hennar menn; tók þá Guðmundr við málinu. Þeir Vatnsdælir buðu sættir, en þeir Guðmundr vildu eigi utan sektir. Þórormr

¹ [málit Þorgils *Hds.*

hitti Þórdísi ok ræðst um við hann, þvíat hon var forvitra ok framsýn,
 ok var tekin til þess at gera um stórmál. Hon mælti þá: fari Þorkell
 hingat til búðar minnar, ok sjám hvat í gerist. Svá gerði Þorkell.
 Þórdís mælti við Þórorm: far þú, ok bjóð Guðmundi sættir, en ek
 5 gera um málit. Þorkell gaf Þórdísi CC silfrs. Þórormr bauð dóm
 Þórdísar á málinu, en Guðmundr nitti, ok kvaðst eigi vilja taka
 fébætr. Þórdís mælti: ek ætla mér ok engan vanda við Guðmund.
 Síðan mælti hon við Þorkel: far þú nú í kufi minn en svartá, ok
 tak stafsprotann í hönd þér er Högnuðr heitir, eðr muntu þora at
 10 ganga í flokk Guðmundar við svá búit. Hann kvaðst þora mundu
 með hennar ráði. Hon svarar: hættum nú til þessa. Nú skaltu
 ganga til Guðmundar, ok drepa sprotanum þrygvar sinnum á ena
 vinstri kinn honum, ok eigi sýnist mér þú bráðfeigligr, ok vænti
 ek at dugi. Hann kom í flokkinn Guðmundar, ok sá engi maðr
 15 til hans. Hann kom at Guðmundi, ok gat á leið komit því sem
 honum boðit var. Nú frestaðist framsókn sakarinnar ok dvelst
 málit. Þorgils mælti: hví gengr eigi fram málit. Guðmundr kvað
 brátt greiðast mundu, en þat varð eigi, ok dvaldist stundin, svá at
 únýtt varð málit til sóknar. Þórdís hitti Vatnsdæli, ok bað þá
 20 ganga at dómum, ok bjóða nú fé fyrir manninn, ok má vera, at
 nú taki þeir, ok lúkist svá málit. Þeir gerðu svá, géngu til dóma
 ok hittu Guðmund, ok buðu sættir ok fébætr. Guðmundr svarar:
 ek veit eigi hvat þér vilit bjóða, en mikils vil ek þat virða í
 málinu, at sá er veginn var, hafði mælt sér til úhelgi. Þeir kvóðust
 25 vel vilja bjóða fyrir hans sakir, ok báðu hann um mæla. Ok er
 hann skyldi [í] hvert efni komit var málinu, ok eigi mátti sækja til
 laga, þá tók hann sjálfðæmi af Þórormi, at gera fé slíkt sem hann
 vildi, at undanskildum utanferðum, ok heraðssektum; var þá
 handsalat niðrfall at sökum. Þá sendi Þórdís Þorkel í annat sinn
 30 til Guðmundar, at láta koma stafsprotann við hægri kinn honum,
 ok svá gerði hann. Þá tók Guðmundr minnit, ok þótti kynligt at
 þat hafði frá honum horfit. Guðmundr gerði C silfrs fyrir víg
 Glæðis, ok féllu þá niðr gagnsakir, ok guldu þau Þórormr ok
 Þórdís allt féit ok skildust sáttir. Þorkell fór til Spákonufells með

Þórdísi heim. Þorgils mælti til Guðmundar: hví skipaðist svá skjótt hugr þinn um málin í dag? Guðmundr svarar: þvíat ek kunna eigi orð at mæla frá munni, ok því var ek tregr, ok má vera, at við raman væri reip at draga. Fóru nú heim af þingi.

45 Vatnsdælar efdi Þorkel kröflu mjök til virðingar um alla 5 hluti. Þeir báðu konu til handa honum, ok goðorðit lagðist til hans, því at þeir Surtr¹ ok Högni Ingólfssynir voru þá XI vetra en annarr XV, ok náðu þeir eigi staðfestum sínum af Þorkatli, ok var Hofsland keypt til handa honum, ok gerðist Þorkell nú höfðingi yfir Vatnsdælum. Lið Óttars dreifðist norðr til sveita, 10 ok var eigi at því gaumr gefinn. Hallfreðr ok Galti synir Óttars fóru norðr ok enn fleira barna hans. Opt kom Hallfreðr til Skegg-Ávalda, ok talaði við dóttur hans, er Kolfinna hét. Þeirrar konu fékk Gríss Sæmingsson, en þó lék et sama orð á með þeim Hallfreði sem segir í sögu hans. Ok eitt sinn er hann kom út, þvíat 15 hann var farmaðr, en Gríss var á þingi, þá kom Hallfreðr þar sem Kolfinna var í seli, ok lá þar hjá henni. Ok er [Gríss] vissi þetta, líkar honum stórilla; en Hallfreðr fór utan þegar samsumars. Á leiðmóti í Vatnsdal var fjölmenni mikit ok tjölduðu menn búðir, þvíat vera skyldi tveggja náttu leið. Þorkell átti 20 búð mesta ok fjölmennasta. Skegg-Ávaldi² átti búð saman ok Hermundr³ son hans, ok er Galti Óttarsson var genginn erinda sinna, mætti hann Hermundi, en hann mintist á sakir þær er Hallfreðr hafði gert við þá, ok hljóp at Galta, ok drap hann ok fór sáan í búð til föður síns. Ok er Þorkell spyr vígít, spratt hann 25 upp með sveit sína, ok vill hefna. Hildir stóð í dyrum, móðir Hermundar, ok mælti: hitt er nú, Þorkell, betra ráð, at hlaupa eigi svá skjótt, ok var þér þat í hug eitt sinn þá er vit fundumst, at þú mundir eigi drepa son minn fyrir augum mér. Þorkell [mælti]: nú er fleira í komit, en þá vissum vér ván; gakk nú út ór búðinni, 30 kvað Þorkell, þvíat þá muntu eigi sjá son þinn högginn fyrir aug-

¹ Svartr AM. 138. ² Skeggjavaldi *Hds.* ³ In Hallfreðar saga und Landn. III, 5. *vird er Brandr genannt.*

um þér, ef þú gerir svá. Hon skildi þó raunar hvat hann mælti til hjálpar mannum, ok þótti bæði skjótt ok sköruligt hans úr-
 ræði, ok tók hon síðan búnaðinn af höfði sér, ok bjó hann með,
 en settist í rúm hans, at eigi gengi fleiri konur út en ván var.
 5 Þorkell bað þær skynda, ok þröngðist at þeim, ok mælti: standit
 þér eigi svá, þvíat ærin er þó raun konunnar, at hon sjái eigi
 manninn högginn, eðr heyra til. Þeir vildu þegar inn hlaupa, ok
 drepa Hermund. Þorkell fór þá í búðar dyrnar, ok mælti: sjám
 10 hvat oss hæfir, at drepa eigi heraðsmenn vára sjálfra ok þing-
 menn, ok sættumst heldr; var þá leitað um sættir milli þeirra, ok
 var svá til þuklat, at hváirtveggju undu vel við, ok gervar bær
 svá miklar, at þeir vóru vel sæmdir, er taka áttu. Leysti Þorkell
 svá þetta mál sér af hendi með drengskap, ok allir undu vel við.
 Öllum málum var til hans skotið um heraðit, þvíat hann þótti
 15 mestrar náttúru í Vatnsdæla kyni, annarr en Þorsteinn Ingi-
 mundarson.

Nærri þessum tíma kom út Friðrekr biskup ok Þorvaldr⁴⁶
 Koðransson, er kallaðr var enn víðförli. Þessu næst kom út annat
 skip, ok vóru þar á berserkir II ok hét Haukr hváirtveggi; þeir
 20 urðu úvinsælir af mönnum, þvíat þeir buðu mönnum nauðung til
 kvenna eðr fjár, ella buðu þeir hólmgöngu. Þeir grenjuðu sem
 hundar, ok bitu í skjaldarrendr, ok óðu eld brennanda berum
 fótum. Þeir biskup ok Þorvaldr fóru með nýjan sið, at bjóða
 mönnum aðra trú, en sú er hér var áðr. Þeir vóru at Giljá hinn
 25 fyrsta vetr. Landsmenn stygðust við nýgervingum þessum, er
 þeir biskup fóru með. Koðran tók trú ok skírn í fyrsta lagi, ok
 kona hans. Ólafr at Haukagili var svá gamall, at hann lá í
 rekkju, ok drakk horn. Um haustið at vetrnóttum bauð Ólafr til
 sín vinum sínum, einkum Þorkatli mági sínum. Þeir biskup ok
 30 Þorvaldr vóru þar. Vel at eins tók Þorkell þeim, ok lét þá vera
 eina saman í húsi, þvíat þeir höfðu annan sið. Enn fyrsta aptan
 veizlunnar var sén ferð berserkjanna, ok kvíddu menn mjök við
 þeim. Þorkell spurði biskup, ef hann vildi ráð til leggja, at ber-
 serkir þessir féngi bana. Biskup bað þá taka við trú, ok láta

skírast, en hann kvaðst mundu af ráða illmenni þessi, með yðrum atgangi. Þorkell mælti: allt er þá nærr, ef þér sýnit mönnum jarteinir. Biskup mælti: látið gera elda III á gólfi í skálanum, ok svá var gert. Síðan vígði biskup eldana, ok mælti: nú skal skipa bekkina af mönnum þeim er beztir eru áræðis með stóra lurka, 5 þvíat þá bita eigi járn, ok skal svá ber[j]ja þá til bana. Síðan géngu þeir nafnar inn, er þeir kvómu, ok óðu eldinn fyrsta ok svá annan, ok brunnu þá mjök, ok urðu nú furðuliga hræddir af eldshitanum, ok vildu þegar at bekkjunum. Síðan vóru þeir lamdir til bana, ok vóru færðir upp með gili því, er síðan heitir Haukagil. 10 Biskup þóttist nú kominn til kaups við Þorkel, at hann tæki við trú, ok léti skírast. Þorkell kvaðst eigi vilja aðra trú hafa en þeir Þorsteinn Ingimundarson höfðu ok Þórir fóstri minn, þeir trúðu á þann, er sólina hefir skapat, ok öllum hlutum ræðr. Biskup svarar: þá sömu trú boða ek með þeirri grein, at trúa á einn guð, 15 föður, son ok heilagan anda, ok láta skírast í vatni í hans nafni. Þat þótti Þorkatli mest af bregða er í vatni skyldi þvóst, ok kvaðst eigi nenna enn um sinn at hafa þessa breytni, en kvaðst þó hyggja, at sjá mundi góð; ok þessi skipan mun hér ok við gangast. Ólafr bóndi, mágr minn, er gamall, hann skal taka við þessi trú ok allir 20 aðrir þeir er vilja, en ek mun enn biða um tíma. Síðan var Ólafr skírðr, ok andaðist í hvítaváðum, ok enn vóru skírðir fleiri menn at þeirri veizlu. Þorkell var skírðr þá er kristni var lög- tekin á Íslandi, ok allir Vatnsdælar. Þorkell var mikill höfðingi hann lét kirkju gera á bæ sínum, ok hélt vel trú sína. 25

47 Bræðr II bjuggu í Engihlíð í Langadal, Fostólfr ok Þróttólfr, þeir vóru miklir fyrir sér. Þeir tóku við manni til ásja, ok vildu hann hafa í leynum meðan þeir færi til þings á Kili fram¹ frá Reykjavöllum, en þeir myndi lúka málum hans. Aðrir II bræðr bjuggu at Móbergi í Langadal ok hétu Húnröðr ok Úlfhéðinn, 30 synir Vefre[y]ðar Ævarssonar² ens gamla. Úlfhéðinn var vin-

¹ AM. 138; skamt *Hds.*
vgl. Landn. III, 5.

² Einarssonar AM. 138 und *Hds.* *unrichtig,*

sælli þeirra bræðra. Þórólfr hét maðr, er kallaðr var leikgoði, hann var með þeim bræðrum. Úlfhéðinn var mikill vinr Hólmgöngu-Starra, ok þat segja menn, þá er Þórarinn illi skoraði á hann til hólmgöngu, at Úlfhéðinn fór með honum til hólmstefnunnar, ok

5 í þeirri ferð gerði at þeim veðr illt, ok ætluðu þeir vera gerninga veðr. Bárðr hét maðr, ok var kallaðr styrfinn, hann fór með þeim. Þeir báðu hann aptra veðrit, þvíat hann var margkunnigr. Hann bað þá handkrækjast ok gera hring; síðan gékk hann andsælis þrygvar ok mælti írsku; hann bað þá já við kveða. Þeir gerðu

10 svá. Síðan veifði hann gizka til fjalls, ok tók þá af veðrit. Þeir Þróttólfr ok Fostólfr fóru til þings, sem fyrr segir, en maðrinn var meðan í Þjófadall, ok vænti, at þá mundi minna fé goldit, ef hann færi eigi sjálf. Þeir riðu ok til þings Húnröðr ok Þórólfr leikgoði. Hross hlupu frá þeim skamt frá Reykjavöllum ok leituðu víða, ok fundu eigi. Þeir sá man skamt frá sér, ok hugðu

15 vera illmenni, ok hann mundi tekit hafa hross þeirra, þeir fréttust ok eigi fyrir, ok hlupu þegar at honum ok drápu hann, riðu síðan til þings ok sögðu þeim bræðrum Þróttólfi ok Fostólfi; þeim líkaði stórilla, ok beiddu bóta fyrir, ok kvóðust sæzt hafa við frændr hins

20 vegna ok grið tekit, ok síðan goldit fé fyrir hann. Húnröðr kvaðst ætla, at vera muni önnur fégjöld til skyldri, ok riðu við þat af þinginu. Þeir bræðr keyptu land á Kólkumýrum er í Holti heitir. Þorfinnr hét maðr, ok bjó á Breiðabólstað í Vatnsdal, frændi þeirra, hann átti ferð út á Skagaströnd, ok svá bar til at Úlfhéðinn fór út

25 þangat, ok Þórólfr-leikgoði með honum, ok er þeir kvómu til Breiðavaðs á¹ Blöndu, riðu þeir Þorfinnr ok bræðrnir, Fostólfr ok Þróttólfr seinna nokkut. Þeir Fostólfr kvóðu vel á komit at finna Úlfhéðin, þvíat þeir bræðr drápu man okkarn í sumar, ok skal ríða eptir þeim. Eigi mun ek eptir ríða, kvað Þorfinnr, ok svá

30 var. Síðan ríða þeir bræðr eptir í ákefð. Þetta sér Þórólfr leikgoði. [Þá] mælti hann: ríðum undan hart, hér fara þeir bræðr eptir okkr. Nei, kvað Úlfhéðinn, þat gerir ek eigi, þvíat þeir

¹ hjá, *Hds.*

kalla mik þá renna. Þórólfr hleypti út á ána, en þeir bræðr unnu á Úlfhéðni, ok lá hann þar eptir. Síðan riðu þeir bræðr aptr, ok sögðu Þorfinni tíðindin. Hann kvað úmakliga gert við góðan dreng, ok fór hann heim í Vatnsdal. Úlfhéðinn var særðr til úlfsis. Hún-
 röðr fór eptir honum, bróðir hans, ok flutti hann heim, ok bað 5
 hann Húnröð bróður sinn sættast á mál þessi eptir sik, ok kvað
 eigi hefnda mundu auðit verða, því at ek minnumst nú á ferðina
 hina fyrri, ok veit ek þann engan sótt dauðan vorðit hafa, er í
 þeirri ferð vóru. Síðan andaðist Úlfhéðinn, en Húnröðr lét úlfkliga
 við sættinni, ok bjó málit til alþingis. Þorfinnr bauð sætt ok fé- 10
 bætr, en Húnröðr kvaðst eigi vilja, nema sektir þeirra, ok svá varð,
 ok reið við þat af þingi. Þeir bræðr gerðu virki mikit í Holti á
 Kólkumýrum, ok varð Húnröði torfellt at sækja þá. Skúmr hét
 lausingi einn, hann hafði aflat fjár, ok orðinn auðigr. Húnröðr
 eyddi fyrir honum, ok fór hann utan, ok kom til Noregs, ok fór 15
 norðr í Þrándheim. Hann fékk þar stórfé ok dvaldið þar; kom
 auðigr í annan tíma. Húnröðr eyddi öllum penningum sínum, ok
 svá þeim er Skúmr hafði átt, svá at hann varð nálíga¹ félauss.
 Hann fór á fund Þorkels Vatnsdælagóða ok sagði honum sín
 vandræði. Þorkell mælti: illt ráð hefir þú upp tekit, at taka eigi 20
 bætr eptir bróður þinn, þar sem hann sagði þér svá fyrir, at þér
 mundi eigi annat hlýða, ok hefir þú nú hvártki fé né hefndir; en
 fyrir því, er þú hefir sótt mik heim at ráðum, þá mun ek fara til
 með þér, ok leita um sættir. Síðan hitti Þorkell þá bræðr, ok
 spurðu hvárt þeir vildu sættast við Húnröð ef kostur væri; þeir létu 25
 seinliga við, ok kvóðu honum nú eigi betra at sættast, en þá er
 honum var boðit. Þorkell mælti: nú skulu þit gera annathvart,
 at fara utan sem mælt var, ella mun ek engin ráð leggja til með
 yðr. Þeir kvóðust hans orð mikils skyldu virða, ok viljum vit þik
 sízt í móti okkr hafa. Þeir fóru nú utan, ok kvómu í Þrándheim, 30
 þá mælti Þróttólfr: eigi skiptir þat högum til, at Húnröðr, góðr
 drengr, skal vera félauss vorðinn, ok hlotið þat mest af okkr, en

¹ ualigt *Hds.*

hitti Þórdísi ok ræðst um við hann, þvíat hon var forvitra ok framsýn,
 ok var tekin til þess at gera um stór mál. Hon mælti þá: fari Þorkell
 hingat til búðar minnar, ok sjám hvat í gerist. Svá gerði Þorkell.
 Þórdís mælti við Þórorm: far þú, ok bjóð Guðmundi sættir, en ek
 5 gera um málit. Þorkell gaf Þórdísi CC silfrs. Þórormr bauð dóm
 Þórdísar á málinu, en Guðmundr nítti, ok kvaðst eigi vilja taka
 fébætr. Þórdís mælti: ek ætla mér ok engan vanda við Guðmund.
 Síðan mælti hon við Þorkel: far þú nú í kufl minn en svarta, ok
 10 tak stafsprotann í hönd þér er Högnuðr heitir, eðr muntu þora at
 ganga í flokk Guðmundar við svá búit. Hann kvaðst þora mundu
 með hennar ráði. Hon svarar: hættum nú til þessa. Nú skaltu
 ganga til Guðmundar, ok drepa sprotanum þrysevar sinnum á ena
 vinstri kinn honum, ok eigi sýnist mér þú bráðfeigligir, ok vænti
 ek at dugi. Hann kom í flokkinn Guðmundar, ok sá engi maðr
 15 til hans. Hann kom at Guðmundi, ok gat á leið komit því sem
 honum boðit var. Nú frestaðist framsókn sakarinnar ok dvelst
 málit. Þorgils mælti: hví gengr eigi fram málit. Guðmundr kvað
 brátt greiðast mundu, en þat varð eigi, ok dvaldist stundin, svá at
 20 únýtt varð málit til sóknar. Þórdís hitti Vatnsdæli, ok bað þá
 ganga at dómum, ok bjóða nú fé fyrir manninn, ok má vera, at
 nú taki þeir, ok lúkist svá málit. Þeir gerðu svá, géngu til dóma
 ok hittu Guðmund, ok buðu sættir ok fébætr. Guðmundr svarar:
 ek veit eigi hvat þér vilit bjóða, en mikils vil ek þat virða í
 málinu, at sá er veginn var, hafði mælt sér til úhelgi. Þeir kvóðust
 25 vel vilja bjóða fyrir hans sakir, ok báðu hann um mæla. Ok er
 hann skyldi [í] hvert efni komit var málinu, ok eigi mátti sækja til
 laga, þá tók hann sjálfðæmi af Þórormi, at gera fé slíkt sem hann
 vildi, at undanskildum utanferðum, ok heraðssektum; var þá
 handsalat niðrfall at sökum. Þá sendi Þórdís Þorkel í annat sinn
 30 til Guðmundar, at láta koma stafsprotann við hægri kinn honum,
 ok svá gerði hann. Þá tók Guðmundr minnit, ok þótti kynligt at
 þat hafði frá honum horfít. Guðmundr gerði C silfrs fyrir víg
 Glæðis, ok féllu þá niðr gagnsakir, ok guldu þau Þórormr ok
 Þórdís allt féit ok skildust sáttir. Þorkell fór til Spákonufells með

Þórdísi heim. Þorgils mælti til Guðmundar: hví skipaðist svá skjótt hugr þinn um málin í dag? Guðmundr svarar: þvíat ek kunna eigi orð at mæla frá munni, ok því var ek tregr, ok má vera, at við raman væri reip at draga. Fóru nú heim af þingi.

45 Vatnsdælar efðu Þorkel kröflu mjök til virðingar um alla 5 hluti. Þeir báðu konu til handa honum, ok goðorðit lagðist til hans, því at þeir Surtr¹ ok Högni Ingólfssynir vóru þá XI vetra en annarr XV, ok náðu þeir eigi staðfestum sínum af Þorkatli, ok var Hofslanð keypt til handa honum, ok gerðist Þorkell nú höfðingi yfir Vatnsdælum. Lið Óttars dreifðist norðr til svcita, 10 ok var eigi at því gaumr gefinn. Hallfreðr ok Galti synir Óttars fóru norðr ok enn fleira barna hans. Opt kom Hallfreðr til Skegg-Ávalda, ok talaði við dóttur hans, er Kolfinna hét. Þeirrar konu fékk Gríss Sæmingsson, en þó lék et sama orð á með þeim Hallfreði sem segir í sögu hans. Ok eitt sinn er hann kom út, þvíat 15 hann var farmaðr, en Gríss var á þingi, þá kom Hallfreðr þar sem Kolfinna var í seli, ok lá þar hjá henni. Ok er [Gríss] vissi þetta, líkar houum stórilla; en Hallfreðr fór utan þegar samsumars. Á leiðmóti í Vatnsdal var fjölmenni mikit ok tjölduðu menn búðir, þvíat vera skyldi tveggja nátta leið. Þorkell átti 20 búð mesta ok fjölmennasta. Skegg-Ávaldi² átti búð saman ok Hermundr³ son hans, ok er Galti Óttarsson var genginn erinda sinna, mætti hann Hermundi, en hann mintist á sakir þær er Hallfreðr hafði gert við þá, ok hljóp at Galta, ok drap hann ok fór stöðan í búð til föður síns. Ok er Þorkell spyrir vígít, spratt hann 25 upp með sveit sína, ok vill hefna. Hildir stóð í dyrum, móðir Hermundar, ok mælti: hitt er nú, Þorkell, betra ráð, at hlaupa eigi svá skjótt, ok var þér þat í hug eitt sinn þá er vit fundumst, at þú mundir eigi drepa son minn fyrir augum mér. Þorkell [mælti]: nú er fleira í komit, en þá vissum vér ván; gakk nú út ór búðinni, 30 kvað Þorkell, þvíat þá muntu eigi sjá son þinn högginn fyrir aug-

¹ Svartr AM. 138. ² Skeggjavaldi *Hds.* ³ In Hallfreðar saga und Landn. III, 5. *wird er Brandr genannt.*

um þér, ef þú gerir svá. Hon ákildi þó raunar hvat hann mælti til hjálpar manningum, ok þótti bæði skjótt ok sköruligt hans úr-ræði, ok tók hon síðan búnaðinn af höfði sér, ok bjó hann með, en settist í rúm hans, at eigi gengi fleiri konur út en ván var.

5 Þorkell bað þær skynda, ok þröngðist at þeim, ok mælti: standit þér eigi svá, þvíat ærin er þó raun konunnar, at hon sjái eigi manninn högginn, eðr heyra til. Þeir vildu þegar inn hlaupa, ok drepa Hermund. Þorkell fór þá í búðar dyrnar, ok mælti: sjám

10 hvat oss hæfir, at drepa eigi heraðsmenn vára sjálfra ok þingmenn, ok sættumst heldr; var þá leitað um sættir milli þeirra, ok var svá til þuklat, at hváirtveggju undu vel við, ok gervar bætr svá miklar, at þeir vóru vel sæmdir, er taka áttu. Leysti Þorkell svá þetta mál sér af hendi með drengskap, ok allir undu vel við. Öllum málum var til hans skotið um heraðit, þvíat hann þótti

15 mestrar náttúru í Vatnsdæla kyni, annarr en Þorsteinn Ingi-mundarson.

Nærri þessum tíma kom út Friðrekr biskup ok Þorvaldr 46 Koðransson, er kallaðr var enn víðförli. Þessu næst kom út annat skip, ok vóru þar á berserkir II ok hét Haukr hvárrtveggi; þeir

20 urðu úvinsælir af mönnum, þvíat þeir buðu mönnum nauðung til kvenna eðr fjár, ella buðu þeir hólmgöngu. Þeir grenjuðu sem hundar, ok bitu í skjaldarrendr, ok óðu eld brennanda berum fótum. Þeir biskup ok Þorvaldr fóru með nýjan sið, at bjóða mönnum aðra trú, en sú er hér var áðr. Þeir vóru at Giljá hinn

25 fyrsta vetr. Landsmenn stygðust við nýgervingum þessum, er þeir biskup fóru með. Koðran tók trú ok skírn í fyrsta lagi, ok kona hans. Ólafr at Haukagili var svá gamall, at hann lá í rekkju, ok drakk horn. Um haustið at vetrnóttum bauð Ólafr til sín vinum sínum, einkum Þorkatli mági sínum. Þeir biskup ok

30 Þorvaldr vóru þar. Vel at eins tók Þorkell þeim, ok lét þá vera eina saman í húsi, þvíat þeir höfðu annan sið. Enn fyrsta aptan veizlunnar var sén ferð berserkjanna, ok kvíddu menn mjök við þeim. Þorkell spurði biskup, ef hann vildi ráð til leggja, at berserkir þessir féngi bana. Biskup bað þá taka við trú, ok láta

skírast, en hann kvaðst mundu af ráða illmenni þessi, með yörum atgangi. Þorkell mælti: allt er þá nærr, ef þér sýnit mönnum jarteinir. Biskup mælti: látið gera elda III á gólfi í skálanum, ok svá var gert. Síðan vígði biskup eldana, ok mælti: nú skal skipa bekkina af mönnum þeim er beztir eru áræðis með stóra lurka, þvíat þá bita eigi járn, ok skal svá ber[j]ja þá til bana. Síðan gengu þeir nafnar inn, er þeir kvómu, ok óðu eldinn fyrsta ok svá annan, ok brunnu þá mjök, ok urðu nú furðuliga hræddir af eldshitanum, ok vildu þegar at bekkjunum. Síðan vóru þeir lamdir til bana, ok vóru færðir upp með gili því, er síðan heitir Haukagil. Biskup þóttist nú kominn til kaups við Þorkel, at hann tæki við trú, ok léti skírast. Þorkell kvaðst eigi vilja aðra trú hafa en þeir Þorsteinn Ingimundarson höfðu ok Þórir fóstri minn, þeir trúðu á þann, er sólina hefir skapat, ok öllum hlutum ræðr. Biskup svarar: þá sómu trú boða ek með þeirri grein, at trúa á einn guð, föður, son ok heilagan anda, ok láta skírast í vatni í hans nafni. Þat þótti Þorkatli mest af bregða er í vatni skyldi þvóst, ok kvaðst eigi nenna enn um sinn at hafa þessa breytni, en kvaðst þó hyggja, at sjá mundi góð; ok þessi skipan mun hér ok við gangast. Ólafr bóndi, mágr minn, er gamall, hann skal taka við þessi trú ok allir aðrir þeir er vilja, en ek mun enn bíða um tíma. Síðan var Ólafr skírör, ok andaðist í hvítaváðum, ok enn vóru skírðir fleiri menn at þeirri veizlu. Þorkell var skírör þá er kristni var lögtekin á Íslandi, ok allir Vatnsdælar. Þorkell var mikill höfðingi hann lét kirkju gera á bæ sínum, ok hélt vel trú sína.

47 Bræðr II bjuggu í Engihlíð í Langadal, Fostólfr ok Þróttólfr, þeir vóru miklir fyrir sér. Þeir tóku við manni til ásjá, ok vildu hann hafa í leynum meðan þeir færi til þings á Kili fram¹ frá Reykjavöllum, en þeir myndi lúka málum hans. Aðrir II bræðr bjuggu at Móbergi í Langadal ok hétu Húnröðr ok Úlfhéðinn, synir Vefre[y]ðar Ævarssonar² ens gamla. Úlfhéðinn var vin-

¹ AM. 138; skamt *Hds.*
vgl. Landn. III, 5.

² Einarssonar AM. 138 und *Hds.* unrichtig,

sælli þeirra bræðra. Þórólfr hét maðr, er kallaðr var leikgoði, hann var með þeim bræðrum. Úlfhéðinn var mikill vinr Hólmgöngu-Starra, ok þat segja menn, þá er Þórarinn illi skoraði á hann til hólmgöngu, at Úlfhéðinn fór með honum til hólmstefnunnar, ok
 5 í þeirri ferð gerði at þeim veðr illt, ok ætluðu þeir vera gerninga veðr. Bárðr hét maðr, ok var kallaðr styrfínn, hann fór með þeim. Þeir báðu hann aptra veðrit, þvíat hann var margkunnigr. Hann bað þá handkrækjast ok gera hring; síðan gékk hann andsælis þrysvar ok mælti írsku; hann bað þá já við kveða. Þeir gerðu
 10 svá. Síðan veifði hann gizka til fjalls, ok tók þá af veðrit. Þeir Þróttólfr ok Fostólfr fóru til þings, sem fyrr segir, en maðrinn var meðan í Þjófadal, ok vænti, at þá mundi minna fé goldit, ef hann færi eigi sjálfr. Þeir riðu ok til þings Húnröðr ok Þórólfr leikgoði. Hross hlupu frá þeim skamt frá Reykjavöllum ok leit-
 15 uðu víða, ok fundu eigi. Þeir sá mann skamt frá sér, ok hugðu vera illmenni, ok hann mundi tekit hafa hross þeirra, þeir fréttust ok eigi fyrir, ok hlupu þegar at honum ok drápu hann, riðu síðan til þings ok sögðu þeim bræðrum Þróttólfi ok Fostólfi; þeim líkaði stórilla, ok beiddu bóta fyrir, ok kvóðust sæzt hafa við frændr hins
 20 vegna ok grið tekit, ok síðan goldit fé fyrir hann. Húnröðr kvaðst ætla, at vera muni önnur fégjöld til skyldri, ok riðu við þat af þinginu. Þeir bræðr keyptu land á Kólkumýrum er í Holti heitir. Þorfinnr hét maðr, ok bjó á Breiðabólstað í Vatnsdal, frændi þeirra, hann átti ferð út á Skagaströnd, ok svá bar til at Úlfhéðinn fór út
 25 þangat, ok Þórólfr leikgoði með honum, ok er þeir kvómu til Breiðavaðs á¹ Blöndu, riðu þeir Þorfinnr ok bræðrnir, Fostólfr ok Þróttólfr seinna nokkut. Þeir Fostólfr kvóðu vel á komit at finna Úlfhéðin, þvíat þeir bræðr drápu mann okkarn í sumar, ok skal ríða eptir þeim. Eigi mun ek eptir ríða, kvað Þorfinnr, ok svá
 30 var. Síðan ríða þeir bræðr eptir í ákefð. Þetta sér Þórólfr leikgoði. [Þá] mælti hann: ríðum undan hart, hér fara þeir bræðr eptir okkr. Nei, kvað Úlfhéðinn, þat gerir ek eigi, þvíat þeir

¹ hjá, *Hds.*

kalla mik þá renna. Þórólfr hleypti út á ána, en þeir bræðr unnu á Úlfhéðni, ok lá hann þar eptir. Síðan riðu þeir bræðr aprtr, ok sögðu Þorfinni tíðindin. Hann kvað úmakliga gert við góðan dreng, ok fór hann heim í Vatnsdal. Úlfhéðinn var særðr til úlffis. Hún-
 røðr fór eptir honum, bróðir hans, ok flutti hann heim, ok bað ⁵
 hann Húnrøð bróður sinn sættast á mál þessi eptir sik, ok kvað
 eigi hefnda mundu auðit verða, því at ek minnumst nú á ferðina
 hina fyrri, ok veit ek þann engan sótt dauðan vorðit hafa, er í
 þeirri ferð vóru. Síðan andaðist Úlfhéðinn, en Húnrøðr lét úlkliga
 við sættinni, ok bjó málit til alþingis. Þorfinnr bauð sætt ok fé- ¹⁰
 bætr, en Húnrøðr kvaðst eigi vilja, nema sektir þeirra, ok svá varð,
 ok reið við þat af þingi. Þeir bræðr gerðu virki mikit í Holti á
 Kólkumýrum, ok varð Húnrøði torfellt at sækja þá. Skúmr hét
 lausungi einn, hann hafði aflat fjár, ok orðinn auðigr. Húnrøðr
 eyddi fyrir honum, ok fór hann utan, ok kom til Noregs, ok fór ¹⁵
 norðr í Þrandheim. Hann fékk þar stórfé ok dvaldist þar; kom
 auðigr í annan tíma. Húnrøðr eyddi öllum penningum sínum, ok
 svá þeim er Skúmr hafði átt, svá at hann varð nálíga¹ félauss.
 Hann fór á fund Þorkels Vatnsdælagoða ok sagði honum sín
 vandræði. Þorkell mælti: illt ráð hefir þú upp tekit, at taka eigi ²⁰
 bætr eptir bróður þinn, þar sem hann sagði þér svá fyrir, at þér
 mundi eigi annat hlýða, ok hefir þú nú hvártki fé né hefndir; en
 fyrir því, er þú hefir sótt mik heim at ráðum, þá mun ek fara til
 með þér, ok leita um sættir. Síðan hitti Þorkell þá bræðr, ok
 spurðu hvárt þeir vildu sættast við Húnrøð ef kostur væri; þeir létu ²⁵
 seinliga við, ok kvóðu honum nú eigi betra at sættast, en þá er
 honum var boðit. Þorkell mælti: nú skulu þit gera annathvært,
 at fara utan sem mælt var, ella mun ek engin ráð leggja til með
 yör. Þeir kvóðust hans orð mikils skyldu virða, ok viljum vit þik
 sízt í móti okkr hafa. Þeir fóru nú utan, ok kvómu í Þrandheim, ³⁰
 þá mælti Þróttólfr: eigi skiptir þat högum til, at Húnrøðr, góðr
 drengr, skal vera félauss vorðinn, ok hlotið þat mest af okkr, en

¹ ualigt *Hds.*

þræll hans Skámr skal vörðinn auðigr sem Njörðr. ¹ Síðan fóru þeir ok drápu hann, en tóku fé hans allt ok sendu Húnröði. Litlu síðarr kom Þróttólfr út, ok fór á fund Þorkels kröðu, ok bað hann fylgja at sætt þeirra Húnröðar. Þorkell kvað svá vera skyldu.

5 Hann ferr síðan á fund Húnröðar, ok með vitrleika sinum ok góðum vilja, þá sætti hann þá heilum sáttum, svá at hváirtveggja undu vel við hans ummæli. — Þorkell varð gamall maðr, ok þá er hann lá í banasótt sinni, stefndi hann til sín vinum sínum, frændum ok þingmönnum. Þorkell mælti þá: ek vil yðr kunnigt

10 gera, at ek hefir fengit sjúkdóm nokkurn, ok þikki mér líkligt, at hann muni skilja várar sam vistur, ok hafi þér vel hlítt minni forsjá, ok verit mér hlýðnir ok eptirlátir. Síðan bað hann virkta öllum sínum frændum ok virktavinum; bjóst Þorkell mjök kristiliga við sínum dauða, eptir því sem honum samdi, því at hann var vel

15 kristinn maðr, ok ræktaði vel trú sína. Eptir þat andaðist hann, ok var mjök harmdauði þingmönnum sínum ok öllum heraðsmönnum, þvíat hann þótti sem var, enn mesti heraðshöfðingi ok mikill giptumaðr, ok enn líkasti enum fyrrum Vatnsdælum, svá sem Þorsteini ok Ingimundi, ok bar Þorkell þat fyrir, at hann var rétt

20 trúaðr maðr, ok elskaðr sem sá, er framast elskaði sannan guð. Ok gerum vér þar enda á Vatnsdælasögu.

¹ So die anderen Hds.; in Hds. ist eine Lücke; AM. 138 giebt maðr, unrichtig.

HALLFREDAR SAGA



HALLFREÐAR SAGA

*k. unil.
houlhjet* Þorvaldr hét maðr ok var kallaðr skiljandi, hann bjó í eyggi Ylfi á Hálogalandi, hann átti konu þá er Þorgerðr hét ok var Hallfreðardóttir, Galti hét bróðir hennar, hann var ríkr maðr ok bjó í Sogni. Synir Þorvalds vóru þeir Óttarr ok Þorkell silfri ok var Þorkell laungetinn. Ingjaldr hét maðr, er þar bjó enn í eyggi, hans son hét Ávaldi. Óttarr var með Ingjaldi. Sokki hét víkingr einn mikill ok illr viðreignar, hann fór víða með hernaði ok var vinr Gunnhildarsona þvíat þeir vóru þá yfir Noregi, hann kom um nótt á bæ Þorvalds ok segir mönnum sínum at þar muni gott fang í hendr bera er auðigr maðr bjó fyrir, ok skulu vér bera eld at bænum, ok svá gera þeir. Þorvaldr gékk til dyra ok spyrr hvorr fyrir eldinum réði. Sokki sagði til sín. Hvers gjöldum vér at, segir Þorvaldr, ek man eigi mótgerðir mínar við þik. Sokki segir: ekki förum vér víkingar at því, viljum vér hafa líf þitt ok fé. Á því munu þér nú vald eiga at sinni, segir Þorvaldr. Nú sækja víkingar at bænum með eldi ok vápnum ok lýkr svá at Þorvaldr brann þar inni við XV. mann¹, en nokkurir kómust brott ór eldinum. Víkingar tóku fé þat allt er þeir máttu með komast. Sumt lið Sokka fór til bæjar Ingjalds ok lögðu þar eld í hús, hann gékk til dyra ok beiddi mönnum útgöngu, en þess var engi kostur.

¹ mñ Hds.

Þá gekk Ingjaldr at sveinunum Óttari ok Ávalda ok mælti: þat
 er líkast at liðin sé mín örlög, en gjarna vilda ek koma ykkur ór
 eldinum ok mætti þið njóta lengri forlaga, skal ek skjóta ykkur út
 um laundyrir ok væri ykkur nóg efni til seld at hefna þessa ef þit
 5 fengit nokkura uppreist. Þeir svara at vera mundi vilinn til,
 en eigi sjám við efni okkur til þess at svá búnu. Síðan var þeim
 skotið út um laundyrir einar ok kómust þeir með reyk í brott, ok
 hlaupa út á eyrna, en fyrir guý ok eldsgangi, ok þat er þeir vóru
 eigi feigir, þá komast þeir undan ok til eins bónda er þar bjó í
 10 eygni. Óttarr mælti þá: viltu flytja okkr til lands? bóndi kendi
 þá ok flutti þá til lands. Þar kómu þeir er sildferja var ok menn
 á norðan or Vágum, þeir sögðust vera fátækir sveinar, ok kómu
 sér þar í þjónostu. Þeir fara þar til er þeir koma suðr um Sognsæ,
 þá segja sveinarnir at þeir vilja þar inn í fjörðu, eigu vit hér
 15 frændr fyrir. Stýrimaðr mælti: þat skal nú sem þit vilit, eða
 munu þit hér eigi verr komnir en þar sem vér tókum ykkur, hafi þit
 vel þjónat ok munu þit brátt brugðnir við meira. Síðan skildu
 þeir. Síð dags kómu þeir til Galtá móðurbróður Óttars ok settust
 utarliga; Galti gekk at þeim ok spurði hverir þeir væri. Óttarr
 20 sagði satt til þeirra. Þá er skaplig kváma ykkar segir, Galti,
 ok gangit til sætis. Þar vóru þeir í góðu yfirlæti VII vetr eða
 VIII ok gerðust gerviligir menn. Þá var orrosta¹ á Fitjum er
 Hákon konungr féll en Gunnhildarsynir tóku ríki. Þat var einn
 dag er Galti mælti: svá virði ek, Óttarr! sem þú sér fyrir ykkur
 25 fóstbræðrum, ok vænti ek at þú verðir framkvæmdarmaðr, en nú
 er sú öld í Noregi at ek treystumst eigi at halda ykkur hér með mér.
 Nú vil ek fá ykkur kaupeyri ok skulu þit sigla vestr til Englands
 ok vita hvern veg þat vill takast. Óttarr kvaðst hans ráðum
 hlíta vilja. Selt hafði Galti jarðir þeirra, ok tekit fyrir lausafé.
 30 Nú fara þeir ór landi fóstbræðr, Óttarr ok Ávaldi, vestr til Eng-
 lands ok afa sér fjár; III vetr eðr IIII vóru þeir í siglingum til
 Englands ok áttu þá stórfé. Þeir fóru þá til Orkneyja ok vóru

¹ ottarr Hds.

þar vel metnir af góðum mönnum. Óttarr mælti þá til Ávalda: þat leikr mér í skapi at kaupa Íslandsfar ok ráðast þangat, en þó vilda ek at vit hefndim áðr feðra okkarra en vit losnaðim brott með öllu. Ávaldi bað hann fyrir sjá. Síðan keyptu þeir sér skip gott ok réðu þar menn til, ok sigla nú til Noregs, ok kómu í Sogn til Galta, ok sögðu honum sína ætlan. Galti segir: þat berr vel til, Sokki liggr héðan skamt í brott á einu skipi, ok sefr á landi um nætr í einu lopti; skal ek fá ykk mann þann er allt er kunnigt fyrir, ok Sokki mun sízt varast.

CAPITULUM

- 2 Nú fóru þeir frá skipi sínu, Óttarr ok Ávaldi ok sá maðr með þeim, er Steinn hét; þeir kómu síð um kveld at bæ þeim, er Sokki svaf at um nætr ok Sóti, bróðir hans; Steinn fór einn til bæjar ok kom sér brátt í tal við þá Sóta ok drakk með þeim um kveldit; ok er þeir géngu til svefns ok upp í loptið, þá gerði Steinn þeim Óttari vísbending. Þeir Sóti vóru VII saman í göngu ok kómu í loptið ok ætluðu at afklæðast; þá koma þeir Óttarr at, ok leggr hann þegar með sverði til Sokka neðan undir brynjuna ok svá upp í smáþarmana, ok fékk Sokki þegar bana. Ávaldi hjó með sverði til Sóta ok af honum báða þjónappana. Síðan hljópu þeir út allir ok létu myrkrit gæta sín. Þeir kómu til skips síns ok héldu þegar í haf ok féngu góðan byr, ok þótti þeirra ferð allskörulig orðit hafa. Gunnhildr spyr þetta, ok kvað þat mein at hon hafði eigi þá menn angum leitt, er vini hennar höfðu drepit ok skammt, en ek veit þó, segir hon, hverir gert hafa. Þeir Óttarr kómu í Blönduós fyrir norðan land, ok vóru þá numin lönd öll. Óttarr keypti land í Grímstungum í Vatnsdal at þeim manni er Einarr hét, ok gaf honum við kaupskipit. Óttarr gerði bú. Ávaldi var með Óttari hinn fyrsta vetr. Um vart keypti hann land at Knjúki í Vatnsdal; hann fékk þeirrar konu er Hildr hét dóttir Eyvindar sörkvis; dóttir þeirra hét Kolfinna, hon var væn kona ok oflátu mikill. Ólafr hét maðr er bjó at Haukagili, hann var auðigr maðr ok átti þá konu er Þórhalla hét ok var dóttir

Ævars ens gamla. Aldis hét dóttir þeirra ok var skörulig kona, hennar bað Óttarr ok fékk með miklu fé; son þeirra hét Hallfreðr en annarr Galti, dóttir þeirra hét Valgerðr ok var allra kvenna fríðust. Ólafr at Haukagili fóstraði Hallfreð, ok var hann vel
 5 haldinn þar. Hann var snemma mikill ok sterkr, karlmannligr ok skolbrúnn nokkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár ok fór vel, skáld var hann gott ok heldr níðskárr ok margbreytinn, ekki var hann vinsæll. Þorsteinn Ingimundarson var þá höfðingi í Vatnsdal, hann bjó at Hofi ok þótti mestr maðr þar í sveitum, hann var vinsæll
 10 ok mannhellamaðr mikill. Ingólfr ok Guðbrandr vóru synir hans. Ingólfr var vænstr maðr norðanlands; um hann var þetta kveðit:

Allar vildu meyjar
 með Ingólfi ganga
 15 þær er vaxnar vóru,
 vesöl er ek æ til lítil.
 Ek skal ok, kvað kerling,
 með Ingólfi ganga
 meðan mér tvær of tolla *hauve*
 20 tennr í efra gómi.

Hautboð var efnat í Grímstungum ok knattleikar. Ingólfr kom til leiks ok mart manna með honum neðan ór dalnum, veðr var gott ok sátu konur úti ok horfðu á leikinn. Valgerðr Óttarsdóttir sat upp í brekkuna frá ok konur hjá henni. Ingólfr var at leiknum ok fló knöttrinn upp þangat. Valgerðr tók knöttinn ok lét koma undir skikkju sína ok bað þann sækja er kastað hafði. Ingólfr hafði þá kastað; hann bað þá leika, en hann settist niðr hjá Valgerði ok talaði við hana allan þann dag.

AF INGÓLFI. CAPITULUM

Nú var slitið leiknum ok fóru menn heim þeir er eigi vóru í 3 boði. Síðan vandi Ingólfr kvámur sínar í Grímstungur til tals við Valgerði. Óttarr kom at máli við Ingólfr ok mælti: eigi gezt mér at kvámunum þínum, ok spurt máttu þat hafa at vér höfum eigi

setið um skapraunir eða skammir, muntu komast at ráðahag við hana ef þú vill. Hann kvaðst mundu ver[a] sjálfráði ferða sinna hvat sem Óttarr segði, kvað svá at eins skipaðan dalinn, at hann kvaðst eingis manns nauðarmaðr vera skulu. Síðan hitti Óttarr Þorstein ok bað hann halda svá son sinn at hann féngi 5
 enga úsæmd af honum, þvíat þú ert vitr maðr ok góðgjarn. Þorsteinn segir: víst gerir hann slíkt í móti mínum vilja, ok heita vil ek þér mínu umtali, ok skilja þeir við þat. Þorsteinn mælti til Ingólfs: annan hátt hafi þér en vér höfðum á unga aldri, gerit yör at ginnungum, er höfðingja efni erut; lát af tali við dóttur Óttars 10
 bónda. Ingólfr kvað við hans umtal batna skyldu ok lét þá af kvámum fyrst í stað. Síðan orti Ingólfr mansöngsdrápu um Valgerði. Óttarr reiddist því mjök, ferr enn at hitta Þorstein, ok kvað sér nú leitað mikillar skapraunar. Nú bið ek at þú lofir mér at stefna syni þínum, þvíat ek nenni eigi at kyrt sé. Þorsteinn segir: 15
 meðallagi er þat ráðligt, en eigi vil ek banna þér. Þá mælti Jökull bróðir Þorsteins, því at hann var þar hjá: heyr á endimi, þú mundir stefna oss frændum hér í sveit, skaltu fá úfagnat. Jökull bjó uppi í Tungu í Vatnsdal. Þorsteinn sýndi enn góðvild sína ok setti menn til með þeim á Húnavatnsþingi en bauð handsöl 20
 fyrir son sinn. Þorsteinn bað þess at Óttarr yndi því at hann dæmdi um drápumálit ok þat er milli þeirra var; þessa fýstu menn Óttarr, ok varð þat at sættum at Þorsteinn skyldi einn gera. Síðan mælti Þorsteinn: skjót eru hér mín ummæli, mun ek sjá fyrir hváruntveggjum hversu sem ykk líkar; ek geri hált C silfrs 25
 handa til Óttari, en hann skal selja jarðir sínar ok ráðast í brott ór þessi sveit. Óttarr kvaðst eigi vara at honum mundi slíkr újafnaðr gerr vera. Þorsteinn kvaðst eigi síðr fyrir hans hlut sét hafa við skaplyndi hvárratveggju, ok eptir þat réðst Óttarr suðr í Norðrárdal ok bjó fyrst á Óttarsstöðum. Þá var Hallfreðr son 30
 hans nærr XX manni, hann lagði hug á Kolfinnu Ávaldadóttur en Ávalda var lítið um þat ok vildi gipta honum dóttur sína, en Hallfreðr vildi eigi kvænast. Ávaldi ferr at hitta Má vin sinn er bjó á Máststöðum ok sagði honum til vandræða sinna; hann segir: hér

mun fást ráð til, ek skal fá mann til at biðja hennar. Maðr heitir Gríss ok er Sæmingsson, hann er vinr minn ok býr at Geitaskarði í Langadal, hafði hann verit út allt í Miklagarð ok fengit þar miklar sæmdir, hann er auðigr maðr ok vinsæll.

5

GIPT KOLFINNA

Nú sendi Már orð Grísi ok kemr hann á Músstaði. Már 4
mælti: ráð hefi ek hugat fyrir þér, þú skalt biðja Kolfinnu dóttur Ávalda, þar skortir eigi fé ok er hon kostr góðr, en mér er sagt
10 at Hallfreðr Óttarrsson eigi tal við hana jafnan. Þetta var áðr en Óttarr fór norðan. Nú koma þeir Már ok Gríss til Ávalda ok voru VII saman, þeir settu úti spjót sín. Gríss átti gullrekit spjót; nú sátu þeir at málunum ok fylgði Már fyrir hönd Gríss. Ávaldi
15 kvað Mús forsja á skyldu vera ef yðr lízt svá ok mun yðr eigi frá vísat, ok í þat mund kómu þeir Hallfreðr ok förunautar hans ok sá spjótin. Hallfreðr mælti: komnir munu hér menn nokkurir um langan veg, ok gættu hesta okkarra, en ek mun fara til dyngju Kolfinnu, ok svá gerir hann; hann settist hjá henni, ok spurði
20 hvat komit væri, en eingi þekt mun mér á þeim vera, þvíat þeir munu biðja þín, ok trúi ek, at þat man eigi vel verða. Kolfinna segir: láttu þá fyrir því sjá er ráða eigu. Hann segir: finn ek at þér þikkir nú þegar biðill þinn betri en ek. Hallfreðr setti hana í kné sér út hjá dyngjuvegginum ok talaði svá við hana at allir sá þeir er út géngu; hann sveigir hana at sér ok verða þá
25 einstaka kossar. Nú koma þeir Gríss út; hann mælti: hverir eru þessir menn, er hér sitja á dyngjuvegginum ok látast svá kunnliga við? Gríss var heldr úskygn ok súreygr. Ávaldi segir: Hallfreðr er þar ok Kolfinna dóttir mín. Gríss mælti: er þetta vandi þeirra? Opt berr svá til, kvað Ávaldi, en þú verðr nú þetta
30 vandræði af at ráða er hon er þín festarkona. Gríss segir: auðsætt er þat at við mik vill hann nú illt eiga, ok er slíkt til hræsni gert. Nú ganga þeir Gríss til hesta sinna. Þá mælti Hallfreðr: vita skaltu þat, Gríss, at þú skalt fjándskap minn hafa ef þú ætlar þér þenna ráðahag. Már mælti: engis munu þín

mælt

efirgign

þetta er
þetta er

orð metin, Hallfreðr, um þetta mál, ok mun Ávaldi eiga ráð dóttur sinnar. Þá kvað Hallfreðr vísu:

Svá nökkvi verðr sökknvis
sannarg's trogá margra
ægilig fyrir ¹ augum
allheiðins mér reiði,
sem úljtill úti
alls ² mest við för gesta,
stæri ek brag fyrir brúði,
búrhundur gamall stúri.

saman, allheitinn
trogá sökknvis

5

Ok hirði ek [eigi], Blót-Már, segir Hallfreðr, hvat er þú leggr til. Már sagði ef hann fimtaði hann, at hann skyldi hart í móti taka. Hallfreðr kvaðst ráða mundu orðum sínum. Hann kvað þá vísu:

Ráða rækimeiðar
randaliðs at biðja,
ótti, eingadóttur
Ávalds, er þat skáldi;
sið mun surts um beiða, ³
svá gæta menn til hennar,
kvánar [þyrr af kyrrri ⁴
Kolfinnu mér renna.

a

10

15

20

Hallfreðr reið þá í brott ok var reiðr. Már mælti þá: riðum eptir þeim, ok svá gera þeir, ok vóru IX saman, fékk Ávaldi þeim II menn. Ólaf fóstur Hallfreðar grunaði um ferð þeirra Gríss ok Mús, hann sendir þegar eptir Óttari, ok er þeir finnast, segir Ólafr honum at Hallfreðr mun manna þurfa. Nú er at segja frá Hallfreði, at þeir ríða II undan en IX eptir. Hallfreðr sér eptirreiðina ok mælti: rennum eigi lengra undan. Þeir vóru þá komnir hjá holti einu; þjuggust þeir þar við ok brutu upp grjótt. Nú koma þeir Gríss at ok sækja at þeim, en þeir verjast alldrengiliga, en þó kom þar sem mælt er, at ekki má við margnum, ok verða þeir

¹ Flatb.; þess Hds. ² Flatb.; ills, Hds. ³ Conjectur; biða Hds.
und Flatb. ⁴ Flatb. [kyrr at kyrrri Hds.

Hallfreðr handteknir ok bundnir báðir. Þá mælti Gríss: menn ríða hér at oss ok eru eigi færi en XXX, ok má vera at sigrinn verði skammær. Þeir Gríss snéru apr, ok riðu þá undan hart ok yfir ána, ok var þar götuskarð í bakka ok vígi gott, þar nema þeir staðar. Þá koma þeir Óttarr at ánni. Gríss kvaddi Óttarr ok spurði, hvat hann vildi. Óttarr mælti: hvar er Hallfreðr frændi minn? Gríss segir: hann er bundinn en eigi drepinu hjá holti því er vér fundumst. Óttarr segir: úvirðuliga hafi þér við hann búið, eða viltu unna mér eindæmis fyrir þetta? Gríss kvaðst hans orð mikils virða skyldu, ok at því sættust þeir ok skildu við svá búið. Óttarr ríðr nú apr á veg, ok finnr Hallfreð ok leysir þá féлага. Óttarr mælti: eigi er ferð þessi virðulig orðin, frændi. Hallfreðr kvað eigi lofa mega, ok eigi hirði ek, faðir, hversu þú gerir gerð þessa, ef Gríss á eigi Kolfinnu. Óttarr segir: Gríss skal konu eiga, alls hann trúir mér til, en þú, frændi, skalt fara utan ok leita þér meiri sæmdar. Hallfreðr segir: hvern mun mér þá trúr ef faðirinn bregðst. Nú skal þat fyrri at hendi berast at ek bjóða Grísi hólmgöngu þegar ek sé hann. Nú ríðr Óttarr heim en Hallfreðr til Haukagils. Ólafi þótti illa orðit hafa, ok þótti Hallfreðr útrúgligr at halda sættir, ok sendi orð Óttari at honum leitzt vandræðalíkligt. Þá kómu orð til Hallfreðar at faðir hans væri sjúkr ok kvaðst vilja finna hann ok gera skipan sína. Hallfreðr kom, ok þegar lét Óttarr taka hann ok fjötra, eru nú II kostir, annathvært at sitja í fjötrum, eða láta mik einn ráða fyrir þína hönd. Hallfreðr segir: eigi hefir þú þó í tveim höndum við mik, en heldr muntu ráða en ek sitja hér í fjötrum. Þá var fjötrinn af Hallfreði látinn. Már hafði inni boð þeirra Gríss ok Kolfinnu, ok fór hon til bús með Grísi út til Geitaskarðs; ekki voru miklar ástir af hennar hendi við Grís. Ólafr at Haukagili fýsti mjök Hallfreð frænda sinn utan at fara; skal ek fá þér fé svá at þú megir vel fara með góðum mönnum. Faðir hans fýsti hann mjök utan at fara. Óttarr lauk upp gerð með þeim Grís ok gerði C silfrs Hallfreði til handa. Hallfreðr vildi þat eigi hafa ok mælti svá: sé ek elsku þína við mik, faðir, munu þér þessu ráða, en

svá segir mér hugr um at vár vandræði verði löng. Þá fór Óttarr einum vetri síðarr suðr til Nórðrárdals.

CAPITULUM

5 Þetta sumar ferr Hallfreðr suðr til Hvítár, ok er hann kom 5
til skips kvað hann visu:

4.

Fúss em ek enn þótt ossu
áföll drepi stáli,
mjök skýtr mörnar vakri,
minnast við Kolfinnu,
þvíat¹ álgrundar endist
áttgóðrar mér trúðu,
(betr unnum nú nytja²)
nærr³ (en heitið³ væri.)

10

{ 3. 2. 1. 1 }
2

Hallfreðr fór utan ok til Noregs, hann sótti á fund Hákonar jarls 15
ens ríka er þá réð Noregi, gékk fyrir hann ok kvaddi hann. Jarl
spurði hvern hann væri, hann kveðst vera íslenzkr maðr, en erindi
[mitt] er þat, herra, at ek hefi kvæði ort um yðr, ok vilda ek
hljóð fá. Jarl segir: líkligr ertu til at vera höfðingjadjarfr
maðr, þann veg ertu í bragði, ok skaltu víst hljóð fá. Hallfreðr
kvað kvæðit, ok var þat drápa, ok flutti vel ok sköruliga. Jarl
þakkaði honum ok gaf honum exi mikla silfrekna ok góð klæði,
ok bauð honum með sér at vera um vetrinn, ok þá Hallfreðr þat.
Um sumarit ferr Hallfreðr til Íslands, ok kemr fyrir sunnan land ok
hafði þá mikit fé; síðan var hann í förum nökkura vetr ok var 25
aldri fyrir norðan land. Ok eitt sumar er hann kom af Íslandi, þá
lágu þeir við Agðanes, þar hitta þeir menn at máli ok spurðu
tíðinda; þeim var sagt at höfðingjaskipti var orðit í Noregi, var
Hákon jarl dauðr en Ólafr Tryggvason kominn í staðinn með
nýjum síð ok boðorðum. Þá urðu skiparar á þat sáttir, at slá í 30
heit, ok skyldi gefa Frey fé mikit ef þeim gæfi til Svíþjóðar, en
þór eða Óðni ef til Íslands kæmi, en ef þeim gæfi eigi í brott þá

kech eys
höfðing

ein
gelista
verreth

¹ þóat Flatb.² nýtri, Flatb.³ sem heitin, Flatb.

skyldi konungr ráða. Þeim gaf aldri í brott ok urðu at sigla inn til Þrándheims, ok kómu við höfn þá er á Flagða hét, þar lágu fyrir mörg langskip. Veðr gerði mikit um nóttina af hafi svá at eigi hrifu akkerin við; þá mælti einn af langskipamönnum: þessir 5 menn eru illa staddir á kaupskipinu ok mun þeim eigi duga, er veðrit stendr þar á sem þeir liggja, ok skulu vér róa til þeirra. Þeir géngu á skip XXX manna ok sat einn í stafni, ok er þeir kómu til kaupskipsins, mælti sá er í stafninum sat: þér erut illa komnir, ok er hér úhreint fyrir, ok skulu vér greiða ferð yðra. 10 Sjá var mikill vexti. Hallfreðr mælti: hvat heitir þú? hann segir: ek heiti Akkerisfrakki. — Ok er þeir töluðust þetta við þá gékk í sundr akkerisstrengrinn, en sá er í stafninum sat kastaði sér þegar fyrir borð ok kafaði eptir strengnum í storminum ok náði þegar; var þá upp dregit akkerit. Þá kvað Hallfreðr 15 stöku þessa:

Færum festar várar,
ferr sjóreka at knerri,
svörð tekr heldr at herða,
hvar er Akkerisfrakki?

nautil 20 Ólpumaðr segir:

Enn í ólpu grænni
ek fæ dreng til strengjar
þann er hnakkmiða hnykkir,
hér er Akkerisfrakki.

- 3 Um várít vill Leifr í hernað en Ingólfr latti þess ok sagði þeim vera mál at setjast um kyrt at búum sínum, ok muntu muna heitstrengingar þær er fram fóru. Leifr svarar: þú ræðr fóstbróðir þínum ferðum, en fara mun ek; held ek skjótt undan ef úfriðligt er. Ingólfr kvað hann slíku mundu ráða. Skilja þeir nú við þetta; ferr Leifr í hernað, ok fundust þeir jarlssynir Hersteinn ok Hólmsteinn við Hísargafi, ¹ þeir leggja at Leifi þegar ok slær þar þegar í bardaga; hafði Leifr III skip en þeir bræðr

¹ So Lndn. I, 4; Hysnargafi *Hds.*

VI skip; vinna þeir nú skjótt skip af Leifi. Af stundu sjá þeir at sigla at þeim V skip, stendr maðr á mesta skipinu við siglu, mikill ok fríðr, í grænum kyrtli ok hafði gyldan hjálm á höfði, ok mælti: við mikiun liðsmun áttu nú at etja, frændi, ok mun þat drengi-
 5 ligra at veita þér lið, Leifr frændi. Þar var kominn Ölmóðr enn gamli Hörða-Kárason. Hann berst þá með Leifi ok verða þau orrustulok at Hersteinn fellr en Hólmsteinn verðr sárr ok flýr. Ölmóðr mælti þá: far þú heim með mér eptir stórvirki þessi. Leifr mælti: skamt er heim í Fjörðu, ok hefir þú mikit lið ok gott mér
 10 veitt, frændi, vilda ek gjarna þú færir heim með mér. Eptir þetta skildu þeir, ok heldr Leifr til móts við Ingólf ok sagði honum allt hversu farit hafði. Ingólfr segir mikit vera at vorðit, ok biðr þá báða saman vera, ok svá gerðu þeir, ok héldu fjölment um vetrinn. Þann sama vetr fór Hólmsteinn at þeim Ingólfi ok Leifi, ok vildi
 15 hann drepa þá, en þeir féngu njósnir af ferð hans ok fóru í móti honum ok varð þá enn orrosta mikil, féll þar Hólmsteinn. Eptir þat dreif lið at þeim fóstbræðrum, vinir þeirra ok frændr ór Firðafylki; vóru þá sendir menn til Hallsteins, ok bjóða sættir, með því móti, at þeir vilja leggja undir dóm Hallsteins, sagðist Ingólfr
 20 honum vel trúa til réttðæmis ok bað hann muna heitstrenging sína. Hallsteinn kvað nú mikit at vorðit ok er nú mikill vandi í at dæma þetta mál, ok hefr svá sína ræðu: Hersteinn bróðir minn lízt mér sem unnit hafi til úhelgi sér, ok vil ek eigi fé fyrir hann dæma né mannsektir, en Hólmsteinn fór til hefnda eptir bróður
 25 sinn, ok því dæmi ek fyrir dráp hans fallnar eignir ykkrar ok báða ykk burtu héðan ór Firðafylki áðr þrír vetr eru liðnir, ella falli þit úhelgir. Slíks var at ván, sagði Ingólfr. Síðan bjuggust þeir bræðr út til Íslands sem segir í Landnámabók. Við Ingólf er kendr Ingólfshöfði sunnanlands, ok lýkr þar nú þeirra við-
 30 skiptum.

Eptir fall Atla jarls mjófa safnaði liði Sigurðr jarl son 4 Hákonar gamla með ráði Haralds konungs ens hárfagra ok vildi drepa Hallstein. Við þetta stökk Hallsteinn undan, ok út til Íslands, fyrir þessum úfriði, sem þá gerðu margir gildir menn, at

þeir flýðu óðul sín fyrir ofriki Haralds konungs ok unnu áðr stórvirki nokkur. Hallsteinn skaut setstokkum fyrir borð í hafi til heilla sér eptir fornum sið. Þeim sveif á land þar sem síðan heitir Stokkseyrr, en skipit kom í Hallsteinssund fyrir austan Stokkseyri ok braut þar. [Setstokkarnir kómu fyrir dyrr á Stálfjöru fram frá Stokkseyri.¹ Víða höfðu menn þá land numit. Hallsteinn nam land milli Rauðár ok Ölfusár upp allt til Fúlalækjar² Breiðamýri alla upp at Holtum ok bjó at Stjörnusteinum. Hallsteinn átti þóru Ölvisdóttur; Atli ok Ölvir vóru synir þeirra. Hallsteinssund er fyrir austan Stokkseyri þar sem braut skip Hallsteins.³ Öllum mönnum þótti mikils vert um Hallstein, sagðist hann skyldu hér í lendast; var mönnum mikil ófusa á því þeim er í nánd honum vóru, ok þótti mikill höfuburðr at honum sakir ættar hans, varð Hallsteinn mikilmenni ok andaðist hann í elli sinni; ok eptir andlát hans skiptu þeir bræðr með sér erfðum, bjó Ölvir at Stjörnusteinum, þat heita nú Ölvistóptir; hafði Atli í móti allt landnám milli Rauðár ok Ölvusár, Traðarholt ok Baugsstaði. Ölvir andaðist ungr; tók Atli þá allan arf eptir hann ok gerðist mikilhæfr maðr. Þræll hans hét Brattr, hann var honum hollr í sýslu sinni; honum gaf Atli frelsi, hann bjó í Brattsholti; slíkt sama gerði hann við annan er Leiðólfr hét, hann bjó á Leiðólfsstöðum. Þeir vóru mikilhæfir menn ok vel vingaðir ok hollir mjök Atla.

5 Hallsteinnⁿ hét maðr, hann fór ór Sogni til Íslands, hann var mágr Hallsteins Atlasonar, honum gaf hann enn ytra hlut Eyrarbakka, hann bjó á Framnesi, hans son var Þorsteinn er veginn var at fauskagreptri⁴, hans son var Þorbjörn er bjó á Framnesi. Í þenna tíma kom út Loptr son Orms Fróðasonar. — Nú er at segja frá Atla at hann var ríkr maðr ok hlutdeilinn ok líkr í mörgu lagi frændum sínum. — Loptr fór af Gaulum til Íslands ungr at aldri ok nam land á milli Þjórsár ok Rauðár upp til Skúflækjar, Breiða-

¹ [fehlt in AM. 515. ² Fyllarlækjar Lndn. V, 9. ³ en setstokkar hans kómu á Stallfjöru, ok vóru hafðir fyrir dyrribranda á Stokkseyri, fügt zu AM. 515. ⁴ So Lndn. V, 9; fálkagreptri *Hds. unrichtig.*

mýri upp til Stúluholts, ok bjó í Gaulverjabæ ok Oddný móðir hans dóttir Þorbjarnar ens gaulverska. Loptr fór utan et þriðja hvert sumar fyrir hönd þeirra Flosa beggja móðurbróður síns, at blóta at hofi því er Þorbjörn móðurfaðir hans hafði varðveitt at
 5 Gaulum. Frá Lopti er mart stórmenni komit. Þá kom út Þorviðr¹ bróðir hans af Vörs. Loptr gaf honum land á Breiðamýri ok bjó hann í Ossabæ. Hans börn vóru þau Hrafn ok Hallveig. Þessir menn vóru nú allir samtíða.

Flosi Þorbjarnarson móðurbróðir Eyra - Lopts drap þrjá⁶
 10 sýslumenn fyrir Haraldi konungi hárfagra ok fór eptir þat til Íslands; hann nam land fyrir austan Þjórsá, Rangárvöllu alla ena eystri austr frá Rangá, hans dóttir var Ásný,² móðir Þuríðar, er átti Valla-Brandr; son þeirra var [Flosi, faðir Kolbeins, föður Guðrúnar³, móður Lopts prests, föður Jóns, föður Sæmundar, föður
 15 Margrétar, móður Brands, föður Kálfs. — Özurr hét maðr hinn hvíti son Þorleifs or Sogni. Özurr vá víg í véum á Upplöndum þá er hann var í brúðferð með Sigurði hrisa; fyrir þat varð hann landflótti til Íslands, ok nam fyrst öll Holtalönd á milli Þjórsár ok Hraunslækjar; þá var hann XV vetra, er hann vá vígit; hann
 20 fékk Hallveigar dóttur Þorviðar; þeirra son var Þorgrímr kambi, hann var faðir Özurar, föður Þorbjarnar, föður Þórarins, föður Gríms Jórusonar⁴. Özurr bjó í Kampholti, hann andaðist þá er Þorgrímr var ungr, þá tók við fjárvarðveizlu Rafn móðurbróðir hans. Böðvarr hét maðr, hann var leysingi Özurar, hann bjó á
 25 Böðvarsstöðum við Víðiskóg; honum gaf Özurr hlut nokkurn í skóginum, mælti svá fyrir, at hann skildi sér skóginn ef misdaði þeirra yrði ok ætti Böðvarr öngan erfingja eptir. Örn hét maðr, hann bjó í Vælugerði, hann átti Þorgerði Baugsdóttur systur Ste[i]na snjalla í Snjallshöfða. Erni varð vant um haustið LX
 30 geldinga, ok hefir eigi góðan róm á Böðvari, ok berr á brýn

¹ So Lndn. V, 8; vgl. cap. 6. Þormóðr Hds. ² So Lndn V, 7; Þórunn Hds.

³ emendirt nach Lndn. V, 7; [Kolbeinn faðir Þórunnar, Hds.

⁴ Tófusonar, Lndn. V, 10.

honum, at hann muni tekit hafa. Böðvarr duldi þess ok unni honum üngra bóta fyrir, þóttist sitja í trausti ríkra manna, er Rafn var þorviðarson, frændi Eyrar-Lopts. Um vart stefnir Örn Böðvari um stuld; þikkist Böðvarr sér nú eigi einhlítr um varnir málsins, ok sækir at Atla Hallsteinsson, þvíat hann var honum 5 nærr en Rafn, ok tjár honum málit. Atli segir at eigi sé örvænt at menn finni gagnsakir í máli Arnar. Eptir þat tók Atli við öllu fé Böðvars með handsölum; stendr nú svá til þings. Á þingi er mál búit til sóknar á hendr Böðvari, ok kom málit í dóm. Þá gékk at dómum Atli með fjölmenni ok bað Örn fella niðr málit, elligar 10 mun ek únýta þat fyrir þér. Örn kvaðst ætla at eigi mundi únýtt verða nema með ofríki; má vera, segir Örn, at torsótt verði at eiga við jarlborna menn sem þú ert, Atli; hygg ek meirr eyðir þú málit fyrir féginum þína en réttindi, sem frændr þínir hafa gert. Við þessi orð varð Atli reiðr mjök, ok eyðir málit fyrir Erni, ok 15 hrekr hann sem mest af málinu.

7 Litlu síðarr andast Böðvarr. Eptir andlát hans kallaði Rafn til Víðiskógsins fyrir hönd þorgríms kampa, ok bannar Atla afneyzlu skógarins, ok sagði honum máldaga þeirra Özurar ok Böðvars ok leiddi vitni um. Atli kvaðst ætla at láta eigi sitt fyrir 20 Rafni, kvað hann lítt minnast á þat er faðir hans gaf honum sitt land. Rafn kvað þat fyrir löngu aptr bætt, ok kvaðst vilja hafa sitt. Atli varnaði honum skógarins, ok skildu at því. Einhvern dag býr Atli ferð sína til Víðiskógar; Leiðólfr leysingi hans var í ferð með honum ok húskarlar tveir; þeir hjuggu skóginn. Þat 25 er sagt at sauðamaðr Rafns hafði gengit at fé um daginn, hann getr at líta hvar þeir eru í skóginum; hann hleypr heim sem skjótast, ok segir Rafni at Atli mun nú hafa nytjar af skóginum slíkar sem honum sýnist, höggva þeir þar sem beztr er skógrinn, ok er þat at vánum, at ekki hafir þú þrek við jarlbörnum mönnum. 30 Rafn varð mjök reiðr við þessu sögu, ok býr ferð sína þegar ok ferr við enn átta mann þar til er þeir kvómu í dal þann er síðan er kallaðr Orrustudalr, ok þar finnast þeir Atli. Þá mælti Atli: við liðsmun viltu nú etja, Rafn. Þat skal fyrirfurða um burðamuni,

segir Rafn. Þegar slær í bardaga með þeim, ok sækjast þeir Atli ok Rafn, ok verða þeirra viðskipti harðfeng. Leiðólfr verst ok vel, ok vill nú launa frelsisgjöfina ¹, ok um síðir vill hann flýja ok féll hann þá ok hafði þó mann fyrir sik. Atli drap einn húskarl
 5 Rafns ok sótti Rafn hann þó; tveir féllu menn Rafns en [Atli] var þá særðr til úlffis.

Önundr ² bíldr hét maðr ok var landnámsmaðr, hann nam ⁸ land fyrir austan Hróarslæk ok bjó í Önundarholti, hann átti þorgerði dóttur Sigmundar Sighvats sonar rauða. Sigmundur var
 10 faðir Marðar gígju. Önundr ³ kom nú at skilja þá Atla ok Rafn, ok fylgði Atla heim ok bað hann til sín fara, ok skal ek veita þér öll hægindi. Atli kvað þat vel boðit, en heim kvaðst hann vilja í Traðarholt, ok lét eigi örvænt, at þat fylgði nafni, at hann dæi af sárum sem Atli jarl föðurfaðir hans. Þórðr hét son Atla,
 15 hann var IX vetra er þetta var tíðinda. Atli heimti hann til sín, ok kvaðst ætla, at hann mundi af sárum deyja; áttu, segir hann, allt fé eptir mik, ok ef þú ert þínum frændum líkr, þá muntu hefna föður þíns, ok svá segir mér hugr um at þú munir verða mikill fyrir þér ok þínir ættmenn. Eptir þat andaðist Atli heima í Traðar-
 20 holti, ok var hann heygðr sem þá var síðvenja til. Þórðr tók við fé öllu ok ráðum eptir föður sinn; hann var fríðr sýnum; bráð-þroskaðr ok mikill fyrir sér. Ölvir hét son Atla annarr ok kallaðr Ölvir mjófi. Þeir bræðr voru úskaplíkir. Þórðr varðveitti bú í Traðarholti, en Ölvir réðst í kaupferðir þegar á unga aldri
 25 ok var áburðarmaðr mikill; síðan réðst hann í hernað, ok var hinn mesti víkingr. At lyktum settist hann at búum í Sogni ok kom aldri til Íslands. Þá réð fyrir Noregi Eirekr blóðöx.

Þá var Þórðr XV vetra gamall er hann hugsar um föður-
 9 hefndir. Rafn var garpr mikill en Þórðr þóttist ungr. Svá er
 30 sagt eitthvert sinn, at Þórðr frétti at Rafn var riðinn út í Einarshöfn til skips, ok var einn í reið ok ætlaði heim um kveldit. Rafn

¹ ,Membr. lifgjöfina seð þræve, 'Árni Magnússon *am Rande*. ² u. ³ ,Amdr' Árni Magnússon *am Rande*.

var í blárri kápu ok gyrör sverði ok hafði spjót mikit í hendi ok gullrekin á falriun. Þeir feðgar höfðu átt spjót þat; hann hafði eigi við bardaga búizt. Þórör sitr fyrir Rafni [hjá Haugavaði ¹ ofan frá Traðarholti einn samt; hann hafði spjót í hendi, ok vill nú annathvært hefna föður síns eör fá bana. Ok um kveldit er 5 Rafn ríör heim, hljöp Þórör at honum úvörum ok lagði á honum spjótinu. Rafn féll af baki, ok skildi Þórör við hann dauðan, ok er þær haugr hans fyrir austan götuna, en fyrir vestan er Atla haugr ok Ölvishaugr ok Hallsteinshaugr. Þórör ferr nú heim ok þikkir hann vaxit hafa af þessu verki. Síðan er leitað um sættir 10 við Þórð af mágum Rafns ok frændum. Þórör kvaðst þat mundu sýna, at hann er eingi újafnaðarmaör, en kvað sik nauðsyn til reka at hefna föður síns, kvað þat skyldu sína sætt, at í faðma féllist allt þat er í hafði gerzt. Þessi sætt játtuðu frændr Rafns, því þeim þótti þetta eingi újafnaör, ok sættust heilum sáttum. Þórör 15 gerðist ágætr maör; hann fékk Þórunnar dóttur Ásgeirs austmannaskelfis; var hann af því svá kallaör, at hann drap skipshöfn í Grímsárosi, fyrir þat er hann var áör ræntr af þeim. Ásgeirr var hit mesta mikilmenni. Þórunn var ok skörungr mikill. Þórör eignaðist skóg þann er þeir höfðu deilt um. Þá er Þórör hafði II 20 vetr ok XX, þá keypti hann skip í Knarrarsundi, ok vildi utan fara ok heimta erföir sínar þær er frændr hans höfðu átt í Sogni, ok konungr hélt, ok kvað Þórunni fara skyldu, en hon kvaðst vilja eptir vera ok kvað þat ráóligra. Þórör reiddist við þessi orð ok tók mikit fé er hann átti ok fal í jörðu. Þórunn mælti þá: þat 25 máttu gera at fela féit, en svá segir mér hugr um, at litlar nytjar munir þú hafa fjár þess, er þú átt í Noregi ok svá hér. Síðan tók hon við öllum eignum þeirra.

10 Þorgils hét son þeirra, hann var tvævetr er Þórör fór utan. Þat skip hvarf ok spurðist ekki til síðan, ok vetri síðarr kom út 30 Þorgrímr örrabeinn í Knarrarsundi, ² hann var Þormóðarson; hans

¹ So Lndn. V, 10; [í Hagavági *Hds. unrichtig.*
Bjarnarsundi *Hds.* (sieh Zeile 21)

² So Lndn. V, 10;

móðir var þuríðr Ketilbjarnardóttir at Mosfelli. Þorgrímr var hraustmenni mikit; hann var í Traðarholti um vetrinn með Þórunni, ok var henni hit mesta traust at honum, ok líkaði henni vel við hann ok bað hann með sér dveljast ok ráða sjálfan kaup; hann
 5 kvaðst þat vilja ok mælti til samfara við hana, kvaðst elligar eigi þar vera mundu hjá henni nema hon giptist honum; hon hugsar þetta með ráði vina sinna ok frænda; þat var ¹ þrem vetrum síðarr, þvíat hon vildi reynast hugum við hann ok skap sitt. Þá er III vetr vóru liðnir fékk hann Þórunnar, ok vóru samfarar góðar
 10 þeirra í milli. Þorgrímr þótti enn mesti garpr ok heldr údæll, hafði hann verit víkingr, ok víða af því örrótt, ok af því var hann kallaðr örrabeinn, en Þorgils stjúpson hans var kallaðr örrabeinsstjúpr. Þorgrímr var góðr forstjóri heraðsins, hann var vel til Þórunnar ok sonar hennar Þorgils. Þar stóð mikit fé saman er þau
 15 áttu öll. — Þat er sagt eitt sumar, er menn kvómu til mannamóts í fjörbaugsgarð til Lóna. ² Þá var Þorgils fimm vetra er hann fór þangat, ok vildi vera at sveinaleik; markar sér völl ok kvaðst vilja at vera. Sveinar sögðust hafa sammælt á, at sá einn skyldi at leikum vera, er nokkru kvikindi hefði at bana vorðit; réðst
 20 Þorgils þá frá leiknum, ok þótti þó illa, er hann var fráskila gerr. Um kveldit fara menn heim. Þorgrímr var at öllu fé auðigr, hann átti mart kvikfé, bæði sauði ok naut. Einn hestr hét Illingr, er hann átti, þat var klárr úkostigr; ok er menn vóru sofnaðir um nóttina, þá vakir Þorgils, ok ihugar sitt mál, ok vildi eigi optarr
 25 or leiknum gerr vera; hann stóð upp ok tekr sér beils ³ ok gékk út síðan ok sá hross hjá garði; hann snýst þangat til ok tekr hestinn Illing ok leiðir til húss nökkurs, síðan tekr hann spjót í hönd sér ok gengr at hestinum ok rekr spjótöð í kviðinn ok fellr hann dauðr niðr. Þorgils legst niðr síðan. Um morguninn er
 30 möðnum var til verks skipat, bað Þorgrímr heim reka Illing, en

¹ Hier scheinen einige Wörter ausgefallen zu sein. ² So hat es ohne Zweifel auch in der Membrane gestanden; viele von den Abschritten haben dies fälschlich in Jóns oder Leika umgeändert. ³ So hat in der Membrane gestanden; sieh Seite 62

hann fanst eigi; var Þorgrími sagt þetta, hann kvað hestinn þar verit hafa um kveldit ok það enn leita; fara þeir ok finna dauðan hestinn, segja Þorgrími, hann kvaðst eigi sjá mann til þess at girnast at eiga illt við hann. Þorgils svarar: ek veldr því at hestrinn er dauðr. Þorgrímr spurði hví hann gerði þat. Þorgils sagði 5 hver sök til var. Ekki munum vit eiga skap saman, segir Þorgrímr; far þú nú til Lopts vinar þíns, því[at] eigi verðum vit samlyndir.

- 11 Eptir þat fór Þorgils í brott enn sama dag ok til Lopts ok tók hann við honum ágæta vel. Svá er sagt at Þorgils var fríðr maðr sýnum ok drengiligr í viðbragði ok skýrlygr, hár á vöxt ok 10 réttvaxinn, sterkr at afi, harðgerr ok skjótráðr, gegn ok örugg, örðigr ok allra manna bezt vígr, ok enn hraustasti í öllum manna-raunum þegar honum drógst aldr, sem frá mun verða sagt; hann var stórlýndr ok þó stöðugr, hjartaþrúðr ok hugstórr, stóðst vel margar mannaunnir er hann hlaut at bera. Þat er sagt [at] þá 15 er Þorgils var IX vetra gamall, beiddist hann at róa á sjó með húskörlum Lopts ok var þat eptir honum látið sem mart annat. Þorgils kastaði særi sínu fyrir borð ok dró einn mikinn flatan fisk, en engi annarr veiddi um daginn; ok er hreggit tók at vaxa, reyndist þat at Þorgils hafði numit at róa þótt hann væri ungr; 20 síðan lögðu þeir at landi. Loptr kvað í slíku marka mega hvern hann mundi verða; ganga nú heim ok dró Þorgils eptir sér fiskinn. Er hann gékk eptir götunni, þá losnaði moldin þar er hann dró fiskinn, ok kendi, er varð fyrir nokkut hart; lífr hann þá til oksér at þar liggir silfrbaugr. Nú fara þeir heim ok selr Þorgils Lopti 25 bauginn fósttra sínum til varðveizlu.

- 12 Vetri síðarr varð sá atburðr at þrælur nokkurir brutu haug til fjár sér, en Þorgils kom at þeim, ok kvað þat ekki vera þeirra fé, ok tók af þeim III merkr ok hrakti þá sjálfa; hann fékk Lopti fé þetta ok svá allt annat þat er hann aflaði; varð hann nú frægr 30 mjök þótt hann væri ungr. Þá er Þorgils var XV¹ vetra, fýstist

¹ So hat in der Membr. gestanden; nicht XX, wie fälschlich in vielen Abschriften.

hann utan at fara, var hann vel þroskaðr bæði at viti ok afli; hann beiddist fjárskiptis af Þorgrími stjúpfeðr sínum. Loptr bað hann dveljast hjá sér enn um vetrinn ok kvað hann mundu síðarr at öllu meira fram koma. Hann gerði svá, ok er hann var XVI vetra

5 beiddist hann enn fjárskiptis. Þorgrímr kvað þess enn eigi kost, því úsvinni lízt mér þín fjárvarðveizla en mín. Þorgils kvaðst nú hafa vilja féit, en ef ek fær nú eigi þá mun ek fá í þriðja sinn, er ek heimti, ok ferr síðan ok segir Loptri. Loptr kvað þat hug sinn, at Þorgrímr mundi eigi fyrir standa þá er Þorgils heimti

10 næst, fékk Loptr honum þá fé til utanferðar. Þorgils kvaðst lítið fé hafa vilja at sinni; ok er hann er búinn til ferðar, kallaði hann til sín leiksveina ok kvaðst vilja launa þeim gleði ok góða fylgð; skulu þér hér taka III merkr silfrs, er ek tók af þrælunum, en Loptr fóstri minn skal hafa hauginn ok vingann mína. Eptir þat

15 fór Þorgils utan í Knarrarsundi með lítið fé ok kom til Noregs um haustið ok var með þeim manni um vetrinn er Ólafr hét, hann bjó á Hörðalandi, hann var ríkr maðr ok vel vitr. Í þenna tíma réð Haraldr gráfeldr Noregi með öðrum bræðrum sínum ok Gunnhildr konungamóðir; þau fóru at veizlum um vetrinn sem þá var siðr

20 til. Ólafr bjó veizlu í móti konungi ok móður hans með mikilli vegsemd; ok er þau höfðu at veizlunni verit um hríð, þá spurðu þau hverr sá væri enn mikli maðr ok enn ungligi er þar var. Ólafr svarar: hann er íslenzkr. Konungr sagði at hann mundi vera mikillar ættar, því hann hefir þessháttar yfirbragð. Þorgils var

25 í leikum með konungi, ok þótti honum mikit gaman at honum, ok géngu Þorgils allir leikar vel. Þá mælti konungr: þik mun ek kalla Þorgils kappu minn. Þorgils sagði þá konungi at hann [kvaðst] eiga stórar erfðir í Sogni eptir gófga frændr sína. Konungr svarar: móðir mín hefir nú bú á jörðum þeim ok hon hefir á

30 þeim allt forræði, því hylstu hana at ok mun þér þá vel daga. Þorgils kemr nú á þetta mál við Gunnhildi; hon svarar þessu vel ok bauð honum hirðvist með konungi. Þorgils kvaðst lítt viðlátinn at vera með konungshirð, ok kvað nei við því. Drottning varð reið ok spyndi fæti sínum til hans ok hratt honum frá hásetinu

ok varnaði honum þá fjárens, ok sagði hann eigi kunna at þiggja sóma sinn. Konungr var vel til hans ok gaf honum silfr á laun svá at þat var góðr kaupeyrir; má hér af græðast, segir konungr, ef gæfa vill til, ok vitja mín kunnliga ok allra helzt ef móðir mín er eigi nær. Síðan fór konungr frá veizlunni. 5

- 13 Um várit segir Þorgils Ólafr at hann vill fara kaupferð um sumarit, ok leita svá undan újafnaði Gunnhildar. Ólafr lét vel yfir því; var Þorgils nú í kaupferð um sumarit ok tókst þat vel, en um haustið kom hann í Vestr-Víkina ok ferr til konu einnar er Gyða hét, hon var ekkja. Son átti hon er Auðunn hét; þau veittu honum bæði af enni mestu dygð. Gyða var margkunnandi á fyrnsk[u] ok fróðleik. Auðunn var vel til Þorgils ok mælti til vináttu er hann fór í brott. Eptir þat fór Þorgils til eins ríks manns, er Björn hét ok var þar vel haldinn. Þar voru góð hífýli ok heldr snemma háttað. Þorgils spurði hverju þat gegundi; honum 15 var sagt, at faðir Bjarnar hafði fyrir litlu andazt, ok þat með, at hann géngi aptr; voru menn ok hræddir við hann. Þorgils gerðist ramr at afli. Þat var opt um vetrinn, at Þorgils heyrði lamit úti um þekjuna; ok eina nótt var þat at hann stóð upp, tók öxi í hönd sér ok gékk út; hann sá draug fyrir dyrum standa mikinn ok illiligan. Þorgils færir upp öxina, en þessi snýr undan ok til haugsins, ok sem þeir koma þar, snýr draugrinn á móti, takast þeir fangbrögðum, þvíat Þorgils hafði slept öxinni; var þeirra atgangr bæði harðr ok grimmligr svá upp gékk jörðin undir fótum þeim; en at lyktum varð svá, með því at Þorgils var lengra líf ætlað, 25 at draugrinn fellr á bak aptr, en Þorgils ofan á hann; tekr hann þar þá hvíld, ok náir síðan öxi sinni, hæggr Þorgils þá af honum höfðuð, ok mælir síðan yfir honum, at hann skuli engum manni at meini verða; varð ok aldrigi vart við hann síðan. Björn virði Þorgils mikils, er hann hafði gert þar svá mikla hífýlabót. Eina 30 nótt bar þat til, at lostið var högg á dyrr; gengr Þorgils út; er þar kominn Auðunn Gyðuson vinr hans; Þorgils heilsar honum vel ok spyrr hvat hann vill. Auðunn kvaðst þurfa hans liðsinnis, sagði móður sína Gyðu andaða, ok nokkut vorðit hafa kynliga

um hennar dauða. Stukku ok allir menn á brottu, þvíat engir þorðu við at vera; nú vilda ek fara með hana til greptrar ok fylgðir þú mér. Þat skal vera, kvað Þorgils. Síðan ferr hann með Auðunni at úvitanda Birni; koma þeir til bæjar Auðunnar; finna þar húsfreyju dauða, búa nú um líkit; skaltu, Þorgils, segir Auðunn, gera kistu at móður minni ok undan¹ knakka, reka síðan á kistuna sterkar henkr, þvíat þurfa mun þess alls við ef hlýða skal. Er nú þetta allt saman gert. Auðunn sagðist nú mundu gera ráð fyrir kistunni; skulum vit nú draga hana í brottu, færa niðr í jörð, ok bera á ofan sem mestan þunga. Fara nú síðan, ok sem þeir hafa farit um hríð, tekr at braka mjök í kistunni, ok því næst bresta af hankarnir, ok kemst Gyða ór kistunni. Þá fara þeir til báðir, ok tóku hana ok þyrfti² þó alls við, ok vóru þeir báðir sterkir menn. Þat taka þeir bragða, at þeir flytja hana til bális er Auðunn hafði búið, síðan kasta þeir henni á bálit, ok vóru hjá meðan hon brann. Þá mælti Auðunn: mikla vingan hefir þú mér nú sýnt, Þorgils, ok góða karlmensku, sem þú munt í öllum stöðum. Sverð ok kyrtil vil ek gefa þér, en ef svá verðr at ek kalla síðarr til sverðsins, þá vilda ek at þú létir laust, en ek mun fá þér annat vápn þat er gott er. Nú skilja þeir við svá búið; ferr Þorgils aptr til Bjarnar. Nú er þar til at taka, at Björn saknar Þorgils; fær hann af þessu mikla úgleði ok kveðst þar mist hafa góðs manns, ok er þat illa, at tröll eðr úvættir hafa tekit hann; skulum vér þat þó gera í heiðr við hann, at drekka erfi hans, ok uggir mik, at eigi megi fagnaðaröl heita, þvíat vér hafim³ nú leitað haus marga daga. En um veizlu þessa kom Þorgils heim ok verðr Björn honum harðla feginn, ok eykr þá af nýju⁴ veizluna, ok eptir hana fóru menn heim. —

Í þenna tíma tók Hákon Hlaðajarl ríki í Noregi, þá sagði 14 Þorgils Birni, at hann vildi leita eptir eignum sínum í Sogni. Björn svarar: réttligt væri þat, en uggir mik, at Hákon jarl kalli

¹ undⁿ *hat in der Membr. gestanden.*

² þyrfti *Hds.*

³ *So hat in der Membr. gestanden.*

⁴ *Conjectur; vina Hds.*

sér bæði þat ok annat, því hann er mjök fégjarn, ok er úvænligt um at hann vili til láta við þik, en flytja vil ek þitt mál þá er hann kemr hér til mín. Nú kemr jarl at ákveðnu til veizlunnar, ok flytr Björn fyrir honum mál Þorgils, ok sagði mikit frá vaskleik hans ok atgerfi. Hákon jarl kvað þat nú vera sína eign, en kvaðst þó vilja sjá manninn; ok er Þorgils kom fyrir jarl, mælti Hákon til hans: mikill maðr ertu ok sterkligr, fríðr sýnum ok líkligr til giptu, ok vil ek bjóða þér til mín; lítum síðan á þitt mál. Þorgils kvaðst þat þiggja vilja.

15 Þorsteinn hét maðr ok var kallaðr enn hvíti, hann var lenðr maðr Hákonar jarls, hann var vinsæll ok átti eignir nær jörðum Þorgils; þeir lögðu mikla vingan saman ok vóru með jarli báðir. Þorgils gaf Þorsteini kyrtilinn Auðunarnaut, hann var af nýju skarlati. Þá var ok með Háconi jarli Eirekr rauðr íslenzkr maðr, er síðan fann ok byggði Grænland, hann var ungr maðr ok kurteis ok enn mesti vin Þorgils. Þat var enn einn dag at Þorgillr vekr við jarl sitt mál um jarðirnar. Hákon jarl svarar: vel gezt mér at framferð þinni, en eigi em [ek] viss í at vita hverr framkvæmdar- maðr þú munt verða, mun ek ok þessar eignir eigi upp gefa utan þú sýnir mér nokkurn frama í gerðum þínum, ok skaltu heimta skatta mína af Suðreyjum, er ek hefir mist um þrjá vetr. Þorgils biðr hann fá höfðingja til ferðarinnar, en ek mun fylgja honum sem manndómr minn er til. Þú skalt formaðr vera, segir jarl, fyrir ferð þessi, því þú reynir þeim mun meirr þína dáð ok karlmensku. Þorgils mælti: lát fara með mér Þorstein hvíta. Hann skal því ráða, sagði jarl. Þorsteinn kvaðst fara mundu ef Þorgils vildi. Nú búast þeir ok höfðu tvau skip ok ekki mjök skipuð. En er þeir koma til Eyjanna beiða þeir skatta ok féngu lítið af. Um haustið héldu þeir til Kataness, ok brutu skip sín en týndu fjárlut; menn héldust allir. Ólafr hét jarl er réð fyrir ríki því; hann frétti til manna Hákonar jarls ok bað þá til sín fara; þat þiggja þeir ok vóru þar um vetrinn. — Sv[a]rtr járnhauss hét maðr, víkingr mikill ok enn mesti illgerðamaðr, hann lá úti lögum um Vestrlönd. Þat var einn hátrr hans, ef

konur vóru fríðar ok vel at sér, at hann tók þær at sér um hríðar sakir, en menn þorðu eigi í móti honum at standa. Systir Ólafs jarls hét Guðrún, hon var fríð kona sýnum ok vel at kvennligum listum búin. Svartr járnhauss finnr Ólaf þenna vetr ok vill fá

5 systur hans til frillu ella til eiginorðs. Ólafr svarar: þat væri mér lítill styrkr, þó at þú gerðir sem bezt mættir þú, en þá allra sízt ef þú ert ráðinn til illa at gera, ok mun ek níta þessu gjaforði. Víkingrinn mælti þá: gakk á hólm við mik, ella berst við lið mitt ok safna liði í móti. Jarl mælti: betra er at deyja virðuliga en

10 lifa skammsamliga. [Svartr svarar:] þann kost kýss þú nú, er þér gegnir verr ok þér mun minnisamr verða, ok ver níðingr ef þú kemr eigi. At vísu skal ek koma, segir jarl, í móti þér, eðr annarr maðr ella; ok skildu við svá búit. Eptir þat kvaddi jarl þings ok sagði þar fyrir hverju áfelli hann var vorðinn; vil ek

15 þeim manni gipta Guðrúnu systur mína, er Svarti verðr at bana, þvíat ek veit at sá einn mun til þess ráðast at mér mun engi úsæmd í því verða. Engir urðu til at svara jarli þótt ráðit þætti fýsiligt, því mönnum þótti ills ván af Svarti járnhaus. Þeir Þorgils ok Þorsteinn ræddust við, ok þótti Þorsteini fýsiligt en

20 Þorgils fanst fátt um. Þorsteinn mælti: viltu þenna kost, vinr? Þorgils svarar fá um. Síðan sagði Þorsteinn jarli at hann mundi til ráða. Jarl tekr því vel. Um nóttina eptir dreymdi Þorgils, at Auðunn vin hans kæmi at honum ok mælti: þú sefr, en jafnt mun vera sem þú vakir, þú skalt á hólm ganga við berserk þenna, því

25 þér unnum vér sæmdar, en Svartr þessi er bróðir minn ok er hann mér þó ekki þarfr, er hann ok et mesta illmenni. Þess spyr hann jafnan þá er hann hefir hátt hólmgöngur, þann er hann skal berjast við, hvárt hann hafir sverðit Blaðni, en ek gaf þér þat, en þú skalt fela þat í sandi, ok seg honum, at þú vitir eigi hjölt þess sverðs

30 fyrir ofan jörð. Eptir þat hvarf Auðunn í brot. Þorgils vaknar ok sagði Þorsteini vin sínum drauminn.

Um morguninn fóru þeir Þorgils ok Þorsteinn með jarli 16 til hólmstefnu ok er Þorgils búinn til hólmgöngu. Víkingrinn spurði um sverðit Blaðni. Þorgils kvaðst eigi vita hans hjölt

fyrir ofan mold. Þorgils dró nú sverðit upp ór sandinum ok börðust síðan, ok er þeir hafa barizt um stund, höggr Þorgils sporðinn af skildi Svarts ok undan honum fótinn; en þat vóru þá lög, at menn vógu til arfs þess er féll á hólmi. Eptir þat hjó Þorgils höfuð af Svarti, tók síðan öll skip hans ok fé, ok fékk síðan Guðrúnar systur Ólafs jarls; skorti Þorgils nú eigi menn ok penninga. Um várit segja þeir jarli at þeir vili herja um sumarit. Nú halda þeir at Suðreyjum, ok gera þeim kost, hvárt þeir vilja þola hernað ok manndráp eðr gjalda skatt Hákon jarli; en þeir kjöru at gjalda slíkt sem á var lagit. Síðan var allt lukt. Eptir þat fóru þeir austr til Noregs ok hitta Hákon jarl, fagnar hann þeim vel. Þeir greiða honum féit ok gefa honum þó at auki sæmiligar gjafir. Jarl játtir Þorgils nú öllum eignum sínum, vóru þeir með jarli um vetrinn í góðu yfirlæti. At sumri vilja þeir í hernað en ætla til jarls at vetri. Eina nótt kom Auðunn at Þorgils ok heimti at honum sverðit Blaðni, en ek mun fá þér fyrst öxi en innan lítils tíma gott sverð. Þorgils kvað hann víst hafa skyldu sverðit. Auðunn bað hann hafa þökk fyrir ok gaf honum fingrgull; en er Þorgils vaknaði var sverðit brottu, ok þótti honum svipr at. Síðan herja þeir um sumarit. Gyrör hét víkingr er þeir fundu um sumarit undir ey einni. Um morguninn fór skúta frá skipum Gyrös til þeirra Þorgils ok kvaðst Gyrör vilja gera félag við þá. Þetta fór fram, ok skal Gyrör hafa jafnmörg skip ok at helmingi allt hlutskipti; herja nú um sumarit ok varð þeim gott til fjár, eyddu mjök illþýði ok hernaðarmönnum en létu bændr ok kaupmenn fara í friði. Þeir kvómu til Írlands um sumarit, var þar skógr fyrir, er þeir kvómu at, géngu síðan upp í skóginn, ok í einum stað sá þeir fallit lauf af tré. Þeir kippa upp eikinni ok finna þar jarðhús undir. Þeir sjá menn með vápnum niðri í húsinu. Þorgils gerir sínum mönnum kost, at sá skal eignast III kostgripi, er fyrstr gengr í húsit, en allir játta því nema Gyrör. Eptir þat hljóp Þorgils í húsit ok varð þar engin mótstaða; þar lá klæði blátt ok á tveir gullhringar ok sverð gott. Þar vóru ok tvær konur, var önnur ung ok fríð en önnur gömul ok þó fríð.

Þorgils gékk um húsit ok var víða berg undir; hann hafði í hendi eina rótakylfu ok barði henni á báðar hendr, ok stökk flest undan. Þorsteinn fór með honum, ok er þeir géngu ór jarðhúsinu, tóku þeir konu þá ena yngri ok fluttu með sér til skipa ok svá ena ellri.

5 Nú sækir liðit fast eptir þeim, en þeir Þorgils komast til skipa ok láta þegar frá landi. Nú gékk maðr ór liðinu því er eptir sótti ok mælti langt erendi. Þeir skildu eigi hans mál. Þá mælti kvinnan¹ á norrænu ok sagði þeim at hann vildi upp gefa þat er þeir höfðu fengit af fénu, ef þér látið okkr lausar. Þessi maðr er

10 jarl ok son minn, en ek em víkversk at móðurkyni, munu þér þá ok bezt njóta gripanna er svá er gert, þvíat þungi fylgir sverðinu. Son minn heitir Hugi, hann býðr þér, Þorgils, fé heldr en þér takit mik brottu; er yðr ok ekki happ í okkr brott at taka. Þorgils hlýðir þeirra ráðum ok flytr þær til lands. Hugi jarl gékk með

15 fagnaði á móti Þorgilsi ok gaf honum hring einn, annan móðir hans, mærin enn þriðja, ok mæltu síðan vel fyrir honum.

Eptir þetta vilja þeir Þorgils ok Þorsteinn hætta hernaðinum 17 ok skipta fjárhlut. Gyrðr kallaði til gripanna. Þorgils kvað þar marga vitnismenn til vera hvat skilit var um. Gyrðr kvaðst aldri

20 játtað hafa, ok vill heldr berjast en missa gripanna. Þorgils kvað ráðligra at leggja eigi allt lið í hættu, ok reynum heldr tveir. Því játtar Gyrðr. Síðan berjast þeir, hafði Þorgils sverðit Jarðhússnaut ok höggr til Gyrðs ok undan honum fótinn fyrir neðan ökla, skildu við svá búit; lifði Gyrðr síðan, ok var kallaðr Gyrðr

25 enn halti. Eptir þat fóru þeir til Noregs ok voru með Hákonni jarli um vetrinn. Guðrún kona Þorgils fæddi þá sveinbarn, hann var Þorleifr nefndr. En er vórar vill Þorgils út til Íslands til eigna sinna; gaf Hákon jarl Þorgilsi aptr allar eignir sínar þær er hann átti í Sogni ok skildu þeir jarl með vináttu; sat hann nú at búum

30 sínum um sumarit ok svá um vetrinn. Þorgils sagði Þorsteini, at hann vill vitja eigna sinna á Íslandi, því þeir varðveita er mér er ekki um, hefi ek nú látið skip búa ok flutt þangat til mikit fé, en

¹ So q'nuan hat in der Membr. gestanden.

jarðir þessar er ek á hér skaltu varðveita til handa Þorleifi syni mínum; hefi ek þik reynt góðan dreng, mun ek nú ok launa þér með einni gjöf; skal ek gefa þér Guðrúnu konu mína, því þat hefir ek fundit at þú hefir lagt ástarþokka til hennar þótt þú hafir vel með því farit. Þorsteinn þakkaði Þorgilsi gjöfina ok þótti mönnum 5 mikils um þetta vert. Þorgils fór kaupferð eina á Upplönd ok Svíþjóð ok var um vetrinn hjá bónda þeim er Þrándr hét, hann var auðigr maðr ok átti dóttur þá er Sigríðr hét, hana vildi eiga sá maðr er Randviðr hét, hann var illmenni ok kappi mikill. Þrándr synjaði honum ráðsins, þá bauð Randviðr Þrándi hólmgöngu 10 þá er köllut er kerganga; skal þar berjast í kerri ok byrgja yfir ofan ok hafa kefli í hendi. Þrándr vildi heldr berjast en gipta dóttur sína svá illum manni. Þorgils mælti þá til Þrándar: vel hefir þú mér vist veitt, ok skal ek þat góðu launa ok mun ek berjast við Randvið fyrir þik. Þrándr kvaðst þat þiggja mundu. 15 Þorgils hafði sverðit Jarðhússnaut. Randviðr hafði álnarkefli ok digrt mjök. Var byrgt yfir kerit. Randviðr bað Þorgils leggja fyrst, þvíat á hann var skorat; hann gerði svá, ok kemr í keflit ok sprakk þat í sundr, ok hljóp sverðit í kviðinn á Randvið. Hann mælti þá: fá þú mér nú sverðit, en þú haf keflit ok mun ek leggja 20 til þín með sverðinu. Mér þykkir nú, segir Þorgils, þetta vera spæmir en eigi kefli. Litlu síðarr dó Randviðr, hafði hann treyst fjölkyngi sinni, þvíat hann hafði margan mann felt með þessi hólmgöngu. Þorgils drap tvá aðra víkinga, Snækoll ok Snæbjörn. Þrándr launaði Þorgilsi vel, fékk hann virðing mikla af þessu verki; 25 hann bjóst síðan út til Íslands um sumarit eptir.

18 Ólafr tvennumbrúni hét maðr, hann kom til Íslands, ok nam öll Skeið á milli Þjórsár ok Sandlækjar, hann var hamramr mjök. Ólafr bjó á Ólafsvöllum; hann liggr í Brúnahaugi undir Vörðufelli. Ólafr átti Áshildi ok voru synir þeirra Helgi ok Þórðr faðir 30 Þorkels¹ gullkárs, föður Orms, föður Helgu, móður Odds Hallvarðssonar. Þorgrímr őrabeinn lagði hug á Áshildi þá er Ólafr var dauðr, en Helgi trausti son hennar vandaði um, ok fór frá

¹ So Lndn. V, 10; föður *fúgt Hds. zu.*

búi sínu til hennar ok kvaðst eigi vilja fflingar hennar, ok kvað úvirðing í vera bæði henni ok frændum hennar. Hon bað hann sik eigi reiðan gera, kvað eigi hans færi at keppa við Þorgrím. Hann svarar: auðsætt er þat, at maðrinn hugnar þér vel, en ek
 5 mun eigi at síðr ekki sitja honum slíka svívirðing. Skilja þau nú tal sitt. Þorgrímr gistir á Ólafsvöllum. Áshildr gerði honum góðan beina ok fóru mjök saman hugir þeirra. Hon sagði Þorgrími hvárt tal þeirra Helga hafði verit. Helgi ræðir ok um kvámur Þorgríms, kvaðst illa við una, bað hann af láta. Þorgrímr
 10 kvaðst eigi hirða um hans þokka eðr hót, ef hennar vili væri til. Nú leiðir hon Þorgrím á götu, ok gaf honum mikit fingurgull áðr þau skildu. Áshildi kvaðst grunr á, at þau mundi eigi optarr sjást. Þorgrímr kvaðst ætla at finna hana brátt; hon kvað vel ef svá væri; skilja við svá búit. Þorgrímr reið nú leið sína fyrir
 15 neðan Áshildarmýri. Helgi sat fyrir honum hjá gatnamóti, ok er þeir fundúst bað Helgi hann af láta kvámum ok gera sér eigi skápraun í þessu. Þorgrímr kvaðst eigi hafa barnaskap, kvaðst búinn at reyna alla hluti við hann. Helgi kvaðst ætla, at at málefnum mundi ganga, ok er vel at vit reynim okkr. Síðan börðust
 20 þeir snarpliga ok lengi. Þorgrímr var þá á enum efra aldri ok mæddist skjótt ok varð sárr mjök. Helgi sækir at fast er hann sér at Þorgrími latar, ok lýkr svá með þeim, at Þorgrímr fellr fyrir Helga. Um kveldit kom Helgi heim, spurði Áshildr hann tíðinda; hann sagði slík sem vóru. Hon svarar: mikit hefir þú at gert,
 25 ok vaxit muntu þikkjast hafa af þessu verki, en ek kann segja þér, at þetta er þinn höfuðbani. Helgi tók sér fari í Einarshöfn ok ætlar utan. Þessi tíðindi spyrjast nú. Hæringr son Þorgríms var þá XVII vetra. Hann reið í Höfða til Teits Ketilbjarnarsonar¹ frænda síns við þriðja mann. Þeir Teitr ríða þá XV saman
 30 út á Eyra í Einarshöfn ok banna Helga farit; eptir þat ríða þeir í brottu. Litlu síðarr fundust þeir á fönnum vegi upp frá Mörk við Helgahvál. Þeir Helgi vóru þrír saman komnir af Eyrum

¹ So hat in der Membr. gestanden, Kolbiarnar Hds., Gizurar son Lndu.

sunnan. Ok er þeir Helgi sjá reið þeirra, hlaupa þeir á hólinn ok
 vörðust drengiliga; áttu þeir harða hrið; en fyrir fjölmennis sakir
 féll Helgi ok maðr með honum, ok einn maðr af hinna liði. Var
 síðan sæzt á málit ok féllust vígin í faðma. Þorgils kom út á
 Eyrum. Loptr fóstri hans sat í búi sínu. Margt hafði tíðinda vorðit
 meðan Þorgils var utan. Þórunn móðir hans var önduð. Þorgils
 fór heim í Traðarholt, tók bróðir hans vel við honum, ok búa þeir
 bræðr nú báðir saman þessi misseri. Þórey hét kona, hon var
 þorvarðsdóttir. Þorfinna hét móðir hennar, hon bjó í Odda.
 Þorvarðr var andaðr. Þórey var at fóstri á þeim bæ er heitir í
 Kálfholti með þeim manni er Jósteinn hét, gíldr bóndi. Jósteinn
 átti systur¹ þorvarðar í Odda er þorgerðr hét; þau voru börn
 þórðar Freysgoða; Kolr ok Starkaðr voru fóstbræðr Þóreyjar.
 Guðrún hét systir þeirra ok var hon fóst[r]systir Þóreyjar. Þorgils
 bað Þóreyjar ok var hon honum gípt, voru þeirra samjarar góðar.

19 Sörli hét maðr, hann bjó skamt í brott frá Kálfholti, hann
 venr kvámur sínar til Guðrúnar systur þeirra Starkaðar ok Kols.
 Einn tíma ferr Kolr á leið Sörla, ok bað hann af láta kvámun til
 systur sinnar. Sörli kvaðst þat mundu gera eptir hugþokka sínum
 en hirða ekki um orð hans. Þú munt ráða, segir Kolr. Annan
 dag kom Sörli ok sat á tali við Guðrúnu; ok um kveldit ferr hann
 seint heim; ok er hann kemr skamt frá bænum, sprettr Kolr upp
 fyrir honum; verðr ekki af kveðjum; höggr Kolr Sörla banahögg,
 ok fór heim ok sagði Guðrúnu, at stöðvaðar voru kvámur Sörla.
 Hon kvaðst eigi þat lasta mundu, en kvað eigi svá búit hlýða
 mundu, þvíat hann var þingmaðr Ásgríms Elliða-Grímssonar; far
 nú ok hitt Þorgils, þvíat hann þikki mér líkligastr til at veita þér
 nokkut skjól. Kolr kemr í Traðarholt; þat var síð um kveld;
 menn voru at mat. Þórey gékk fram til dyra ok bauð fósttra
 sínum þar at vera; hann sagði henni tíðindi. Þú skalt,¹ segir
 Þórey, vita við Þorgils, hvárt hann vill nokkut traust veita þé

¹ dottur systur *Hds.*; *d. Schreiber der Membr., nachdem er das richtige systur geschrieben, vergass das falsche dottur auszustreichen.* ² þat fúgt *Hds. en.*

eðr ekki ok láttu hljótt um þik. Hon leiddi hann í skot eitt; síðan
gékk hon til stofu. Þorgils mælti: hví skulu menn svá lengi bíða
matar í kveld, enda hefir þú fengit rauðan lit. Þórey svarar: satt
er hit fornkveðna, at ,spakir menn henda á mörgu mið', mús hljóp
5 áðan á kinn mér, en mér er hon harðla úþekk. Svá má vera,
segir Þorgils; en er þau kvómu í rekkju um kveldit, kvaðst Þorgils
vilja vita, hvat í framgöngunni hafði verit um kveldit. Hon sagði
honum allan atburðinu ok kvaðst ásjá vilja veita Kol, ok muntu
ok svá gera fyrir mína skyld. Þorgils kvaðst svá gera mundu.
10 Um morgininn fór Þorgils til bús Kols, ok lét fara á brott fé allt
með sér ok Guðrúnu, en lét eptir úmegð aðra. En er þeir voru
brott farnir, kom Ásgrímr; ætlar hann at taka upp fyrir Kol fé
allt ok hafði hann ekki. Kolr sitr hjá Þorgilsi um vetrinn. Ok
um várit býr Ásgrímr mál til á hendr Kol, lætr Þorgils eigi sem
15 hann viti, verðr Kolr sekr skógarmaðr. Þorgils ríðr sem áðr um
heraðit ok Kolr með honum, sækja mannamót, ok verðr nú úþokki
mikill manna á milli. Höfðingjum þikkir mein á þessu, ok leita
um sættir. Þorgils býðr eigi sættir. Eitt sinn ríðr hann til hesta-
þings ok Svartr verkstjóri hans með honum; var þá góð gleði um
20 daginn. Ásgrímr talar mart við Svart um daginn, ok at kveldi
ríðr Þorgils heim. Svartr reið nær Þorgilsi. Þorgils fann at
hann vildi ríða seinna, grunar hann hann þá ok gefr honum færi
á sér; ok er Þorgils varir minst, höggr Svartr til hans. Þorgils
kastar sér ór söðlinum ok klauf Svartr söðulinn. Þorgils þrífir
25 Svart, ok spyr hverju gegnir. Hann segir honum at Ásgrímr
bauð honum þetta. En þá er hann svipti honum Svarti, féll fésjóðr
undan yfirhöfn hans; segir hann þá, at Ásgrímr hafi gefit honum
féit til höfuðs Þorgilsi. Hann drepr Svart þegar í stað. Eptir
þat ríðr Þorgils fram ok segir sínum mönnum hversu farit hafði;
30 en hvárt sinn er hann kemr á mannamót, sýnir hann þar sjóðinn;
voru þar í þrjár merkr silfrs, ok gékk enginn við at ætti.

Nú kom kristni á Ísland, ok tók Þorgils í fyrra lagi við trú. 20
Hann dreymdi eina nótt, at Þórr kæmi at honum með illu yfir-
bragði ok kvað hann sér brugðizt hafa, hefir þú illa ór haft við

mik, segir hann, valit mér þat er þú áttir verst til, en kastað silfri því í fúla tjörn er ek átta, ok skal ek þér í móti koma. Guð mun mér hjálpa, segir Þorgils, ok em ek þess sæll er okkat félag sleit. Ok er Þorgils vaknar, sá hann at töðugöltr hans var dauðr. Hann lét grafa hann hjá tóptum nokkurum ok lét ekki af nýta. Enn 5 barst Þórr í drauma Þorgilsi ok sagði at honum væri eigi meira fyrir at taka fyrir nasar honum en galta hans. Þorgils kvað guð mundu því ráða. Þórr heitaðist at gera honum fjárskaða. Þorgils kvaðst eigi hirða um þat. Aðra nótt eptir dó uxi gamall fyrir Þorgilsi; þá sat hann sjálfr hjá nautum um náttina eptir, en um 10 morguninn er hann kom heim var hann víða blár. Hafa menn þat fyrir satt at þeir Þórr muni þá fundizt hafa. Eptir þat tók af fallit. Þorgils var hit mesta mikilmenni; honum kvómu orðsendingar af Grænlandi, at Eirekr rauði býðr honum til sín, ok at hafa þá kosti, er bezta hefir hann til. Þorgils áhlyðdist lítt við þat; 15 hann hafði þá verit hér XIII vetr. Skip kom af hafi, var þar á Þorleifr son hans ok hafði góða gripi at færa honum. Þorleifr var þá tvítugr. Þorgils talar við konu sína, ef hon vildi fara til Grænlands; hon kvað vanbreytt um. Hann sagði [at] Eirekr hafði sent sér orð um, má ok at þú sér eptir ef þú vill þat. Mis- 20 ráðit mun, sagði hon, at þangat sé farit, en þó skal ek fara ef þú ferr. Hæringr tók við gózum Þorgils. Þórný hét dóttir þeirra Þorgils ok Þóreyjar, hon var VIII vetra. Þorleifr skal fara með þeim, Kolr, ok bróðir hans Starkaðr ok [Guðrún] systir þeirra, Snækollr ok Özurr þrælur hans, ok X aðrir þrælur, ok ráðsmaðr 25 hans Þórarinn, þvíat Þorgils ætlaði bæ at reisa þá er [hann] kæmi til Grænlands. Jósteinn ór Kálfholti réðst til ferðar með Þorgilsi við XII menn, Þorgerðr kona hans, ok sour. Þorgils kaupir nú skip í Leiruvági. Þórolfr hét maðr er Þorgils fékk bú í hendr, en Hæringi fékk hann LX hundraða mórent VI álna 30 aura, annat en staðfestur. Þorgils gisti at Þóroddr at Hjalla, með honum var í ferð Þórný dóttir hans; þar tók hon sótt ok beið Þorgils þar III nætr; sagði hann at þat stæði ekki fyrir ferð hans þó hon væri sjúk; má vera at hér sé hennar forlög. Þóroddr

kvaðst ætla hon mundi giptudrjúg verða ok langlíf; lét hann hana eptir ok gaf henni LX hundraða ef hon þyrfti. Þorgils kvaðst nú fyrir þikkja at fara, en lézt eigi nenna aptr at setjast.

Þorgils bíðr nú byrjar, ok dreymir at maðr kæmi at honum 21
 5 mikill ok rauðskeggjaðr ok mælti: ferð hefir þú ætlat fyrir þér ok mun hon erfíð verða. Draummaðrinn sýndist honum heldr greppligr. Illa mun yðr farast, segir hann, nema þú hverfir aptr til míns átrúnaðar, mun ek þá enn til sjá með þér. Þorgils kvaðst aldri hans umsjá hafa vilja, ok bað hann brott dragast sem skjótast
 10 frá sér, en mín ferð tekst sem almáttigr guð vill. Síðan þótti honum Þórr leiða sik á hamra nokkura þar sem sjófarstraumur brast í björgum. Í slíkum bylgjum skaltu vera, ok aldri ór komast, utan þú hverfir til mín. Nei, sagði Þorgils, far á brott, enn leidi fjándi, sá mun mér hjálpa, sem alla leysti með sínum
 15 dreyra. Síðan vaknar hann ok segir drauminn konu sinni. Aptr munda ek setjast, segir hon, ef mik hefði svá dreymt, ok eigi vil ek segja Jósteini draum þenna ok eigi öðrum mönnum. Nú kemr byrr, ok sigla þau út ór firði; hafði Jósteinn skip fyrir framan siglu; ok sem þau koma ór landsýn tekst af byrr allr, ok velkjast
 20 þau úti lengi svá at bæði varð matfátt ok drykkjarfátt. Þorgils dreymdi at enn sami maðr kæmi at honum ok mælti: fót eigi sem ek sagða þér? Þórr talaði þá enn mart við Þorgils, en Þorgils rak hann frá sér með hörðum orðum. Tekr nú at hausta, ok mæltu sumir menn, at þeir skyldi heita á Þór. Þorgils bannaði
 25 þat, ok sagði at menn skyldi missmíði á finna ef nokkurr maðr blótaði þar í skipi. Við þessi orð treystist engi á Þór at kalla. Eptir þetta dreymdi Þorgils, at sami maðr kom at honum ok mælti: enn sýndist þat hversu trúr þú vart mér, er menn vildu á mik kalla, en ek hefir beint nú fyrir þínum mönnum, ok eru nú
 30 komnir at þrotum allir, ef ek dugi þeim eigi, en nú muntu taka höfn á sjau náttu fresti, ef þú hverfr til mín með nokkurri alvöru. Þó ek taka aldri höfn, sagði Þorgils, þá skal ek þér ekki gott gera. Þórr svarar: þótt þú gerir mér aldri gott, þá gjalt þú mér þó góz mitt. Þorgils hugsar hvat um þetta er, ok veit nú, at þetta er

einn uxi, ok var þetta þá kálfr er hann gaf honum. Nú vaknar Þorgils ok ætlar nú at kasta útanborðs uxanum. En er Þorgerðr verðr viss, falar hon uxann, því henni var vistafátt. Þorgils sagðist vilja únýta uxann ok engum selja. Þorgerði þótti nú illa; hann lét kasta uxanum útbyrðis ok kvað eigi kynligt þó illa 5 færist, er fé þórs var innbyrðis.

- 22 Þau eru nú úti um hríð ok höfðu harða réttu. Þórarinn var knástr maðr annarr en Þorgils, hann var tvítugr at aldri. Þat er sagt at þeir brutu skipit undir Grænlandsjöklum í vík nokkurri við sandmöl; tók skipit í sundr í efra rúmi; menn héldust allir ok svá fé; bátur var ok heill; stafn rak upp við syðra land. Þá var vika til vetrar. Jöklar miklir géngu tveimmegin víkrinnar. Þeir gera sér nú skála, ok í þverþili; búa nú sínummegin hvárir. Mjöl nokkut höfðu þeir til atvinnu sér; henda ok af selum ok eiga þat allir saman. Dautt var fé þeirra flest. Þorgils mönnum varð betri hluti af veiðifangi, varð hann lengrum hlutsælli. Hann bað sína menn vera hljóðláta ok síðsama á kveldum ok halda vel trú sína. Þórey var mjök þungut. Þat er sagt at Jósteinn ok hans menn gerðu mikit um sik ok höfðu náttleika með háreysti. Nær vetrnóttum varð Þórey léttari at sveinbarni ok hét þorfinnr; hon bjargaðist lítt við þá fæðu er til var. Þorgils hafði útróðarmenn með þrælum Jósteins. Líðr nú á vetrinn ok dregr at jólum. Þorgils biðr menn hljóða vera ok fara snemma í rekkju. Jólamorgin var veðr gott, ok vóru menn úti um daginn ok heyrðu óp mikit í útnorðr, ok kemr annarr dagr í jólum. Þorgils háttar snemma, ok er þau höfðu sofit svefn, kom Jósteinn inn ok hans menn, ok er heldr mikit um þá, ok er þeir vóru niðr lagztir, er drepit högg mikit á dyrr. Þá mælti einn þeirra: góð tíðindi munu nú vera, ok hljóp út, ok varð hann þegar ærr, en um morguninn deyr hann. Svá ferr annan aptan, at maðr ærist, ok kallast sjá hinn hlaupa at sér er áðr dó. Eptir þat kom sótt í lið Jósteins ok deyja VI menn. Þá tekr Jósteinn sótt ok deyr hann. Síðan eru þeir kasaðir í mjöllinni. Þorgils ræðir um við sína menn, ok bað þá við sjá slíkum fádæmum. Á bak jólum géngu þessir menn 15 20 25 30

allir aptr. Þá tók Þorgerðr sótt ok andast, ok þar næst hvern at
 öðrum þeirra manna er með Jósteini höfðu verit. Þórarinn lézt
 síðast; vóru nú allmiklar aptrgöngur, ok sóttu mest [at] Þorgils.
 Öll vóru þau dauð í miðja Góí. Ekki mátti Þorgils ok hans
 5 menn í brot færast meðan aptrgöngur vóru sem mestar. Í þenna
 hluta skálans géngu þau mest aptr er þau höfðu átt. Þorgils lét
 brenna þau öll á báli ok varð þaðan af ekki mein at aptrgöngum.
 Nú líör á vetrinn ok máttu þeir eigi brott leita fyrir ísum ok féngu
 sér vistir um sumarit. Annan vetr andaðist Guðrún systir Kols,
 10 ok greff[r] Þorgils hana undir rúmi sínu, ok er vórar, megu þau
 ekki í brott komast.

Þat er eitthvert sinn at Þórey sagði draum sinn Þorgils, at 23
 hon kvaðst sjá fögr heruð ok menn hjarta, ok get ek at vér leys-
 imst brott ór þessum vandræðum. Þorgils svarar: góðr er draumr
 15 þinn, ok þó eigi úlíkast at viti til annars heims ok munir þú eiga
 gott fyrir höndum, ok munu helgir menn hjálpa þér fyrir hreint
 líf ok mannaunir. Hon bað hann brott leita ór úbygðum ef þeir
 mætti. Þorgils kvaðst eigi yfir þat sjá. Hon lá í rekkju löngum,
 ok einn góðan veðrdag segir Þorgils at þeir muni ganga á jökla
 20 ok vita ef þeir sæi nokkut leysast ísinn. Þórey kvaðst þess úfús
 at hann færi frá henni; hann kvaðst skamt fara mundu. Þræl-
 arnir skulu róa at veiðifangi, en Þórarinn bryti skal ýta ok vera
 síðan hjá Þóreyju. Þeir Þorleifr, Kolr ok Starkaðr heiddust at
 fara með honum. Þorgils kvað þá forystulaust heima, en kvaðst
 25 eigi vel trúa þrælum. Þeir fóru allir á jökla. Þorgils hafði
 bolöxi í hendi ok gyrör sverðinu Jarðhússnaut. At nóni dags snéru
 þeir aptr, gerði þá á veðr hart; Þorgils fór fyrir ok hitti vel leið-
 ina, koma til skálans, ok sá ekki skipit, géngu í skálann; vóru í
 brottu allar kistur ok svá menn. Þorgils mælti: nú munu ill efni
 30 í. En er þeir kvómu innarr í skálann, heyrðu þeir snörgl nokkurt
 til rekkju Þóreyjar, ok er þeir kvómu þar, sjá þeir at hon var önduð
 en sveinninn saug hana dauða. Leituðu þeir um hana ok fundu
 ben litla undir hendinni sem mjófum knífsoddi hefði stungit verit;
 mjök var þar allt blóðugt. Þessa sýn hafði Þorgils svá sét, at

honum þótti mestr harmr í vera. Brott var sópat öllum vistum. Um nóttina vill Þorgils vaka yfir sveininum, ok kvaðst eigi sjá at hann mætti á lengðar lifa, ok þikki mér þat allmiklit, ef ek má eigi honum hjálpa; skal þat nú fyrst taka bragða, at skera af mér geirvörtuna, ok svá var gert; fór fyrst ór blóð, síðan blanda, ok lét eigi fyrr af en ór fór mjólk, ok þar fæddist sveinninn upp við þat. Þeir Þorgils sóttu fast at veiðifangi, ok gerðu sér einn húðkeip ok bjuggu innan með viðum.

24 Einn morgin er Þorgils einn úti, ok sér í vök rekald mikit, ok þar hjá tröllkonur tvær ok bundu byrðar miklar. Þorgils hleypr til þangat, ok hafði sverðit Jarðhússnaut, ok höggv til annarrar með sverðinu í því er hon færist undir byrðina, ok rekr af henni höndina; byrðin fellr niðr en hon hljóp í brott. Síðan taka þeir rekaldit ok eru þá vistir nógar. Síðan losnar íssinn ok leitar Þorgils ok hans menn þá í brott ok komast til Seleyra um sumarit ok vóru þar um vetrinn. At sumarmálum fóru þeir þaðan ok fundu ey litla. Hálfum mánaði síðarr fundu þeir svartbaksegg ok gáfu sveininum; hann át hálf t eggit. Þeir spurðu hví hann át eigi. Hann svarar: því spari ek minn mat at þér sparit yðvarn mat. Þeir dragast nú fram með jöklinum ok kvómu at björgum bröttum, brýna upp skipinu, reisa þar tjald, ok um morgininn gengr Kolr út ok sér eigi skipit ok legst síðan niðr ok vill eigi segja Þorgils. Litlu síðarr kom Þorleifr út ok getr eigi um. Þorgils kom út ok sér at skipit er á brautu ok sagði þeim hvarf skipsins; sér ek nú ekki annat til, kvað Þorgils, en at tapa verði sveininum. Þorleifr svarar: eigi er þat til. Hann bað þó þat skyldi gera. Taka þeir nú sveininn, ok biðr Þorleifr Kolr tapa piltinum. Eigi mun ek þat gera, segir Kolr, því ek veit, at þegar af líðr Þorgils þetta, þá er honnm þat enn mesti harmr, en ek ætta Þorgils gott at launa. Síðan fara þeir inn, ok láta úti eptir sveininn. Þorgils spurði þá hvárt þeir hefði drepit sveininn. Þeir kváðu þat eigi vera. Hann þakkaði þeim fagrligæ er þeir höfðu svá gert; var þá sóttir sveinninn ok var hann hjá Þorgils um nóttina. Þá sagði Þorgils draum sinn. Ek þóttumst á þingi vera

á Íslandi; þótti mér sem vit Ásgrímr Elliða-Grímsson togaðim [eina hönk¹ ok misti haan. Þorleifr svarar: þar muntu enn koma til Íslands ok skipta málum við hann ok mun þér þat betr ganga. Svá má vera, segir Þorgils. Aðra nótt dreymdi hann, ok sagði: 5 ek þóttumst heima vera í Traðarholti ok var þar fjölment; ek sá álpt eina ganga eptir gólfinu ok var blíðari við aðra en mik. Þá hristi ek hana ok var hon þaðan af miklu betr til mín. Þorleifr svarar: þar muntu kvángast, faðir, ok muntu lítt í fyrstu njóta ástar hennar ok mun þat þó vel dragast. Enn dreymdi mik, segir 10 Þorgils, at ek væra heima í Traðarholti; ek sá á kné mínu enu [h]æggra, þar vóru vaxnir fimm hjálmlaukar saman ok kvísluðust þar af margir laukar, ok ofarliga yfir höfuð mér bar einn laukinn, en svá var hann fagr sem hann hefði gullslit. Þorleifr svarar: sé ek draum þinn, þar muntu eiga fimm börn, frá þeim munu 15 kvíslast margar ættir á Íslandi, en ek mun eigi þar aldr ala ok mun ek auka ætt mína annarsstaðar. En hinn fagri laukrinn mun merkja þat, at einhverr maðr mun frá þér koma sá er ágætr mun verða; ok þat gékk eptir síðan, því frá Þorgilsi er kominn Thorlákr biskup enn helgi. Þorleifr mælti þá: þat dreymdi mik, 20 faðir, at mér þótti Þórný systir mín gefa mér ost[h]leif ok vóru af bárunnar. Þorgils mælti: þar mun af it harðasta af kostum okkrum, er af vóru bárunnar. Þá heyrðu þeir óp mikit; var þá kallat at Íslendingar skyldi taka skip sitt. Þeir ganga út skjótt, ok sjá tvær konur, þær hurfu skjótt. Björn einn brauzt um í vök 25 ok var brotinn í hrammrinn. Þorgils hleypr til ok leggr björninn með sverði, dó dýrit af því lagi. Þorgils hrifr þá til hlustanna ok vill eigi at sökkvi dýrit; draga upp síðan ok gera til. Þorgils deildi þá stykki sérhverjum þeirra, ok má af slíku marka hversu þungan matarafa þeir áttu. Þorleifr mælti: matsparr ertu nú, 30 faðir. Já, son minn, þat hæfir at svá sé. Síðan snúa þeir til hafs ok róa fyrir framan margar víkr, ok er þeir kvómu fyrir eitt fjarðarminni gékk, þeim þá með mikilli mæði; tekr þá nú at þyrsta fast;

¹ emendirt; [einn hautt hat in der Membr. gestanden.

þeir voru fimm saman með sveininum, þeir gerðust þá mjök máttfarnir af þorsta en var hvergi nær vatn. Þá mælti Starkaðr: þat hefi ek vitað menn hafa gert, ef líf þeirra hefir við legit, at menn hafa blandat saman sjó ok hlandi. Þeir taka nú auskerit ok míga í, ok blönduðu við sjó, ok báðu Þorgils leyfis at drekka. Hann kvað várkunn á, en kvaðst þó hvárki banna né lofa. En er þeir ætluðu at drekka, bað Þorgils þá fá sér ok kvaðst skyldu mæla fyrir minni. Hann tók við ok mælti svá: þú it argasta dýr, er ferð vára dvelr, skal[t] eigi því ráða, at ek né aðrir drekki sinn þarfagang. Í því fló fugl því líkastr sém álkuungi brott frá skipinu ok skrækti við. Þorgils helti síðan útbyrðis ór auskerinu. Síðan róa þeir ok taka sér vatn, ok var þat síð dags. Þessi fugl flaug í norðrætt frá skipinu. Þorgils mælti: seiut hefir fugl þessi við oss skilit, ok taki nú allar gramir við honum; en við þat megum vér una at hann kom eigi því á leið sem hann vildi. At þrim nóttum liðnum sá þeir tjald af lérepti; þeir kendu, at þat var tjald Þóreyjar; fundu þar brytja Þorgils ok spyrja hann með hverri faraldi hann hafði þar komit. Hann sagði þá kostaboð þeirra Snækolls við sik, ef hann vildi eigi fara, at þeir mundi drepa hann. Snækollr stakk mjófu jární á Þóreyju. Þorgils svarar: eigi veit ek hvers þú ert af verðr, en úsannlig þikki mér þín sögn ok skaltu eigi lifa lengi; þar var hann drepinn ok grófu hann þar, fara síðan í brott. Nú tekr at hausta ok koma þá í fjörð einn, láta at landi, ok sjá at þar var naust, brýna þar upp skipinu ok ganga frá sjó ok koma at bæ, þar var maðr úti ok heilsar á þá ok spyr at nafni ok þeir hann. Þessi kvaðst Hrólfr heita ok bauð þeim þar at vera. Þat þiggja þeir, ok er þorfinnr fenginn konum til geymslu ok er honum mjólk gefin; sagði hann mjólk fōður síns ekki svá lita; eru þeir þar um vetrinn. Um várit býðr Hrólfr Þorgils þar at vera með sínum mönnum, en þá bauð hann honum skip sitt ef hann vildi brottu fara. Þorgils þakkar honum, en kvaðst skipit hafa vilja; væri ok skylt at launa þér góðu. Hrólfr kvaðst ætla at hann

¹ ,hv'ri Mbr.' Árni Magnússon.

mundi gott af honum hljóta, þvíat þú munt í mikla virðing koma, ok ef svá væri, þá mættir þú mik í frið kaupa við bygðarmenn, því ek em í úfriði við þá Þorgils játtar því, ok mæla þar hvárir vel fyrir öðrum; fara suðr fyrir land, ok koma í fjörð, ok lögðu
 5 í lægi; síðan tjölduðu þeir, ok í því bili sá þeir skip ok var þat kaupskip; sigldu þeir á fjörðinn, ok höfðu eitt veðr hváirtveggi, ok kvómu at einni lendingu. Þorgils mælti: þetta eru góð tíðindi, fari þit Þorleifr ok Kolr, ok vitið hverir þessir eru; síðan fóru þeir, ok kvómu at skipinu, ok ganga út á þat. Apr þið lyptingina
 10 sat maðr í rauðum kyrtli, ok sprettr upp þegar ok fagnar Þorleifi; var þar kominn Þorsteinn hvíti sóstri hans ok stjúpfaðir[!]; hann spyr at Þorgils; þeir sögðu [at] hann var þar. Þorsteinn fór til fundar við Þorgils, varð þar fagnafundr, kvaðst Þorsteinn koma af Íslandi, ok kvað ráð hans standa heilt, kvaðst ekki þar til hans
 15 frétt hafa á fjórum vetrum; sagði Þornýju dóttur hans vera gipta Bjarna í Gröf Þorsteins syni goða¹ landnámamanns; ok er Þorleifr kom eigi apr til Noregs, bjó ek skip mitt ok fór ek til Íslands ok var ek þar tvá vetr, ok fréttu ek ekki þar til þín; fór ek þá hingat at leita þín. Góðs þótti mér at þér ván, segir
 20 Þorgils. Menn kvómu brátt til þeirra. Bónði sá er þar bjó næst hét Þórir; hann bauð Þorsteini til sín ok þangat fór hann. Eirekr rauði bauð Þorgils til sín, ok þat þektist hann; þangat fóru XII menn með honum. Þorgils er skipat gagnvart Eireki ok þar utar frá sat Þorleifr, þá Kolr, þá Starkaðr. Þorfinni var fengin
 25 sóstra, ok vill hann ekki mjólk drekka fyrr en myrkt var, þá var hann af brjósti vaninn. Ekki var Eireki margt til Þorgils, ok var vistin með minna þokka veitt en Þorgils hugði. Þat frétti Þorgils at þrælarnir vóru þar í landi ok lét eigi sem hann vissi.

Þat bar til um vetrinn at bjarndýr lagðist á fé manna ok 25 gerði mikinn skaða. Þat var einn tíma at menn kvómu til kaupa við Þorgils, ok vóru menn margir í útibúri, því er varningrinn var í; þar var Þorfinnr. Hann mælti við föður sinn: hér er úti,

¹ emendirt nach Ldn.; rauða Hds. und AM. 445b; siehe Anhang.

faðir, rakki fagr ok mikill. Þorgils svarar: hirð eigi um þat, ok hlaup eigi út. Sveinninn hljóp út sem áðr ok var þar bjarndýrit fyrir; þat svipti honum undir sik. Sveinninn kvað við hátt. Þorgils hljóp út með sverðit Jarðhúsnaut. Dýrit hafði leikit við sveininn. Þorgils höggr á milli hlustanna í dýrinu, ok klýfr haus- 5 inn ok fellr þat niðr dautt, en hann tekr sveininn ok var hann lítt sakaðr; verðr Þorgils nú ágætr af þessu verki ok þótti stór heill til hans horfit hafa. Ekki fanst Eireki til þessa verks, en lét þó til gera dýrit; sögðu þat sumir menn at Eirekr hefði haft á því fornan átrúnað. Þat er sagt um vetrinn, at menn sátu í náðahúsi 10 í Brattahlíð, ok þó eigi allir senn, því sumir stóðu fram í húsinu; þar var Kolr ok Starkaðr. Þat var tal þeirra at þeir fóru í mann- jöfnuð ok töluðu um Þorgils ok Eirek, sagði Kolr Þorgils mörg afreksverk gert hafa. Þá svarar sá maðr er Hallr hét, hann var heimamaðr Eireks: þat er újafnt, segir hann, því Eirekr er höfð- 15 ingi mikill ok frægr, en Þorgils þessi hefir verit í vesöld ok ánauð, ok úvíst er mér hvárt hann er heldr karlmaðr eðr kona. Kolr svarar: mæl þú manna armastr, ok leggr í gegnum hann með spjóti; fékk hann þegar bana. Eirekr bað menn sína upp standa ok taka Kol. Kaupmenn allir hlaupa til ok veita Kol. Þorgils 20 mælti þá: þat er næst, Eirekr, at þú hefir sjálfr heimamanns þíns. Nú eiga hlut í beggja vinir, þikkir eigi auðsóttligt at fara at þeim. Nú sættast þeir með því, at þeir Þorgils ok Eirekr skulu gera. Þeir verða vel ásáttir um gerðina, en þó fækkaðist síðan með þeim, ok ætlar Þorgils þar ekki langvistum at vera. 25

Um vetrinn bar þat til at mein mikit var at útilegumönnum. Þorsteinn hét sá er fyrir þeim var; þeir fóru XXX ok sekir allir; urðu menn af þeim fyrir ránum miklum ok sögðu til Eireki. Þeir lágu í eyjum nokkurum í Eireksfirði. Eirekr berr upp mál þetta fyrir Þorgils ok kvaðst vilja hans liðsinni til hafa. Þorgils kvaðst 30 eigi til þess farit hafa til Grænlands at leggja sik í hættu við illmenni, kvaðst illt hlotið hafa af Eireki, ok kvaðst þó eigi nenna at synja ferðarinnar fyrir nauðsyn landsmanna, ok kvaðst búinn þá er Eirekr vildi fara, en kvaðst vilja gera til lykta áðr sín

erindi, ok vertu þá búinn, er ek geri þér orð. Eptir þat fóru þeir til skips, ok ætluðu at fara um ena vestri bygð, því menn höfðu eigi goldit Þorgilsi þjarngjöldin. Þorgils færir fram sýknu Hrólfs, svá at hann skyldi vera friðheilagr. En er Þorgils kom í vestri 5 bygð tók við honum sá maðr er Bjálfi hét. Hann kvaðst mikla þökk kunna hans þarkvámu, skal ek taka saman fé þitt, þvíat þú ert frægr maðr ok muntu mér at liði verða, því ek em í nauðum staddr. Hér liggja fyrir eyjar þær er ránsmenninir eru í, ok ætlar höfðingi þeirra hingat ok taka á brott dóttur mína, vil ek at þú 10 sér hér til trausts ok varnar. Þorgils kvaðst þat gera mundu. Bónði ferr nú, ok tekr saman féit ok koma eigi víkingarnir. Bónði kemr heim. Þorgils mælti þá: þú hefir kostað oss, bónði, en vér höfum gert þér ekki til gagns svá búit. Nú mun ek fara til móts við víkingana, þvíat úsýnt er um þinn frið þegar vér 15 erum brottu. Bónði þakkar honum, en kvað þó mikit í hættu þar er Þorgils var ok hans menn.

Nú býr Þorgils skip sitt ok ferr með XXX manna; hann 26 sendi orð Eireki at hann kæmi með jafnmarga menn. Ok er Eireki kvómu orðin, kvaðst hann mundu koma ok verða eigi seinni 20 til eyjanna en þeir. Þeir Þorgils koma nú við eyna ok var Eirekr eigi þar kominn. Þorgils gerir þá ráð við menn sína: leitt er mér, segir hann, frá at hverfa, en sjá þikkjumst ek Eirek í gegnum, hann ætlar at vísa oss á illmenni þessi, ok hyggr at vér munim eigi nenna frá at hverfa þó hann komi eigi. Ekki höfðu víkingar til 25 lands komit síðan Þorgils kom í vestri bygð. Sá maðr var á Grænlandi er Án hinn heimski hét, hann hljóp um allt land kunnr öllum mönnum. Þorgils lá í einum leynivági ok hafnleysu. Eithvert sinn stígr Þorgils á bát ok rær frá skipinu; hann sér matsveina á landi ok höfðu graut í kötlum. Þorgils hafði vánd 30 klæði er hann kom til þeirra. Þeir spurðu hvern hann var. Þorgils svarar: ek heitir Án. Þeir hlógu at honum, enda lét hann heimskliga. Hann spyr hvar höfðingi þeirra er; þeir sögðu hann vera á eyjunni skamt í brott ok þangat ván til þeirra um kveldit. Þeir færðu hann í reikuð. Ferr Þorgils nú til báts síns ok hvefir

honum undir sér; þeir hlógu at honum ok mæltu: undarlíga bregðr nú við, sagði annarr. Hvat er þat? sagði félagi hans. Maðr er kominn í bygðina sá er Þorgils heitir, mikill ok frægr, ok því kemr höfðingi várr eigi til lands, ok heillabrigði er nú vorðit. Ek heyrða í morgin er ek kom út þetta mæla skipin. Þat skip er 5 Stakanhöfði hét mælti þetta: veiztu þat, Vinagautr, at Þorgils skal eiga okkr? Veit ek þat, sagði annat skipit, ok þikki mér þat vel; ok ætla ek, segir hann, slíkt fyrir tíðindum. Nú ferr Þorgils aprt til skips síns. Í þat mund róa víkingarnir at lægi. Þorgils leggr þá at þeim; vóru víkingarnir komnir til skála; koma þeir Þorgils 10 þá á úvart, ok lætr hann þegar leggja eld í skálann; varð lítil vörn af víkingunum; gefa þeir sik upp ok beiða gríða. Þorgils kvað þess enga ván fyrir mörg illvirki er þeir höfðu unnit; var lið þeirra allt drepit utan þeir buðu formanni þeirra gríð. Hann kvaðst eigi þat þiggja vilja, þvíat ek verðr yðr aldri trúr; hann 15 var þá högginn. Þeir tóku þar fé mikit ok höfðu þat með sér ok svá skipin Stakanhöfða ok Vinagaut; fóru nú til lands; tók Bjálfi vel við þeim. Þorgils gaf mörgum mönnum fé þeim er mist höfðu fyrir víkingunum, ok hefir þó mikit sjálfr; verðr hann nú vinsæll af þessum verkum. Hrólfr var þá norðan kominn ok í frið tekinn. 20 Þorgils líkar illa við Eirek. Þorgils spyrr til Snækolls ok kvaðst vilja finna hann. Þorsteinn hvíti kvað betr fallit, at hann seldi Snækoll við verði en dræpi hann. Þat gerði Þorgils. Þrælarnir höfðu fengit góð kvánföng. Þorgils tekr fé allt af þrælunum en seldi þá í þrældóm. Eptir þetta fór Þorgils brott með góðri sæmd 25 ok virðing; láta í haf; berr þá at Írlandi, koma vestan at landinu, tala nú um hvárt þeir skulu þar vera um vetrinn eðr brott halda. Þorsteinn kvað úráðligt brott at halda, er sumar var mjök á liðit. Tóku menn sér þá vistir nær skipi. Þorgils var á vist með þeim manni, er Anakol hét, var honum þar blíðliga veitt. Nú líðr á 30 vetrinn. Anakol var vanr at drekka í brottu um hálf jól. Hann bauð Þorgils at fara með sér, hann þá þat. Þeir Kolr ok Starkaðr vóru heima meðan til umsjár við þorfinn. Giparr hét þræll Anakols, hann bað Kol drekka karlmannliga, er þat auðsætt, sagði

hann, at þér þikkið mikils verðir. Kolr kvaðst ætla at ráða drykkju sinni en hann eggjan sinni. Giparr ámælti honum mjök, ok þar kom at hann laust Kol með horni, ok bað hann þat hafa fyrst ok bíða svá hins verra. Starkaðr gékk á milli, ok vildi eigi
 5 hefna láta fyrr en Þorgils kæmi heim. Nú koma þeir Þorgils ok bóndi heim, ok er þeim sagðr þessi atburðr. Þorgils kvað þat vel vera þó eigi hefði hefnt verit; höfum vér þegit góða vist í vetr hjá bónda; nú vil ek til bóta mæla, ok svá gerði hann. Bóndi kvaðst ekki þræla mundu mun gera þótt þeir hnippist. Þorgils kvað
 10 eigi vel svarat; ok er boðsmenn vóru brottu farnir, þeir er drukkit höfðu þar efra hlut jólanna, tóku þeir Þorgils Gipar ok drepa hann eptir jólin. Síðan fóru þeir Þorsteinn til skips ok bjuggust til varnar. Þeir sá lið mikit fara með skjöldum, eigi færa en C manns. Þá mælti Þorgils: má vera at oss sé skjótt fullliða. Þá
 15 berr brátt at, ok tók höfðingi þeirra til orða: þat var mér þá í hug, er Þorgils þessi gaf í mitt vald systur mína, at eigi munda ek efla flokk í móti honum. Þar var kominn Hugi jarl ok bauð þeim með sér at vera, ok þat þágu þeir. Hugi lét bæta skip þeirra, ok vóru þeir með honum þat eptir var vetrar. Systir
 20 Huga lifði ok fagnaði þeim vel. Móðir hennar var önuð. Jarl lét heimta saman fé Þorgils, ok til skips færa, ok setti málum þeirra svá at þeim hugnaði vel, ok gaf þeim gjafir áðr þeir fóru brott.

Síðan létu þeir í haf ok velktust úti lengi ok kvómu við Hál- 27
 ogaland um haustið, ok brotnaði kjölrinn undan skipinu. Björn
 25 hét góðr bóndi, hann tók við Þorgils, Þorfinni ok Kol, en Þorsteinn, Þorleifr ok Starkaðr vistuðust þar í nánd. Snemmendis bættu þeir skip sitt. Sá maðr hvarflaði þar um land er Randviðr hét, hann var illmenni mikit. Hann kom til Bjarnar bónda ok kvaðst vilja taka við dóttur hans, er Ynghildr hét, eðr berðist við
 30 hann ef hann vildi þat heldr. Þorsteinn vildi berjast við þenna mann. Eigi vildum vér, segir Þorgils, at þú hefðir þik í hættu fyrir illmenni þetta, ok vil ek heldr berjast við hann. Þorgils finnr Randvið ok bað hann láta bónda vera í friði gamlan mann. Hann kvaðst einskis mundu hans orð um þat virða. Þorgils mælti:

ek vil leysa bónda. Þorgils gengr á hólmi við Randvið ok höggr þegar skjöld hans únýtan; því næst höggr hann kappann sundr í miðju, en við höggit skaut Randviðr sverðinu utan á kné Þorgilsi ok særði hann. Þat sár gréri svá, at fótr hans sá var skemri síðan, ok varð hann aldri úhaltr. Björn þakkar honum vel ok bauð Þorgilsi fé, en hann kvaðst þat eigi til fjár gert hafa; skildu þeir vinir.

28 Eptir þat létu þeir í haf ok höfðu harða útivist þar til er þeir sá land, þá tók af byrina ok kom á norðanveðr hvast ok rak þá undan XII daga. Síðan kom sunnan veðr hvast, ok sigldu tvau dægr at landinu; þá vildi Þorgils eigi lengr sigla láta. Hann var þá tvau dægr í austri. Þá höfðu gengit átta áföll. Starkaðr bauð honum at fara frá austri. Þá kom áfall et níunda ok var þat mest, þat rak Þorgils af austrbitanum ok sló sveininn Þorfinn ór knjám honum ok utanborðs. Þá mælti Þorgils: sú bylgja gékk nú yfir at eigi þarf at ausa. Báran kastaði inn aptr sveininum lifanda. Hann mælti þá: stórum stauplar nú yfir, faðir minn. Þorgils mælti þá: ausi hverr sem má. Þeir gerðu svá, ok gátu upp ausit. Samdægris kom blóðspýja at sveininum ok andaðist hann. Tveim náttum síðarr þá sá þeir Hjörleifshöfða. Þeir kvómu í Arnarbælisós. Nú vildu þeir fara með lík Þorfinns til kirkju. Þorgils kvað þá lengi fylgzt hafa, sagði þá ok eigi at svá búnu skilja mundu. Þorsteinn spurði Starkað, hvárt hann vildi heldr teygja Þorgils á land eðr fara með líkit til graptrar.

29 Sigmundr hét maðr, hann heimti skiptoll at Þorsteini þvíat hann átti land at annast þar er þeir vóru komnir. Nú gerðu þeir Þorsteinn ok Sigmundr þat ráð at þeir hníptust við. Þá sagði Kolr Þorgilsi at Þorsteinn þyrfti manna við. Þorgils hleypr þegar á land ok beit þetta ráð; urðu þeir Sigmundr ok Þorsteinn vel sáttir. Kolr tók lík Þorfinns ok gróf í kirkjugarði, ok er Þorgils verðr varr við hvat Kolr hafði gert, varð hann reiðr mjök ok hét honum bana. Kolr kvað þat til vinnanda ef Þorgils raknar við þá heldr en áðr. Ok við umtölur Þorsteins sættust þeir. Fjögr dægr hafði Þorgils hvárki mat né svefn. Þorgils kvaðst mundu

várkynna konunum þótt þær ynni brjóstbörnunum meira en öðrum mönnum. Litlu eptir þing kvómu þeir Þorgils út ok fór hann heim í Traðarholt ok Þorsteinn með honum ok aðrir félagar. Hæringr bróðir hans tók við honum vel, ok vildi at Þorgils tæki
 5 við fjám sínum. Þorgils kvaðst eigi vilja við taka fyrr enn at vári. Þorleifr¹ fór utan samsumars; skildu þeir Þorgils vel sitt félag. Þorgils var í Traðarholti um vetrinn ok þeir bræðr með honum, Kolr ok Starkaðr, með honum voru fleiri menn þótt eigi sé nefndir. Hæringr veitti þeim vel. Þorgils mælti eitt sinn við
 10 bróður sinn: einn hlutr þikki mér at við þik, frændi, er þú lézt svá mikit fé fylgja dóttur minni Þórnýju þá er þú giptir hana Bjarna í Gröf. Hæringr svarar: vel þótti þá sét fyrir kosti hennar, er hon hafði hundrað hundraða, en ef þér þikkir nokkut oftekit þá haf af mínu fé slíkt er þér vel líkar. Þorgils vildi þat með
 15 engu móti.

At liðnum vetri tekr Þorgils við búi sínu ok öðrum fjárhlutum; 30 feldu menn þegar mikla virðing til Þorgils. Hann var heldr fár við Bjarna mág sinn. Um vórit kom fjölment til Árneshings, kom þar Þorgils ok Bjarni mágr hans ok Þórný dóttir hans
 20 Þorgils gékk einn morgin til búðar Bjarna ok tók sverðit Jarðhússnaut í hönd sér, ok er hann kemr í búðardyrnar, sér Þórný dóttir hans at hann er kominn, ok bað Bjarna upp standa, kvað honum eigi hlýða svá búit, sagði föður sinn reiðan. Bjarni spratt upp þegar, þvíat hann var vitr maðr, ok gékk í móti Þorgils ok fagnar
 25 honum vel ok bauð honum þar at vera, ok allt mitt góz er þér heimolt til þess at þér megi þá betr líka við mik heldr en áðr. Þetta er allvel mælt, segir Þorgils, ok skal þetta þiggja, ella úvíst hversu farit hefði. Bjarni bauð honum þá til heimboðs. Þorgils kvaðst fara mundu af þinginu með honum ok hafa brott fé slíkt er
 30 honum líkaði. Bjarni bað hann því ráða, ok koma þeir í Gröf ok lítr Þorgils á féit ok kvaðst brott mundu hafa XX kyr ok C ásaudað. Þórný bað hann [hafa] slíkt er hann vildi, ok sagði þat mundu bezt

¹ Soll wohl sein Þorsteinn.

gegna at hann réði fyrir. Maðr hét Þórólfr, hann hafði verit Þórði föður Þorgils, hann átti fé at Þorgilsi, ok beiddi Þorgils at hann mundi gjalda Þórólfi XL hundraða. Bjarni hét at hann skyldi ráða; skildu við svá búit, ok er Þorgils kom heim, kom þar Þórný dóttir hans. Þorgils spyr hvat hon vill; hon sagðist vilja fylgja 5 fé sínu, ef honum þætti þat meiri sómi at skilja með þeim Bjarna, ok ráða þess manns traust undan mér, er þér er mestr bati í, ok þér er sjálfrátt at láta þinn hlut fyrir neinum manni, ef þit erut at einu ráði báðir. Þorgils svarar: vel ferr þér, dóttir, ok vel ferr ykkur báðum; nú skaltu heim fara, ok vil ek eigi skilja ráðahag 10 með ykkur Bjarna, ok leggr þeim nú svá penninga at þeim vel líkar. Ok um sumarit býðr Þorgils Bjarna ok báðum þeim heim í Traðarholt, ok þágu þar góðar viðtökur ok miklar gjafir, ok er nú góð vinátta með þeim Bjarna. Einnhvern tíma segir Þorgils Bjarna, at hann vill leita sér kvánfangs. Bjarni kvaðst 15 þat gjarna vilja. Þú skalt biðja Helgu, dóttur Þórodds goða í Ölfusi Eyvindarsonar, frænda míns, en þar var svá farit frændsemi, at móðir Þórodds var Þórvör dóttir Þormóðar, en Þórvé¹ var móðir Þorsteins goða, föður Bjarna spaka. Þorgils vekr nú bónorðit. Skapti tók því seint ok svá Helga sjálf, þótti maðr stórlyndr ok 20 þó heldr gamall. Annarr maðr bað ok Helgu var þat Ásgrímr Elliða-Grímsson; svarar Skapti þar vel til, en Þóroddr vill heldr gipta Þorgilsi. Nú var þetta talat á þingi, ok var ekki at gert. Líða nú þau misseri, ok annat sumar eptir ríðr Þorgils til skips í Einarshöfn; hann fréttir til ferða Skapta, ok vildi fyrir víst finna 25 hann. Þorgils reið til Flóagafis við VI mann; þeir vóru með honum bræðr, Kolr ok Starkaðr ok Þórólfr frændi hans ok tveir húskarlar; þeir vóru í hrísnum nokkurum, ok bíða svá Skapta. Þetta var nær Kallaðarnesi. Skapti sá frá ferjunni at hestar með söðlum géngu með ánni. Skapti sagði at þeir mundi aptr snúa, 30 kvaðst frétt hafa at síðarr mundi betri kaupin ok fóru þeir heim. Þóroddr spurði hví hann færi svá skjótt aptr, eðr hræddist þú

¹ emendiert nach Lndn. V, 11; Þörey Hds.

- hann, hraunskeggjann, Þorgils, ok þætti mér þat betra at riða úhræddum um héraðit ok gipta honum Helgu, en vera hvergi úhræddr um þik. Á þingi um sumarit var talat um gjaforð Helgu, dregr Þóroddr fram með Þorgilsi, en Skapti með Ásgrími.
- 5 Þóroddr mælti þá: ek kann sjá hversu fara mun, ef Þorgilsi er synjat konunnar, þá mun þat margra manna vandræði, en ek væntir með vingjöfum góðum, at Ásgrímr láti úhappalaust. Nú við þessi atkvæði Þórodds var þat af ráðit at Þorgilsi var föstnuð Helga, ok var brúðhlaup at Hjalla; þá var Þorgils hálfsextugr;
- 10 ferr hann nú heim í Traðarholt með Helgu ok var hon mjök fálát; ok eitt sinn er Þorgils var á brottu at byggja jarðir sínar kveðst Helga vilja fara til Hjalla ok heim um kveldit, ok bað lúskarl einn fara með sér. Ok er þau koma til Hjalla, kvað Helga hús-karlinn eigi þurfa sín at bíða. Skapti tók vel við Helgu en Þóroddr illa; er hon þar margar nætr. Þorgils kemr heim ok lætr sem hann viti eigi. Ok einn dag býr hann ferð sína ok ríðr til Hjalla ok vóru menn at mat. Þorgils gengr með borðum alvápn-aðr ok at Helgu, tekr í hönd henni ok leiðir hana út, ok sýndist þeim maðrinn, sem inni sátu, eigi dælligr. Skapti biðr menn eptir
- 20 sækja. Þóroddr svarar: Þorgils sækir eptir sínu, ok skal mönnum eigi hlýða at fara eptir honum. Þorgils ríðr nú heim, ok sendir hann orð Skapta at þeir hittist; er nú svá gert; sættast nú [við umstilli¹ Þórodds ok gerðist vinátta með þeim, ok varð Þorgils höfðingr ok virðingamaðr mikill.
- 25 Frá því er sagt eitthvert sinn at þau Þorgils ok Helga sátu 31 úti ok hrein hænna við hnanum, en haninn leggr at henni ok berr hana þar til er hon mæðist. Þorgils mælti: sér þú, Helga, sameign þeirra hana ok hænu? Helga svarar: hvers er þat vert, segir hon. Svá má vera, segir Þorgils, annarra viðreign. Gerast nú góðar samfarar þeirra. Son áttu þau Þorgils ok Helga, er Grímr glömmuðr hét. Þorgils var nú gamall ok þó hraustr. Sá maðr bjó skamt frá Þorgilsi er Sámr hét, kona hans hét Þorfinna. Sá

¹ [vstíllí Membrane.

maðr var þar í sveit, er Bjálfi hét, úeirðar maðr, hann glapti konu Sáms ok settist í bú hans löngum, en heitaðist við bónda. Honum líkar þetta illa. Bjálfi bauð bónda hólmgöngu, ella gef upp konu þína. Sámr ferr nú at finna Þorgils, ok segir honum at Bjálfi bauð honum einvígi. Ek skal hjálpa við þínu máli, segir Þorgils; 5 ferr Sámr nú glaðr heim. Annan dag ferr Þorgils ok hinnir Sámr, hann fagnar honum vel, ok litlu síðarr kom Bjálfi ok spurði hví hann væri þar ok kvaðst enga þökk kunna hans kvámu. Eigi ferr ek at því, segir Þorgils, þvíat vel má ek þar koma sem þú kemr, ok þar sem þú hefir boðit Sámi einvígi skaltu mér mæta en 10 eigi honum. Bjálfi svarar: þat kemr til þess, at Sámr, greyit, þorir eigi at berjast við mik. Nú ganga þeir á hólmi, ok er eigi sagt frá viðskiptum annat en Þorgils drepr Bjálfa, ok frelsti svá bónda, ok nauztu þess at, segir Þorgils, at þú vart svá nær mér. Ásgrímr Elliða-Grímsson var höfðingi mikill ok framr, ok átti skip 15 í ferðum, hann átti tvá sonu ok hét hvárrtveggi Þórhallr. Hinn ellri Þórhallr var þroskaðr mjök þá er þetta var. Gunnvör hét dóttir Bjarna í Gröf, hon var eigi dóttir Þórnýjar. Gizorr hvíti bjó þá í Höfða ok átti Þórdísi dóttur Þórodds. Móðir Ásgríms var Jórunn Teitsdóttir. Þorgils¹ átti land nær skipa lægi, ok lá þar á hafnartollr, ok heimti sá maðr skiptollinn, er á landinu bjó, ok galt Ásgrímr aldri toll þeim er á landi Þorgils bjó.

32 Eitthvert sinn hittir [Þorgils Ásgrím² ok biðr at hann minnist í nokkuru um tollinn. Ásgrímr segir, at skip koma þar sem auðit verðr, en kvaðst eigi vanr at gjalda skiptolla sem smá- 25 bændr, ok bað hann eigi heimta slíkt. Þorgils kvaðst þat fyrir annars hönd gera, en eigi fyrir sína, ok skilja þeir nú við svá búit. Um várit vóru menn kvaddir af Ásgrími til skipsdráttar ok kom fjöldi manns. Pyttar vóru um sandana víða ok vóru fullir með vatni, þóat fjaran væri. Ásgrímr tók á festum í fremra lagi, ok 30

¹ So von Árni Magnússon am Rande emendirt; Ásgrímr Hds. ² So von Árni Magnússon am Rande emendirt; [Ásgrímr Þorgils Hds. und so hat in der Membrane gestanden.

vóru þar mest konur hjá honum; hann var í litklæðum; tóku nú fast á. Maðr reið á landinu fyrir ofan mikill vexti ok hafði bolóxi í hendi, hann horfir á skipdráttinn. Ásgrímr eggjar nú fast at menn herði sik vel. Ok er Þorgils var kominn at flæðarpyttinum, sá hann at Ásgrímr hélt á strenginum; hleypr hann þá til, ok höggr strenginn, ok verðr aptrhlaupit hart, ok hrapar Ásgrímr í pyttinn, ok konurnar á hann ofan; vurðu öll klæði Ásgríms vát ok þrekkótt ok svá hann sjálfr. Þetta þikkir honum mikil svívirðing ger til sin; verðr nú viss hverr gert hefir, ok kvað þá Þorgils varla mega við svá búit skilja. Þórhallr bað hann utan fara, ok megi þá sjatna þessi úþokki, er í millum ykkar er. Ásgrímr kvaðst mundu ráða sjálfr ferðum sínum.

Þat var einhvern tíma, at Þórhallr bað Ásgrím föður sinn fara með sér til kvánbæna til móts við Bjarna bónda í Gröf. Ásgrímr segir, at þat var í mörgu lagi góðr kostur, en illt þikki mér, at Þorgils er þar nokkut við riðinn. At Þorgils er ekki mein, segir Þórhallr. Síðan fara þeir. Bjarni svarar vel, ok er þessum ráðum ráðit. Ásgrímr biðr at Þorgils skuli eigi bjóða til boðsins. Bjarni svarar, ok kvaðst honum mundu allvel fagna ef hann kæmi, en gera eigi mann til hans fyrir bæn þína. Bjarni býst nú við brúðhlaupinu. Einn dag kemr Þórný inn, og segir at maðr reið ór skógum neðan, ok er líkr föður mínum. Bjarni gékk út ok var Þorgils kominn, ok þræll hans með honum. Bjarni fagnaði honum vel. Þorgils mælti: hví bautt þú mér eigi til boðsins, mágr. Þér er jafnan sjálfboðit, segir Bjarni, ok þá velkominn, er þú vill verit hafa. Ásgrímr kom um kveldit ok gékk Bjarni í móti honum ok fagnaði honum vel. Þá spurði Ásgrímr hvárt Þorgils væri þar; hann kvað hann þar vera, ok mun hann hér dveljast; gerða ek nú sem þú mæltir, at ek bauð honum eigi, en ávalt skal hann vera hér hjá mér, er hann vill. Ásgrímr verðr óðr við, ok vill ríða heim. Þórhallr biðr hann eigi þat gera, ok þat verðr at hann er þar, ok er heldr úglatt um boðit; ok er menn búast frá boðinu, sjá menn, at þeir fara húsa á milli, Ásgrímr ok Kolr þræll, ok töluðu. Nú ríða menn um kveldit heim. Þorgils

bóndi ok þræll hans Kolr riðu síð um kveldit ofan hjá húsatóptum. Ásgrímr hafði fengit þrælnum þrjár merkr silfrs til höfuðs Þorgilsi. Kolr hafði hest latan, ok hinkaði hestrinn undir honum, Þorgils laust þrælinn, ok féll fésjóðrinn undan yfirhöfn hans. Þorgils spyr hvaðan féit kom at. Þrælinn sagði sem var. Síðan drap 5 hann þrælinn þar sem nú heitir Kolslækr. Nú þikkir Þorgilsi Ásgrímr sannr at fjórráðum við sik; lætr nú safna mönnum, ok verða vel XL, ætlar nú at fara stefnuför til móts við Ásgrím. Nú hittir Gizurr hvíti Þorgils, ok spyrr hversu hann ætlar til um ferðir sínar, hann kvaðst ætla at sækja heim Ásgrím Elliða-Grímsson. 10 Gizurr svarar: þat er úráðligt, þvíat hann er miklu fjölmennari en þú. Þorgils kvaðst eigi hirða um fjölmenni hans. Nú letr Gizurr ferðarinnar, ok at bæn hans reið hann í Eyna ¹, ok kvaddi IX búa. Eptir þat fara þeir í brott, ok þikkir sem lögfult sé.

33 Nú koma menn til þings fjölmennt. Skapti spyr mág sinn 15 Þorgils hvern málatilbúnað hann hefði haft; hann kvaðst hafa IX búa kvadda. Skapti svarar: ,varat af vöru, sleikti um þ[*v*]öru, sæll mágrinn, láttu niðr detta, engu er nýtt. Hví mun þat sæta? segir Þorgils. Skapti svarar: kunnig eru mér lög, mágr, sagði hann, svá at ek sé gerla at engu er nýtt til búit, ok er betr at 20 niðr falli, því at svá hafa farit skipti ykkur, at þú hefir vanvirðu enga af fengit. Sefast Þorgils nú við umtölur mága sinna; riða menn nú af þingi ok falla niðr þessi mál öll.

34 Helgi hét austmaðr er út kom í Einarshöfn ok átti ferð upp í 5 herað, ok fór með varning sinn upp í Þrándarholt. Þorgils reið at 25 ór Gröf. Þeir riðust á móti Helgi ok Þorgils ok riðu hart. Ok er þeir riðust á víxl stakaði Þorg[ils] mjök svá af baki, ok hló at honum við austmaðrinn, en Þorgils var allbjúgr á baki þvíat veðr var kalt. Helgi mælti þá: lítt sér þat nú á þér, Þorgils, at þú hefir verit kallaðr garpr mikill, enda ertu nú gamall. Þorgils 30 svarar: ekki hafa menn þat mjök plagat hér til at gabba mik; en svá hæðiligr ok gamall sem þér þikkir ek vera, þá býð ek þér

¹ D. i. die Dingstelle in Árnesþing.

þegar í stað einvígi, ok er þá fullreynt hvárr af öðrum berr. Helgi kvað enga ván í at hann hrykki eigi við, ok mun lífill frami í at bera af fretkarli þínum. Austmaðrinn hafði bolöxi í hendi. Þorgils mælti: hvassara vápn muntu hafa þurfa, ef bita skal höfuð-
 5 bein mín. Þorgils hafði sverðit Jarðhússnaut ok alvápnadr, ok hljóp geyst at honum, ok höggr til hans með sverðinu, ok kom á öxlina, ok vanst honum þat skjótt til bana. Þorgils var þá sjautngr, ok kvað þetta verit hafa et mesta glappa verk, ok kvaðst þetta mundu bæta. — Tveim vetrum síðarr kvómu tveir bræðr
 10 Helga út, ok varð eigi vart við skipkvámuna; hét annarr Einarr en annarr Sigurðr. Þeir fóru þegar í Traðarholt, ok var þat um kveld, ok vóru eigi í almenningshúsum. Ok um morgininn er verkmennt vóru farnir til starfs, fóru þeir bræðr heim í bæinn ok námu staðar við skáladyrr, ok töluðust við¹ um hríð hversu þeir skyldu
 15 með fara. Eigi þikkir mér gott at drepa gamlan mann, [segir Einarr]. Þorgils heyrir nú þeirra umræðu, ok sprettr upp þegar ok tekr sverðit Jarðhússnaut, ok bað þá at ganga ef þeir vildi. Einarr mælti: ekki þarf at eggja okkr til bróðurhefnda, því fullvel megum vit þik yfirvinna ef vit viljum, en eigi skal þér nú, bóndi,
 20 nokkurn úfrið gera, ok skal nú vera annat erindi okkat bræðra. Þorgils tók þessu vel ok svarar: ek em ok þess miklu fúsari, þvíat ek þikkjumst sjá gerla, at þú munt vera góðr [drengr], ok þar sem ek drap bróður ykkarn, þá vil ek þat fullu bæta, ok vil ek, Einarr, gefa þér nú sverðit Jarðhússnaut, því mér lízt svá á
 25 þik, at þú megir þat vel bera. Bróður þínum vil ek fá fimm merkr silfrs. Síðan skildu þeir með góðum vinskapi, ok fóru þeir bræðr utan eptir þat.

Þat var einn tíma at þau Þorgils ok Helga fóru til Hjalla til 35 heimboðs, ok eptir þat tók Þorgils bóndi sótt, hann var þá hálfúrræðr; hann lá viku, ok andaðist síðan. Þessu nærri andaðist Þóroddr bóndi ok Bjarni bóndi enn spaki; vóru þeir allir jarðaðir at þeirri kirkju er Skapti lét gera fyrir utan lækinn, en síðan

¹ með *Hás*.

vóru færð bein þeirra í þann stað, er nú stendr kirkjan, þvíat Skapti hét at gera kirkju þá er þóra braut fót sinn þá [er] hon var at léreptum sínum. — Þorgils örrabeinsstjúpr þótti hinn mesti merkismaðr, vinfastr ok vel stiltr, þrautgóðr, djarfr ok þó stórráðr, ef honum var í móti gert; þoldi vel ok karlmannliga stórar mannaunir. Frá honum er kominn mikill ættbogi. — Börn þeirra Þorgils ok Helgu vóru þau Grímr glömmuðr, [Illugi ok Þórðr.¹ Þorlákr biskup var Þórhallsson, móðir hans² var Eyvör; móðir Eyvarar var Jörunn, dóttir Þorgils örrabeinsstjúps ok Helgu. Oddr³ hét son þeirra⁴, hann var faðir Jóns, föður Gizurar, föður Gríms, föður Guðlaugar, móður Jörundar biskups. Sonr Gríms glammaðar Þorgilssonar var Ingjaldr faðir Gríms, föður Einars, föður Hallkötlu, móður Steinunnar, móður Herðisar,⁵ móður Bjarnar, föður Gizurar galla, föður Hákonar, föður Jóns.⁶

¹ Statt dieser zwei Namen geben die Biskupaættir, Ísl. I. (1843) s. 359: Einarr fóstri Knúts hins ríka. ² d. h. Þórhalls. ³ Hallvarðr genannt in Biskupaættir ebd. ⁴ soll heißen: hét son Jörunnar, siehe ebd. ⁵ Vgl. Rafnssaga cap. 4 u. 20. Biskupa sög. I, 643, 676 und Hauksbók Lndn. V, 9. ⁶ Der Schluss (Z. 6—14) ist ohne Zweifel ein Zusatz des Abschreibers.

BEILAGEN

MEMBRANFRAGMENT VON VATNSDÆLASAGA

Cod. AM. 445^b, 4^o

. . . . koma, ok væri eigi illa þótt slíkir menn væri af ráðnir. [19]
Oddr kveðst ætla, at annan veg mundi honum þikkja ef svá yrði, en þar er þó sá maðr er við alla vill illt eiga, ok virða menn þik til, at eigi eru stórar atgerðir hafðar. Oddr fór heim ok undu
5 þeir feðgar illa við sinn hlut. Uni mælti: Oddr frændi, sagði hann, mjök kemr þetta til þín, at þú ert nú maðr ungr ok til alls vel fær, en ek er nú örvasi fyrir aldrs sakir ok má ek ekki. Nú þótt hann sé harðr maðr en móðir hans margkunnig, þá má þó eigi svá búit vera. Oddr segir, ok kveðst í mundu leita nokkurs.
10 Eitt kveld bjóst Oddr við V. mann í fyrirsát við Hrolleif, en þeir fóru II samt, þá var Ljótr frændi hans með honum; ok er fundi þeirra bar saman þá spratt Oddr upp ok mælti: nú má vera at stöðvist ferð þín, Hrolleifr, at sinni, ok setist nú ilska þín, ok vefist þér um höfuð. Hann kvað enn úsynt hvárr þeirra mest mætti
15 fagna at þeirra skilnaði, þótt þér sét nú fjölmennari en ek, ok ekki ætla ek nú undir þótt nokkurum blæði. Síðan hlupust þeir at ok börðust. Hrolleifr var harðr maðr ok afreyndr at affi, hann hafði ok kyrtil þann er móðir hans hafði gert honum ok eigi festi vápni á. Nú er frá þeim at segja, at Oddr vá Ljót en gékk síðan
20 í mót Hrolleifi ok mælti, illa bíta nú vopnin, Hrolleifr, ok alls konar er þér illa farit, bæði fjölkyngi ok þó at öðru illa síðaðr. Síðan slæmdi Oddr á fót Hrolleifi, ok beit þar er kyrtillinn tók

eigi. Oddr mælti: eigi hlífði nú gerningakyrtilinn. Síðan hjó Hrolleifr til Odds, ok veitti honum banasár ok enn annan mann drap hann, en III kvómust á flóttu. Þat var síð um kveld upp frá bæ Una. Hrolleifr kom heim ok sagði móður sinni, at illa hafði vegnat þeim er í mót honum höfðu verit; hon lét vel yfir því at eigi réði búkarlar eðr synir þeirra ferðum hans þeir er sættu illyrðum við hann. Hrolleifr kveðst nú hafa launat Oddi þat, er hann hrakti mik mest, ok kvað mik at öllu úsamjafnan duganda manni, en ek spáða honum þat sem nú er fram komit, at vaxa 5 20 mundi hans svívröng af okkrum fundi, sem nú gafst honum. Uni fór á fund Höfða-Þórðar, ok sagði honum sín vandræði um víg Odds sonar síns, ok vilda ek hafa liðsinni þitt at rétta mitt mál, liggj þar ok við mjök þín sæmd, at úreiðumenn hefist eigi hér í heraði. Þórðr kvað hann satt segja, ok mikill vandi er oss á hendr kominn, en þó er Sæmundr skyldastr at leysa úhæfu frænda síns 15 ok færa hann or heraði. Síðan fóru þeir á fund Sæmundar, ok báðu hann rétta málit, ok sagði Þórðr eigi honum sama annat. Sæmundr kvað svá vera skyldu. Var þá tekin upp bygð hans. Hrolleifr fór til Sæmundar ok móðir hans en menn fengnir til at varðveita bú hans. En á sáttarfundi um várit lukust svá málin 20 at Uni tók við landi hans Hrolleifs at sakabótum en Hrolleifr var gerr heraðssekr svá víða sem vötn féllu til Skagafjarðar. Sæmundr minnst nú á fornt vinfengi þeirra Ingimundar, ok finnast þeir ok kvöddust vel. Sæmundr mælti: svá er til farit, fóstbróðir, at maðr sá er kominn er til mín er eigi þikkir hægr í skaplyndi, 25 en hann er frændi minn ok heitir Hrolleifr, nú vilda ek at þú tækir við honum ok móður hans ok fáir þeim þar ráðstafa í þinni sveit. Ingimundr segir: ekki hafa þau góða orðheill ok er ek úfúss at taka við þeim, en synsemi mun þér í þikkja ok eigi stórmannligt ef ek synja, en í meðallagi er oss fallit, þvíat ek á sonu suma ekki skaphæga. Sæmundr segir ok kvað hann hamingjudrjúgan ok alla farsælust af honum. Ingimundr lét þat þá reynt er . . .¹

¹ *Lücken in der Membr.*

- ek . . . Síðan fór Hrolleifr út þangat ok móðir hans Ljót með honum . . . nú tók Ingimundr við þeim ok vóru þau með honum 21
 II vetr eðr III . . . skiptu ekki skapi. Hrolleifr var glettinn við sonu Ingimundar, en þeir stóð[ust] illa ok varð þar mest at er
 5 Jökull var. Þeir áttu svo leika saman, at við meiðingar hélt. Jökull kvað illa vorðna sendingina Sæmundar, ok sætir þó hófi, sagði hann, ef eigi verðr meira at, ok kvað aldri þann mannfjanda skyldu yfir þá ganga. Eingi var munr þeirra á vöxt eðr afl, hvártrveggja var ærit sterkr. Ingimundr mælti: illa gerir þú,
 10 Hrolleifr, at þú stillir eigi skap þitt, ok launar eigi góð gott; nú sé ek at eigi má svá búit endast, ok mun ek fá þér bústað hér í Ási. Hrolleifr kvað þat eigi mundu sér úvinveittara en vera þar viðr illvilja sona hans. Ingimundr mælti: leitt er mér at segja þik afhendan, þvíat þat hefi [ek] aldri gert ef ek hefi við manni
 15 tekit. Þorsteinn kveðst ætla at síðarr mundi verra. Ingimundr bygði Hrolleifi ok Ljót móður hans í Oddsási nokkuru sunnar en Hofsbær, ok bjoggu þau þar lengi síðan, ok hélt hann í öllu til jafns við sonu Ingimundar. Í þenna tíma kvómu út bræðr II Hallormr ok Þórormr, ok vóru auðigir menn; þeir vóru með Ingimundi
 20 um vetrinn. Þórormr hefir upp orð sín ok biðr Þórdísar dóttur Ingimundar; honum var vel svarat, kvað Ingimundr sér at honum mikit traust ok styrk. Ingimundr lét fylgja heiman dóttur sinni Karsnesland. Þeirra son var Þorgrímr, en Þórormr bjó í Tungu hinnu neðri í Víðidal ok var síðan köllut Þórormstunga.
 25 Þess er getið at veiðr var mikil í Vatnsdalsá ok gékk stór lax 22 í ána. Þeir skiptu með sér verkum bræðr synir Ingimundar, þvíat þat var síðr ríkra manna sona í þenna tíma at hafa nokkura iðn fyrir hendi. At þessu vóru III bræðr, Þorsteinn ok Jökull Þórir ok Högni, en Smiðr hafðist annat at. Þeir bræðr fóru í
 30 ána ok féngu mikit af. Hrolleifr hafði venju sína ok hafði illar búsiðjar við alla þá er í náund vóru, hafði þat ok ekki verit vinaráð er Ingimundr tók við honum. Synir Ingimundar kunnu því stórilla er Hrolleifr sat yfir kostum þeirra en miðlaði illt eina af sér, ok kölluðu þat mest orðit hafa feðr sínum at taka hann til

sín. Þeir áttu veiði allir samt Hofsmenn ok Hrolleifr, en svá var mælt at Hrolleifr skyldi hafa veiði ef eigi kæmi synir Ingimundar til eðr þeirra menn, en skyldi hann ór ganga ánni fyrir þeim ok þeirra mönnum, en at því gaf hann eigi mikinn gaum, þvíat hann virði meira vatnfiska, at heim kæmi sem flestir, en manndáð ok 5 makligleika. Ok eitt sinn er húskarlar kvómu til árinna, mæltu þeir til hans, at hann skyldi rýma netlögin fyrir þeim; hann kveðst gefa at því engan gaum hvat sem þeir segði. Þeir svöruðu ok sögðu honum þat betr sama at halda eigi til kapps við þá Hofverja ok kvóðu honum þat eigi mundu endast við sonu Ingimundar þótt 10 hann kæmi því fram við þá. Hrolleifr bað þá dragast í burt illa þræla ok arma ok hæta ekki sér mönnum. Hann keyrði þá í burt hrakliga ok . . . akliga. [Þeir] svöruðu: illa er þér farit, svo mikils góðs sem [Ingimundr er ma]kligr, er hann tók viðr þér, ok gaf þér veiðina, ok veitti [þér mart] annat gott, þar er áðr þóttir þú eigi 15 hæfr með d[ugandi] mönnum. Hrolleifr kvað sik eigi skyldan at ganga or ánni fyrir illum þrælum; hann lætr vaða stein til eins þeirra svá at sá ligger [í svím]a, ok lét þeim eigi skyldu hlýða at vera allfjölörðir. Þeir koma heim ok sátu menn undir borðum. Þeir fóru flaumósa. Ingimundr spurði hvi þeir fara svá hrapaliga. 20 Þeir kvóðust reknir brott ór ánni með meiðingum ok svívirðingu af Hrolleifi. Jökull segir: hann mun vilja gerast Vatnsdælagóði ok búa við oss sem við þræla, en þat skal aldri verða at sá manndjöfull gangi yfir oss. Þorsteinn kvað of mikit bragð at vera, en þó gæta til með stillingu, ok kvað þó úsýnju vorðit um 25 vist hans. Of mikit er til haft, sagði Ingimundr, en þó gerit svá vel, at þér gætið ráðs, þvíat þér eigit eigi jöfnu til at verja, hann er heljarmaðr, ok ván at illt leiði af. Jökull kveðst reyna skyldu hvárt hann géngi ór ánni ok hljóp upp undan borðinu ok út. Ingimundr mælti: þér trúi ek bezt til, Þorsteinn frændi, um alla 30 stillingina, ok far þú með bræðrum þínum. Þorsteinn kveðst eigi vita hversu hægt vera mundi at halda Jökul aptr, en ek mun eigi standa hjá ef hann berst við Hrolleif. En er þeir bræðr kvómu . . . þá sá þeir at maðr var í ánni ok kendu þar Hrolleif. Jökull mælti:

dragst þú ór ánni, fjándinn, ok dirf þik eigi at þreyta, en vér skulum elligar reyna með oss til fulls. Hrolleifr mælti: eigi at slór þótt þér sét bræðr IIII þá mun ek fram halda minni sýslu fyrir blóti þínu. Jökull mælti: þinn skelmir treystir töfrum móður

5 þinnar ef þu ætlar at vera oss vandrengr með öllu; réðst þá Jökull út í ána at honum. Hrolleifr fór eigi í burt. Þorsteinn mælti: þú er þrályndr, er vér nám eigi réttu ok mun nú öngu móti þess at leita at láta allt þá allt vefjast svábúit sem þá var komit. Jökull mælti: drepum þá fjánda þenna. Þá lætr Hrolleifr hefjast

10 at landi þar sem grjótið skorti eigi, ok grytti at þeim ok þeir í móti um ána þvera, ok sumir skutu ok varð Hrolleifi ekki skeinu-samt. Jökull vill ráðast at honum annars staðar yfir ána, ok kvað eigi meðalskömm í vera ef þeir bera eigi af honum. Þorsteinn segir: hitt mundi mitt ráð at víkja aptr hingat ok eiga heldr undir

15 oss en ganga í greipr þeim mæðginum, þvíat ek hygg hana skamt frá hefjast, ok er eigi sem [vér] eigim við dándimenn þótt vér eigim við gerningavættir þvílíkar. Jökull kveðat aldri þat hirða, ok leitar af ánni en bræðr hans grýta ok skjóta at Hrolleifi, ok eigast hart við. Nú kom maðr heim hlaupandi ok segir Ingi-

20 mundi at í úefni var komit, ok þeir börðust um ána þvera, ok er sjá fæstum líkr búi þinn. Ingimundr svarar: tak hest minn ok vil ek til ríða. Hann var gamall ok nærr blindr, hafði þá ok af höndum látið öll fjárforræði ok svá bú. Sveinn var honum fenginn til fylgðar. Ingimundr var í blárri kápu. Sveinninn leiddi hest-

25 inn undir honum; ok er þeir koma á árbakkann þá sá synir hans. Þorsteinn mælti: kominn er faðir várr, ok látum hefjast undan, ok mun hann ætla at vér munum gera vilja hans, en hræddr er ek um kvómu hans, ok það Jökul hepta sik [.]

.¹

30 sá hann skaut hann spjóti til hans ok kom á hann miðjan, ok er hann fékk lagit reið hann aptr at bakkanum ok mælti: þú sveinn fylg mér heim. Hann hitti ekki sonu sína, ok er þeir kvómu heim

¹ unlesbar.

var mjök áliðit á aptaninn, ok er hann skyldi af baki fara þá mælti hann: stirðr er ek nú, ok verðum vér lausir á fótum hinir gömlu mennirnir. Ok er sveinninn tók við honum slaxaði[!] í sárinu; sá sveinninn þá at spjótið stóð í gegnum hann. Ingimundr mælti: þú hefir mér lengi trúr verit, ger nú sem ek býð, meiri ván 5 at ek krefi þik fás héðan af; far nú ok seg Hrolleifi, at áðr morgin kemr get ek at synir mínir muni þikkjast eiga þangat at sjá eptir föðurhefndum, ok gæti hann svá síns ráðs at hann fari á brott áðr dagr komi, mín er ekki at hefndara þótt hann sé drepinn, en mér samir þó betr at skjóta skjóli yfir þann er ek hefir áðr á 10 hendr tekit, meðan ek má um mæla, hversu sem síðarr ferr. Hann braut spjótið af skapti ok gékk inn með fulltingi sveinsins ok settist í öndvegi sitt, ok bað hann ekki ljós gera áðr synir hans kæmi heim. Sveinninn kom til árinna ok sá þar laxa marga er Hrolleifr hafði veitt. Sveinninn mælti: þat er sannmæli at þú 15 ert mestr mannhundr. Nú hefir þú þat gert, er vér munum aldri bætr bláa. Hverr hefir þat veitt honum, sagði Hrolleifr? Þú, sagði sveinninn, ok bað hann mik svá segja þér, at þú skyldir eigi morgins heima bláa, kvezt ætla at synir hans mundu þangat eiga eptir föðurhefndum at leita. Nú gerða ek þetta meirr at þæn 20 hans en hitt at mér værir þú svá sparr undir öxi. Hrolleifr segir: trúi ek því, ok skamt rynnir þú héðan, ef þú hefir eigi þetta sagt 23 mér. Nú er at segja frá Ingimundarsonum at þeir fóru heim um kveldit ok ræddu með sér at Hrolleifr væri endemismaðr. Þorsteinn mælti: enn vitum vér eigi gerla hversu illt vér munum 25 af honum hlotið hafa, ok segir mér ekki létt hugr um ferð föður várs. Þeir kómu heim við kveldit; ok gékk Þorsteinn í eldaskálan, ok stakk niðr hendinni er hann hrataði ok mælti: því er vott, húsfreyja? Hon svaraði: þat ætla ek at runnit muni hafa ór klæðum Ingimundar. Þorsteinn segir: þetta er hált sem blóð, ok 30 kveikit ljós skjótt. Svá var gert ok sat Ingimundr í öndvegi sínu ok var dauðr, stóð þar spjótið í gegnum hann. Jökull mælti: illt er slíkt at vita um svá göfgan mann at slík mannfýla yrði at bana, förum þegar ok drepum hann. Þorsteinn mælti: eigi kantu

góðgirnd föður várs ef hann hefir honum eigi undan komið, eðr hvar er nú sveinn sá, er honum fylgði. Nú fanst hann eigi. Þorsteinn mælti: eigi get ek nú hans heima at vitja, munum vér með ráðum verða eptir at leita en eigi með áhlaupum, en viðr þat munum vér huggast hversu mikill mannamunr er orðinn með þeim Hrolleifi ok njóta mun hann þess af

FRAGMENT DER AUSFÜHRLICHEN FLÓAMANNA SAGA

Cod. AM. 515, 4^o und Cod. AM. MEMBR. 445b, 4^o

15 Þórey hét kona ok var Þorvarðsdóttir; Þorfinna hét móðir 18 hennar, hon bjó í Odda. Þorvarðr var andaðr. Þórey var á fóstri í Kálfaholti með þeim manni er Jósteinn hét, gildir bóndi. Jósteinn átti systur Þorvarðs í Odda er Þorgerðr hét, þau voru börn Þórðar Freysgoða; Kolr ok Starkaðr voru fóstbræðr Þóreyjar; 20 Guðrún hét systir þeirra, ok var hon líka fóstursystir Þóreyjar. Þórey var skörungr mikill ok fríð sýnum. Þeirrar konu biðr Þorgils Örrabeinsstjúpr ok þánn kost fær hann, ok gerði brullaup til hennar; samfarir þeirra voru góðar. Hæringr bjó nú á Stokks-eyri. Þorgils bjó í Traðarholti, ok gerðist hann ríkr maðr, svá 25 at Ásgrímr Elliða-Grímsson bar ekki af honum á þingum.

Sörli hét maðr, hann bjó skamt frá Kálfaholti, hann venr 19 kvámur sínar í Kálfaholt á fund Guðrúnar, systur þeirra Starkaðar ok Kols; einn tíma ferr Kolr á leið til Sörla ok biðr hann láta af kvámunum til Guðrúnar systur þeirra; Sörli kvað mundu 30 þat gera eptir hugþokka sínum en hirða ekki um orð hans. Þú munt ráða, segir Kolr. Annan dag eptir ferr Sörli samt á tal til Guðrúnar; ok um kveldit ferr hann seint heim, ok er hann kemr skamt frá bænum, sprettr Kolr upp fyrir honum; verðr ekki af

kveðjum; höggv Kolr hann banahögg, ferr síðan heim ok segir Guðrúnu at stöðvast muni um kvámur Sörla upp héðan; hon kvað ei þat lasta, en kvað ei svá búit hlýða mundu, þvíat hann var gjafvinnur ok þingmaðr Ásgríms Elliða-Grimssonar; far nú ok hitt Þorgils, hann þikki mér líkligastr at veita þér nokkut lið. 5

Kolr kemr í Traðarholt, þat var síð um kveld, menn sátu yfir borðum, en Þórey húsfreyja bar mat í stofu, þá var barit á dyr, ok gékk hon til hurðar ok heilsar vel Kol fóstbróður sínum, ok býðr honum þar at vera. Hann vill ei þar svá vera, at ei viti hon tíðindi, er í hans ferðum vóru, ok segir henni síðan vígit, hon lastar lítt, ok kvaðst: við skulu leita at veita honum ásjá, en þó er nokkut vanstilt til við Þorgils, en ærit er traust ef hann vill veita þér, ok mun ek fylgja þér í skot er hér er um skálann, ok heyrðu þaðan á viðræður okkar Þorgils. Hann gerir svá, ok eptir þat ferr hon í stofuna. Þorgils mælti: hví skulum vér svá lengi bíða matar í 10 kveld, ok gott hefir þér orðit til fjár í framgöngunni, klæði rautt hefir þú fengit. Ei veit ek þat, segir hon, en satt er hit fornkveðna, at 'spakir menn henda á mörgu mið,' mús hljóp áðan á kinn mér, en hon er mér harla úþekk. — Svá má vera, segir Þorgils. En er þau kvómu í rekkju, þá kvaðst Þorgils vita vilja, hvat í framgöngunni hafði gerzt; hon segir honum allan atburðinn, ok kvaðst hon ásjá vilja veita Kol, ok muntu svá gera fyrir mína skuld. Þorgils kvaðst svá gera mundu, hefi ek góða vináttu haft af Kol, segir hann. Um morguninn eptir fór Þorgils austr til bús Kols, hann átti bú austr hjá Kálfaholti, ok tók upp féit allt ok lét fara 25 Guðrúnu með sér, en lét eptir úmegð aðra, en er þeir vóru burt farnir kom Ásgrímr ok ætlar upp at taka fé Kols, ok hafði hann ekki. Kolr sitr hjá Þorgils um vetrinn, en um várit eptir býr Ásgrímr málit á hendr Kol; lætr Þorgils sem hann viti ei; verðr Kolr sekr um vígsmálit. Þorgils ríðr allt at einu um heraðit ok Kolr með honum, sækja mannamót, ok gerist af því úþokki millum heraðshöfðingja. Heraðsmönnum þikkir mein at ok leita um sættir, en Þorgils býðr engar bætr fyrir Kol, heraðsmenn leggja nú fund til, ok leggja allir fé til við Ásgrím ok bæta víg Sörla,

gefa ok fé til sýknu honum, ok var þetta gert án ráðs Þorgils. Sýkna Kols var færð annat sumar á þingi, ok er þó fátt um með þeim höfðingjunum.

Eitt sinn ríðr Þorgils til hestaþings austr í herað ok Svartr verkstjóri hans með honum, var þá góð gleði um daginn. Ásgrímr var þar ok talar mart við Svart. At kveldi ríðr Þorgils heim, en Svartr reið nær honum, ok fann Þorgils at hann vill ætíð ríða seinna; grunar hann þá, ok gefr honum færi á sér. Ok er Þorgils varir minst, höggr Svartr til hans, en Þorgils kastar sér ór súðl-
 10 inum. Þorgils þrífir Svart ok spyr hverju gegnir; hann segir at Ásgrímr bauð honum þetta, en þá er hann svipti Svarti, féll fésjóðr undan yfirhöfn hans; segir hann þá at Ásgrímr hafi gefit honum fé til höfuðs Þorgils. Hann drepr Svart þegar í stað; eptir þat ríðr Þorgils fram at sínum mönnum, ok segir þeim hversu farit
 15 hefði; en hvert sumar er hann kemr á mannamót sýnir hann fésjóðinn ok vóru þar í III merkr silfrs þess er bezt var, ok gékk eingi við at ætti. Þorgils kvaðst þat fé hafa mundu, ok hafa sitt satt við, hvar Svartr hafði fengit.

Nú kom kristni á land, ok tók Þorgils í fyrra lagi sið
 20 kristinn, ok hélt vel trú sína; ok er hann hafði viðr kristni tekit, þá dreymdi hann einhverja nátt, at Þórr kæmi at honum með illiligu yfirbragði, ok kvað hann sér brugðit hafa, ok hefir þú illa ór ráðit, valit mér þat ór þínu fé er þú áttir verst til, þú kastaðir silfri því í fúla tjörn er ek átta, ok skal ek þar í móti koma. Guð
 25 mun mér hjálpa, segir Þorgils, ok er ek þess sæll er okkar félag sleit. Ok er Þorgils vaknaði ok kom út, sá hann at töðugöltr hans var dauðr, ok lét hann grafa hann hjá topt nokkurri, ok vildi ei láta af neyta. Enn barst Þórr í draum Þorgils, ok segir sér yrði ei meira fyrir at taka fyrir nasir honum, en töðugelti hans. Þorgils
 30 segir: guð mun því ráða. Þórr hét þá at gera honum fjárskaða. Þorgils kvað ei um þat hirða. Aðra nótt eptir dó uxi gamall fyrir Þorgils. Þá sat hann sjálfr hjá um nóttina eptir yfir nautum sínum, ok er hann kom heim um morguninn, var hann víða blár; hafa menn þat fyrir satt, at þeir Þórr muni fundizt hafa; eptir þat

tók af fallit. Þorgils var et mesta mikilmenni, harðr maðr ok frækinn. Nú líða fram stundir; ok er skip ganga landa á milli, þá koma orðsendingar af Grænlandi, at Eirekr rauði býðr Þorgilsi út til Grænlands til þeirra kosta er beztra hefir hann füng á. Þorgils áhlýddist lítt. Ok er hann hafði búit hér XIII vetr, kom 5 skip af hafi, þar var á Þorleifr sonr hans, ok hafði góða gripi at færa honum; Þorgils tók vel við honum. Þorgils talar við konu sína ef hon vill fara með til Grænlands; hon kvað vanbreytt um. Hann kvað Eirek hafa sent sér orð, ok máttu vera eptir ef þú vilt ok gæta bús okkar, en ek fari; hon kvað því mundu misráðit, at farit væri, en fara vil ek ef þú ferr. Þorgils fékk nú í hendr Hæringi bróður sínum fé sitt til varðveizlu, ok svá tók hann við goðorði því, er Þorgils haft hafði; hann vill at landit í Traðarholti sé eign erfingja hans ef hann kemr ei til. Þorný hét dóttir þeirra Þorgils ok Þóreyjar, var hon þá VIII vetra gömul. Þessi ráða- 15 breytni Þorgils spurðist nú víða um sveitir. Þorleifr skal fara með honum, Kolr ok Starkaðr bróðir hans, ok Guðrún systir þeirra, Snækollr ok Özurr þrælar hans ok Þórarinn ráðsmaðr. Þrælarnir voru alls X. Þorgils hafði nefnda menn mest fyrir því ef hann vildi bæ láta reisa á Grænlandi. Þeir voru allir öflugir menn. 20 Þorgils hafði allskonar fé ef hann vildi þar staðfestast. Jósteinn bóndi ór Kálfaholti réðst ok til ferðar með honum ok brá búi sínu, hann var með XII. mann. Þorgerðr fór ok kona hans ok Þórarinn son þeirra, hann var hinn knásti maðr. Þorgils kaupir nú skip. Þórólfr hét maðr, er Þorgils fékk í hendr úmagabú, en Hæringi 25 bróður sínum seldi hann í hendr XL hundraða III álna aura annat en staðfestu. Þorgils gisti ok þau á Hjalla í Ölvusi, þar var í ferð með honum Þorný dóttir hans, ok ætlaði hann at hon skyldi fara; þar tók hon sótt, ok beið Þorgils III nætr, ok kvað þat ei mundu standa fyrir ferð sinni, ok gaf henni XL^c III [álna] aura, 30 ef hon þyrfti til at taka, ok kvað vera mega at þar væri forlög hennar. Þóroddr kvaðst ætla at hon mundi giftudrjúg vera. Þorgils segir Þóroddi at hann kveðst mundu mjök treystast um-mælum Eireks rauða. Þóroddr segir: opt verðr vant til manna

at ætla, ok ei at síðr at maðr leggi mikinn kost til. Þorgilsí kveðst nú fyrir þikkja mikit at fara, en kveðst nú ei nenna aptr at hverfa; skilja þeir nú þeir Þóroddr.

Þorgils bíðr nú byrjar, ok dreymir hann at maðr kemr at 21
 5 honum mikill ok rauðskeggjaðr ok mælti: ferð hefir þú ætlat fyrir þér ok mun erfið verða. Draummaðrinn sýndist honum greppligr ok mælti til hans: alla stund hefir þú mér verit gagnstæðligr, þóttú værir heiðinn maðr, en oss er mikill missir orðinn at siðaskipti þínu; áðr var allt fólk leitandi til várs trausts ok full-
 10 tings, ok ertu sem þeir er oss vilja þyngst, ok mun illa farast, ef þú vilt ei aptr til mín hverfa um átrúnað, mun ek þá enn um sjá yðar ráð. Þorgils kvaðst aldri hans umsjá vilja hafa, bað hann burt dragast, ok skiljast við sik sem skjótast; tekst ferð mín sem guð vill, hugðist hann svara í svefninum. Síðan þótti honum Þórr
 15 færa sik á hamra nokkura, þar sem sjóvar stormr brast í björgum, ok nú segir Þórr: í slíkum stormi skaltu vera, ok þó lengi í vólki vera, ok kveljast í vesöld ok háska nema þú gerist minn maðr. Nei, nei, segir Þorgils, far þú burt enn leiði fjándi! sá mun mér hjálpa, sem alla leysti með sínum dreymra, ok álíta ferð vára. Síðan
 20 vaknar hann, ok segir drauminn Þóreyju konu sinni, ok dvína munda ek láta ferðina, ef mik hefði fyrri þvílíkan draum dreymt, ok ei vil ek segja láta Jósteini né öðrum mönnum þenna draum. Hon kvað þetta ei góða furðu, ok kvað vel ráðit þótt¹ hann ætti fátt við Þór, ok aptr munda ek setjast, ef mik hefði þvílíkan
 25 draum dreymt.

Nú kemr byrr ok sigla þeir út eptir firði á haf góðan byr, hafði Jósteinn skip fyrir framan siglu; ok er þeir koma ór landsýn, þá tekr af byri alla ok velkjast þeir úti lengi, þar til er bæði verðr átfátt ok drykkfátt á skipi þeirra. Eina nótt dreymir Þorgils
 30 at sá sami maðr kæmi at honum, ok mælti: fór ei sem ek gat? þvíat þú hefir neitað mínu fulltingi ok ásja, má enn vera at betrist um

¹ því *Hás.*

hag þinn, ef þú vill mik þýðast; hann kveðst þat aldri vilja, þótt líf hans lægi við, það úvin á brott dragast ok koma aldri optarr, ok vaknar hann eptir þat. Útivistin harðnar mjök, tekr nú at hausta; mæltu sumir menn at þeir mundu blóta þar til byrjar, kvóðu betr þá farit hafa ráð manna er þeir blótuðu hann, ok kvóðu 5 ráð at fella þangat hugi sína. Þorgils segir: ef ek verð varr við þat, at nokkurr maðr blótar ok gerist guðníðingr, þá skal ek þat harðliga hefna. En við þessi orð hans treystist eingi at kalla á Þór. Þá dreymdi Þorgils enn eina nótt, at hinn sami maðr kæmi at honum ok mælti svá: enn sýndir þú hverr þú vart mér, þar er 10 menn vildu mik þýðast, hefi ek nú beint fyrir yðr, þvíat margir eru skipverjar þínir at bana komnir, ok enn muntu höfn taka á VII náttu fresti, ef þú vilt mik athyllast. Þorgils segir: þótt ek taka aldri höfn skal ek þér aldri gott gera, ok ef þú kemr optarr, skal ek gera þér nokkura skömm. Hann segir: þótt þú gerir mér ekki gott, þá gjaltu mér þat [er] ek á, ok þú hefir mér heitið. Þorgils hrakti hann með mörgum orðum, ok við þat fór hann á brott. Þorgils vaknar ok hugsar hvat hann muni þar eiga, ok nú man hann, at hann gaf fyrir löngu Þór kálf einn. Þorgils segir þetta Þóreyju, ok var þetta þá gamall öxi, ok kvað allðri þat 20 skyldu innanborðs er hans kanna væri á, ok segir hann því þar hverfa mundu um skipit. Hon kvað þat vel fundit. En er Þorgerðr vissi þetta, at Þorgils ætlar at kasta út oxanum, þá falar hon oxann er þeim var vistafátt. Þorgils afsvaraði ok vil únýta oxann. Hon reiddist við orð hans, ok er ei undarligt þó illa takizt, er Þórr várr 25 er svá svívirðr, ok mikít munu nú menn verr kunna fyrir sér en þá menn sæmdu hann í mörgum hlutum. Þorgils hirðir ekki um orð hennar ok lét skjóta útbyrðis oxanum, ok kvað ei kynligt 22 þó illa færíst er fé Þórs var innanborðs. Ok eru þeir nú enn úti um hríð. III mánuði vóru þeir í hafi ok höfðu harða réttu ok litla byri. Þórarinn son Jósteins var knástr maðr annarr en Þorgils, hann var þá tvítugr at aldri. Þat er sagt at þeir brutu skip sitt síð dags undir Grænlands jökklum í vík nokkurri við sandmöl; skipit tók í sundr í efra rúmi; menn héldust allir ok fé; bátr

komst ok heill á land. Stafninn rak upp við hit syðra landit, þá var vika til vetrar. Jökla miklir géngu fram II megin víkrinnar, en til vestrættar væntu þeir byggðar; gera sér nú skála allir saman, ok í þverþili, búa nú snumegin hvárir þilsins, hafa mjöl nokkut
 5 sér til atvinnu, henda af rekum slíkt er þeir féngu ok eiga allir saman; fé þeirra var dautt flestallt; hirzlur þeirra vóru í skála þeirra. Þorgils manna hlutr var jafnan betri af veiðifangi, varð hann um flest hlutsælli. Þorgils beiddi at menn vildu vera hljóólátir síð á kveldum ok siðsamir ok héldi vel trú sína. Þóreyju húsfreyju var mikit
 10 framat ok var lítt heil. Þat er sagt at Jósteinn ok hans menn vóru löngum úti síð á kveldum, ok gerðu mikit um sik ok höfðu náttleiki. Jósteinn mælti eitthvert sinn við Þorgils, kvað sér þikkja mikinn mun veiðifang sins. Þorgils kvað þá ei einnveg rækja, þvíat þér haldit lengr við á kveldin, en vér erum at fyrri. Jósteinn vildi þá
 15 skipta láta öllu veiðifangi, ok svá var gert, ok varð Þorgils jafnan hlutsælli, ok skortir þá hváriga. Svá er sagt at fátt var með þeim, vóru þeir Þorgils spakir ok hljóðir, en hinir höfðu náttleika með miklu erfiði ok háreysti. Nær vetrnóttum varð Þórey léttari at sveini þeim er Þorfinnr hét, hon hjúkaðist lítt við þessa fæðu er
 20 til var. Þórarinn Jósteinsson hafði útiróðra með þrælum Jósteins. Líðr nú á vetrinn ok dregr at jólum, ok ræðir Þorgils um at hann vill menn sé hljóólátir ok siðsamir ok færi snemma í rekkju. Jólamorgun var á veðr gott, ok vóru þeir þá lengi úti um daginn ok heyrðu óp mikit í útnorðr, ok nú kemr annarr aptan í jólum, þá
 25 náttar Þorgils snemma ok ferr í rekkju, ok er þau höfðu sofit svefn, þá koma þar Jósteins menn ok er mikit um lið þeirra, ok búast til matar. Þorgerðr var í öllu háreysti með þeim ok var hon sterk sem karlar, ok er þau eru at mat, þá er drepit á dyr mikit högg ok snjallt. Þá mælti einn þeirra: góð tíðindi munu nú í nánd
 30 vera. Sá hleypr út, ok þikkir þeim er inni vóru fresta innkvámu hans. Nú ganga þeir Jósteinn út, er sá þá ærr er úti var; ok um morguninn deyr hann. Mótlíkt ferr annan aptan, at maðr ærist ok deyr skjótt, ok þóttist sjá þann hlaupa at sér er fyrr dó. Nú kom sótt í lið Jósteins ok deyja VI menn, ok þá tekr Jósteinn sótt

hinn XII. dag jóla, en Þorgerðr sitr yfir honum, ok lýr hann sótt ok deyr hann, ok eru þeir nú kasaðir þar í mölinni. Þorgils hélt þá sínum mönnum öllum, ok ræðir jafnan um við þá at þeir sé hljóðlátir ok siðsamir, bað þá láta sér annars víti at varnaði verða, minnast á guðliga hluti ok fremja nú skynsemd um kristnihald sitt 5 ok söngva. Á bak jólum ganga þau öll aprt ok einna mest Þorgerðr. Þórarinn lézt síðast af liði Jósteins, var hann grafinn undir skipshræinu, en öll vóru þau dauð í miðja góí, vóru þá miklar aprtgöngur ok sóttu öll at Þorgilsi. Þorgils segir þá at Þorgerðr hefði lið sitt allt, ok hon þyrfti þá ekki fleira at kalla, ok eptir 10 þat léttir af sóttinni. Ekki máttu þeir Þorgils í brott hefjast meðan aprtgöngur vóru mestar. Í þeim hluta skálans géngu þau mest aprt, er þau höfðu áðr átt, en þó géngu þeir í hinn lut skálans, ok sótti Þorgerðr konur mest. Ok er svá hafði fram farit um hríð, þá lét Þorgils brenna þau öll á báli, ok var þá ekki mein at aprtgöngu þeirra síðan. Þeir Þorgils höfðu skip á stokka sett, ok mjök gert at öðru, ok höfðu hváirtveggju at skipbúnaði verit. Nú liðr af vetrinn, ok máttu þeir þó eigi á brott komast fyrir ísum; þeir fá sér vistir um sumarit, ok annan vetr eptir þá andaðist Guðrún systir Kols. Kolr grefr hana undir rúmi sínu, ok er vátar 15 þá mega þeir ei brott komast.

23 Þat er enn eitthvert sinn sem optarr bar at, at Þórey segir draum sinn Þorgilsi, at hon þóttist sjá fögr heruð ok menn fagra ok hjarta, ok vænti ek, segir hún, at vér leysimst héðan í burt ór ánauð þessarri. Þorgils segir: góðr er draumr þinn ok þó eigi 25 úlíkari at viti meir til annars heimshluta, ok muntu eiga fyrir höndum fagra staði ok munu dýrligir menn hjálpa þér fyrir gott líf þitt ok mannraunir; hon bað þá í burt leita ef þeir mætti. Þorgils kveðst ei yfir þat sjá. Hon lá í rekkju jafnan, ok einhvern góðan veördag ræðir Þorgils um at þeir muni ganga á jökla upp ok vita ef þeir sæi ísinn nokkurstaðar leysa. Þórey kveðst þess úfús, at hann gengi nokkurstaðar frá henni; hann kvaðst skamt fara mundu. Hon kvað hann ráða mundu enn sem fyrr. Þrælarnir skyldu róa at veiðifangi um daginn, ok Þórarinn

bryti skyldi ýta þeim ok vera hjá Þóreyju, en Þorgils ætlaði at ganga á jökulinn. Þeir Þorleifr ok Kolr ok Starkaðr beiddust at fara með honum, en Þorgils kvað forystulaust heima, ef ei væri nokkrir þeirra hjá Þóreyju, ok trúum vér ærit vel þrælunum í þessu. Þeir fóru þó allir á jöklana. Þorgils hafði bolöxi í hendi ok gyrðr sverðinu Jarðhússnaut. Þeir géngu til eyktar, ok höfðu farit árla morguns, ok er nó n var dags, þá snéru þeir apr, ok gerði á veðr hart. Þorgils gékk fyrir þeim ok hitti vel leiðina, kvómu at skálanum, ok sá ei skipit, kvómu inn, ok vóru á brott

10 kisturnar allar ok svipt fénu ok mennirnir á burt. Þorgils mælti: nú munu ill efni í; koma innarr í skálann ok var þar myrkt; þeir heyra til rekkju Þóreyjar snörl, ok þat sér Þorgils at hon er önduð, en sveinninn só hana dauða. Þorgils leitar um hana, ok finnr einstaðar at harðnat var holdit ok ben lítil undir hendinni,

15 sem mjófum hnífsoddi hefði stungit verit; mjök var þar allt blóðugt í rúminu. Þetta hafði svá vorðit at Þorgilsi var mestr harmr; grafa þeir hana hjá Guðrúnu. Þorleifr leggir á alla stund at gleðja föður sinn. Á burt var ok sópat öllum vistum; hurðirnar höfðu þeir ok frá tekit húsunum ok hvílutjaldit var í brottu. Um nóttina

20 vildi Þorgils vaka yfir sveininum ok mintist þá drengiliga á karlmensku, ok kvaðst ei sjá mega at barn þat mætti lifa nema mikit væri til unnit, ok vill hann ei at þat deyi. Lætr hann nú saxa á geirvörtuna á sér, ok kemr þar blóð út; síðan lætr hann teygja þat, ok kom þar út blanda, ok ei lét hann af fyrr en þat var mjólk,

25 ok þar fæddist sveinninn við, ok um nóttina trúði hann sér ei til vöku fyrr en hann lét glóð undir fætr sér. Þat er sagt at þeir Snækollr ok aðrir þrælar höfðu skipit í brott tekit; ketil hinn meira höfðu þeir, en lítill ketill var eptir er Þórey hafði átt ok flykkisstúfr einn ok svo nafrar; í burt vóru¹. sem í

30 tólakistunni höfðu verit. Þórarinn bryti var ok á brott horfinn. Þeir Þorgils eru þar enn nokkura hríð ok sækja fast at veiðiföngum, ok verðr þeim mjök ekki mein at öðrum úvættum; leita þeir enn

¹ Hier muss etwas fehlen, töl öll?

við at gera sér farkost, ok eru nú smíðartól heldr fá; gerðu þeir sér einn húðkeip ok bjuggu innan með viðum; líör nú á sumarit, ok sjá menn ekki um vistaföng brýnligt. Þeir bjuggu um húðkeipinn ok ok byrgðu ok lifðu nú viðr reka ok smádýri [ok] ikorna.

24 Um morguninn er Þorgils kom út sá hann rekald mikit í 5
vök einni ok ¹ þar [hjá] konur II í skinnkyrtlum ok bundu sér byrðar ákafliga miklar. Þorgils hleypr þagat til ok höggv þegar til annarrar með sverðinu Jarðhússnaut í því er hon færðist undir byrðina ok rekr af henni höndina uppi viðr öxlina. Byrðrin féll niðr en hon hljóp á brott. Þeir taka [rek]aldit undir sik, ok er 10 þá eigi vistaskotr um vetrinn, ok er várar er mjök uppi vistin. Þorgils kvazt leiðast þar vistin, ok losnar nú íssinn, sagði hann, ok munu vér á brott leita. Þeir fara nú á brott, ok hafa með sér ketilinn; dragast nú með jöklunum fram ok á ísinn at öðru hverju, ok um sumarit kvómust þeir suðr til Seleyja á keipinum, en lítið 15 máttu þeir hafa af föngum sínum. Þar féngu þeir sela nóga ok vóru þar um vetrinn. At sumarmálum fóru þeir þaðan ok kvómu þá við ey nokkura litla. Hálfum mánaði síðar þá fundu þeir svartbaksegg; þeir sjóða egginn ok etr sveinninn þorfinnr eitt eggit ok eigi allt. Þeir spyrja hann því hann æti eigi allt. Hann segir: 20 þér sparit yðvarn mat ok vil ek ok spara minn mat. Þeir vóru á skipi sínu á náttum en fóru á land um daga ok fá þó lítið fang, ok einn dag fundu þeir árarstúf einn ok vóru á rúnar þessar:

Vaskað ² ek dasi
er ek þessa dró 25
opt úsjaldan
ár á borði;
sjá gerði mér
sára lófa
meðan heimdragi 30
hnauð at rauða,

¹ Hier beginnt das erste Blatt des Membranfragmentes.
vaskaði Hds.

² Emendirt;

þeir dragast nú enn fram fyrir jöklana, ok koma þá at björgum
 nokkurum bröttum ok brýna þar upp skipinu ok hafa þar dvöl ok
 reisa þar tjald, ok höfðu nær öngvar vistir; ok um morguninn gengr
 Kolr út ór tjaldi ok sér hvergi skipit, ok við þat legst hann niðr
 5 ok vill eigi segja Þorgilsi, ok þikkir áðr ærinn harmr hana. Litlu
 síðarr gengr út Þorleifr ok sér eigi skipit, getr hann ok eigi um.
 Síðan riss Þorgils upp ok litaðist um, ok sér eigi skipit, ok sagði
 þeim at skipit var í burt, ok má ek eigi sjá þat, at við sveininn
 megi leita[!], ok tapi honum. Þorleifr segir: þat liggir ekki til.
 10 Þorgils biðr þat þó gera. Eptir þat taka þeir við sveininum.
 Kolr bað Þorleif tapa honum, þat samir mér eigi, sagði hann, ok
 skal ek þat eigi gera. Þá er betr ok Kolr, sagði hann, fyrir því
 at eigi skal ek honum týna, hefi ek lengi verit með Þorgilsi ok á
 ek honum margt gott at launa, ok ef týnt er sveininum, þá mun
 15 honum svá mikit þikkja, at eigi er sýnt at hann lifi eptir. Nú láta
 þeir sveininn úti eptir, en þeir ganga inn í tjaldit. Þorgils spurði
 hvárt drepinn væri sveinninn, þeir kvóðu eigi þat vera. Hann
 þakkar þeim ok sagði úsýnt hversu hann bæri, ok er gott til góðra
 drengja at taka, ok hafi þit firt mik miklum glæp, ok mun ek
 20 aldri þikkja síðan dugandi maðr, ok svífr nú ýmsu á mik. Um
 nóttina eptir er sveinninn hjá Þorgilsi, ok um morguninn segir
 Þorgils draum sinn. Ek þóttumst vera, sagði hann, á Íslandi á
 alþingi, ok þótti mér sem vit Ásgrímr toguðum eina hönk ok allr
 lýðr horfði á, ok hann misti hankar[in]nar. Þorleifr segir: þar
 25 muntu enn koma til Íslands, faðir minn, sagði hann, ok skipta
 málum við Ásgrím ok mun þat vel ganga. Slíkt má vera, sagði
 Þorgils, þótt nú þikki eigi líkligt, ok er vel ráðit. Aðra nótt
 dreymdi hann enn, ok sagði enn Þorleifi: ek þóttumst vera, segir
 hann, heima í Traðarholti, ok var þar fjölment mjök, ok sá ek
 30 álpt eina ganga eptir gólfinu, ok var hon blíf viðr aðra en mik,
 þá hrista ek hana, ok var þá betr. Þar muntu, sagði Þorleifr,
 kvángast, ok mun kona þín vera ung ok muntu í fyrstunni missa
 ástar hennar, ok mun þó vel dragast. Hina III. nátt dreymdi
 Þorgils enn at hann þóttist vera heima í Traðarholti, ok kerti V

vóru á kné mér, sagði hann, ok fölski á hinu mesta; ok enn dreymdi mik at kona kæmi at mér, ok kvað mik kominn í tún sitt, ok þikki mér illa er þér hafit etið egg Þorfinns, ok hon segir mér at sveinar hennar hefði tekit skip vart. Þorleifr segir: þar munu vér í burtu komast. Enn dreymdi mik, sagði Þorgils, at ek væra heima í Traðarholti; ek sá á kné mér hinu hægra, at þar vóru vaxnir hálmklaukar V saman, ok þar af kvísluðust margir laukar ok ofarliga yfir höfuð mér bar einn laukrinn, svá var hann hár ok svá var hann fagr at hann hafði gullslit á sér. Þorleifr segir: sé ek draum þinn, þar muntu eiga V börn ok frá þér munu kvíslast margar ættir, ok útal manna mun frá þér koma, en ek mun eigi á Íslandi aldr ala, ok mun ek ætla ætt mína annarsstaðar; en hinn fagri laukur, þar mun nokkur maðr sá frá þér koma, er ágætari maðr mun vera en allir aðrir þínir ættmenn. En þat gékk svá eptir, at frá honum er kominn hinn helgi Þorlákr biskup. Þorleif dreymdi enn draum, ok sagði föður sínum. Góðan draum hefir mik enn dreymt, ok héðan af mun batna ráð vart. Mér þótti sem Þórny systir mín gæfi mér osthleif ok væri af börurnar! Vera má, sagði Þorgils, at hon gæfi, ef hon mætti; ok nú heyra þeir kall mikit, ok biðja Íslendinga taka skip sitt, ok hafi þér illa við vorðit. Þeir ganga nú út ok sjá konur II, er tekit höfðu skipit. Þær hurfu skjótt, ok þá heyrðu þeir at björn einn brauzt um í vök einni, ok var brotinn á hrammrinn. Þorgils hleypr til bjarnarins, ok leggr til hans með sverði; björninn deyr við þat lag. Þorgils þrífir í hlustirnar, ok lætr eigi sökkva. Síðan drógu þeir hann á ísinn ok hlóðu skipit. Dýrit var kalit á fyrri fæti, ok má af slíku marka, hve mikinn háska þeir Þorgils höfðu af fjúki ok frosti í þessari ferð, er dýrit var örkuemat af kulda. Þat er sagt at Þorgils deildi stykki hverjum þeirra. Þeim þótti oflítið, ok ræddu um með sér, því hann væri svá harðbýll. Þorleifr mælti: matsparr þikkir þú nú faðir minn, sagði hann. Þorgils segir: svá vill vera son minn, þvíat eigi hæfir oss annat svá mjök, sem áðr erum vér þrekaðir. Róa nú fyrir fjörðinn fram, ok verðr sein förin, snúa nú til hafs meirr

ok róa af margar vikur, fóru gagnleiði. Þá rýmdist íssinn ok breiddust sundin, fóru utarlíga fyrir fjörðu fram, drógu skipit stundum milli vakanna. Nú koma þeir á einn mikinn fjörð, stefna fyrir utan minnit til lægis. Ok um daginn gerðist mæði mikil á þeim. Þorgils var þó miklu hraustastr um allt, tekr þá nú at þyrsta mjök. Þeir vóru þá V með sveininum Þorfinni, Þorgils ok Þorleifr, Kolr ok Starkaðr bræðr. Vatnit var hvergi í nánd ok verðr þeim nærr farit af drykkleysi. Þá mælti Starkaðr: þess hefig vitað dæmi at menn hafa blandat allt saman, sjó ok hland; taka nú örskotuna ok míga í, ok kvóðu þat gert vera ef líf manna lægi vit, ok báðu Þorgils leyfis at; en hann kvað várkunn á, kvezt hvárki banna né leyfa, en eigi mun ek drekka, segir hann. Þeir gerðu drykkinn. Þorgils kvezt nú vilja taka við aurskotunni ok kvezt skyldu mæla fyrir minni, hann mælti svá: þú hit arga ok hit illa kykvendi er vára ferð dvelr skalt eigi því ráða, at ek skal hvárki drekka minn þarfagang né aðrir. Ok í því bili fló fugl því líkastr sem álku ungi ok skrækta við illiliga. Þorgils segir: þetta er enn lítil laun hjá því sem vert var, en þér firðut mik glæpnum, en hugstætt má oss verða þessi skömm ok hneisa, ok héðan af mun batna um vart ráð; róm nú at ísinum ok verum kátir ok glaðir, ok lagði oss nú nærr, ok vildi guð at vér forðaðimst þessa skömm; taka þeir nú vatn á ísinn[!] ok var þat síð um daginn. Þá segir Þorgils, at sjá mundi, af hvers völdum var, ok er þeir vóru á sjónum, þá fló fuglinn í norðrætt frá skipinu ok var stórum illiligr. Þorgils mælti: seint hefir þessi fugl við oss skilit ok taki nú allar gramir viðr honum, en við þat unum vér, at eigi kom hann því á leið sem hann vildi ok veldr guð sjálfr því sá er vér trúm á. Koma nú síðan viðr ey eina, ok vóru þar III nætr áðr en þeir sá tjald af lérepti, ok kendu þar líntjald Þóreyjar, ok fundu þar Þórarinn brytja sjúkan. Þeir spyrja hverju faraldi hann hafði þangat komit; hann sagði kostaboð þeirra Snækolls viðr sik ef hann vildi eigi fara, at þeir mundi drepa hann, ok þeir hefði verit skamt frá Seleyjum um vetrinn. Þeir spurðu hann margs, kvezt hann nauðigr allt gert hafa, ok hafa þeir fé allt, en Snækollr lagði járni á Þóreyju.

Þorgils segir: eigi veit ek hvers þú ert af verðr, en eigi skaltu hér vera; ok áðr þeir fari á brott, þá deyr hann, ok jarða þeir hann þar, fara [með] land fram, tekr nú at hausta, ok koma á fjörð einn ok inn í fjörðinn, ok kómu at nausti, brýndu þar upp skipi sínu, ok ganga upp frá sjó, ok sjá bæ lítinn, ok þar var maðr úti fyrir; hann heilsar þeim, ok spyr hverir þeir væri, eðr hvaðan þeir væri at komnir. Þeir sögðu sem farit var ok spyrja hann at nafni. Hann kvezt Hrólfr heita, ok býðr þeim þar at vera, at þat þiggja þeir. Konur geyma þorfinns ok var honum mjólk gefin, hann kvað ekki þannig lita mjólk föður síns. Þrólfur kvezt hafa stokkit fyrir víga sakir ór byggð, var hann hinn greiðasti við Þorgils, kvað skip farit hafa þar um sumarit ok komit ekki við land, en sagði leið vera svá langa sem torsóttá, ok þar eru þeir um vetrinn; ok er vðrar býðr hann þeim þar at vera ok slíka kosti sem hann hefir til skips ef þeir vilja. Þorgils segir honum vel fara, ok kvezt skipit vilja þiggja, ok væri skylt at launa þér með góðu. Hrólfr kvazt ætla at hann mundi af honum giptu hljóta, þvíat ek væntir, at þú munt í góða virðing koma, ok ef svá verðr mættir þú mik í frið þiggja aptr í byggðina. Þorgils heitr honum því, ok mæla þar hvárir vel fyrir öðrum, fara nú suðr fyrir landit, ok gefr þeim vel fararleiði, ok haustar fyrir þeim, koma við vetr á Eireksfjörð, beita fyrir landit, héldu síðan inn í fjörðinn, ok lögðu í lægi ok tjölduðu, ok í [því] bili sá þeir kaupskip er utan sigldi í fjörðinn ok lögðu í lægi ok höfðu eitt veðr hváirtveggju, kvómu at einni höfn ok lendingu. Þorgils mælti: þetta eru góð tíðindi, farit þorleifr ok Kolr, sagði Þorgils, ok hittíð mennina, ok munu þeir kunna at segja nokkur tíðindi. Fóru nú ok koma at kaupskipinu, ok géngu upp á skipit. Aptr við lyptingina sat maðr í rauðum kyrtli, ok sprettr upp þegar ok fagnar þorleifi vel, þar var þorsteinn hvíti, fóstri hans ok stjúpfaðir, hann spyr at þorgilsi, þeir segja honum at hann var þar. Þorsteinn ferr þegar til fundar viðr hann, ok varð þar fagnafundur, kvezt þorsteinn kominn af Íslandi, ok kvað ráð hans standa heilt, ok höfðu ekki til hans spurt á IIII vetrum; sagði

Þórnýju dóttur¹ hans gipta Bjarna í Gröf Þorsteinssyni rauða [*sic*]
 landnámmanns, ok er Þorleifr kom eigi til, bjó ek skip af Noregi,
 ok fór ek út til Íslands ok var ek þar II vetr: Þá er ekki fréttist
 til yðvar, þá fýsti mik at leita yðvar higat, nú em ek feginn vorðinn
 5 yðrum fundi, ok allt mitt skal yðr jafnheimult sem mér. Þorgils
 kvað ekki mætti stórum betr í hald koma, sem at honum væri
 ván; halda nú um morguninn þangat, tjalda nú búðir á landi.
 Menn kvómu brátt til þeirra, ok bóndi sá er þar bjó næst hét Þórir,
 hann bauð Þorfinni til sín, ok þangat fór hann. Bóndi vísar þeim
 10 til hafnar, ryðja skip en bera af föng sín. Eirekr rauði býðr
 Þorgils til sín, ok þat þekist hann, ok öll[um] þeim er hann vildi
 at þagat færi; ok þangat fóru XII menn í Brattahlíð. Þorgils er
 skipat gagnvart Eireki á annan bekk, þá Þorsteini hit næsta honum
 utar frá, þá Þorleifi, Kol ok Starkaði. Þorfinni var fengin fóstura,
 15 ok vildi hann eigi mjólk drekka fyrr en myrkt var at, ok þá var
 hann af brjósti vandr. Ekki var Eirekr margr til þeirra, ok verðr
 vistin ekki meðr þvíllku bragði sem Þorgils ætlaði. Þorgils frétti
 at þrælarnir voru þar í landi með mikla kosti, ok sögðu fátt satt
 frá ferðum sínum. Þorgils lét sem hann vissi eigi. Þat varð 25
 20 þar um vetrinn at bjarndýr lagðist á fé manna, ok gerði mikinn
 skaða mörgum manni, eru þá stefnur at áttar ef þat mætti af ráðast,
 ok þar kom at fé var lagt til höfuðs dýrinu, ok gerðu menn ór
 hvárritveggju bygðinni. Fátt lét Eirekr sér til finnast. Ok um
 vetrinn er á líðr kvómu menn til kaupa viðr þá Þorgils ok Þorstein,
 25 ok eru menn margir í útibúri því er varningrinn var í, ok þar var
 sveinninn Þorfinnr. Hann mælti við föður sinn: hér er kominn
 úti rakki fagr, faðir minn, ok sá ek aldri slíkan fyrr, svá er hann
 mikill. Þorgils segir: hirð eigi um þat, ok gakk eigi út. Sveinn-
 inn hljóp þó út. Bjarndýrit var þar komit, ok hafði gengit af
 30 jöklum ok svipti undir sik sveininum; hann kvað við. Þorgils
 hljóp út þegar ok hafði brugðið sverðit Jarðhússnaut. Dýrit hafði
 leikit viðr sveininn. Þorgils högggr milli hlustanna af miklu afi ok

¹ s (*d. i. systur*) *Hds.*

reiði ok klýfr allan hausinn á dýrinu ok fellr þat dautt niðr. Þorgils tekr upp sveininn, var hann lítt sakaðr. Þorgils varð nú ágætr af þessu verki ok þótti stór heill til hans falla; lögðu margir góða þykkju til hans, ok færa margir honum bjarngjöldin. Ekki fanst Eireki mart um þetta verk, lét þó gera til dýrit. Sögðu sumir menn Eireki at Þorgils hefði haft til þessa verks [sic] illan átrúnað. 5
— Frá því er sagt eitthvert sinn um vetrinn, at menn sátu í heimilis húsi þar í Brattahlíð, ok þó eigi allir senn, þviat sumir stóðu fram í húsin, er mannmart var; þar var Kolr ok sveitungar hans. Þat er sagt frá tali þeirra, at þeir fóru í mannjöfnuð ok ræddu um Þorgils ok Eirek, sagði Kolr Þorgils mörg afreks¹ 10

33
.²hann kvezt IX búa kvatt hafa. Skapti segir: varat af vöru, sleikti um þvöru, lát niðr falla, engu er nýtt. Þorgils segir: hví mun þat sæta? Skapti segir: kunnig eru mér svá lög, mágr, at ek veit at rangt er til húit, ok eru þau ein málaefni með ykkur Ásgrími at bezt er at niðr falli, hafa svá farit skipti ykkur Ásgríms flest, at þú ert ekki vanvirðr í þótt þit skilit við svá húit, unnum vér þér sæmdar ok hógsetu héðan af, ok má af þér margt tala þat er mikilmannligt er ok skörligt. Ríða menn nú af þingi, ok sefast Þorgils við umtölur mága sinna ok vina. 20

34 Helgi hét austmaðr, er út kom í Einarshöfn ok átti ferð upp í herað, ok ferr með varning sinn upp í Þróndarholt. Þorgils reið at ofan ór Gröf ok riðust á móti. Helgi reið Þorgils næsta af baki, ok hló at honum er hann var bjúgr á baki, kvezt eigi þat mega á sjá at hann hefði verit garpr mikill. Þorgils reiddist við ok mælti: ekki hafa menn þat gert at færa spott at mér, en svá hæðiligr sem þér þikkir ek nú vera þá býð ek þér einvigi þegar í stað, ok er þá reynt hvárt þú berr skjótt af mér. Þeir hittust fyrir neðan gringarð³ en veðr var á kalt í móti Þorgils ok sat hann því bjúgr á baki. Helgi kvað sér engan frama í at bera af 30

¹ Hier schliesst das erste Membranblatt.
Membranblatt.

² Hier beginnt das zweite

³ So g'ngð Hds.

fretkarli þínum, en kveðst þó eigi vilja undan ganga. Austmaðr-
 inn hafði ǫxi í hendi, ok leit á ǫxina ok þótti sljó. Þorgils mælti:
 hvassara vápn muntu þurfa ef bíta skal mín höfuðbein, ok er vápn
 þitt úkarlmannligt. Þorgils hafði sverð sitt Jarðhússnaut ok
 5 var alvápnadr sem hann var aldri öðruvís. Þorgils hljóp þegar
 geustr at honum austmanninum ok höggr til hans með sverðinu
 Jarðhússnaut ok kom sverðit á ǫxlina, ok var svá mikit sár at
 honum vanst þat skjótt til bana. Þá var Þorgils VIItugr. Þorgils
 kvað þetta vorðit glappaverk ok bráðræði ok kvezt þetta helzt bæta
 10 vilja. Ok II vetrum síðar kvómu út í Einarshöfn II bræðr Helga
 ok ætla til hefnda, hét annarr Einnarr en annarr Sigurðr ok varð
 ekki vart við skipkvámu. Þeir fóru þegar í Traðarholt, ok kvómu
 þar snemma dags ok var Þorgils í hvílu sinni, en verkmenn vóru
 á fótum ok konur. Ok er [þeir] bræðr kvómu at bænum þá töluðust
 15 þeir við hversu með skyldi fara. Einarr mælti: illt þikki mér at
 drepa gamlan mann frægjan ok vinsælan, ok er skaði mikill ef hann
 lætr af berast. Þorgils verðr nú varr við ok sprettr upp þegar
 ok tekr Jarðhússnaut ok bað þá at ganga ef þeir vildi, ok brást þó
 nokkut á fótinn halta. Einarr mælti: eigi viljum við bræðr gera
 20 þér úfrið ok skal annat verða eyrindi okkart ef ek ræð. Þorgils
 tók þessu vel ek hýrðist skjótt í viðbragði, ok sagði svá: ek er
 þess miklu fúsari, ok muntu vera góðr drengr, ok þar er ek drap
 Helga, bróður ykkarn, þá vil ek þat bæta, ok gefa vil ek þér, Einarr,
 sverðit Jarðhússnaut, þvíat þú ert verðr at bera; bróður þínum
 25 [gef ek] V merkr silfrs nema þit skiptið annan veg, ok skildu þeir
 vel ok drengiliga; fóru þeir utan eptir þat. — Eitt sinn er þau hjón 35
 fóru til bús á Hjalla, tok Þorgils þar sótt, þá var hann hálfnræðr,
 hann lá viku ok andaðist þar, ok vóru þeir í eina gröf lagðir Þór-
 oddr ok Þorgils ok Bjarni hinn spaki at þeirri kirkju er Skapti
 lét gera fyrir utan lækinn, en síðan vóru færð beinin í þann stað
 30 sem nú er kirkjan, þvíat Skapti hét at gera kirkju þá er þóra kona
 hans braut fót sinn þá er hon var at léreptum sínum. Þorgils
 þótti hinn mesti merkismaðr, vinfastr ok vinveittr, þrautgóðr ok
 þróttigr, eljunnarmaðr ok úáleitinn, ok hélt sik við alla til jafns þó-

at miklir menn ok sterkir ætti í hlut, þótti hann ok hinn mesti sveitarhöfðingi, hann var sáttgjarn ok svinnr en móðugr ok mjök þungurkr við þá er eigi vildu sik vel siða. Hann var tryggr ok trúrækinn, guðhræddr ok góðr vinum sínum, er ok mart stórmenni frá honum komit ok víða dreifzt um land vart; munum vér nú 5 hætta fyrst at segja frá Þorgils örrabeinsstjúpa, ok lýkr þar sögu þessi.

~~~~~

AUS

## LANDNÁMABÓK

### I. ZU VATNSDÆLASAGA

#### 1. AUS LANDNÁMABÓK VERGL. MIT HAUKSBOK

III, 2. Ketill þrymr<sup>1</sup> hét hersir ágætr í Raumsdal í Noregi, hann 20 var son Orms skeljamola, Hross-Bjarnarsonar, Raumssonar, Jötun-Bjarnarsonar norðan ór Noregi. Ketill átti Mjöll dóttur Ánar bogsveigis. Þorsteinn hét son þeirra, hann vá á skóginum til Upplanda af áeggjun föður síns Jökul son Ingimundar jarls af Gautlandi<sup>2</sup>. Jökull gaf honum líf. Síðan fékk Þorsteinn Þórdísar 25 systur hans, þeirra son var Ingimundr enn gamli, hann var fæddr í Hefni með Þóri föður Gríms ok Hrómundar. Heiðr völvu spáði þeim öllum at byggja á því landi, er þá var ófundit vestr í haf, en Ingimundr kveðst við því skyldu gera. Völvu sagði hann þat eigi mundu mega, ok sagði þat til jartegna, at þá mundi horfinn 30 hlutr ór þússi hans, ok mundi þá finnast er hann græfi fyrir öndvegissúlum sínum á landinu. Ingimundr var víkingr mikill, ok herjaði í vestrvíkingr jafnan. Sæmundr hét félagi hans suðr-

<sup>1</sup> So Hb.; raumr Hds.

<sup>2</sup> ok Vigdísar fúgt hinzu Hb.

eyskr. Þeir kvómu ór hernaði þann tíma er Haraldr konungr gékk til lands, ok lagði til orrostu í Hafrsfirði við þá Þóri haklang. Ingimundr vildi veita konungi en Sæmundr eigi, ok skildi þar félag þeirra. Eptir orrostuna gipti konungr Ingimundi Vigdísu dóttur Þóris jarls þegjanda, þau Jörundr háls vóru frillubörn hans. Ingimundr undi hvergi, því fýsti Haraldr konungr hann at leita forlaga sinna til Íslands. Ingimundr lézt þat ekki ætlað hafa, en þó sendi hann þá Finna tvá í hamförum til Íslands eptir hlut sínum; þat var Freyr ok gerr af silfri. Finnar kvómu aptr ok höfðu fundit hlutinn, ok náð eigi; vísuðu þeir Ingimundi til í dal einum milli holta tveggja, ok sögðu Ingimundi allt landsleg, hve háttað var, þar er hann skyldi byggja. Eptir þat byrjar Ingimundr för sína til Íslands, ok með honum Jörundr háls mágr hans ok Evindr sörkvir ok Ásmundr ok Hvati vinir hans, ok þrælur hans Friðmundr, Böðvarr, Þórir refskegg, Úlfkell. Þeir tóku [fyrir sunnan land<sup>1</sup> ok vóru allir um vetrinn á Hvanneyri með Grími fóstbróður Ingimundar, en um várit fóru þeir norðr um heiðar. Þeir kvómu í fjörð þann er þeir fundu hrúta tvá, þat kölluðu þeir Hrútafjörð. Síðan fóru þeir norðr um heruð ok gáfu víða örnefni. Hann var um vetr í Víðidal í Ingimundarholti; þeir sá þaðan fjöll snælaus í landsuðr, ok fóru þann veg um várit. Þar kendi Ingimundr lönd þau er honum var til visat. Þórdís dóttir hans var alin í Þórdísarholti. Ingimundr nam Vatnsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan, hann bjó at Hofi, ok fann hlut sinn þá er hann gróf fyrir öndvegissúlum sínum. Þorsteinn var son þeirra Vigdísar ok Jökull ok Þórir hafrsþjó ok Högni. Smiðr hét ambáttar son ok Ingimundar en dætr Jórunn ok Þórdís.

Jörundr nam út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir Jörundarfelli, hans son var Már á Mársstöðum. Hvati nam út frá Mógilslæk til Giljár ok bjó á Hvatastöðum. Ásmundr nam út frá Helgavatni um Þingeyrasveit ok bjó undir Gnúpi. Friðmundr nam Forsæludal. Eyvindr sörkvir nam Blöndudal, hans son var Hermundr ok Hrómundr enn halti. Ingimundr fann beru

<sup>1</sup> Grímsárós Hb.

ok húna tvá hvíta á Húnavatni. Eptir þat fór hann utan, ok gaf Haraldi konungi dýrin. Ekki höfðu menn í Noregi áðr sét hvíta björnu. Þá gaf Haraldr konungr Ingimundi [skip<sup>1</sup> með viðarfarmi, ok sigldi hann II skipum<sup>2</sup> fyrir norðan land [fyrst manna fyrir Skaga<sup>3</sup> ok hélt upp í Húnavatn. Þar er Stíganda 5 hróf hjá Þingeyrum. Eptir þat var Hrafn austmaðr með Ingimundi, hann hafði sverð gott, þat bar hann í hof, því tók Ingimundr af honum sverðit. Hallormr ok Þórormr bræðr kvómu út ok vóru með Ingimundi, þá fékk Hallormr Þórdísar dóttur hans ok fylgðu henni Karnsárlönd, þeirra son var Þorgrímr Karnsár- 10 goði. Þórormr bjó í Þórormstungu. Ingimundi hurbu svín X ok fundust annat haust í Svínadal ok var þá C svína. Göltr hét Beigaðr, hann hljóp á Svínavatn, ok svam þar til er af gengu klaufirnar; hann sprakk á Beigaðarhváli.

Hrolleifr enn mikli ok Ljót móðir hans kómu út í Borgarfjörð; þau fóru norðr um sveitir ok féngu hvergi ráðstafa áðr þau kvómu í Skagafjörð til Sæmundar. Hrolleifr var son Arnhalls bróður Sæmundar, því vísaði hann þeim norðr á Höfðaströnd til Þórðar, en hann fékk honum land í Hrolleifsdal, bjó hann þar. Hrolleifr fífdi Hróðnýju dóttur Una ór Unadal. Oddr Una- 15 son sat fyrir honum ok vá Ljót systrung hans, en hann særði hann á fæti, þvíat kyrtill hans bitu eigi járn. Hrolleifr vá Odd ok II menn aðra en II kvómust undan. Fyrir þat gjörði Höfða-Þórðr hann heraðssekan svá vítt sem vatnföll deildu til sjófar í Skagafirði. Þá sendi Sæmundr Hrolleif til Ingimundar ens gamla. Ingimundr setti hann niðr í Oddsás gegnt Hofi, hann átti veiði í Vatnsdalsá við Ingimund, ok skyldi hann ganga ór á fyrir Hofsmönnum, en hann vildi eigi ór ganga fyrir sonum Ingimundar, ok börðust þeir um ána. Þá var sagt Ingimundi, hann var þá blindr, ok lét smalasvein leiða hestinn undir sér á ána milli þeirra. Hrol- 20 leifr skaut spjóti í gegnum hann, þeir fóru þá heim. Ingimundr sendi sveininn at segja Hrolleifi, en hann var dauðr í öndvegi, þá 30

<sup>1</sup> [skipit Stíganda Hb.

<sup>2</sup> til Íslands ok sigldi *fiugt hinzu* Hb.

<sup>3</sup> [vestr um Skaga fyrstr manna Hb.

er synir hans kvómu heim. Hrolleifr sagði móður sinni, hon kvað þá reyna mundu hvárt meira mætti gipta Ingimundarsona eðr kunnasta hennar ok bað hann fyrst á braut fara. Þorsteinn skyldi reyna eptir Hrolleifi ok hafa kostgrip af arfi. Eigi settust

5 Ingimundarsynir í hásæti föður síns, þeir fóru norðr til Geirmundar ok gaf Þorsteinn honum LX silfrs til at hann skyti Hrolleifi á braut. Þeir röktu spor hans norðan um hálsa til Vatnsdals. Þorsteinn sendi húskarl sinn í Ás á njósn; hann kvað XII visur áðr til dura var gengit, ok sá fatahrúgu á bröndum ok

10 kom undan rauð klæði. Þorsteinn kvað þar verit hafa Hrolleif, ok mun Ljót hafa blótið til langlífis honum. Þeir fóru í Ás ok vildi Þorsteinn sitja yfir dyrum, ok náði eigi fyrir Jökli þvíat hann vildi þar vera. Maðr gékk út ok sást um, þá leiddi annarr Hrolleif eptir sér. Jökull brást við ok feldi ofan skiðahlaða en

15 gat kastað kefli til bræðra sinna. Eptir þat rann hann á Hrolleif ok ultu þeir ofan fyrir brekkuna, ok varð Jökull efri. Þá kom Þorsteinn at ok neyttu þeir þá vápna. Þá var Ljót út komin, ok gékk öflug, hon hafði höfuðit millum fóta sér, en klæðin á baki sér. Jökull hjó höfuð af Hrolleifi, ok rak í andlit Ljótu.

20 Þá kvaðst hon ofsein orðit hafa; nú mundi um snúast jörðin fyrir sjónum mínum en þér mundut allir ærzt hafa. Eptir þat kaus Þorsteinn Hofsland en Jökull hafði sverðit ok bjó í Tungu. Þórir hafði goðorð, ok bjó at Undunfelli<sup>1</sup> ok gékk berserksgang. Högni hafði Stíganda ok var farmaðr. Smiðr bjó á Smiðstöðum. Þorsteinn átti Þórríði Gyðju dóttur Sölmundar í Ásbjarnarnesi; þeirra son var Ingólfr hinn fagri ok Guðbrandr. Jökull var son Bárðar Jökuls sonar er Ólafr konungr hinn helgi lét drepa. Þat sagði Jökull stigamaðr, at lengi mundu glapvíg haldast í ætt þeirri.

III, 5. . . Eyvindr sörkvir nam Blöndudal sem fyrr er ritat;

30 hans son var Hrómundr en halti, er vá Höгна Ingimundarson, þá er þeir Már ok Ingimundarsynir börðust um Deildarhjalla; því var hann gerr ór Norðlendinga fjórðungi. Hans synir voru þeir Hásteinn ok Þorbjörn, er börðust við Sleitu-Helga í Hrutafirði. Annarr son

<sup>1</sup> So Hds. und Hb.

Eyvindar var Hermundr, faðir Hildar, er átti Ávaldi Ingjaldsson; þeirra börn voru þau Kolfinna, er átti Gríss Semingsson, ok Brandr, er vá Galta Óttarsson á Húnavatnsþingi fyrir nið Hallfreðar . . .

Gautr bygði Gautsdal; hann var einhendr. Þeir Eyvindr sörkvir fóru sér sjálfir, ok vildu eigi lifa Ingimund enn gamla. Haukr bjó þar sem nú heita Hauksgrafir. Vefreyðr átti Gunnhildi, dóttur Eireks ór Guðdölum, systur Hólmgangu-Starra. Þeirra synir voru þeir Úlfhéðinn, er þeir Þjóstólfr vágu við Grindlæk, ok Skarp-héðinn, er þeir Digr-Ormr vágu í Vatnsskarði, ok Húnrauðr, faðir Mára, föður Hafliða . . .

III, 6. . . . Sæmundr enn suðreyski, félagi Ingimundar ens gamla, sem ritat er, hann kom skipi sínu í Gaunguskarðsárós. Sæmundr nam Sæmundarhlíf alla til Vatnsskarðs, fyrir ofan Sæmundarlæk, ok bjó á Sæmundarstöðum; hans son var Geirmundr, ei þar bjó síðan. Dóttir Sæmundar var Reginleif, er átti Þóroddr hjálmr; þeirra dóttir Hallbera, móðir Guðmundar ens ríka, föður Eyjólf, föður Þóreyjar, móður Sæmundar ens fróða. Arnhalldr hét annarr son Sæmundar, faðir Rjúpu, er átti Þorgeirr, son Þórðar frá Höfða; þeirra son var Halldórr frá Hofi.

## 2. AUS MELABÓK (cod. AM. 106 fol.)

Ketill raumr hét hersir ágætr í Raunsdal í Noregi, hann var son Orms skeljamola Hrossbjarnarsonar norðan ór Noregi. Ketill átti Mjöll dóttur Ánar bogsveigis. Þorsteinn hét son þeirra; hann vá á skóginum til Upplanda af áeggjan föður síns Jökul son Ingimundar jarls af Gautlandi; Jökull gaf Þorsteini líf. Síðan fékk Þorsteinn Þórdísar systur hans, þeirra son var Ingimundr hinn gamli; hann var fæddr í Hefni á Hálogalandi með Ingjaldi<sup>1</sup> föður þeirra Gríms hins hvíta[!] háleyska ok Hrómundar í Þverárhlið. Heiðr völva spáði þeim öllum at byggja á því landi, er þá var úfundit vestr í haf. Ingimundi þótti þat reiðimál, ok kveðst við því skyldu gera. Völván sagði þat mundi eigi mega, ok kvað þat til jarteikna, at þá mundi hlutr hans [af gulli eðr silfri gerr eptir

<sup>1</sup> Þóri, segir önnur bók [*Hds. am Rande.*]



Freyr]<sup>1</sup> horfinn ór þússi hans, ok hann mundi þá finna, er hann græfi fyrir öndvegissúlum sínum á landinu. Ingimundr var víkingr mikill ok herjaði í vestrveg jafnan. Sæmundr hét félagi hans suðreyskr. Þeir kómu ór hernaði í þann tíma er Haraldr konungr gékk til lands í Noregi, ok lagði til orrustu við þá Þóri hökulang í Hafrsfirði. Ingimundr vildi veita konungi en Sæmundr eigi, ok skildi þat félag þeirra. Eptir orrostuna gipti Haraldr konungr Ingimundi dóttur þóris jarls þegjanda, er hét Vigdís, þeirra börn Þorsteinn, Jökull, Þórir hafrsþjó, Högni, Þórdís, Jórunn, Smiðr var þýborinn. Ingimundr undi hvargi, því fýsti Haraldr konungr hann at leita forlaga síma til Íslands, en Ingimundr lézt þat eigi ætlað hafa, en þó sendi hann þá Finna tvá í hamförum til Íslands eptir hlut sínum. Finnarnir kvómu aptr ok höfðu fundit hlutinn en náð þó eigi; vísuðu þeir Ingimundi til í dal einum millum holta tveggja, ok sögðu honum greiniliga um allt landsleg ok heraða vöxt, þar er hann skyldi byggja. Eptir þat byrjar Ingimundr fór sína til Íslands ok með honum Jörundr háls<sup>2</sup>, mágr hans, ok Eyvindr sörkvir ok Ásmundr ok Hvati vinr hans ok þrælar hans Friðmundr, Þór[ir] refskeggr, Úlfkell, Böðvarr. — Þeir tóku Grímsárós fyrir sunnan land [hann kom skipi sínu í Leirivog, segir ein Landnáma] ok vóru allir um vetrinn á Hvanneyri með Grími fóstbróður Ingimundar, en um várit fór hann at leita sér bústaðar þess, er honum var til vísat. Þeir fóru norðr um heiðar, ok kvómu í fjörð þann, er þeir hittu hrúta II, þat kölluðu þeir Hrutafjörð. Síðan fóru þeir norðr um heruð ok gáfu víða örnefni. At vetri kom Ingimundr í dal þann, er var víði vaxinn, ok kallaði þat Víðidal, ok var þar annan vetr, ok gerði sér þar skála, er nú heitir Ingimundarholt. Þaðan sá þeir fjöll snjólaus í landsuðr er þar var hríð mikil, ok fóru þeir þangat um várit ok kendi Ingimundr þar lönd þau, er honum var til vísat; en er þau kvómu at Vatnsenda, þá varð Vigdís léttari at meyr, er Þórdís var nefnd, ok heitir þar Þórdísarholt síðan. — Ingi-

<sup>1</sup> Þat var Freyr ok gerr af silfri segir önnur bók [*Hds. am Rande.*]

<sup>2</sup> Hallz. segir Landnáma.

mundr nam Vatnsdal allan fyrir ofan Helgavatn, en Þormóðslækr fellr ór vatninu í ána <sup>1</sup>, Forslækr fellr austan í Urðarvatn. Hann bjó at Hofi, ok reitti þar hof C fóta langt, en er hann gróf fyrir öndvegissúlum sínum, þá fann hann hlut sinn, sem honum var fyrir sagt. Ingimundr fann á vatni einu beru ok húna II hvíta <sup>5</sup> með henni, því kallaði hann þat Húnavatn. Eptir þat fór Ingimundr utan, ok gaf Haraldi konungi dýrin; eigi höfðu menn í Noregi sétt fyrir hvíta björnu. Þá gaf Haraldr konungr Ingimundi skipit Stíganda með viðarfarmi, ok sigldi hann tveim skipum til Íslands, ok sigldi fyrstr manna fyrir norðan land vestr um Skaga, ok hélt <sup>10</sup> upp í Húnavatn. Þar heitir nú Stígandahróf hjá Þingeyrum. Hann gaf öll örnefni þar í nánd þau er nú eru. Eptir þat var Rafn austmaðr hjá Ingimundi, ok hafði gott sverð; þat bar hann í hof, því tók Ingimundr þat af honum.

Þorsteinn Ingimundarson átti þurði gyðju Sölmundardóttur, <sup>15</sup> föðursystur Barða, þeirra synir voru Ingólfr ok Guðbrandr. Þórdísi Ingimundardóttur átti Hallormr, ok fylgði henni heiman Kornsárland; þeirra son var Þorgrímr Kornsárgoði faðir Þorkels kröflu. Jórinni átti Ásgeirr æðikollr, þeirra dóttir var Þorbjörg bekkjarbót. Þorkell krafla var faðir Arnórs, föður Ragneiðar, <sup>20</sup> móður Orms, föður Þorleiks, föður Þorleifs beiskjalda, föður Álfheiðar, móður Þorláks prests ok Ketils, föður Helgu er Snorri á[tti] Markússon.

Jörundr háls son Þóris þegjanda jarls, mágr Ingimundar, nam land út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir <sup>25</sup> Jörundarfelli; hans son var Már á Márstöðum faðir Höllu, móður Vigðisar, móður Sveinbjarnar, föður Þorsteins, föður Bótólfs, föður Þórdísar, móður Helgu, móður Þórðar, föður Markúss á Melum. — Hvati nam út frá Mógilslæk til Giljár ok bjó at Hvatastöðum. — Ásmundr nam út frá Helgavatni ok um Þingeyrar, ok bjó undir Gnúp. <sup>30</sup> Friðmundr nam Forsæludal. — Eyvindrsörkvir nam Blöndudal; hans synir voru Hermundr ok Hrómundr halt; þeirra börn koma seinna.

<sup>1</sup> So am Rande corrigirt mit derselben Hand; im Texte fälschlich einn.

Hallormr ok Þórormr bræðr kvómu út ok vóru með Ingimundi, þá fékk Hallormr Þórdísar, dóttur Ingimundar, sem fyrr var sagt. Þórormr bjó í Þórormstungu.

Ingimundi hurfu svín X, ok fundust annat haustið í Svínadal, ok vóru þá saman C svína. Göltr hét Beigaðr, hann hljóp á Svínavatn, ok svamm þar til af gengu klaufirnar, hann sprakk á Beigaðarhóli [Lndn.: Sauðadalr er fyrir austan Vatnsdal, ok þar liggr Svínavatn, ok Beigaðarhóll.] Þórólfr heljarskinn nam For-sæludal, ok gerði virki þar sem mættust Friðmundará ok Vatns-dalsá, hann blótaði mönnum.

Hrolleifr hinn mikli ok Ljót móðir hans kvómu út í Borgarfirði; þau fóru norðr um sveitir ok féngu enga bústaði, áðr þau kvómu í Skagafjörð til Sæmundar. Hrolleifr var son Arnallds bróður Sæmundar, því vísaði hann þeim norðr á Höfðaströnd til Þórðar, en hann fékk honum land í Hrolleifsdal, ok bjó hann þar. Hrolleifr fíflaði Hróðnýju dóttur Una ór Unadal. Oddr Unason sat fyrir honum ok vá Ljót systrung hans, en særði hann á fæti, þvíat kyrtíl hans bitu eigi járn. Hrolleifr vá Odd ok II menn aðra, en II kvómust undan; fyrir þat gerði Höfða-Þórðr þau heraðssek svá vítt sem vatnsföll deildu til sjófar í Skagafirði. Þá sendi Sæmundr Hrolleif til Ingimundar hins gamla. Ingimundr setti hann niðr í Oddsás gegnt Hofi; hann átti veiði í Vatnsdalsá við Ingimund, ok skyldi ganga ór ánni fyrir Hofsmönnum, en hann vildi eigi ór ganga fyrir sonum Ingimundar, ok börðust þeir um ána. Þá var sagt Ingimundi, ok var hann þá blindr, ok lét hann smalasvein leiða undir sér hestinn á ána millum þeirra. Hrolleifr skaut spjóti í gegnum hann. Þeir fóru þá heim. Ingimundr sendi sveininn at segja Hrolleifi, en Ingimundr var dauðr í öndvegi þá er synir hans kvómu heim. Hrolleifr sagði móður sinni, hon kvað þau reyna mundu, hvárt meira mætti gipta Ingimundarsona eðr kunnusta hennar, ok bað hann fyrst í brott at fara. Þorsteinn skyldi reyna eptir Hrolleifi, ok hafa kostgrip af arfi. Ekki settust þeir í öndvegi föður síns<sup>1</sup>. Ingimundarsynir fóru norðr til Geirmundar

<sup>1</sup> Lndn. segir: háseti föður síns. [*am Rande.*]

ok gaf Þorsteinn honum LX silfrs til, at hann skyti Hrolleifi á braut. Þeir röktu spor hans norðan um hálsa til Vatnsdals. Þorsteinn sendi húskarl sinn í Ás á njón; hann kvað kveðnar XII vísur áðr til dyra var gengit, ok fatahrúgu sá hann á bröndum, ok kom undan rautt fat eðr klæði. Þorsteinn kvað þar verit hafa Hrolleif, ok mun Ljót hafa blótað til langlífis honum. Þeir fóru í Ás, ok vildi Þorsteinn sitja yfir dyrum, ok náði því eigi fyrir Jökli, því hann vildi þar vera. Maðr gékk út ok sást um, þá leiddi annarr Hrolleif eptir sér. Jökull brást við ok feldi ofan skíðahlaðann, en gat þó kastað kefli til bræðra sinna; hann réð á Hrolleif ok ultu þeir báðir ofan fyrir brekkuna ok varð Jökull efri. Þá kom Þorsteinn at ok neyttu þeir þá vápna. Þá var Ljót út komin ok gékk öflug, hon hafði höfuðit milli fóta sér, en klæðin á baki sér. Jökull hjó höfuðit af Hrolleifi ok rak í andlit Ljótu, þá kvaðst hon ofsein verit hafa, annars mundi um snúizt hafa jörðin fyrir sjónum mínum, en þér mundut allir ærzt hafa. Eptir þat kaus Þorsteinn Hofsland, en Jökull hafði sverðit ok bjó í Tungu. Þórir hafði goðorðit, ok bjó at Undinfelli ok gékk berserksgang. Högni hafði Stíganda ok var farmaðr. Smiðr bjó at Smiðsstöðum. Þorsteinn átti Þórdísi gyðju dóttur Sölmundar í Ásbjarnaræsi, þeirra son var Ingólfr hinn fagri ok Guðbrandr. Jökull var son Bárðar Jökulssonar, er Ólafr konungr hinn helgi lét drepa. Þat sagði Jökull stígamaðr at lengi mundi glæpvíg haldast í ætt þeirri.

Þorgrímur bjó á Hjallalandi. — Þeir synir Ingimundar ok Jörundarsynir börðust um Hjallaland<sup>1</sup>, ok féll þar Högni ok leysingi Þorsteins, en ór Márslíði dótturson Jörundar ok V menn aðrir. Jökull hjó Þorgrím á þjó ok flýðu á braut. Már galt VIII tigi silfrs ok hafði Hjalla. Þeir Þorsteinn ok Jökull drápu Þórólfr heljarskinn ok II menn aðra. Þórólfr sleggja bjó á Sleggjustöðum upp frá Helgavatni, hann elti á kaf Hallvarð austmann Þorsteins í fen fied [sic] þeim bræðrum ok banaði þeim báðum. Bergr enn rakkí systurson Finnboga hins ramma frá Borg. Þorgrímur fékk dóttur Skíða af Skíðastöðum í Vatnsdal. Þar sló Jökull Berg með sverðs-

<sup>1</sup> Deildarhjalla segir Lndn [am Rande.]

hjöltum at brúðlaupi, fyrir því skyldi Þorsteinn ganga undir jarðarmen III á Húnavatnsþingi ok vildi eigi. Þá skoraði Finnbogi á Þorstein til hólmgöngu en Bergr á Jökul. Faxa-Brandr bjó fyrir ofan Hóla, hann fór til hólms með þeim Þorsteini í Víðidalsey, þar reisti Jökull nið Finnboga. Gróa ok Þórey kvómu út. Gróa bjó á Gróustöðum hjá Hofi. Þóra bjó í Vestrhópi at Þóreyjargnúpi, þar gerði Gróa haustboð Þorsteini ok þeim bræðrum. Þorstein dreymdi þrysvar at hann skyldi eigi fara. Þá hleypti Gróa skriðu á þá menn alla, er þar vóru, af fjölkyngi. — Þá hét Þorsteinn á þann sem sólina skapaði at berserksgangr hyrfi af Þóri, at hann fæddi upp Þorkel kröflu Þorgrímsson frá Kárnsá, ok komst svá at goðorði. — Ingólfr orti um Valgerði Óttarsdóttur mansöngadrápu, þá sótti Óttarr Ingólf ok ónýttist þat. Þá andaðist Þórir, en Óttarr réðst á braut. Guðbrandr bjó á Guðbrandsstöðum; þó[rir]varð sekr um konu, hann var flugumaðr til Ingólfs at ráði Óttars, hann hljóp til Guðbrands en Guðbrandr vá hann. Þá vildu þeir gera til Óttars ok náðu eigi. Óttarr galt V hundruð silfrs, en Svarttr kom út á Minþakseyri ór Suðreyjum brotnu skipi, hann var flugumaðr . . . Hestar vóru í dyngju [sic], Ingólfr varðist Guðbrandi[!] milli sels ok vetrarhúsa, þar lá ok Svarttr eptir á Svartmýri. Þá galt Óttarr III C silfrs. Þá fékk Ingólfr Hildar Ólafsdóttur frá Haukagili. Ingólfr vá II menn í einu höggi af hellismönnum í seli í Miklagili ok vá III menn aðra. Þar féll fönunautr hans en hann varð sárr mjök ok dó litlu síðarr. — Þorgils gjallandi bjó at Svínavatni, er út kom með Auðuni skökli, hans synir vóru þeir Digr-Ormr, er vógu Skarphéðin Vefreðarson á Vatnsskarði ok Þorkell. Glæðir var bróðurson hans en systurson Guðmundar hins ríka. Þorkell vá Þorkel frá Helgavatni á mannfundi at Kárnsá XI vetra gamall, síðan fór Þorkell utan ok var með Sigurði Hlödves-syni. Þorkell Þorgilsson fékk Hildar dóttur Þórorms frá Þórormstungu, at því brúðlaupi vá Þorkell Glæði; Hildr Hermundardóttir Eyvindarsonar fylgði[!] honum, hann falst í Kröfluhelli undir forsi Vatnsdalsá. Þórdís spákona réð ráð til at Þorkell skyldi ljósta sprota hennar í höfuð Guðmundi at dómi er Hegnöðr hét, ok mundi

hann þá ekki at mæla en tóku CC silfrs; þá tók Þorkell við Hofslandi ok goðorði, ok hafði meðan hann lifði, hann fékk Vigdísar dóttur Ólafs frá Haukagili. Í þann tíma kom út Friðrekr biskup með Þorvaldi Koðranssyni, ok var at Giljá með þeim Ormi Koðranssyni feðgum. Biskup var at haustboði at Ólafs ok vígði biskup þar elda. Þar vóru ok berserkir II ok hét Haukr hvárrtveggi, þeir váðu eldinn ok brunnu báðir, ok heitir þar síðan Haukagil. Þá tók Þorkell skírn ok allir Vatnsdælar; hann lét kirkju gera at Hoff, ok veitti þar gröpt öllum þingmönnum sínum. — Skeggjavaldr [sic] bjó at Eyju ok átti Hildi Hermundardóttur, þeirra dóttir var Kolfinna, er átti Gríss Semingsson. Hermundur vá Galta á leið fyrir nið Hallfreðar [önnur bókin segir Brandr bróðir Kolfinnu hafi vegið Galta Óttarsson á Húnavatnsþingi fyrir nið Hallfreðar]. . .

Fostólfr ok Þjóstólfr bjuggu í Engihlíð í Langadal, þeir tóku við sekum manni þeim er Þorgrímr hét, þann vágu þeir Húnröðr ok Þórólfr leikgoði á Kili. Eptir þat vógu þeir Fostólfr ok Þjóstólfr Úlfhéðin bróður Húnröðar hjá Grindalæk. Þeir bjuggu þá í Holti, en Finnur Jónsson á Breiðabólstað í Vestrhópi frændi Fostólfs barg þeim, en Þorkell krafla kom þeim utan. Úlfhéðinn leyndi sári sínu, ok bað eigi til hefnda at leita, kvað engum auðit mundu verða. Síðan vágu þeir Fostólfr austr í Noregi Skúm leysingja Húnröðar vellauðgan at fé, en sendu allt féit út Húnröði, ok þá sættust þeir heilum sáttum.

## II. ZU FLÓAMANNASAGA

AUS LANDNÁMABÓK VERGL. MIT HAUKSBOK UND MELABOK

I, 3<sup>o</sup>—9. Björnólfr hét maðr en annarr Hróaldr, þeir vóru synir Hrómundar Gripssonar; þeir fóru af þelamörk fyrir víga sakir, ok staðfestust í Dalsfirði á Fjöllum. Sonr Björnólfs var Örn, faðir þeirra Inólfs ok Helgu, en Hróaldsson var Hróðmarr,

faðir Leifs. Þeir Ingólfr ok Leifr fóstbræðr fóru í hernað með sonum Atla jarls ens mjófa af Gaulum, þeim Hásteini ok Hersteini ok Hólmsteini. Með þeim fóru öll skipti vel; ok er þeir kvómu heim, mæltu þeir til samfara með sér annat sumar, en um  
5 vetrinn gerðu þeir fóstbræðr veizlu sonum jarlsins. At þeirri veizlu strengði Hólmsteinn heit, at hann skyldi eiga Helgu Arnardóttur, eðr öngva konu ella. Um þessa heitstrenging fanst mönnum fátt, en Leifr roðnaði á at sjá, ok varð fátt um með þeim Hólmsteini, er þeir skildu þar at boðinu.

10 Um varit eptir bjöggust þeir fóstbræðr at fara í hernað, ok ætluðu til móts við sonu Atla jarls. Þeir fundust við Hísaargafi, ok lögðu þeir Hólmsteinn bræðr þegar til orrostu við þá Leif. En er þeir höfðu barizt um hríð, kom at þeim Ölmóðr enn gamli, son Hörða-Kára, frændi Leifs, ok veitti þeim Ingólfi. Í þeirri orrostu  
15 féll Hólmsteinn, en Hersteinn flýði. Þá fóru þeir Leifr í hernað. En um vetrinn eptir fór Hersteinn at þeim Leifi ok vildi drepa þá; en þeir féngu njósn af för hans, ok gerðu mót honum; varð þá enn orrosta mikil, ok féll þar Hersteinn. Eptir þat dreif [lið] at þeim fóstbræðrum, vinir þeirra ór Firðafylki. Vóru þá menn  
20 sendir á fund Atla jarls ok Hásteins at bjóða sættir, ok sættust þeir at því, at þeir Leifr guldu eignir sínar þeim feðgum. En þeir fóstbræðr bjöggu skip mikit, er þeir áttu, ok fóru at leita lands þess, er Hrafna-Flóki hafði fundit, ok þá var Ísland kallat. Þeir fundu landit, ok vóru í Austfjörðum í Álptafirði enum syðra. Þeim  
25 virðist landit betra suðr en norðr. Þeir vóru einn vetr á landinu ok fóru þá aptr til Noregs.

Eptir þat varði Ingólfr fé þeirra til Íslands ferðar, en Leifr 5 fór í hernað í vestrvíking; hann herjaði á Írland, ok fann þar jarðhús mikit, þar gékk hann í, ok var myrkt, þar til er lýsti af sverði því, er maðr hélt á. Leifr drap þann mann, ok tók sverðit, ok mikit fé af honum. Síðan var hann kallaðr Hjör-Leifr. Hjörleifr herjaði víða um Írland, ok fékk þar mikit fé; þar tók hann þræla X, er svá hétu: Dufþakr ok Geirröðr, Skjaldbjörn, Halldórr ok Drafdittr. Eigi eru nefndir fleiri. En eptir þat fór Hjörleifr

til Noregs ok fann þar Ingólf fóstbróður sinn. Hann hafði áðr fengit Helgu Arnardóttur systur Ingólfs. Þenna vetr fékk Ingólf at blóti miklu, ok leitaði sér heilla um forlög sín, en Hjörleifr vildi aldri blóta. Fréttin vísaði Ingólfi til Íslands. Eptir þat bjó sitt skip hvárr þeirra mága til Íslandsferðar; hafði Hjörleifr herfang 5 sitt á skipi, en Ingólf félagsfé þeirra, ok lögðu til hafs, er þeir vóru búnir.

- 6 Sumar þat, er þeir Ingólf fóru at byggja Ísland, hafði Haraldr hárfagri verit XII ár konungr at Noregi. Þá var liðit frá upphafi þessa heims VI þúsundir vetra ok LXXIII vetr, en frá 10 holdgan drottins DCCC ok LXXIII ár. Þeir höfðu samflot þar til er þeir sá Ísland; þá skildi með þeim. Þá er Ingólf sá Ísland, skaut hann fyrir borð öndugissúlum sínum til heilla; hann mælti svá fyrir, at hann skyldi þar byggja, er súlurnar kæmi á land. Ingólf tók þar land, er nú heitir Ingólfshöfði, en Hjörleifr rak vestr 15 fyrir land, ok fékk hann vatnfátt. Þá tóku þrælarnir írsku þat ráð, at knoða saman mjöl ok smjör, ok kölluðu þatt úporstlátt; þeir nefndu þat minnpak. En er þat var til búit kom regn mikit, ok tóku þeir þá vatn á tjöldum. En er minnpakin tók at mygla, köstuðu þeir því fyrir borð, ok rak þat á land þar sem nú heitir 20 Minnpakseyrr. Hjörleifr tók land við Hjörleifshöfða, ok var þar þá fjörðr, ok horfði botninn inn at höfðanum. Hjörleifr lét þar gera skála tvá, ok er önnur tóptin XVIII faðma en önnur XIX. Hjörleifr sat þar um vetrinn. En um várít vildi hann sá. Hann átti einn uxu, ok lét hann þrælana draga arðrinn. En er þeir Hjörleifr 25 vóru at skála, þá gerði Duffakr þat ráð, at þeir skyldu drepa uxann, ok segja, at skógarhjörn hefði drepit, en síðan skyldu þeir ráða á þá Hjörleif, ef þeir leitaði bjarnarins. Eptir þat sögðu þeir Hjörleif þetta. Ok er þeir fóru at leita bjarnarins, ok dreifðust í skóginn, þá sóttu þrælarnir at sérhverjum þeirra, ok 30 myrðu þá alla, jafnmarga sér. Þeir hljópu á brott með konur þeirra ok lausafé, ok bátinn. Þrælarnir fóru í eyjar þær, er þeir sá í haf til útsuðrs, ok bjöggust þar fyrir um hríð. Vífill ok Karli hétu þrælur Ingólfs, þá sendi hann vestr með sjó, at leita öndvegis-



súlna sinna. En er þeir kvómu til Hjörleifshöfða, fundu þeir Hjörleif dauðan; þá fóru þeir aptr, ok sögðu Ingólfi þau tíðindi; hann lét illa yfir drápi þeirra Hjörleifs.

- Eptir þat fór Ingólfr vestr til Hjörleifshöfða; ok er hann sá 7
- 5 Hjörleif dauðan, mælti hann: lftið lagðist hér fyrir góðan dreng, er þrælur skyldu at bana verða, ok sé ek svá hverjum verða, ef eigi vill blóta. Ingólfr lét búa gröft þeirra Hjörleifs, ok sjá fyrir skipi þeirra ok fjárhlut. Ingólfr gékk þá upp á höfðann, ok sá eyjar liggja í útsuðr til hafs; kom honum þat í hug, at þeir mundu
- 10 þangat hlaupit hafa, þvíat bátrinn var horfinn, fóru þeir at leita þrælanna, ok fundu þá þar sem þrælaeið heitir í eyjunum; vóru þeir þá at mat, er þeir Ingólfr kvómu at þeim. Þeir vorðu felmsfullir, ok hljóp sinn veg hverr. Ingólfr drap þá alla. Þar heitir Dufþaksskor, er hann lézt. Fleiri hljópu þeir fyrir berg þar
- 15 sem við þá er kent síðan. Vestmannaeyjar heita þar síðan, er þrælarnir voru drepnir þvíat þeir voru Vestmenn. Þeir Ingólfr höfðu með sér konur þeirra, er myrðir höfðu verit; fóru þeir þá aptr til Hjörleifshöfða; var Ingólfr þar vetr annan; en um sumarit eptir fór hann vestr með sjó. Hann var enn þriðja vetr undir
- 20 Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá<sup>1</sup> þau missari fundu þeir Vífill ok Karli öndvegissúlur hans við Arnarhval fyrir neðan heiði.

- Ingólfr fór um várit ofan um heiði; hann tók sér bústað þar 8 sem öndvegissúlur hans höfðu á land komit; hann bjó í Reykj- arvík; þar eru enn öndvegissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam
- 25 land milli Ölfusár ok Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá, milli ok Öxarár, ok öll nes út. Þá mælti Karli: til ills fóru vér um góð heruð, er vér skulum byggja útnes þetta. Hann hvarf á brutt, ok ambátt með honum. Vífill gaf Ingólfr frelsi, ok bygði hann at Vífilstóptum; við hann er kent Vífilfell; þar bjó [hann] lengi, ok
- 30 varð skilríkr maðr. Ingólfr lét gera skála á Skálafelli; þaðan sá hann reyki við Ölfusvatn ok fann þar Karla.

Ingólfr var frægastr allra landnámsmanna, þvíat hann kom 9 hér at óbygðu landi, ok bygði fyrstr landit; gerðu þat aðrir lands-

<sup>1</sup> Þar sem sumir segja hann sé heygðr *fugt zu Melabók* [Hauksbók].

menn eptir hans dæmum. Ingólfr átti Hallveigu Fróðadóttur, systur Loptis ens gamla. Þeirra son var Þorsteinn, er þing lét setja á Kjalarnesi, áðr alþingi var sett. Son Þorsteins var Þorkell máni lögsögumaðr, er einn heiðinna manna hefir bezt verit síðaðr at því er menn vitu dæmi til. Hann lét sik bera í sólargeisla í bana-  
 sött sinni, ok fal sik á hendi þeim guði, er sólina hafði skapat; hafði hann ok lifat svá hreinliga, sem þeir kristnir menn, er bezt eru síðaðir. Son hans var Þormóðr, er þá var alsherjargoði, er kristni kom á Ísland. Hans son var Hamall, faðir Más ok Þormóðar ok Torfa.

V, 4. Baugr hét maðr, fóstbróðir Hængs, hann fór til Íslands, ok var enn fyrsta vetr á Baugsstöðum en annan með Hængi, hann nam Fljótshlíð alla at ráði Hængs ofan um Breiðabólstað til móts við Hæng ok bjó at Hlíðarenda; hans son var Gunnarr í Gunnarsholti, ok Eyvindr at Eyvindarmúla; þriði Steinn  
 enn snjalli ok [Hilðr dóttir], er átti Örn í Vælugerði. Þeir Steinn  
 enn snjalli ok Sigmundr, son Sighvats rauða, áttu för utan af Eyrum, ok kvómu til Sandhólaferju allir senn, Sigmundr ok förunautar Steins, ok vildu hvárir fyrr fara yfir ána. Þeir Sigmundr stökuðu húskörlum Steins, ok ráku þá frá skipinu. Þá kom  
 Steinn at, ok hjó þegar Sigmundr banahögg. Um víg þetta urðu Baugssynir allir sekir ór Hlíðinni, fór Gunnarr í Gunnarsholt, en Eyvindr undir Fjöll austr í Eyvindahóla, en Snjall-Steinn í Snjallsteinshöfða. Þat líkaði illa dóttur Sigmundar, er fœðurbani hennar fór út þannig, ok eggjaði Önund, bónda sinn, at hefna Sigmundar.  
 Önundr fór með XXX manna í Snjallshöfða, ok bar þar eld at húsum. Snjall-Steinn gékk út ok gafst upp. Þeir leiddu hann í höfðann, ok vágu hann þar. Eptir víg þat mælti Gunnarr; hann átti þá Hrafnhildi Stórolfsdóttur systur Orms ens sterka. Hámundr var son þeirra. Þeir vóru báðir afreksmenn at afli ok vænleik. Önundr varð sekr um víg Snjall-Steins; hann sat með fjölmenni tvá vetr. Örn í Vælugerði mágr Gunnars hélt njósnum til Önundar. Eptir jól enn þriðja vetr fór Gunnarr með XXX manna at Önundi at tilvísan Arnar. Önundr fór frá leik með XII. mann til

hrossa sinna. Þeir fundust í Orrostudal; þar féll Önundur með fjórða mann en einn af Gunnari. Gunnarr var í blárri kápu, hann reið upp eptir Holtum til Þjórsár, ok skamt frá ánni féll hann af baki, ok var þá örendr af sárum. Þá er synir Önundar vóxu upp,

5 Sigmundur kleykir ok Eilífr auðgi, sóttu þeir Mörð gígju at eptirmáli, frænda sinn. Mörðr kvað þat óhægt, um sekjan mann; þeir kváðu sér við Örn vest líka er þeim sat næst. Mörðr lagði þat til, at þeir skyldu fá Erni skóggangssök, ok koma honum svá ör heraði. Önundarsynir tóku beitingamál á hendr Erni, ok varð

10 hann svá sekr, at Örn skyldi falla óheilagr fyrir Önundarsonum hvarvetna nema í Vælugerði, ok í örskotshelgi við landeign sína. Önundarsynir sátu jafnan um hann, en hann gætti sín vel. Svá féngu þeir færi á Erni, at hann rak naut ór landi sínu; þá vágðu þeir Örn, ok hugðu menn, at hann mundi óheilagr fallit hafa.

15 Þorleifr gneisti, bróðir Arnar, keypti at þormóði þjóstarsyni, at hann helgaði Örn. Þormóðr var þá kominn út á Eyrum. Hann skaut þá skot svá langt af handboga, at fall Arnar varð í örskotshelgi hans. Þá mæltu þeir Hámundr Gunnarsson ok Þorleifr eptir Örn, en Mörðr veitti þeim bræðrum; þeir guldu eigi fé en

20 skyldu vera heraðssekir ór Flóa. Þá bað Mörðr til handa Eilífi þorkötlu Ketilbjarnardóttur, ok fylgðu henni heiman Höfðalönd, ok bjó Eilífr þar; en til handa Sigmundi bað hann Arngunnar, dóttur þorsteins Drangakarls, ok réðst hann austr í sveit. Þá gipti Mörðr ok Rannveigu systur sína Hámundi Gunnarssyni ok réðst hann

25 þá aptr í Hlíðina, ok var þeirra son Gunnarr at Hlíðarenda.

V, 7. Flosi hét maðr, son þorbjarnar ens Gaulverska; 7 hann drap þrjá sýslumenn Haralds konungs hárfagra, ok fór eptir þat til Íslands; hann nam land fyrir austan Rangá, alla Rangárvöllu ena eystri; hans dóttir var Ásný, móðir þórríðar, er Valla-Brandr átti. Son Valla-Brands var Flosi, faðir Kolbeins, föður Guðrúnar, er Sæmundr fróði átti . . . .

Loptr son Orms Fróða[sonar] kom af Gaulum til Íslands ungr 8 at aldri, ok nam fyrir utan Þjórsá, milli Rauðár ok Þjórsár, ok

upp til Skúflækjar, ok Breiðamýri ena eystri upp til Súluholts, ok bjó í Gaulverjabæ, ok Oddný móðir hans, dóttir Þorbjarnar gaulverska. Loptr fór utan et þriðja hvert sumar fyrir hönd þeirra Flosa beggja, móðurbróður síns, at blóta at hofi því, er Þorbjörn, móðurfaðir hans, hafði [varðveitt. Frá Lopti er mart 5 stórmenni komit<sup>1</sup>: Þorlákr enn helgi, Páll ok Brandr.<sup>1</sup>

Þórviðr son Úlfars, bróðir Hildar, fór af Vors til Íslands; en Loptr, frændi hans, gaf honum land á Breiðamýri, ok bjó hann í Vorsabæ. Hans börn voru þau Hrafn ok Hallveig, er átti Özurr inn hvíti. Þeirra son Þorgrímr kampi . . . . 10

9 Haraldr gullskeggr hét konungr í Sogni; hann átti Sólvöru, dóttur Hundólfs jarls, systur Atla jarls ens mjófa. Þeirra dætr voru þær Þóra, er átti Hálfðan svarti Upplendingakonungr, ok Þuriðr, er átti Ketill helluflagi. Haraldr ungi var son þeirra Hálfðanar ok Þóru; honum gaf Haraldr gullskeggr nafn sitt ok 15 ríki. Haraldr konungr andaðist fyrstr þeirra, en þá Þóra, en Haraldr ungi síðast; þá bar ríkit undir Hálfðan konung, en hann setti yfir þat Atla jarl enn mjófa. Síðan fékk Hálfðan konungr Ragnhildar, dóttur Sigurðar hjartar, ok var þeirra son Haraldr hárfagri. Þá er Haraldr konungr gékk til ríkis í Noregi, ok hann 20 mægðist við Hákon jarl Grjótgarðsson, fékk hann Sygnafylki Hákon jarli mági sínum, er Haraldr konungr fór í Vík austr; en Atli jarl vildi eigi af láta ríkinu, áðr hann fyndi Harald konung. Jarlarnir þreyttu þetta með kappi, ok drógust at her, þeir fundust á Fjöllum í Stafanesvági, ok börðust. Þar féll Hákon jarl, en 25 Atli varð sárr, ok fluttr í Atley; hann dó þar ór sárum. Eptir þat hélt Hásteinn ríkinu, þar til er Haraldr konungr ok Sigurðr jarl drógu her at honum; Hásteinn stökk þá undan ok brá til Íslands-

<sup>1</sup> [Þar varðveitt á Gaulum. Þorbjörn var ríkr hersir í Noregi í Fjalafylki; hann var Ormarsson; hann átti Hildi Úlfarsdóttur ok Þórunnar Græningjarjúpu. Vemundr hinn gamli, son Víkings Skáneyjarskelmis, mágr Bjarnar bunu, var hersir; hans son var Fróði, faðir Orms, föður Lopts hins gamla; frá honum er mart stórmenni komit. Hauksbók.

ferðar; hann átti Þóru Ölvisdóttur. Ölvir ok Atli voru synir þeirra. Hásteinn skaut setstokkum fyrir borð í hafi at fornum sið. Þeir kvómu á Stálfjöru fyrir Stokkseyri, en Hásteinn kom í Hásteinsund fyrir austan Stokkseyri, ok braut þar. Hásteinn  
 5 nam land milli Rauðár ok Ölvisár upp til Fyllarlækjar<sup>1</sup>, ok Breiðamýri alla upp at Holtum, ok bjó á Stjörnusteinum, ok svá Ölvir, son hans, eptir hann; þar heita nú Ölvisstaðir. Ölvir hafði landnám allt fyrir austan Grímsá, Stokkseyri ok Ásgautsstaði, en Atli  
 10 andaðist barnlauss. Atli tók eptir hann lönd ok lausafé; hans leysingi var Brattr í Brattsholti ok Leiðólfr á Leiðólfsstöðum. Atli var faðir Þórðar dofna, föður Þorgils Errubeinastjúps.

Hallsteinn hét maðr, er fór ór Sogni til Íslands, mágr Hásteins; honum gaf hann ytra hlut Eyrarbakka; hann bjó á  
 15 Framnesi. Hans son var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var at fauskagrepti; hans son Þorbjörn á Framnesi . . . .

Önundr bíldr, er fyrr var getið<sup>2</sup>, nam land fyrir austan Hróarslok, ok bjó í Önundarholti. Frá honum er mart stórmenni komit, sem fyrr er ritað.

20 Özurr hvíti hét maðr, son Þorleifs ór Sogni; Özurr vá víg í 10 véum á Upplöndum þá er hann var í brúðför með Sigurði hrísa; fyrir þat varð hann landflótti til Íslands, ok nam fyrst öll Holtalönd milli Þjórsár ok Hraunslækjar. Þá var hann XVII vetra, er hann vá vígit. Hann fékk Hallveigar Þórviðar dóttur, þeirra  
 25 son var Þorgrímr kampi, faðir Özurar, föður Þorbjarnar, föður Þórarins, föður Gríms Tófusonar. Özurr bjó í Kampaholti, hans leysingi var Böðvarr, er bjó í Böðvarrstóptum við Víðiskóg; honum gaf Özurr hlut í skóginum ok skildi sér eptir hann barnlausan. Örn ór Vælugerði, er fyrr er getið, stefndi Böðvari um  
 30 sauðatöku; því handsalaði Böðvarr Atla Hásteinssyni fé sitt, en hann ónýtti mál fyrir Erni. Özurr andaðist þá er Þorgrímr var

<sup>1</sup> Fúlalækjar IIb.    <sup>2</sup> [son] Hroalds horns, Brúna sonar þess [Þorsteins Hlds.] er bragð vann á Brávelli, *fügt zu Melabók.*

ungr. Þá tók Hrafn Þórviðarson við fjarvarðveizlu Þorgríms. Eptir andlát Böðvars taldi Hrafn til Vífiskógs, ok bannaði Atla, en Atli þóttist eiga. Þeir Atli fjórir fóru eptir viði. Leiðólfr var með honum; smalamaðr sagði Hrafn þat, en hann reið eptir þeim við átta manng; þeir fundust í Orrostudal, ok börðust þar; 5 lúskarlar Hrafns féllu tveir; hann varð sárr; einn féll af Atla, en hann varð sárr banasárum ok reið heim. Önundr blídr skildi þá, ok bauð Atla til sín. [Atli andaðist heima í Traðarholti.] Þórðr dofni son Atla var þá IX vetra, en þá er hann var XV vetra, reið Hrafn í Einarshöfn til skips; hann var í blárri kápu, ok reið heim 10 um nótt. Þórðr sat einn fyrir honum hjá Haugavaði skamt frá Traðarholti, ok vá hann þar með spjóti. Þar er Hrafnshaugr fyrir austan götuna, en fyrir vestan Hásteinshaugr ok Atlahaugr ok Ölvis.<sup>1</sup> Vigin féllust í faðma. Þórðr hófst af þessu; hann fékk þá Þórunnar dóttur Ásgeirs Austmannaskelfis, er drap skips- 15 höfn Austmamma í Grímsárósi fyrir rán þat, er hann var rændr austr. Þórðr hafði þá tvá vetr ok XX, er hann keypti skip í Knarrarsundi ok vildi heimta arf sinn. Þá fal hann fé mikit; því vildi Þórunn eigi fara, ok tók þá við löndum. Þorgils, son Þórðar, var þá tvævetr. Skip Þórðar hvarf. Vetri síðarr kom Þorgrímr 20 errubeinn til ráða með Þórunni, son Þormóðar ok Þuríðar Ketilbjarnar dóttur; hann fékk Þórunnar, ok var þeirra son Hæringr.

Ólafr tvennumbrúni hét maðr; hann fór af Lófót til Íslands; hann nam Skeið öll milli Þjórsár ok<sup>2</sup> Sandlækjar; hann var hamramr mjök. Ólafr bjó á Ólafsvöllum; hann liggir í Brúnaugi 25 undir Vörðufelli. Ólafr átti Áshildi, ok var þeirra son Helgi trausti ok Þórir drífa, faðir Þorkels gullkárs, föður Orms, föður Helgu, móður Odds Hallvarðssonar. Vaði var enn þriði son Ólafs, faðir Gerðar. Þorgrímr lagði hug á Áshildi, þá er Ólafr var dauðr, en Helgi vandaði um; hann sat fyrir Þorgrími við gatnamót fyrir 30 neðan Áshildarmýri; Helgi bað hann láta af kvámum. Þorgrímr

<sup>1</sup> Özur ok Þorgrímr fæðgar liggja í einum haugi báðir, skamt frá Traðarholti *fúgt zu Melabók.* <sup>2</sup> til, *Hds.*

lézt eigi hafa barnaskap; þeir börðust; þar féll Þorgrímr. Áshildr spurði hvar Helgi hefði verit; hann kvað vísu:

Var ek þar er féll til fyllar,  
fram sótti vinr dróttar,

5

Errubeinn en unnar  
írtungur hátt sungu:

Ásmóðar gaf ek Óðni  
arfa þróttardjarfan,  
guldum gálgavaldi

10

Gauts tafn en ná hrafni.

Áshildr kvað hann hafa höggvit sér höfuðsbana. Helgi tók sér fari í Einarshöfn. Hæringr, son Þorgríms, var þá XVI vetra, er hann reið í Höfða at finna Teit Gizurarson, með þriðja mann. Þeir Teitr riðu XV at banna Helga far; þeir fundust í Merkr-  
15 hrauni upp frá Mörk við Helgahraun, þeir Helgi vóru III saman komnir af Eyrum. Þar féll Helgi ok maðr með honum ok einn af þeim Teiti. Í faðma féllust víg þau. Sonr Helga var Sigurðr enn landverski ok Skefill enn haukdælski, faðir Helga dýrs, er barðist við Sigurð, son Ljóts löngubaks, í Óxarárhólma á alþingi.

20 Um þat orti Helgi þetta:

Band er á hægri hendi,  
hlaut ek sár af tý báru,  
lýg ek eigi þat, leygjar,  
linnvengis bil! minni.

25 Hrafn var annarr son Skefils, faðir Gríms, föður Ásgeirs, föður Helga.

# KVÆÐI HALLFREDAR

## I. DRÁPA UM HÁKON JARL

*gedichtet um d. J. 988*

<sup>1</sup> Askpollum stendr Ullar  
austr at miklu trausti  
rækilúndr hinn ríki  
randfárs brumaðr hári.

<sup>2</sup> Grams rúni lætr glymja  
gunnríkr, hinn er hvöt líkar,  
Högna hamri slegnar  
heiptbráðr um sik váðir.

<sup>3</sup> Ráð lukusk at sá síðan  
snjallráðr konungs spjalli  
átti engadóttur  
Ónars viði gróna.

<sup>4</sup> Breiðleita gat brúði  
Báleygs und sik teygja  
stefnir stöðvar-hrafna  
stála ríkismálum. [frægjan,

<sup>5</sup> Því hykk fleygjanda  
ferr jörð und menþverri,

ítra eina at láta  
Auðs systur mjök traudan.

<sup>6</sup> Sannyrðum spenr sverða  
snarr þiggjandi viggjar  
barrhaddaða byrjar  
biðkván und sik þriðja.

<sup>7</sup> Ok geirrotu götvar  
gagls við strengjar hagli  
hungreyðundum hanga  
hlöðut jární söðar.

<sup>8</sup> Ólítið brestr úti  
unndýrs sumum runnum  
hart á Hamðis skyrtum  
hryngrap Egils vápna.

<sup>9</sup> Þaðan verða föt fyrða,  
fregn ek gjörla þat, Sörla  
rjóðask björt, í blóði,  
benfur, meilskúrum.

10

15

Str. 1—9: Snorra-Edda (útg. Sveinbjörn Egilsson 1848), str. 1: s. 86,  
2 und 3: 94, 3 und 4: 65, 5: 66, 6: 50, 7: 89, 8 und 9: 87



## II. ÓLAFSDRÁPA

*gedichtet im Winter d. J. 996—997*

- <sup>1</sup> Hilmir lét at Hólmi  
hræskóð roðin blóði,  
hvat of dyldi þess höldar?  
hörð ok austr í Görðum.
- <sup>2</sup> Svá frá ek hitt at háfa  
hörgrbrjótr í stað mörgum,  
opt kom hrafn at heipta —,  
hlóð valköstu, — blóði.
- <sup>3</sup> Endr lét Jamta kindir  
allvaldr í styr falla,  
vandisk hann, ok Vinda,  
végrimmr, á þat snimma:  
hættir var hersa dróttinn  
hjördjarfr Gota fjörvi,  
gullskerði frá ek gjörðu  
geirþey á Skáneyju.
- <sup>4</sup> Böðserkjar hjó birki  
barklaust í Danmarku  
hleypimeioð fyrir Heiða-  
hlunnviggja-bæ sunnan.
- <sup>5</sup> Tíðhöggvit lét tyggi,  
Tryggvasonr fyrir styggvan  
leiknar hest á lesti  
ljótvaxin hræ Saxa;
- vinhróðigr gaf víða  
vísi margra Frisa  
blökku brúnt at drekka  
blóð kveldriðu stóði.
- <sup>6</sup> Rógs bar rekka lægir  
ríkr valkera líki,  
herstefnir lét hröfnum  
hold Flæmingja goldit.
- <sup>7</sup> Gerðisk ungr við Engla  
ofvægr konungr bægja,  
naddskúrar róð nærir  
Norðymbra því morði;  
eyddi úlfa greddir  
ógnblíðr Skotum víða,  
gjörði seims með sverði  
sverðleik í Mön skerðir.
- <sup>8</sup> Ydrógar lét ægir  
Eyverskan her deyja,  
týr var Tjörfa dýra  
tíragjarn, ok Íra;  
bardí brezkrar jarðar  
byggvendr ok hjó tyggvi,  
gráðr þvarr geira hríðar  
gjóði, kumbrskar þjóðir.

Str. 1. 3—8: Heimskr., Ólafs saga Tryggvason. k. 22. 25. 29—31;

Str. 2: Fagrsk. s. 55.

## III. DRÁPA UM EIRÍK JARL

*gedichtet im Herbste d. J. 1001**Upphaf:*

Bærr ert hróðr at heyra  
hjaldrórr um þik görvan!

Hallfreðar saga k. 11

5

10

## IV. ERFIDRÁPA ÓLAFS KONUNGS TRYGGVASONAR

*gedichtet im Herbste und Winter d. J. 1001—1002*

15

*Stef:*

Norðr eru öll of orðin  
auð lönd at gram dauðan,  
allr glepsk friðr af falli  
flugstyggis sonar Tryggva

20

<sup>1</sup> Flugþverirr nam fyrri  
frægr aldregi vægja,  
heldr kvað hanka skyldir  
hugrekki sér þekkja.

<sup>2</sup> Geta skal máls þess er  
mæla  
menn at vápna sennu  
dólgafangs við drengi  
dádöfigan gram kváðu:  
baðat hertygðar hyggja  
hnekkir sína rekka,  
þess lífa þjóðar sessa  
þróttarorð, á flótta.

<sup>3</sup> Þar hykk víst til mjök  
mistu,  
mörg kom drótt á flótta,  
gram þann er gunni framði  
gengis þrænzkra drengja;  
næfr vá einn við jöfra  
allvalldr þrjá snjalla,  
frægr er til slíks at segja  
siðr, ok jarlinn þriðja.

25

30

<sup>4</sup> Hept var lítt á lopti,  
líðu örvar fram görva,  
brodda flaug ádr banga  
brjótendr skyti spjótum;

orð var hitt at harðast  
hvar kunnr fyrir lög sunnan  
mest í málma gnaustan  
minn dróttinn fram sótti.

- 5 <sup>5</sup> Sótti herr þar er hætti  
hundmargr drasil sunda,  
en hjálmsprotum hilmir  
harðfengr Dönum varði;  
féllu þar með þolli  
10 þeim skævaðar geima,  
mein hlaut ek af því, mínir  
meir hollvinir fleiri.

- <sup>6</sup> Herskerðir klauf harðan,  
hann gékk reiðr of skeiðar,  
15 svarðar stofn með sverði  
sunnr eldviðum kunnum;  
kunni gramr at gunni,  
gunnþings á hjör þunnum  
margr lá hegg of höggvinn,  
20 hold barkat rásarka.

- <sup>7</sup> Varð um Vinda myrði  
vígskýs, en þat lýsig,  
ramr und randar himni  
rymr, knáttu spjör glymja;  
25 hirðir stóðsk við harðan  
hnitvegg með fjöld seggja  
víðis veltireiðar  
varghollr þrimu marga.

- <sup>8</sup> Upp sögðu lög, lagðisk  
30 líf skjótt frum, hlífa,  
gnóg til gumna feigðar  
gálkn við randar bálku.

<sup>9</sup> Leitt hykk Leifa brautar  
lognárungum váru

geirs við gumna stjóra  
geigurþing at eiga,  
þá er fákhlæðendr fræknir  
farlegs at vin jarla  
húfs með hamri þæfðar  
hringskyrtur fram gingu.

<sup>10</sup> Sukku niðr af Naðri  
naddfárs í böð sárir  
baugs, gjörðut við vægjask,  
verkendr meginserkjar;  
vanr man Ormr þótt Ormi  
alldýrr konungr stýri  
hvars hann skriðr með lið lýða  
lengi slíkra drengja.

<sup>11</sup> Eigi látask ýtar  
enn þeir er víða nenna  
fremra mann of finna  
fólkreifum Óleifi.

<sup>12</sup> Firðisk vætr sá er varði  
við lönd Breta stríðir  
bleyði-firðr við bráðan  
bekkdóm Héðins rekka;  
hann lét of sök sanna,  
sverðjálmr óx þar, verða,  
skilit frá ek, fyrir skylja,  
skóð mær roðin blóði. [örvan

<sup>13</sup> Hverr var hræddr við  
hugdyggan son Tryggva,  
óðust málmþings meiðar,  
maðr und sólar jaðri.

<sup>14</sup> Mundit lung hit langa  
læsíks und gram ríkum,  
blóð kom á þröm þíðan,  
þjóð varliga hrjóða;

meðan ítrs vinir áttu  
innan borðs at morði,  
sú gerðisk vel, varða,  
verðung, jöfurs sverðum.

<sup>15</sup> Harðgervan lét hjörvi  
hólms verða týr sverða  
vind á víðu sundi  
vígþey Héðins meyja:  
áðr en Ormi næði  
Eirekr eða hlut meira,  
mörg óð bitr í blóði  
benkneif, fyrir Óleifi.

<sup>16</sup> Ítrfermdum réð Ormi  
orðsæll jöfurr norðan,  
snörp varð at þat sverða  
snót, Eireki á móti,  
en hýjöfnum hefnir  
hlýrs þeim gota stýrði,  
áðr óx um gram góðan  
gunnr, Hákonar sunnan.

<sup>17</sup> Gott er gerva at fréttu,  
gunnr óx fyrir haf sunnan,  
sverð bitu feigra fírða  
fjörönn, at því mönnum:  
hvern rakkligast rekka  
randláðs viðir kváðu,  
Surts ættar vinn ek sléttan  
sylv, Ólafi fylgja.

<sup>18</sup> Úgræðir sá auða  
armgrjóts Trönu fjóta,  
hann rauð geir at gunni  
glaðr, ok báða Naðra;  
áðr hjaldrþorinn héldi  
hugframar ór böð ramri

snotr af snæris-vitni  
sunds þorketill undan.

<sup>19</sup> Veitkat ek hitt hvárt Heita  
hungrdeyfi skal ek leyfa  
dynsæðinga dauðan 5  
dýrbliks eða þó kvikan:  
alls sannliga segja,  
sárr mun gramr at hváru,  
hætt er til hans at fréttu,  
hvárttveggja mér seggir. 10

<sup>20</sup> Sagðr var mér, en meira  
munuma stríð of bíða,  
lýðum fírðr ok láði  
landvörðr fyrir sjá handan;  
væri oss, þóat ærir 15  
elds þeim svikum heldi,  
heila-líkn, ef hauka  
háklífs jöfurr lifði.

<sup>21</sup> Samr var árr of æfi  
oddbragðs hinn er þat sagði 20  
at lofða gramr lifði  
læstyiggs sonar Tryggva;  
vera kveðr öld ór eli  
Álaf kominn stála,  
menn geta máli sönnu, 25  
mjök er verr en svá, ferri.

<sup>22</sup> Mundut þess, alls þegnar  
þróttharðan gram sóttu,  
frá ek með lýða liði,  
landherðar sköp verða: 30  
at mundjökuls mundi  
margdýrr koma stýrir,  
geta þykkjat mér gotnar  
glíklígs, ór styr sílkum.

- 23 Enn segir auðarkenni  
 austr ór málma gnaustan  
 seggr frá sárum tyggja  
 sumr eða brott of komnum;  
 5 nú er sannfregit sunnan  
 siklings ór styr miklum,  
 kann ek eigi mart við manna,  
 morð, veifanar-orði. [nenninn,  
 24 Norðmanna hygg ek  
 10 nú er þengill framgenginn,  
 dýrr hné dróttar stjóri,  
 dróttin und lok sóttan.  
*Grams dauði brá gleði*  
*góðs úfárar þjóðar,*  
 15 *allr glepsk fríðr af falli*  
*flugstyggis sonar Tryggva.*  
 25 Illt var þats úlfa sultar  
 of þverri stóð ek ferri  
 mest þar er málmar gnustu  
 20 mein, þó at smátt sé und einum;

skiliör em ek við skylja,  
 skálmöld hefir því valdit,  
 vætti ek virða dróttins;  
 vil er mest ok dul flestum.

26 Hef ek þanns hverjum jöfri  
 heiptfiknum varð ríkri  
 und niðbyrði Norðra  
 norðr guðföður orðinn;  
 bíða man ek þess er breiðan  
 barðmána vann skarðan  
 margaukanda mækis  
 mót aldregi bótir.

27 Fyrr man heimr ok himnar,  
 hugreifum Óleifi,  
 hann var menskra manna  
 mest gott, í tvau bresta —  
 áðr en glíkr at góðu  
 gæðingr muni fæðask,  
 kæns hafr Kristr enn hreini  
 konungs önd ofar löndum.

I. Ólafs s. Tryggv. in Heimskr.: str. 2. 3. 10. 18. 19. 21—23.

II. Ólafs s. Tryggv. hin lengri (Fornm. ss. II. III.): str. 1. 4—9. 11—17.  
 20. 25—27.

III. Fagrskinna: str. 24.

IV. Ólafs s. Tryggv. von Oddr múnkr (Chra 1858) s. 61: stef.

## PROSAISCHE WORTFOLGE IN DEN VÍSUR

S. 86. [vgl. s. 61 und Fms. II, 13]: Allar meyjar þær er vaxnar voru vildu ganga með Ingólfi; vesöl er [= em] ek æ til lítil. Ek skal ok, kvað kerling, ganga með Ingólfi, meðan tvær tennr of tolla mér í efra gómi.

S. 89, 1 [vgl. Fms. II, 9]: Reiði sannargs allheiðins 'sökkvis margra troga' verðr mér svá nökkvi ægilig fyrir augum sem últill gamall búrhundur stúri úti alls mest við för gesta; ek stæri brag fyrir brúði.

S. 89, 2: 'Rækimeiðar randaliðs' ráða at biðja 'eingadóttur Ávalds'; skáldi er þat ótti; síð mun 'Surts kvánar byrr' um beiða 10 mey renna mér af kyrri Kolfinnu, svá gæta menn til hennar.

S. 91: Ek em enn fúss at minnast við Kolfinnu, þótt áföll drepi ossu stáli; 'mörnar-vakri' skýtr mjök; því vér unnum nú nýtri [so Cod. Flat.] betr en heitin væri . . . *das Uebrige unverständlich.*

S. 92, 1 [vgl. Fms. II, 17]: Færum festar várar, sjóroka 15 ferr at knerri, tekr heldr at herða svörð, hvar er Akkerisfrakki?

S. 92, 2 [vgl. Fms. II, 17]: En ek fæ dreng til strengjar í grænni ólpu þann er hnykkir hnakkniða. Hér er Akkerisfrakki.

S. 93 [vgl. Fms. II, 40]: Hlaut ek guðföður þann, er var orðinn einna æztr manna norðr undir 'niðbyrði Norðra'; ek sanna þat. 20

S. 94, 1 [vgl. Fms. II, 52]: Ek veit at víðlendr konungr sendi 'vísu-skreyti' nöktan hjör við 'nökkva Austra burar' [núflaust?]; hjölt fyrir herði verða konungsnanti skrautlig; ek þá of skjálga skelkving; gramr! vér höfum framðan kera.

NB. ' . . . ' sind kenningar.

S. 94, 2 [vgl. Fms. II, 52]: Hitt var fyrr at ek gat vel blóta sjálfan geðskjótan 'harra Hliðskjálfar'; skipt er á gumna giptu.

S. 94, 3 [vgl. Fms. II, 52]: Öll ætt hefr skipat ljóðum til  
5 hylli Óðins, ek man algildar iðjur aldar-niðja várra; en þvíat *vér*  
þjónum Kristi, legg ek trauðr fjón á 'frumver Friggjar', þvíat vald  
Viðris hugnaðisk skáldi vel.

S. 94, 4 [vgl. Fms. II, 53]: 'Hölda reifnir!' *vér* höfnum goða-  
nafni 'hrafnbólts' ór heiðnum dómi þess er ól lóm við lof lýða.

10 S. 95, 1 [vgl. Fms. II, 53]: Freyr ok Freyja ok Þórr enn  
rammi skyli *vera* mér gramr, ek fjarölæt 'aðul Njarðar', gröm  
líknist við Grímní. Ek vil kveðja allrar ástar Krist einn feðr ok  
guð; reiði sonar erumk' [*d. i. er mér*] leið, *hann* á frægt vald um  
foldar.

15 S. 95, 2 [vgl. Fms. II, 53]: Sás [*d. i. sá er*] siðr með 'Sygna  
ræsi', at blót eru kviðjut; verðum *vér* at forðast flest fornhaldin  
sköp norna; allir ýtar láta 'ætt Óðins' fyrir róða, nú em ek neyddr  
frá 'niðjum Njarðar' at biðja Krist.

S. 96 [vgl. Fms. II, 56. Hkr. VI, k. 90]: Eitt er þat sverð  
20 sverða, er gerði mik sverðauðgan, nú mun verða sverðótt fyrir 'svip-  
njörðum sverða'; ek em verðr þriggja sverða *ok verðr* at umgerð  
jarðarmens yrði at því sverði.

S. 101 [vgl. Fms. II, 83]: Ek ól 'hrafnvíns-hyrjar-njót' á mínu  
hvítu fé þar er *ek* vildag aldri véla 'auðgildanda'; ek vann, sem ek  
25 kunna, til góðs við 'gunnmás grenni', en 'furskerðir hjörfa' færði at  
mér fjörtál.

S. 102, 1 [vgl. Fms. II, 86]: Svá hefig, 'hnigbaldr sárlinns',  
hermila rekit minna harma í 'gný skjalda' — erumk [er mér] svipt  
at 'baugs sveigi' —: at ek lét liggja [lofhugginn 'roðins skjaldar-  
30 baldr' dauðan hjá Auðgisli; svá hefnda ek okkar.

S. 102, 2 [vgl. Fms. II, 87]: Ek brá 'skrökkvi ólnaskeiðs elda' af reiði; ek lagða hendr at hunds 'hundi glævara mundar'; sá 'sendir skíða hlakkar els' stendr eigi síðan á vélum við þjóð, ek rauð 'bál Yggjar ela.'

S. 105, 1: Heitr ofremdar sveiti leggr af Grísi at 'lýsibrekku 5 leggjariss', hlfn þolir kvöl hjá honum; en 'dýnurán' drúpir dreypilig hjá hánum sem álftr á sunði, ek leyfi lund ljósra vífa.

S. 105, 2: 'Furskerðandi fjarðar' þrammar til hvílu svá sem sílafullr fúlmár svimmi á 'báru tröð': áðr en úfríðr 'orbastríðir' þorir skríða und váðir, hann er-a hvílubráðr við 'hlaðs gunni'. 10

S. 106, 1: Hinn hvíti 'halr hjálmgrands' ok Strútr hinn gráni mun lítt skálmask fyrir búr — hann mun-a án 'aura-eyrar' —, þótt úfríðr 'orfpægir' eigi víðan stöðul ok langa kví; 'hirðandi hjörvangs' [hjörfangs *Hds.*] nýtr hjarðar.

S. 106, 2: Kolfinna lézt kenna fúlt af skáldi; ek kveð of 15 þenna hlut; hvat kveða valda vitru vífi? en 'auð-hnykkjanda' þykkir ganga dýrlygr angi af ungum svanna; ek em gjarn at greiða óð.

S. 106, 3 [vgl. Fms. II, 248]: Ek hirða lítt, þótt *ek* verðak högginn varr í höndum svarra — 'lundr viggs lautar' hefir hætt til 20 sprunda —: ef ek næða sofa 'sif slæðu-karms' meðal arma; ek mákk-at of bindast trega um ljósa 'láss lind.'

S. 107, 1 [vgl. Fms. II, 249]: 'Verglóðar tröða!' ek veitkat hitt hvat *mér* skal verða á munn — rennum*k* [rennr *mér*] ást til 'unnar unnardags' — ef fjölgegirnir 'fagnendr jötuns sagna' fregna hvat mik 25 teitir, ek fló belg af galtar-Grísi.

S. 107, 2 [vgl. Fms. II, 249]: Sléttfjallaðar 'hirðinaumur sæfarbáls' koma allar heim frá seljum, góðr hams er á fljóðum; nú sel ek af ábyrgð mína þótt 'syn ölbekkjar' ýfist nekkvat, hverr seggr taki við sínum svarra. 30



S. 107, 3 [vgl. Fms. II, 250]: 'Nám Skorð! nú þykkir mér nokkurr sveimr vera orðinn meðan ek var heiman, ek lít á sumt um sveitir; gestir hafa hér gjörfa þungliga slaug, kona gengr þrútin út, sjáligr svarri þerrir augu.

5 S. 108: Dulrækinn 'sökkvir sveima' tegast mjök sækja mik, vér munum hvern dýrra dag, snót! ek verð fyrir hótum þegns; 'hælibaldri hrævins' mun heldr minna fyrir því at sleikja innan sinn blótttrygil, slík ván erumk [d. i. er mér].

S. 110, 1: Þá mun 'róghnykkjundum' þykkja mannhugr minn  
15 við Kolfinnu [so Flatb.] reyndr und röndu [so Flatb.] at 'málma sennu': ef svá er, at örr [orr Hds.] 'uppsátrrs viggjar boði' vísar mér á eyri [= á hólm] at Grísi; vér hyggjum því [þat Hds.] máta-vel.

S. 110, 2: Mér þykkir þá er ek þekki gunni þunnisunga sem fley fljóti 'fleybrautar' meðal tveggja eyja, en sem skrautbúin skeið  
20 skriði með gyldum reiða þá er ek sér á 'ságu saums' í kvenna flaumi.

S. 111 [vgl. Fms. III, 23]: Hefek illrar tíðar alldrengiliga fengit auðs — gramr ok jarl hefir mik of framdan gjöllu gulli —, ef ek skal gjalda matvísunum Grísi glapskyldir fyrir minstan verka,  
20 ok hefek eigi 'mörk gjálfrteigs'.

S. 112 *siehe*: s. 217, Erfídrápa, stef

S. 113, 1 *siehe*: s. 217, Drápa um Eirík

S. 113, 2 [vgl. Fms. III, 27]: Hreggblásnum ási hnauð mér við hjarta ok síðu, áfall hefir varla tekit yðr svá at öðru; marr  
25 hnauð mínum knerri, ek em látinn mjök vátr, úrþvegin aldan mun-a eira sínu skáldi.

S. 114, 1 [vgl. Fms. III, 27]: Fjölerrin 'rind hörðúks' mun þerra mjök hvítri hendi um mjúka brá, — fljóð gat fremdar æði —, ef 'meiðar morðveggs' skulu leggja mik dauðan út um borð, ek  
30 var ungu fljóði áðr at sútum.

§. 114, 2 [vgl. Fms. III, 28]: Ek munda nú andast sorg-  
laust, ef ek vissa sálu minni senn borgit, — ungr var ek harðr  
í tungu —; ek veit, at of sýtig [d. i ek sýti] vætki nema hræðumk  
helvíti, valdi guð hvar aldri skal slíta, dauðr verdr hverr.

5

S. 177: Vaskað [var-ek-at] ek dasi þá er ek dró þessar ár  
opt úsjaldan á borði; sjá [= sú] gerði mér sára lófa meðan heim-  
dragi hnað at rauða.

10

S. 204, 1: Var ek þar er Errubeinn féll til fyllar [= foldar],  
en 'ftrtungur unnar' sungu hátt, 'vinr dróttar' sótti fram: ek gaf  
Óðni þróttardjarfan 'arfa Ásmóðar' [= Þormóðar]; vér guldum  
'gálgavaldi' 'Gauts tafn', en hrafni ná.

15

S. 204, 2: 'Linnvengis bil'! band er á minni hægri hendi, ek  
hlaut sár af 'tý báru leygjar', lýg ek eigi þat.

## I. DRÁPA UM HÁKON JARL

1 [SE. edit. AM. I, 414]: Hinn ríki 'rækilundr randfárs', hári  
brumaðr, stendr at miklu trausti 'askþollum Ullar' austr.

2 [ebd. I, 460]: Gunnríkr 'grams rúni', hinn er líkar hvöt, 25  
lætr heiptbráðr glymjá um sik hamri slegnar 'Höгна-váðir'.

3 [ebd. I, 460]: Ráð lukusk síðan, at sá snjallráðr 'konungs  
spjalli' átti 'eingadóttur Ónars' gróna viði.

4 [ebd. I, 322]: 'Stefnir stöðvar-hrafna' gat teygja und sik 30  
breiðleita 'Báleygs brúði' með 'ríkismálum stála'.

5 [ebd. I, 322]: Því hykk frægjan 'fleygjanda' mjök traudan  
at láta eina ítra 'Auðs systur'; jörð ferr und 'menþverri'.

6 [*ebd.* I, 236]: Snarr 'byrjar viggjar þiggjandi' spenr und sik barrhaddaða 'biðkván þriðja' með 'sverða sannyrðum.'

7 [*ebd.* I, 432]: Ok járne söðar 'geirrótu götvar' hlöðu-t 'hanga-gagls hungreyðundum' við 'strengjar hagli'.

5 8 [*ebd.* I, 422]: Ólftið 'hryngrap Egils vápna' brestr hart úti á 'Hamðis skyrtum' sumum 'unndýrs runnum'.

9 [*ebd.* I, 422]: Þaðan verða í blóði 'Sörla-föt' fyrða, ek fregn þat gjörla, hjört 'benfur' rjóðask 'meilskúrum'.

## II. ÓLAFSDRÁPA

(*Vgl.* Fagrsk. [Chra 1847] s. 55—56. Ólafs saga Tryggv., rit. af Oddi munk, Fms. X s. 375-376.) s: auch die *Ergänzung* zu s. 206 auf s. 239

15 1 [Hkr. VI, 22 *vgl.* Fms. I, 101]: Hilmir lét, hörð 'hræskóð' roðin blóði at Hólmi ok austr í Görðum; hvat of dyldi höldar þess?

2 [Fgrsk. s. 55]: Svá frá ek hitt, at 'hörgrbrjótr' hlóð háfa valköstu í mörgum stað; opt kom hrafn at heipta-blóði.

3 [Hkr. VI, 25 *vgl.* Fms. I, 125]: Végrimmr allvaldr lét  
20 kindir Jamta ok Vinda falla endr í styr, hann vandisk á þat snimma: hjördjarfr 'hersa-dróttinn' var hættr fjörvi Gota; ek frá 'gullskerði' gjörðu 'geirþey' á Skáneyju.

4 [Hkr. VI, 29 *vgl.* Fms. I, 130]: 'Hleypimeiðr hlunnviggja' hjó 'böðserkjar birki' barklaust í Danmarku fyrir sunnan Heiðabæ.

25 5 [Hkr. VI, 30 *vgl.* Fms. I, 133]: Tyggi, 'Tryggvasonr', lét á lesti tíðhöggvit ljótvoxin Saxa-hræ fyrir styggvan 'leiknar hest'; vinhróðigr vísi gaf blökku 'kveldriðu stóði' at drekka brúnt blóð margra Frísa.

6 [Hkr. VI, 30 *vgl.* Fms. I, 134]: Ríkr 'lægir rógs rekka' bar  
30 valkera-líki, herstefnir lét hröfnum góldit Flæmingja-hold.

7 [Hkr. VI, 31 *vgl.* Fms. I, 144]: Ungr konungr gerðisk of-  
vægr bægja við Engla, 'nærir naddskúrar' réð því Norðhymbra  
morði; ógnblíðr 'úlfa-greddir' eyddi víða Skotum, 'seims-skerðir'  
gjörði með sverði 'sverðleik' í Mön.

8 [Hkr. VI, 31 *vgl.* Fms. I, 144]: 'Ægir ýdrógar' lét eyversk- 5  
an her ok Íra deyja, 'týr Tjörfa dýra' var tírargjarn; tyggvi  
barði 'byggvendr brezkra jarðar' ok hjó kumbrskar þjóðir, 'gjóði  
geira-hríðar' þvarr gráðr.

### III. DRÁPA UM EIRÍK

[*Vgl.* Fms. III, 26]: Hjaldrörr! Þú ert bærr at heyra hróðr  
görvan um þik!

### IV. ERFIDRÁPA ÓLAFS KON. TRYGGVAS.

Stef [*vgl. oben* s. 112]: Öll Norðrlönd eru of orðin auð at  
gram dauðan, allr friðr glepsk af falli flugstyggis 'Tryggvasonar'.

1 [Fms. II, 305]: Frægr 'flugþverrir' nam aldregi vægja fyrri, 20  
'hauka-skyldir' kvað sér heldr þekkja hugrekki.

2 [Hkr. VI, 120 *vgl.* Fms. II, 306]: Skal geta máls þess er  
menn kváðu 'dólgafangs' dáðöflgan gram mæla við drengi at 'vápnas-  
sennu': 'hnekkir hertygðar' bað-at sína rekka hyggja á flóttu; þrótt-  
arorð þess 'þjóðar-sessa' lifa. 25

3 [Fms. II, 307 *vgl.* Hkr. VI, 123]: Hykk gram þann er  
gunni framdi mistu þar til mjök gengis þrænzkra drengja, mörg  
drótt kom á flóttu; næfr allvaldr vá einn við tvá jöfra snjalla ok  
jarlinn þriðja, frægr siðr er at segja til slíks.

4 [Fms. II, 311]: 'Brodda-flaug' var lítt hept á lopti áðr 'brjót- 30  
endr bauga' skyti spjótum, örvar liðu görva fram; hitt var orð, at

minn hvarkunnr dróttinn sótti mest harðast fram í 'málma gnaustan' fyrir sunnan lög.

5 [Fms. II, 313]: Hundmargr herr sótti 'drasil sunda' þar er hætti, en harðfengr hilmir varði Dönnum með 'hjálmprotum'; þar féllu meir fleiri mfnir hollvinir með þeim 'geima skævaðar þolli', ek hlaut mein af því.

6 [Fms. II, 313]: 'Herskerðir' klauf kunnur 'eldviðum' sunnr [þei Svold] harðan 'svarðar-stofn' með sverði; hann gékk reiðr of skeiðar; gramr kunni rásarka barkat hold at gunni, margr 10 'gunnþings-heggr' lá of höggvinn á þunnum hjör.

7 [Fms. II, 314]: Ramr 'rymr vígskýs' varð und 'randar himni' um 'myrði Vinda' — en þat lýsig —, spjör knáttu glymja; varghollr 'hirðir veltireiðar víðis' við harðan 'hnitvegg' stóðsk marga þrimu með fjöld seggja.

15 8 [Fms. II, 315]: Gnóg 'gálkn hlífa' sögðu upp lög við 'randar bálku' til gumna feigðar, líf lagðisk fírum skjótt. S: s. 240

9 [Fms. II, 315]: Hykk 'lognárungum Leifa brautar' váru leitt at eiga 'geigurþing geirs' við 'gumna stjóra', þá er fræknir 'fákhlæðendr farlegs húfs' géngu fram at 'vin jarla' með hamri 20 þæfðar 'hringskyrtur'.

10 [Hkr. VI, 125 vgl. Fms. II, 319]: 'Verkendr meginserkjar baugs' sukku niðr sárir af Naðri í 'bøð naddfárs', gjörðu-t við vægjask; Ormr man lengi vera vanr slíkra drengja, þótt konungr allýrr stýri Ormi, hvars hann skríðr með lið lýða.

25 11 [Fms. II, 321]: Ýtar þeir er víða nenna látask eigi of finna enn fremra mann fólkreifum Óleifi.

12 [Fms. II, 322]: Bleyði-firðr 'Breta stríðir' sá er varði víð lönd firðisk vætr við bráðan 'bekkdóm Héðins rekka'; hann lét mætr skóð of verða roðin blóði of sanna sök, þar óx 'sverðjálmr' fyrir 30 Skylja, ek frá skilit

13 [Fms. II, 322]: Hverr maðr und 'sólar jaðri' var hræddr við örvan ok hugdyggvan son Tryggva, 'meiðar málmþings' óðust.

14 [Fms. II, 322]: Þjóð mundi-t varliga hrjóða hit langa lung und 'læsiks' ríkum gram — blóð kom á þíðan þróm — meðan vinir ítrs jöfurs áttu varða [*Conject.*, varði *Hds.*] sverðum innanborðs 5 at morði, sú verðung gerðisk vel.

15 [Fms. III, 9]: 'Týr sverða' lét harðgervan 'vind Héðinsmeyja', 'vígþey', verða með hjörvi á víðu hólmsundi, áðr en Eirekr næði Ormi fyrir Óleifi eða meira hlut, mörg bitr 'benkneif' óð í blóði. 10

16 [Fms. III, 12]: Orðsæll jöfurr réð ítrfermdum Ormi norðan á móti Eireki — snörp 'sverða-snót' varð at þat — en 'hefnir Hákonar' stýrði sunnan þeim hjjöfnum 'hlýrs-gota', áðr óx gunnr um góðan gram.

17 [Fms. III, 3]: Gott er at fréttu gjörva mönnum at því — 15 gunnr óx fyrir sunnan haf, sverð bitu 'fjörönn' feigra firða —: hvern rekka 'viðir randláðs' kváðu fylgja rakkligast Ólafi; ek vinn sléttan 'Surts-ættar-sylg'.

18 [Hkr. VI, 129. *vgl.* Fms. III, 3]: 'Úgræðir armgrjóts' sá Trönu fljóta auða ok báða Naðra — hann rauð glaðr geir at 20 gunni — áðr hjaldrþorinn hugframr þorketill héldi snotr undan ór ramri böð af 'snærisvitni sunds'.

19 [Hkr. VI, 130 *vgl.* Fms. III, 5]: Veitkat ek hitt, hvárt ek skal leyfa 'hungrdeyfi Heita dýrbliks dynsæðinga' dauðan eða þó kvikvan: alls seggir segja mér hvárttveggja sannliga, gramr mun 25 at hváru sárr, hætt er at fréttu til hans.

20 [Fms. III, 6]: 'Landvörðr' var sagðr mér fyrir handan sjá vera firðr lýðum ok láði — en *vér* munum-a bíða of meira stríð — væri oss heila líkn þóat 'ærir elds' belði þeim svikum, ef jöfurr 30 'hauka háklifs' lifði.

21 [Hkr. VI, 130 *vgl.* Fms. III, 7]: Hinn er þat sagði, at 'lofða gram' lifði, var of æfi samr 'oddbragðs árr' læstyggis Tryggvasonar; öld kveðr Álaf vera kominn ór 'stála-eli', menn geta ferri sönnu máli, mjök er verr en svá.

5 22 [Hkr. VI, 130 *vgl.* Fms. III, 8]: Mundu-t þess landherðar sköp verða, alls þegnar sóttu þróttharðan gram, ek frá með lýða liði: at margdýrr 'mundjökuls stýrir' mundi koma ór slikum styr, mér þykkj-at gotnar geta glíkligs.

23 [Hkr. VI, 130 *vgl.* Fms. III, 8]: Sumr seggr austr ór 15 'málma-gnaustan' segir 'auðarkenni' frá sárum tyggja eðr brott of komnum; nú er siklings morð sannfregit sunnan ór miklum styr, ek kann eigi mart við veifanarorði manna.

24 [Fgrsk. s. 67.]: Ek hygg nenninn 'Norðmanna dróttin' sóttan und lok, — þengill er nú framgenginn —, dýrr 'dróttar- 15 stjóri' hné. Dauði góðs grams brá gleði úfárar þjóðar, allr friðr glepsk af falli flugstyggis 'Tryggva sonar'.

25 [Fms. III, 9]: Illt mein var þats ek stóð ferri of [opt *Hds.*] 'þverri úlfa sultar' þar er málmar gnustu mest, þóat smátt sé und einum; ek em skiliðr við skylja, 'skálmöld' hefir valdit því, ek vætti 20 'virða dróttins', vil ok dul er flestum mest.

26 [Fms. III, 10]: Ek hefi guðföður orðinn þanns varð ríkri hverjum heipt-fikum jöfri und 'niðbyrði Norðra'; ek man aldregi bíða bótir þess 'margaukanda mækis mót' er vann skarðan breiðan 'barðmána'.

27 [Fms. III, 10]: Fyrr man heimr ok himnar bresta í tvau, áðr gæðingr glíkr at góðu hugreifum Óleifi muni fœðask, hann var mest gott menskra manna. Kristr enn hreini hafi önd kæns konungs ofar löndum.

# KENNINGAR, ÓKEND HEITI, SANNKENNINGAR

IN

## HALLFREDS GEDICHTEN

### KENNINGAR

*Götter*: ætt Óðins 95, 2 niðjar Njarðar 95, 2

*Odin*: harri Hliðskjálfar 94, 2 frumver Friggjar 94, 3 gálgavaldr 204, 1 hrafnblotr 94, 4 Valkeri [i] II, 6

*Freyr*: aðull Njarðar 95, 1

